


**GUÐMUNDUR ATLI PÉTURSSON**

*Í sjónvarps- og kvikmyndanámi*

Nám Bílar Ferðir

**allt Í MIÐJU BLAÐI**

**FJÁRMÁL HEIMILANNA**

*Góð og einföld sparnaðarráð*

Sérblað um fjármál

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

*Fyrrum stigavörður situr fyrir svörum*

Góðgerðarþáttur í undirbúningi hjá Loga Bergmanni

**FÓLK 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. janúar 2007 — 16. tölublað — 7. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

## Svart kaffi á Domo



Söngkonan Ragnheiður Gröndal heldur tónleika ásamt hljómsveit í kvöld.

**MENNING 28**

## Helen Mirren sigursæl



Breska leikkonan fékk tvenn Golden Globe-verðlaun fyrir drottningar sínar.

**FÓLK 30**

## Sigurmyndin ekki fölsuð



Sigurði Þ. Ragnarssyni er létt eftir erfiða tíma.

**FÓLK 33**

## Ólafur bestur þegar á reynir



Ólafur Stefánsson hefur áður sýnt og sannað að hann stendur sig á stórmótunum þrátt fyrir að hafa hægt um sig í æfingaleikjunum.

**ÍÞRÓTTIR 34**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART VEÐUR** – Í dag verður austan strekkingur eða allhvasst sunnan og vestan, til annars hægari. Éljagangur á Norðaustur- og Austurlandi, annars yfirleitt nokkuð bjart veður. Frost 0-15 stig, kaldast til landsins norðaustan til.

**VEÐUR 4**

# Norðvestrið stendur í stað

**Niðurstöður nýrrar skýrslu um þróun hagvaxtar á Íslandi á tímabilinu 1998-2004 sýna stöðnun á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Hagvöxtur er langmestur á höfuðborgarsvæðinu. Staðfestir grun, segir sérfræðingur.**

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur dróst saman á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra á tímabilinu 1998-2004, á sama tíma og hann jókst í öllum öðrum landshlutum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt á landinu eftir landshlutum.

Hagvöxturinn mælist langmestur á höfuðborgarsvæðinu og fer yfir tíu prósent árið 2004. Sjávarútvegur dregst saman víða um land, þó einkum á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Hinn mikli vöxtur sem mælist á Vesturlandi útskýrist fyrst og fremst af auknu umfangi stóriðju, auk þess sem þjónusta hefur vaxið gríðarlega í þeim landshluta vegna Hvalfjarðarganganna.

Ekki var kominn fullur þungi í hagvöxt á Austurlandi vegna stóriðjuframkvæmda á skoðunartímabilinu en sá landshluti kemur samt sem áður næstur höfuðborgarsvæðinu af öllum á landinu í auknum hagvexti.

Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingur hjá þróunarsviði Byggðastofnunar sem vann að gerð skýrslunnar, segir niðurstöðurnar staðfesta það sem hann hafi rennt í grun, að ákveðin stöðnun væri á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Athyglisvert sé að bera saman hagvaxtartölur og tölur um fólksflutninga undanfarin ár því fólk virðist hneigjast til að flytja frá þeim stöðum þar sem tekjur hækki lítið, til þeirra staða þar sem uppgrip séu. „Ef engin breyting verður í þessum landshlutum gæti það verið fyrirboði um frekari flutninga inn á þau svæði þar sem tekjur eru hærri.“

Halldór telur að þessi þróun geti vel orðið hættuleg. „Við gætum verið að tapa ákveðnum landshlutum en ríkisstjórnin hefur verið að grípa til aðgerða með vaxtarsamningum og við gerum okkur auðvitað vonir um að geta haft áhrif á þessa þróun á komandi árum. Allar tillögur þess efnis eiga þó að koma frá heimamönnum. Menn eru búnir að finna það út að bestu tillögurnar koma frá þeim en ekki að ofan.“

Halldór segir tilefni til að ætla að hlutirnir hafi breyst töluvert á þeim tveimur árum sem liðin eru en skýrslan tekur ekki til. „Ég held að hlutirnir hafi breyst töluvert á síðustu tveimur árum, og þá sérstaklega vegna þess að áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins hefur stækkað mjög mikið. Þar á ég við Suðurlandið allt, Vesturlandið og Reykjanesið. Þetta kemur mjög skýrt fram og það virðist ekkert lát vera á þeirri þróun.“ **- þsj**



**ÍSLENSKUR ÍVANOFF Á LEIKSVIÐ OG Í BÍÓ** Hann er glæsilegur leikhópurinn sem í gær fékk í hendur handrit að íslenskri útgáfu af Ívanoff eftir Anton Tjekov. Baltasar Kormákur leikstýrir en til stendur að þessi hópur bæði leiki verkið á sviði Þjóðleikhússins sem og í kvikmynd sem sýna á samhliða leiksýningunni. **- jbg/sjá síðu 38.** FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hjúskapur í Bandaríkjunum:

## Konur án maka nú í meirihluta

**BANDARÍKIN** Meirihluti bandarískra kvenna býr nú án maka - líklega í fyrsta sinn í sögunni. Frá þessu greinir bandaríska dagblaðið New York Times.

Árið 1950 bjuggu 35 prósent bandarískra kvenna án maka, árið 2000 var hlutfallið komið upp í 49 prósent og árið 2005 var það komið í 51 prósent. Það gerðist einnig árið 2005 að hjón voru í fyrsta sinn í sögunni komin í minnihluta bandarískra fjölskyldna.

Þá er greinilegur munur á hlutfalli hjónabanda eftir uppruna, því einungis þrjátíu prósent blökkukvenna búa með maka, en 49 prósent spænskættaðra kvenna eru í hjónabandi eða sambúð, 55 prósent annarra hvítra kvenna og 60 prósent asískra kvenna. **- gb**



**SHOOTERS** Brennuvargur gengur laus. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óvenjumargir glóbrystingar á ferð í vetur segir fuglafræðingur:

# Fuglavinum bent á feitmeti

**UMHVERFISMÁL** Óvenjumargir glóbrystingar eru hér á landi nú. Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og formaður Fuglaverndunarfélags Íslands, segir þó ekki gott að segja til um nákvæman fjölda þeirra. „Ég hef fengið óvenjumargar tilkynningar um þessa fugla í vetur enda eru þeir óskaplega fallegir og vekja athygli þótt flestir aðrir Evrópubúar séu vanir þeim,“ segir Jóhann en glóbrystingar eru meðal algengustu fugla Evrópu.

Jóhann segir algengt að fuglar hrekist hingað til lands eftir að hafa lent í lægð á leið sinni yfir Norðursjó. Yfirleitt séu það ungir og óreyndir fuglar sem mikið sæki í fóðrun. „Það veit enginn hvort þeir lifa veturinn af eða ekki en vitað er til þess að þeir hafi orpið og sest hér að,“ segir Jóhann. Tíminn einn mun því leiða í ljós hvort þessir fallegu fuglar nema land eða hvort þeir reyna að komast aftur til síns heima, lifi þeir veturinn af.

Jóhann bendir fuglavinum á að glóbrystingum þyki flest feitmeti gott í bland við brauð, einkum í kulda á við þann sem nú er. **- kdk**



**GLÓBRYSTINGUR HÍMIR Í KULDANUM** Tíminn mun leiða í ljós hvort þessi fallegi fugl nemur land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íkveikja á öldurhúsi:

## Fé til höfuðs brennuvargi

**LÖGREGLUMÁL** „Ég vil að þessir menn náist og fái makleg málagjöld,“ segir Pétur Jakobsson á sport- og karókíbarnum Shooters í Kópavogi. Að sögn Péturs kviknaði í Shooters aðfaranótt síðastliðins föstudags þegar bensínsprengju var kastað inn um rúðu. Ekki er vitað hver var að verki og nú heitir Pétur hundrað þúsund króna verðlaunum fyrir ábendingu sem leiðir sannleikann í ljós „Hér brann allt; tæki og innréttingar og húsið sjálft,“ segir Pétur, sem var með allt innbúið ótryggt. Hann segir tjónið vegna þessa vera á bilinu fjórar til fimm milljónir. „Ég fæ þetta vísast ekki bætt þótt viðkomandi náist en ég er bara orðinn þreyttur á svona rugli.“ **- gar**

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**


MARKAÐURINN

Kaupþing áhugavert fyrir erlendan banka

Ráð gert fyrir meiri hagvexti

## SPURNING DAGSINS



*Stefnir þú ótrauður á hundrað lítra, Sigurður?*

„Já, það er stefnan ef heilsan leyfir. Það byggist allt á því.“

Sigurður Eggert Ingason matreiðslumaður gaf nýlega blóð í hundraðasta skiptið og er yngsti Íslendingurinn til að ná þeim áfanga. Hann hefur samtals gefið um fimmtíu lítra af blóði.

Nýrnaveikismit í klaklaxi veldur nokkrum vandræðum í Elliðaánum:

# Veiðar takmarkaðar enn frekar

**FISKUR** Veiðar í Elliðaám verða takmarkaðar enn frekar næsta sumar. Orkuveita Reykjavíkur og Stangaveiðifélag Reykjavíkur hafa ákveðið í sameiningu að grípa til þeirra ráðstafana til þess að fjölga þeim löxum sem eftir verða í ánum til hrygningar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Orkuveitunni og Stangaveiðifélaginu.

Nýlega greindist nýrnaveikismit í klaklaxi úr Elliðaánum og var hrognum undan þeim fiskum eytt. Nýrnaveiki er landlægur sjúkdómur í laxfiski á Íslandi, en í haust hefur greinst smit í óvenjumörgum ám.

Þetta veldur því að ekki verður hægt að sleppa gönguseiðum í Elliðaárnar vorið 2008, en undanfarin ár hefur slíkum seiðum verið sleppt til að styrkja laxastofn ánna. Því verður hámarksfjöldi veiddra laxa hvern hálfan dag næsta sumar þrír laxar, en ekki fjórir eins og áður. Einnig kemur til greina að draga enn frekar úr veiðum í Elliðaánum árið 2008 til þess að styrkja hrygningarstofninn í ánni.



**LAX** Hámarksfjöldi veiddra laxa í Elliðaám hvern hálfan dag næsta sumar verður þrír en ekki fjórir eins og áður.

Að sögn Guðna Guðbergssonar, fiskifræðings hjá Veiðimálastofnun, er nýrnaveikin almennt ekki svo hættuleg, hún finnst í náttúrunni í lágri tíðni. Hins vegar getur hún gert usla í eldisstöðvum og menn reyna sem best þeir geta að verja þær fyrir smiti. - sþs

Minni háttar meiðsl eftir slys:

# Árekstur þriggja bíla í Sandgerði

**ÁREKSTUR Þriggja bíla árekstur varð á Garðvegi í Sandgerði um þrjúleytið í gær. Þrír voru fluttir á Heilsugæslustöð Suðurnesja, en meiðsli þeirra voru talin minniháttar.**

**Veginum var lokað um tíma á meðan bílarnir voru fjarlægðir. Þeir voru allir mikið skemmdir eftir áreksturinn.**

**Að sögn lögreglu atvikaðist slysið þannig að tveir bílar sem komu hvor úr sinni áttinni skullu hvor á öðrum. Mikil hálka var á veginum sem varð til þess að þriðji bíllinn sem kom aðvífandi lenti á hinum tveimur.** - sþs

Kynferðisbrot gegn börnum:

# Úrskurðaður í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Tuttugu og sex ára karlmaður var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær, grunaður um kynferðisbrot gagnvart fjórum stúlkum á aldrinum fimm til tólf ára. Gæsluvarðhaldið gildir til 26. janúar.

Meint brot áttu sér stað í Vogahverfinu í Reykjavík síðdegis á mánudag. Maðurinn var handtekinn um kvöldmatarleytið samdægurs eftir að lögregla hafði fengið greinargóða lýsingu á bíl hans. Hann var yfirheyrður í gær.

Kynferðisafbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar málið. - sþs

Fulltrúar þriggja ráðuneyta:

# Ræddu samstarf við Breta

**UTANRÍKISMÁL Íslenskir embættismenn áttu í gær fundi í Lundúnum með breskum embættismönnum um samstarf þjóðanna um öryggismál á Norður-Atlantshafi og fleira, að því er segir í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu. Í íslensku viðræðunefndinni voru fulltrúar frá forsætisráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu. „Rætt var um atriði er varða sameiginlega hagsmuni og hvernig mætti hugsanlega auka samstarf Íslands og Bretlands. Ákveðið var að skoða frekar hagnýta valkosti til samstarfs og er annar fundur ráðgerður á Íslandi,“ segir utanríkisráðuneytið um niðurstöðu fundarins.** - gar



**GRÉTAR MÁR SIGURÐSSON** Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins ræddi við breska embættismenn.

# Ríkislögreglustjóri með mál Byrgisins

**Saksóknari efnahagsbrota hjá embætti Ríkislögreglustjóra hefur fengið málefni Byrgisins til rannsóknar. Unnið er að eflingu á innra eftirliti í félagsmálaráðuneytinu til þess að tryggja að sambærileg staða komi ekki upp aftur.**

**FÉLAGSMÁL** Ríkissaksóknari hefur vísað máli Byrgisins, sem Ríkisendurskoðun mælti fyrir að yrði skoðað af ríkissaksóknara, til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. Þetta staðfesti Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari í efnahagsbrotadeild hjá Ríkislögreglustjóra, í gær.



**STEFÁN EIRÍKSSON** Stýrir vinnu starfshóps um málefni langt leiddra vímuefnaneytenda.

Eins og greint var í fjölmiðlum í gær gerði Ríkisendurskoðun athugasemdir við fjármál meðferðarheimilisins Byrgisins á árunum 2005 og 2006. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að ekki hafi verið gerð grein fyrir því hvernig rúmlega 45 milljónum króna hafi verið ráðstafað.

Bókhald Byrgisins er í skýrslunni sagt í molum og fjárreiður Byrgisins augljóslega samofnar einkaneyslu starfsmanna, að mestu leyti Guðmundar Jónssonar, sem nýlega hætti störfum sem forstöðumaður Byrgisins.

Meðal annars voru 122 þúsund krónur millifærðar af söfnunarreikningi, sem stofnaður var eftir að fyrrverandi skjólstæðingur Byrgisins, Haukur Freyr Ágústsson, lést vegna ofneyslu fíkniefna, yfir á persónulegan reikning Guðmundar Jónssonar.

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafa þegar fundað með starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins vegna málefna Byrgisins með það að markmiði að taka starfslag og verkferla til endurskoðunar, svo fjármálamisferli af því tagi sem upp hefur komist um endurtaki sig ekki.



**BYRGIÐ** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur málefni Byrgisins til rannsóknar. Ríkisendurskoðun hefur skilað skýrslu um fjármál Byrgisins til félagsmálaráðuneytisins og ríkissaksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vistmennirnir í Byrginu, sem voru sex þegar tekin var ákvörðun um að leggja starfsemina niður eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom fram, hefur verið boðið að fara á Hlaðgerðarkot. Það er sjúkrastofnun sem býður upp á stífa meðferð fyrir langt leidda fíkniefnaneytendur en Samhjálp og velferðarsvið Reykjavíkurborgar munu vinna í sameiningu að því að taka við verkefnum sem Byrgið var með.

Heiðar Guðnason, forstöðumaður Samhjálpar, segir enn óljóst hvort Samhjálp geti tekið við öllum þeim vistmönnum sem hafa verið í Byrginu.

Á ríkisstjórnarfundi í gær voru málefni langt leiddra vímuefnaneytenda tekin til umfjöllunar að tillögu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Skipaður hefur verið starfshópur, undir forystu Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, til þess að fjalla um málefni langt leiddra vímuefnaneytenda á víðum grunni. Í hópnum eru einnig fulltrúar frá heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneytinu.

magnush@frettabladid.is

Tvær kærur á Guðmund:

# Skýrsla verður tekin í vikunni

**LÖGREGLUMÁL** Ung kona hefur lagt fram kæru á hendur Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi forstöðumanni Byrgisins. Kæruefnið er kynferðisleg misbeiting og að á þann veg hafi hann misnotað aðstöðu sína sem forstöðumaður meðan hún var skjólstæðingur Byrgisins. Konan lagði fram gögn með kærunni.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

Þetta er önnur konan sem leggur fram kæru á hendur Guðmundi. Hin fyrri kærði hann til lögreglu í desember eftir umfjöllun Kompáss um málefni Byrgisins. Hún sakar hann einnig um kynferðislega misbeitingu. Hún lagði fram gögn með kærunni, þar á meðal myndbönd.

Guðmundur verður boðaður í skýrslutöku hjá sýslumannsembættinu í þessari viku. - jss

Maraþonumræða um RÚV:

# Fjölmargir enn á mælendaskrá

**STJÓRNMÁL Umræður um frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. héldu áfram í gær.**

**Málið var rætt í rúma tíu tíma á mánudag og hófst þingfundur klukkan 10.30 í gærmorgun. Umræðurnar stóðu enn þegar Fréttablaðið fór í prentun og voru þá fjölmargir á mælendaskrá.**

**Þingmenn hafa ótakmarkaðan ræðutíma í þriðju þingumræðu en auk hefðbundinna ræða hafa þingmenn lýst skoðunum sínum á málinu og meðferð þess undir liðunum athugasemdir við störf þingsins og um fundarstjórn forseta.**

**Önnur mál hafa ekki verið sett á dagskrá Alþingis.** - bþs


BÍLL DAGSINS

NISSAN DOUBLE CAB E 38”

Nýskr. 09.03 - Beinskiptur - Ekinn 116 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Árni Magnússon segir nauðsynlegt að ríkisvaldið dragi lærdóm af máli Byrgisins:

# Samningar verði nauðsyn

**FÉLAGSMÁL** Árni Magnússon, sem var félagsmálaráðherra í október 2003 er samkomulag var undirritað til staðfestingar um áframhaldandi greiðslur ríkisins til Byrgisins, segir það hafa komið til umræðu að taka málefni Byrgisins til skoðunar skömmu áður en hann hætti sem félagsmálaráðherra í fyrra. „Eins og þetta rifjast upp fyrir mér var um að ræða samkomulag sem ég undirritaði nokkrum mánuðum eftir að ég varð ráðherra. Ég minnist þess að það hafi í nokkur skipti verið ýtt við forsvarsmönnum Byrgisins þar sem við ætluðumst til þess að samkomulagið yrði undirritað fyrir þeirra hönd en það var aldrei gert.“

Árni segir augljóst að eftirlitslausar greiðslur ríkisins til starfsemi af því tagi sem fram fór í Byrginu bjóði hættunni heim ef ekki eru til staðar sérstakir þjónustusamningar þar sem verksvið eru skýrlega skilgreind. „Á þeim tíma sem ég var að hætta sem ráðherra vorum við búin að ræða um nauðsyn þess að skoða málefni Byrgisins rækilega. Sá lærdómur sem ég held að menn þurfi að draga af þessari athugun Ríkisendurskoðunar er að hætta er mest á svona atvikum þegar ekki er um sérstaka þjónustusamninga að ræða, því að ef ekki er fyrir hendi þjónustusamningar byggir samkomulagið fyrst og fremst á trausti. Því miður er hættan sú að traustið sé misnotað, eins og sést á skýrslu Ríkisendurskoðunar um málið.“ - mh



**ÁRNI MAGNÚSSON** Segir traust hafa verið misnotað gróflega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÁVÖXTUN SJÓÐA 2006

## HLUTABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun árið 2006

### ÍSLENSK HLUTABRÉF

| | |
|---|---|
| ICEQ | 18,1% |
| Úrvalsvísitölusjóður | 17,1% |
| Heildarvísitölusjóður [3] | 16,4% |
| ÍS-15 [1] | 16,2% |
| KIF Icelandic Equity [2] | 15,5% |

### BLÖNDUÐ VERÐBRÉF

| | |
|---|---|
| Kaupþing Samval [1] | 17,2% |
| Eignastýringarsjóður [1] | 11,0% |

### ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL

| | |
|---|---|
| Kaupþing Erlend hlutabréf | 36,5% |
| KIF Global Equity | 35,7% |
| Kaupthing Fund - Global Value | 35,2% |
| KMS Global Styles | 32,4% |

### ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR

| | |
|---|---|
| Kaupthing Fund - Nordic Growth | 70,7% |
| KIF BRIC [4] | 59,3% |
| KMS Europe | 50,6% |
| KMS Emerging Markets | 50,5% |
| KMS North America | 26,5% |
| KMS Asia Pacific | 24,8% |

## SKULDABRÉFASJÓÐIR

Nafnávöxtun árið 2006

### PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR

| | |
|---|---|
| Peningamarkaðssjóður [1] | 12,0% |

### ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA

| | |
|---|---|
| Hávaxtasjóður [1] | 3,9% |
| Skammtímasjóður [1] | 5,9% |

### ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG

| | |
|---|---|
| Markbréf | 7,4% |
| Kjarabréf | 7,3% |
| Ríkisverðbréfasjóður - millilangur | 6,8% |

### ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG

| | |
|---|---|
| Ríkisverðbréfasjóður - langur | 7,4% |

### ALÞJÓÐLEG SKULDABRÉF

| | |
|---|---|
| Kaupþing Erlend skuldabréf | 10,7% |
| Kaupthing Liquidity Fund EUR [1, 5] | 4,2% |
| Kaupthing Liquidity Fund USD [1, 6] | 5,7% |
| Kaupthing Liquidity Fund GBP [1, 7] | 4,4% |

## LÍFEYRISSPARNAÐUR

Nafnávöxtun árið 2006

### FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

| | |
|---|---|
| Frjálsi 1 | 17,7% |
| Frjálsi 2 | 11,1% |
| Frjálsi 3 | 7,9% |
| Frjálsi tryggingadeild | 20,2% [9] |

### VISTA

| | |
|---|---|
| Vista 1 | 29,2% |
| Vista 2 | 21,5% |
| Vista 3 | 16,5% |
| Vista 4 | 10,6% |
| Vista 5* | 12,3% |
| Vista, Erlend hlutabréf | 34,5% |
| Vista, Innlend hlutabréf | 14,7% |
| Vista, Innlend skuldabréf | 6,0% |

### LÍFEYRISAUKI

| | |
|---|---|
| Lífeyrisauki 1 | 28,8% |
| Lífeyrisauki 2 | 20,8% |
| Lífeyrisauki 3 | 15,4% |
| Lífeyrisauki 4 | 10,5% |
| Lífeyrisauki 5* | 12,2% |
| Lífeyrisauki, Erlend hlutabréf | 36,9% |
| Lífeyrisauki, Innlend hlutabréf | 15,8% |
| Lífeyrisauki, Innlend skuldabréf | 5,4% |

* Verðtryggðir innlánsreikningar

1) Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

2) KIF Icelandic Equity, KIF Global Equity og KIF BRIC eru skráðir í Lúxemborg og lúta þarlendum lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðirnir flokkast sem Part II sjóðir og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum Kaupþings.

3) Áður Einingabréf 9

4) Áður KIF Global Sector

5) Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðs, 30. ágúst 2006

6) Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðs, 27. september 2006

7) Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðs, 24. nóvember 2006

9) skv. óendurskoðuðu uppgjöri

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 31.12. 2006.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veita lífeyris- og verðbréfaráðgjafar Kaupþings í síma 444 7000 eða á radgjof@kaupthing.is

KAUPÞING

ENNEMM / SÍA / NM25541

## GENGIÐ 16.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,29 | 70,63 |
| Sterlingspund | 138,14 | 138,82 |
| Evra | 91,18 | 91,7 |
| Dönsk króna | 12,235 | 12,307 |
| Norsk króna | 10,976 | 11,040 |
| Sænsk króna | 10,047 | 10,105 |
| Japanskt jen | 0,5839 | 0,5873 |
| SDR | 104,99 | 105,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

125,5019

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Líkamsárásamál þingfest í Héraðsdómi Austurlands:

# Barið með flöskum og glasi

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítug kona var í gær ákærð fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir tvær alvarlegar líkamsárásir. Þær áttu sér stað á Fáskrúðsfirði um júlínótt á síðasta ári.

Konunni er gefið að sök að hafa slegið aðra konu á svipuðu reki í höfuð og líkama með vínflösku úr gleri, tekið hana hálstaki, rifið í hár hennar og lagt læri yfir andlit hennar. Afleiðingarnar urðu þær að fórnarlambið hlaut roða, bólgu og blóðrisa fleiður framan á hálsi, fleiður yfir vinstra handarbak og rispusár á vinstri baugfingri.

Þá er árásarkonunni gefið að sök að hafa sömu nótt slegið tvítugan pilt högg í höfuðið með bjórflösku, sem brotnaði með þeim afleiðingum að hann hlaut sár á hvirfilinn.

Í gær var einnig þingfest fyrir Héraðsdómi ákæra á mann vegna sérlega hættulegrar líkamsárásar á veitingastaðnum Cafe Kósý á Reyðarfirði í september. Manninum er gefið að sök að hafa kastað bjórglasi í andlit annars manns þannig að sá síðarnefndi hlaut langan skurð vinstra megin í andlit sem náði frá nefi niður á kinn.

Sá sem fyrir árásinni varð krefst skaðabóta upp á rúmlega hálfa milljón króna. - jss



**REYÐARFJÖRÐUR** Ein líkamsárásanna átti sér stað á Reyðarfirði.

Smyglari gripinn í Hong Kong:

# Með krókódíl í farangrinum

**HONG KONG** Maður var handtekinn á Hong Kong-flugvelli nýlega fyrir tilraun til að smygla tösku með lifandi dýrum, þar á meðal krókódíl og 46 skjaldbökum. Hugðist maðurinn, sem kom frá Taílandi, selja dýrin á meginlandi Kína, þar sem þau eru eftirsótt í matseld og lækningar.

Leyfi þarf frá stjórnvöldum Hong Kong fyrir innflutningi skriðdýra, fugla og spendýra, að því er greint er frá á fréttavef BBC. Þar sem sum dýrin eru í útrýmingarhættu er ólíklegt að hann hefði fengið slíkt leyfi.

Hlaut maðurinn sex mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir ólöglegan dýrainnflutning. - re



**LOFTVARNABÚNAÐUR** Rússar eru að afhenda Írönum tugi slíkra tækja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Varnarmálaráðherra Rússa:

# Rússar afhenda Írönum vopn

**MOSKVA, AP** Sergei Ivanov, varnarmálaráðherra Rússlands, staðfesti í gær að Rússar hefðu nú þegar afhent Írönum loftvarnaflaugar af gerðinni Tor-M1.

Hann sagði ekki hve margar flaugarnar væru, en starfsmenn ráðuneytisins höfðu áður upplýst að Rússar hefðu samið við Írana um sölu á 29 loftvarnavopnum og mundu Íranar greiða fyrir 700 milljónir dala.

Bandarísk stjórnvöld hafa gagnrýnt þetta, enda hafa þau hvatt öll ríki heims til þess að hætta allri vopnasölu til Írans. Ísraelsk stjórnvöld hafa sömuleiðis gagnrýnt harðlega sölu á vopnabúnaði til Írans. - gb

Fiskveiðar í Miðjarðarhafinu:

# Aðgerðir til að reisa við stofn

**RÓM, AP Tuttugu og fjórar þjóðir sem stunda fiskveiðar í Miðjarðarhafinu hafa heitið því að taka höndum saman við aðgerðir gegn rýrnun á fiskstofni samkvæmt tilkynningu frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna.**

**Þjóðirnar samþykktu að deila upplýsingum um fiskveiðiflota sína til að auðvelda eftirlit en heildstæðar upplýsingar um veiðar á svæðinu hafa ekki legið fyrir. Einnig sammæltust þjóðirnar um að nota sérstaka gerð neta við botnvörpuveiðar sem hleypa ungum fiski í gegn.** - sdg

# Þorskaensím drepur flestar H5N1-veirur

**Íslenskt þorskaensím drap 99 prósent af fuglaflensuveirum í nýlegri rannsókn. Unnið er að því að safna hlutafé til að hægt sé að leggja í læknisfræðilegar rannsóknir. Ensímið er talið geta orðið að lyfi gegn flensu, kvefi og barnaexemi.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Efni sem unnið er hér á landi úr þorskinnyflum drap 99 prósent af fuglaflensuveirum af H5N1-stofninum á fimm mínútum í rannsókn sem unnin var í Lundúnum nýlega.

Efnið heitir pensím og er ensími sem finnst í meltingarfærum þorsks, en það hefur hingað til verið notað í smyrsl sem vinnur gegn húðmeinum. Nú vonast íslenskir framleiðendur þess til þess að hægt sé að þróa lyf úr pensími gegn ýmsum kvillum. Fyrirtækið Ensímtækni ehf. hefur þróað ensímið.



**JÓN BRAGI BJARNASON**

Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði við Háskóla Íslands og stjórnarformaður Ensímtækni, segir að tilraunirnar á H5N1-veirunni hafi farið fram síðasta haust, en niðurstöðum skilað nýlega.

„Það er mjög spennandi að hafa fundið efni sem drepur fuglaflensuveiruna, menn óttast að hún muni breytast yfir í mannaflensuveiru, og þá munum við hafa einhverja vörn sem líklega mun gagnast,“ segir Jón Bragi.

„Þetta mun efla okkur í þeirri trú okkar að þetta sé mikilvægt til lyfjagerðar, og að við verðum að afla fjár til lyfjaþróunar,“ segir Jón Bragi. Hann vinnur nú að því að safna hlutafé til að standa straum af klínískum rannsóknum á pensími. Reikna má með að fyrirtækið þurfi að safna 20-30 milljónum dala í hlutafé til þess að slíkar rannsóknir geti farið fram.

Lyf gegn fuglaflensu er þó ekki nóg, heldur segir Jón Bragi að nú þurfi einnig að rannsaka vísbendingar um það að pensím hafi einnig áhrif á hefðbundna flensu, sem herjar gjarnan á Íslendinga á þessum árstíma, og áhrif pensímsins á kvef lofi líka góðu.

Því þurfi að framkvæma læknisfræðilegar rannsóknir til að meta áhrif pensíms á inflúensu, kvef, barnaexem og gigt, auk fuglaflensunnar, í skynsamlegri röð.

Jón Bragi segir að um tvö ár geti tekið að framkvæma þær rannsóknir og vinna úr þeim áður en lyf komi á markað.

Í gær kynnti Jón Bragi nýja snyrtivörulínu í London, sem einnig er unnin úr þorskensími, undir merkinu DrBRAGI. Um er að ræða næringar- og yngingargel, húðhreinsivörur og fleiri vörutegundir. Kynningin fór fram á fjölmennum blaðamannafundi, þar sem meðal annars voru fulltrúar snyrtivöru- og tískutímarita. Opnuð var sérstök kynningarsíða, en snyrtivörurnar munu koma á markað 1. mars. Fyrirtækið Pure Icelandic sér um markaðssetningu erlendis.

brjann@frettabladid.is/jss@frettabladid.is



**FUGLAFLENSA** Ógnin af heimsfaraldri fuglaflensu hefur vofað yfir heimsbyggðinni í nokkurn tíma, en hugsanlega liggur lækning í meltingarfærum þorska. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjárlaga- og félagsmálanefnd:

# Farið yfir eftirlit með styrkjum

**STJÓRNMÁL Eftirlit með styrkjum til aðila utan ríkiskerfisins verður til umræðu á sameiginlegum fundi fjárlaga- og félagsmálanefnda Alþingis með ríkisendurskoðanda í fyrramálið.**

**Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, segir tilefnið skýrslu Ríkisendurskoðunar um Byrgið. „Við viljum draga lærdóm af þessu máli,“ segir hann og tekur fram að í engu sé efast um heilindi þeirra fjölmörgu sem vinni óeigingjarnt starf í þágu þjóðfélagsins og njóti til þess opinberra styrkja. Fara eigi yfir verklagið og ræða hvort því þurfi að breyta.** - bþs

Forsetaskipti í Evrópuþinginu:

# Pöttering tekur við af Borrell

**STRASSBORG, AP** Hans-Gert Pöttering, kristilegur demókrati frá Þýskalandi, var í gær kjörinn eftirmaður spænska sósíalistans Joseps Borrell á forsetastól Evrópuþingsins.



**HANS-GERT PÖTTERING**

Pöttering, sem var áður formaður stærsta þingflokksins á Evrópuþinginu, Evrópska þjóðarflokksins, náði kjöri strax í fyrstu umferð atkvæðagreiðslunnar meðal þingfulltrúanna 785.

Í þakkarræðu sinni sagðist Pöttering myndu vinna að einingu Evrópu þar sem allar þjóðir álfunnar, stórar sem smáar, hefðu sitt fram að færa. - aa


# Ekkert blað?

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVENÆR HLÝNAR?**

Ekki er að sjá neitt lát á þeim kuldum sem verið hafa og raunar er það svo að dagurinn í gær var einn sá kaldasti á norðanverðu landinu sem komið hefur um nokkurt skeið. Þegar rýnt er í kortin næstu daga virðist kuldinn lítið í rénum. Maður er svolítið forvitinn með hvað gerist á mánudag eða þriðjudag en þá er möguleiki á að hlýtt loft gangi inn á landið. Líkurnar eru þó ekkert of miklar.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Austan strekkingur. Bjart veður. Frost 3-6 stig.

um hádegi »




» á morgun




8-15 m/s hvassast við ströndina.

» föstudagur




10-15 m/s sunnan og vestan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 11°C skúrir | Alicante | 15°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 4°C hálfskýjað | París | 14°C skúrir | Mallorca | 17°C heiðskírt |
| Osló | 0°C snjóél | Frankfurt | 9°C skúrir | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 5°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 6°C skúrir | Krít | 18°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 8°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C alskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Verðhrun!

# á húsgögnum

## Fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 90% afsláttur af húsgögnum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svefnsófi | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Svefnsófi með púðum | 17.495 kr. | ~~34.990~~ kr. | 50% |
| Stóll með snúningi | 22.495 kr. | ~~56.000~~ kr. | 60% |
| Relax sófasett 3+1+1 | 144.950 kr. | ~~289.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 3ja sæta | 84.950 kr. | ~~169.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 2ja sæta | 82.450 kr. | ~~164.900~~ kr. | 50% |
| Relax stóll | 42.450 kr. | ~~84.900~~ kr. | 50% |
| Rúm 90x200 | 25.740 kr. | ~~42.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 120x200 | 32.940 kr. | ~~54.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 150x200 | 40.140 kr. | ~~66.900~~ kr. | 40% |
| Hornsófasett | 86.400 kr. | ~~144.000~~ kr. | 40% |
| kommóða | 13.600 kr. | ~~40.000~~ kr. | 66% |
| Meubar borðstofuborð | 19.996 kr. | ~~49.990~~ kr. | 60% |
| Sea borðstofuborð | 27.960 kr. | ~~69.990~~ kr. | 60% |
| Skinnklæddur skenkur | 10.999 kr. | ~~109.990~~ kr. | 90% |






**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KJÖRKASSINN



*Fylgist þú með fréttum af Baugsmálinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 44% |
| Nei | 56% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú tekið strætó á árinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Formaður samgöngunefndar segir stefna í að Suðurlandsvegur verði tvöfaldaður:

# Kostar rúma þrettán milljarða

**STJÓRNMÁL** „Ég heyri ekki betur en að menn séu almennt á þeirri skoðun að hafa 2+2 veg,“ segir Guðmundur Hallvarðsson Sjálfstæðisflokki, formaður samgöngunefndar Alþingis.

Málefni Suðurlandsvegar voru rædd á fundi nefndarinnar í gær og nýir kostnaðarútreikningar kynntir. Kom fram að tvöföldun vegarins (2+2) kostaði um eða yfir þrettán milljarða króna en svonefndur 2+1 vegur í kringum fimm milljarða. Það eru hærri fjárhæðir en áður hafa verið nefndar, sem helgast af því að byggingavísitala hefur hækkað um tíu til tólf prósent á rúmu ári.



GUÐMUNDUR HALLVARÐSSON



ANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR

Við útreikningana er miðað við að framkvæmdir nái frá ystu byggð Reykjavíkur að Selfossi.

Guðmundur Hallvarðsson segir að tvöföldun Suðurlandsvegar taki lengri tíma en gerð 2+1 vegar. „Bæði er Vegagerðin komin lengra á veg með undirbúning 2+1 vegar og eins kallar 2+2 vegur á mun fleiri mislæg gatnamót sem tekur sinn tíma að byggja.“

Anna Kristín Gunnarsdóttir Samfylkingunni vill að málin verði skoðuð betur áður en ákvörðun verði tekin. „Það er víða margt ógert í vegamálum og víðar hættur en þarna. Verðmunurinn á leiðunum er mikill og ég vil skoða betur í hverju hann felst,“ segir Anna Kristín.

Norsk-íslenski síldarstofninn:

## Reyna átti til þrautar í nótt

**SJÁVARÚTVEGUR** Viðræður um skiptingu norsk-íslenska síldarstofnsins héldu áfram í gær og stóðu fram á nótt. Bitbeinið er það sama og undanfarin ár; Íslendingar og Færeyingar standa gegn kröfum Norðmanna um stóraukna hlutdeild í veiðiheimildum.

Síldarstofninn er í örum vexti og kvóti komandi árs er talinn verða tæplega 1,3 milljónir lesta. Norðmenn vilja veiða um 800.000 lestir með þeim rökstuðningi að síldin sé aðallega innan lögsögu þeirra. Íslendingar munu sætta sig við 15,5 prósent kvótans í samræmi við fyrri samning um veiðarnar. - shá

Vonarstjarna demókrata:

## Skellir sér í forsetaslaginn

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama sagðist í gær formlega hafa tekið fyrsta skrefið í áttina að forsetaframboði fyrir Demókrataflokkinn í Bandaríkjunum með því að sækja um að stofnuð yrði svonefnd könnunarnefnd, sem hefði það hlutverk að ganga úr skugga um hvort hann ætti erindi í forsetaframboð.**



BARACK OBAMA

**Obama skýrði frá þessu á vefsíðu sinni og sagðist enn fremur ætla að gera frekari grein fyrir áformum sínum í næsta mánuði.**

**Obama er fæddur á Hawaii árið 1961. Nái hann kjöri í forsetakosningunum, sem haldnar verða í nóvember árið 2008, verður hann fyrsti blökkumaðurinn í því embætti.**

**Hillary Rodham Clinton, eiginkona Bills Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, þykir einnig líkleg til að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins og yrði þá fyrsta konan sem sæti á forsetastóli næði hún kjöri.** - gb

# Harmleikur og grín hverfur af fjölunum

**Sýningum á tveimur aðalverkum Þjóðleikhússins verður hætt á næstu vikum. Aðeins 1.742 áhorfendur hafa séð gríska harmleikinn Bakkynjur og 4.511 gamanleikritið Stórfenglega sem þjóðleikhússtjóri vonaðist eftir betri tekjum af.**

**LEIKHÚS** Hvorugt leikverkið sem nú er á kvöldsýningum á Stóra sviði Þjóðleikhússins laðar að sér mikla áhorfendaskara og renna þau því sitt skeið á enda á næstu vikum.

Frá því Stórfengleg var frumsýnd í lok október hafa 4.511 áhorfendur séð gamanleikritið á samtals fimmtán sýningum. Og 1.742 hafa séð gríski harmleikinn Bakkynjur á sjö sýningum frá því verkið var frumsýnt á annan í jólum. Boðsgestir eru taldir með í áhorfendatölum.

„Ég neita því ekki að við vonuðumst eftir betri tekjum af Stórfengleg en við þurfum bara að bíta í það súra epli og reyna að jafna það út annars staðar,“ segir Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri aðspurð hvort þessi dræma aðsókn sé fjárhagslegt högg fyrir leikhúsið.



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Tinna segir upphaflegar áætlanir um að sýna Bakkynjur í sex vikur hafa staðist. Um sé að ræða grískan harmleik sem hafi ekki breiða skírskotun en nauðsynlegt hafi verið að kynna verkið fyrir íslenskum áhorfendum fyrr eða síðar enda um að ræða hluta af sameiginlegum leiklistararfi heimsins:

„Vissulega var þetta dýr og stór sýning en hún helst innan fjárhagsáætlana. Það hefði verið gaman ef það hefði fleiri lagt í að flykkjast í leikhúsið en við lítum svo á að aðsókn hafi verið með ágætum, miðað við að þetta er aftan úr öldum,“ segir Tinna.



BAKKYNJUR Dræm aðsókn var á 2.400 ára klassík frá Grikklandi.

Frá því sýningum á Bakkynjum og Stórfenglegri lýkur í byrjun febrúar verður aðeins barna- og fjölskylduleikritið Sitji guðs englar á Stóra sviðinu. Að sögn Tinnu verður þá hins vegar bætt við tveimur kvöldsýningum af því verki.

Í byrjun mars verður frumsýndur nýr söngleikur eftir Hugleik Dagsson. „Við leggjum mikið upp úr því að hann lukkist,“ segir þjóðleikhússtjóri.

Ekki fæst upplýstur heildarkostnaður við Bakkynjur og Stórfenglega. Leikhúsið greinir aðeins frá kostnaði við leikmyndir, leikmuni, búninga, gervi og þess háttar. Fyrir Stórfenglega nam sá kostnaður tæpum 4,4 milljónum króna og fyrir Bakkynjur ríflega 17,6 milljónum. Bæði leikstjóri og leikmynda- og búningahönnuður í Bakkynjum eru grískir.

„Bakkynjur var dýr sýning í uppsetningu miðað við almennar sýningar á Stóra sviðinu og það var vitað fyrirfram, þegar hugmyndir leikmynda-, gerva- og búningahönnuðar voru samþykktar,“ segir Páll Ásgeir Ásgeirsson, kynningarstjóri Þjóðleikhússins, um gríska harmleikinn sem senn tekur enda. gar@frettabladid.is



STÓRFENGLEG Stórstjörnur dugðu ekki til að gera Stórfenglega að kassastykki.



MIKIÐ MAGN HJÁLPARTÆKJA MND-félagið á Íslandi sendi 40 feta gám fullan af hjálpartækjum og öndunarvélum formlega til Mongólíu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hjálpartæki til Mongólíu:

## Styrkur til fólks í Mongólíu

**HEILBRIGÐISMÁL MND-félagið sendi í gær mikið af hjálpartækjum og öndunarvélum til Ulaanbaatar, höfuðborgar Mongólíu. Það var Guðjón Sigurðsson sem var hvatamaður að söfnuninni en eftir að hann hafði fregnir af aðstæðum þar í landi hóf hann að athuga hvort til væru hjálpartæki á Íslandi sem ekki væru í notkun.**

**Með tækjunum fer fólk frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi til þess að kenna heilbrigðisstarfsfólki á tækin. MND-félagið hefur notið aðstoðar fjölmargra við verkefnið en lyfjafyrirtækið Actavis er aðalstuðningsaðili þess. Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra lokaði gámnum í gær og var hann þá tilbúinn fyrir ferðalagið langa.**

**MND er banvænn sjúkdómur sem herjar á hreyfitaugar líkamans.** - kdk

Umsátur lögreglu á Dalvík:

## Sérsveit handtók vopnaðan mann

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit lögreglunnar á Akureyri var kölluð að húsi á Dalvík um sjöleytið í gærkvöldi þar sem vopnaður maður hafði í hótunum. Eftir nokkurra tíma umsátur leystist málið án átaka og var maðurinn leiddur á brott af lögreglu.

Íbúar í nálægum húsum voru varaðir við að fara úr húsi á meðan lögregla reyndi að ræða við manninn.

„Ég fékk símtal þar sem mér var sagt að læsa öllum hurðum og vera inni, það væri maður með hníf í nálægu húsi,“ segir íbúi í götunni þar sem umsátrið fór fram. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var maðurinn nýlega fluttur í bæinn. - sþs

Formaður Samfylkingarinnar segir völdum og áhrifum milli kynjanna misskipt:

# Tækifæri kvenna verði aukin

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að völdum og áhrifum í samfélaginu sé misskipt milli karla og kvenna. Það sé ein undirrót fækkunar íbúa víða á landsbyggðinni.

Ingibjörg Sólrún var frummælandi á opnum fundi Samfylkingarinnar í Borgarnesi í gærkvöldi, sem bar yfirskriftina „Sókn fyrir Ísland allt – jöfn tækifæri“. Hún gerði þann lýðræðishalla, sem hún segir felast í ójöfnum tækifærum kynjanna, að umtalsefni, og benti á að á landsbyggðinni væru konur um 2.500 færri en karlar.

Öflugar samgöngur, menntatækifæri og háhraðatengingar eru forsendur þess að þróuninni verði snúið við að mati Ingibjargar.

Þá sagði hún mikilvægt að stjórnvöld beittu sér fyrir því að skilgreina störf sem óháð staðsetningu. Slíkt myndi auka á möguleika kvenna til að finna sér störf við hæfi í heimahögunum út um land.

Ingibjörg Sólrún sagði einnig að auka þyrfti atvinnufrelsi í landbúnaði og að athuga bæri hvort gerlegt væri að endurgreiða hluta flutningskostnaðar.

Á fundinum sýndi hún jafnframt þróun fjárframlaga til samgöngumála undangengin ár og benti á hve áberandi þau hækkuðu á kosningaárum. Gat hún þess þó að ekki væri þar með sagt að loforð um útgjöld væru efnd. - bþs



Á OPNUM FUNDI Ingibjörg Sólrún sagði mikilvægt að stjórnvöld beittu sér fyrir því að skilgreina störf sem óháð staðsetningu. Með því ykjust vinnumöguleikar kvenna út um land.

Kjaramál grunnskólakennara:

## Enn von um samkomulag

**KJARAMÁL** „Við stefnum enn sem fyrr að því að ná niðurstöðu í þessari viku,“ segir Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, sem ásamt viðræðunefnd átti fund með launanefnd sveitarfélaga síðdegis í gær. Fundurinn stóð í þrjá klukkutíma. Grunnskólakennarar hafa samning til loka þessa árs en telja að grípa þurfi til aðgerða vegna ákvæðis samningsins um leiðréttingu á launum vegna verðlagsþróunar. „Það ber enn talsvert á milli hugmynda okkar um til hvaða lausna þarf að grípa. En við ákváðum að hætta þessu ekki og á meðan við erum enn að ræða saman er von,“ segir Ólafur. - gar

## SKAFTAFELL

### Viðgerðir á torfbæ

Unnið er þessar vikurnar að viðgerð á Selbænum í Skaftafelli, sem er gamall torfbær með fjósbaðstofu. Þetta kemur fram á horn.is sem segir þrjá menn frá Húsafriðunarnefnd ríkisins vinna að því að endurhlaða tvo veggi sem hlaðnir eru blágrýti úr fjöllunum í Skaftafelli.

## SPILAKASSAR

### Undirskriftasöfnun

Forsvarsmenn íbúasamtaka Breiðholts afhentu í gær borgarstjóra á þriðja þúsund undirskriftir fólks sem er á móti því að spilakassasalur verði opnaður í Mjóddinni.

# SKOÐAÐU, VELDU, PANTAÐU!

## Aldrei fljótlegra að kaupa prentverk

Skýr yfirsýn, aukin verðvitund.

Einfalt að finna þína vöru.

Þú velur þann vinnsluhraða sem þér hentar.

4 HRATT 2 EXPRESS 7 +3

Verð á yfir 1000 prentlausnum.




Pantaðu fleiri eintök á www.oddi.is

ODDI HÖNNUN P07.06.422

Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • www.oddi.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað er ESA?*
2. *Hvort eru framvísandi eða bakvísandi barnastólar öruggari?*
3. *Hvað gaf Baltasar starfsfólki sínu við Mýrina í jólagjöf?*

SVÖR Á SÍÐU 38

Stefán Ólafsson er ósammála niðurstöðum rannsóknar prófessors í hagfræði:

# Ráðstöfunartekjur skipta máli

**EFNAHAGSMÁL** „Mér finnst Ragnar draga upp ansi villandi mynd af þróun tekjuskiptingarinnar síðastliðinn áratug þar sem hann byggir á allt of takmörkuðum mælikvarða, sem eru atvinnutekjur einar og sér fyrir skatta,“ segir Stefán Ólafsson, prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, um niðurstöður rannsóknar Ragnars Árnasonar hagfræðiprófessors sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær.

Í rannsókn sinni komst Ragnar að þeirri niðurstöðu að allir tekjuhópar hefðu aukið tekjur sínar verulega síðustu þrettán árin.

Rannsókn Ragnars miðaði þó einvörðungu við atvinnu- og fjármagnstekjur fyrir skatta og það telur Stefán að dragi upp skakka mynd. „Hann horfir algerlega framhjá dreifingaráhrifum lífeyristekna og skatta. Þær breytingar eru þess eðlis að skattbyrðin í lægri hópum þjóðfélagsins jókst mest og aukningin lækkar eftir því sem ofar í tekjustigann er komið. Því hafa lægri hóparnir dregist aftur úr og hæsti hópurinn farið langt fram úr. Það er því gliðnun í tekjustiganum alla leiðina upp ef menn horfa á ráðstöfunartekjur eftir skatta, sem er sá mælikvarði sem er notaður á þetta alstaðar í löndunum í kringum okkur. Það er það sem snertir fólk, hvað það hefur í ráðstöfunartekjur.“ - þsj



**STEFÁN ÓLAFSSON** Segir að gliðnun sé í tekjustiga landsmanna ef menn horfi á ráðstöfunartekjur eftir skatta, sem sé það sem raunverulega skipti fólk máli.

Vindasamur janúarmánuður:

## Óveðri spáð í Danmörku

**VEÐUR** Danska veðurstofan sagði í gær hættu á óveðri í suðurhluta Danmerkur í kjölfar lægðar á fimmtudag að því er kom fram á vef Politiken.

„Ef lægðin færir sig suður fyrir Danmörku sleppum við, en færir hún sig inn yfir landið mun óveður geisa á öllum suðurhluta Danmerkur,“ sagði Mogens Bendsen, vaktstjóri á veðurstofunni.

Janúar hefur verið vindasamur í Danmörku og hefur meðalvindur verið 9,2 metrar á sekúndu. Venjulegur meðalvindur er 6,5 metrar á sekúndu. - sdg

# Sýrlendingar og Ísraelar voru nærri samkomulagi

**Ísraelskt dagblað heldur því fram að Sýrlendingar og Ísraelar hafi nánast verið tilbúnir með drög að friðarsamkomulagi. Bandaríkjamenn reyna enn að afla stuðnings meðal arabaríkja við nýja Íraksstefnu sína.**

**ÍSRAEL, AP** Fulltrúar frá Ísrael og Sýrlandi höfðu í nærri tvö ár stundað samningaviðræður með leynd og voru komnir með drög að friðarsamkomulagi þegar Líbanonstríðið braust út síðastliðið sumar. Frá þessu skýrði ísraelska dagblaðið Haaretz í gær.

Samkvæmt frásögn blaðsins höfðu samningamennirnir náð samkomulagi um að Ísraelsher færi alfarið frá Gólanhæðum, sem Ísrael hertók frá Sýrlandi árið 1967, en í staðinn myndu sýrlensk stjórnvöld hætta öllum stuðningi við herskáa hópa Palestínumanna.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, segir þó að viðræðurnar hafi ekki verið á vegum ísraelskra stjórnvalda heldur alfarið verið einkaframtak einstaklinga. Starfsmaður utanríkisráðuneytisins í Sýrlandi segir fréttir af slíkum viðræðum tilhæfulausar með öllu.

Hins vegar staðfesti talsmaður ísraelsku stjórnarinnar, sem vildi ekki láta nafns síns getið, að ísraelskir ráðamenn hefðu vitað af þessum viðræðum þótt ekki hefðu þær verið á vegum stjórnvalda.

Dagblaðið heldur því fram að bæði ísraelsk og sýrlensk stjórnvöld hafi vitað af viðræðunum, sem haldnar voru í nokkur skipti í Evrópu á árunum 2004 til 2006.

Bashar Assad Sýrlandsforseti hefur nýverið látið í ljós vilja til að halda áfram friðarviðræðum við Ísrael. Olmert hefur hins vegar sagt að ekki komi til greina að hefja viðræður fyrr en Sýrlendingar hafi hætt stuðningi við herskáa andstæðinga Ísraels.

Bandaríkjastjórn hefur einnig hafnað því að hefja viðræður við Sýrlendinga en sakar þá um að aðstoða baráttu súnní-múslima í Írak gegn bæði sjíum og bandaríska herliðinu þar. Síðast í gær féllu að minnsta kosti 65 manns í árásum á sjía-hverfi í Bagdad í Írak.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur verið á ferð um Mið-Austurlönd að afla fylgis ráðamanna þar við nýja stefnu Bandaríkjastjórnar í Írak. Leiðtogar sumra arabaríkja hafa sagst reiðubúnir að aðstoða Bandaríkin við að stilla til friðar í Írak gegn því að Bandaríkin leggi sig meira fram við að finna lausn á deilu Ísraela og Palestínumanna.

Í gær hitti hún Saud al-Faisal prins í Sádi-Arabíu, sem sagðist ekki hafa mikla trú á að árangur næðist í Írak. gudsteinn@frettabladid.is



**ÍSRAELSKIR HERMENN Á GÓLANHÆÐUM** Gólanhæðir eru enn bitbein Ísraels og Sýrlands. Ísraelar hertóku hæðirnar árið 1967 og Sýrlendingar vilja fá þær aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ FÆREYJUM** Færeyingar setja sér framtíðarmarkmið.

Framtíðin í Færeyjum:

## Færeyjar verði eitt byggðarlag

**FÆREYJAR Ráðamenn í Færeyjum leggja nú til að Færeyjar verði sameinaðar í eitt byggðarlag, einkum til þess að auðvelda samgöngur milli svæða. Frá þessu er skýrt í færeyska dagblaðinu Dimmalætting.**

**Færeysk stjórnvöld settu sér um aldamótin síðustu það markmið að árið 2015 yrðu Færeyjar komnar í röð með þeim löndum heims sem best er að búa og starfa í. Á vegum lögmannsskrifstofunnar hefur mikil stefnumótunarvinna verið í gangi síðustu árin og um þessar mundir er hver nefndin á fætur annarri að skila frá sér tillögum sínum.** - gb




**HERINN FARINN** Merking á einu af orrustuþotuskýlunum á Keflavíkurflugvelli. Valgerður hyggst ræða þróun öryggismála eftir brottför varnarliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valgerður Sverrisdóttir:

## Stefnuræða um varnarmál

**VARNARMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra flytur á morgun, fimmtudag, stefnuræðu um öryggis- og varnarmál á opnum fundi í Háskóla Íslands.

Til fundarins boða Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ og Samtök um vestræna samvinnu og Varðberg, í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Fundurinn fer fram í Hátíðarsal HÍ og hefst kl. 12.

Í fréttatilkynningu segir að Valgerður muni í erindinu ræða þróun öryggis- og varnarmála þjóðarinnar og breyttar aðstæður eftir brottför bandaríska varnarliðsins. - aa

Tryggingarfélögin hvetja fólk til að nota bakvísandi bílstóla:

# Bakvísandi bílstólar öruggari

**HEILBRIGÐISMÁL** Það munar mikilu á öryggi bakvísandi og framvísandi bílstóla. Í bílslysum sleppa 60 prósent þeirra barna sem eru í framvísandi stólum án alvarlegra meiðsla en í bakvísandi sleppa 90 prósent þeirra. Því ætti fólk hiklaust á velja barnastól sem snýr baki í akstursstefnu og hafa það í honum þar til það verður 25 kíló. Þetta segir Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarnarfulltrúi VÍS.

Í fréttum blaðsins í gær var greint frá því að forsvarsmenn íslenskra tryggingarfélaga eru uggandi yfir því hve dræmar móttökur bakvísandi bílstólar hafa fengið hér á landi en þeir mæla með því að börn séu í þeim til þriggja ára aldurs þar sem þeir þykja mun öruggari.

Ragnheiður segir VÍS fyrst hafa flutt þessa stóla til landsins eða árið 1994. Þeir hafi þá komið frá Svíþjóð en þar séu bakvísandi stólar mjög algengir og dauðaslys barna í bílslysum nær óþekkt. Hún segir helstu ástæðuna fyrir því að Íslendingar vilji síður nota bakvísandi stóla vera þá að þeir taki þægindin fram yfir öryggið, Undir það tekur Herdís Storgaard hjá Forvarnarhúsi Sjóvár. Þær benda á að algengustu slys á Íslandi séu vegna hliðar- eða framanákeyrslna og við þau séu bakvísandi stólar mun betri þar sem minna álag verði á háls og höfuð barnsins í þeim. „Þeir sem útvega bakvísandi stóla eru VÍS, Sjóvá, Bílanaust og Ólavía og Oliver, um fleiri staði veit ég ekki en fólk ætti að velja þá bakvísandi þar til barnið nær 25 kílóa þyngd,“ segir Herdís. - kdk



**BAKVÍSANDI STÓLAR ÖRUGGARI FYRIR BÖRN** Forvarnarfulltrúar tryggingafélaga hvetja foreldra til að nota bakvísandi bílstóla fyrir börn sín þar til þau ná 25 kílóum að þyngd.

Rússneskir stríðsfangar Finna:

## Fjórðungur dó úr vosbúð

**FINNLAND Fjórðungur rússneskra stríðsfanga sem lentu í finnskum fangabúðum dó, meirihlutinn úr hungri, kulda og sjúkdómum. Aðstæður í fangabúðum voru lélegri en hingað til hefur verið talið. Þetta kemur fram á fréttavef finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet.**

**Margir Rússar, bæði hermenn og óbreyttir borgarar, dóu í finnskum einangrunarbúðum í stríðinu. Í rannsókn sem verið er að gera í Ríkisskjalasafninu í Finnlandi hefur ýmislegt komið fram, til dæmis að aðstæðurnar voru afskaplega slæmar og að þriðjungur borgaranna var börn. „Þetta er skuggahlið stríðsins sem þarna kemur fram,“ segir Lars Westerlund sem stýrir rannsókninni.** - ghs

# Frítt piss...



... ef þú kemur við á næstu Olís-stöð og
lætur fylla bílinn af eldsneyti.
Þannig færðu fría áfyllingu á rúðupissið
í kaupbæti.
Meðan við fyllum á geturðu svo fengið þér
pylsu og kók á tilboði.

**Þorratilboð**
á þjóðarrétti Íslendinga.
**Pylsa og kók**
**199 kr.**



olís

**Við höldum með þér!**

Himinn og haf / SÍA



**APADÝR Á FINGRI** Þessi ungi letiapi heldur sér fast í fingur starfsmanns í dýragarði í London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chuang Chuang settur á strangt mataræði:

# Pandan orðin of feit fyrir kynlíf

**TAÍLAND, AP** Pandabjörninn Chuang Chuang er orðinn það feitur að pandabirnan Lin Hui vill ekki lengur stunda kynlíf með honum, að sögn talsmanna Chiang Mai dýragarðsins í Taílandi.

Chuang Chuang, sem vegur 150 kíló, á meðan Lin Hui er aðeins 115 kíló, fær nú aðeins bambuslauf að borða meðan hann er að ná af sér aukakílóunum. Er þetta nýjasta ráðið í oft undarlegum tilraunum dýragarðsins til að fá pandabirnina til að makast.

Birnirnir voru gefnir saman í plat hjónavígslu og síðar var tilkynnt að þeir yrðu aðskildir til að reyna að kveikja rómantík. Jafnvel hefur verið rætt um að framleiða pönduklám, myndbönd af öðrum pöndum að makast, til að koma Chuang Chuang og Lin Hui í rétta skapið. - sdg



**FLATMAGAÐ Í DÝRAGARÐI** Chuang Chuang leikur sér meðan Lin Hui gæðir sér á bambus og gulrótum. NORDICPHOTOS/AFP



**FAWAZ MOHAMMED DAMRA** Fordæmdi á sínum tíma árásirnar 11. september. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitaði hælis í 72 löndum:

## Situr nú í ísraelsku fangelsi

**BANDARÍKIN, AP Fawaz Mohammed Damra, fyrrverandi bænaformaður í Ohio í Bandaríkjunum, hefur verið hnepptur í fangelsi í Ísrael. Hann hafði leitað hælis í 72 löndum en alls staðar verið hafnað og neyddist því til að halda til fæðingarlands síns, Palestínu, eftir að hafa verið sviptur ríkisborgararétti í Bandaríkjunum.**

**Damra er 46 ára og hafði búið í Bandaríkjunum í áratug, alið þar upp þrjú börn sín ásamt bandarískri eiginkonu sinni, en var sviptur ríkisborgararétti árið 2004 þegar í ljós kom að hann hafði árið 1991 hvatt til vopnaðrar baráttu gegn Ísrael.** - gb

Varamaður sest á Alþingi:

## Katrín tekur sæti Guðlaugs



**KATRÍN FJELDSTED**



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

**STJÓRNMÁL** Katrín Fjeldsted, læknir og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók sæti Guðlaugs Þórs Þórðarsonar á Alþingi í gær. Sem kunnugt er slasaðist Guðlaugur illa er eldur læstist í skyrtu hans skömmu fyrir jól. Hann er kominn heim af spítala en þarf að taka því rólega í fyrstu.

Katrín Fjeldsted var þingmaður á síðasta kjörtímabili og hefur tekið sæti sem varaþingmaður fyrr á þessu kjörtímabili. - bþs

**BRETLAND**

**Gæsla í gasstöðvum**

Vopnaðar sérsveitir bresku lögreglunnar hófu í gær gæslu við nokkrar helstu gasbirgðastöðvar landsins, en að sögn yfirvalda er þetta gert til að bregðast við hættunni á hryðjuverkum.

# Mikil þörf á tækniminjasafni á Íslandi

**Ísland er eitt fárra tæknivæddra ríkja án þjóðartæknisafns. Slíkt safn hefur mikið gildi sem menntastofnun og auðveldar árangursríkra raungreinakennslu. Kostnaður við byggingu safnahúss og búnaðar er um 300 milljónir króna.**

**SAFNAMÁL** Íslendingar eru meðal fárra tæknivæddra þjóða sem ekki hafa komið sér upp þjóðartæknisafni. Að mati undirbúningsnefndar tækniminjasafns er afar aðkallandi að byggja upp slíkt safn, bæði í menningarlegum skilningi og ekki síður sem menntastofnun. Staða mála í dag varðandi þennan hluta þjóðararfsins er þjóðinni til niðurlægingar að mati nefndar sem kynnti áfangaskýrslu um Tæknisafn Íslands í menningarmiðstöðinni Þjórsárveri nýlega.

Undirbúningur að stofnun tækniminjasafns var í höndum Atvinnu- og ferðamálanefndar Flóahrepps að frumkvæði áhugafólks þar í sveit. Valdimar Össurarson var verkefnisstjóri og er einn helsti hvatamaður að stofnun tæknisafns hér á landi. Hann segir að hugmynd nefndarinnar sé ekki minjasafn í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur fræðslustofnun eins og búið er að byggja um alla Evrópu. „Þetta byggist upp af vísindastofu sem er leiktækjasalur þar sem krakkarnir fá áhuga með upplifun og leik, tækniþróunarsýningu þar sem haldið er utan um þetta sérstaka í okkar tæknimenningu og síðan tæknisöguna og hvernig tæknin er. Reynt verður að gera tæknina skiljanlega og segja söguna um leið.“

Rúnar Þorvaldsson, formaður Félags raungreinakennara, segir að upplifunarsafn á Íslandi verði án efa mikil lyftistöng fyrir raungreinakennslu í landinu. „Á svona safni taka nemendur þátt í verkefnum í tengslum við ólík þemu sem kennarar vinna svo áfram með nemendum sínum. Þetta er upplifun sem unnið er úr frekar þegar komið er inn í skólastofurnar.“



**TÆKNISAFN** Ekki er hugmyndin að safna munum sem tengjast tækni eða vísindum enda sinna sérsöfn því hlutverki. Byggt er á hugmyndum um safn sem færir gestum upplifun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Rekstrarlega er það hagkvæmt og bæði söfnin eru að þjónusta skólanna við raungreinakennslu.
>
> **VALDIMAR ÖSSURARSON** VERKEFNISSTJÓRI

Valdimar minnir á umræðu um náttúruminjasafn og bendir á að söfnin séu svo eðlislík að vel komi til greina að vista þau á sama stað.

„Rekstrarlega er það hagkvæmt og bæði söfnin munu þjónusta skólana við raungreinakennslu. Það á að vista söfnin saman og gera regluverkið það sama í leiðinni og fella söfnin helst undir sömu lög.“

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen vann kostnaðaráætlun fyrir nefndina. Búist er við að 1.200 fermetra safnahús með öllum nauðsynlegum búnaði til starfseminnar kosti um 300 milljónir króna. Rekstrarkostnaður er 40 milljónir á ári miðað við starfsmannafjölda eins og tíðkast í söfnum á Norðurlöndum.

svavar@frettabladid.is

Greitt er jafnaðargjald í stað hefðbundinna gjalda af ódýrum hraðsendingum:

# Óhagstætt að flytja inn bók

**NEYTENDUR** Þeir sem nýta sér þjónustu hraðflutningafyrirtækja til að flytja inn litlar sendingar, sem kosta innan við 2.000 krónur í innkaupum erlendis, þurfa að greiða jafnaðargjald í stað þess að fá vöruna tollafgreidda á hefðbundinn hátt.

Atli Freyr Einarsson, sölu- og markaðsstjóri hraðflutningafyrirtækisins DHL, segir að viðskiptavinir hafi ítrekað kvartað vegna þessa, en gjaldið hefur verið við lýði í tæpan áratug. Ítrekað hafi verið bent á hversu óheppilegt sé að leggja slíkt gjald á litlar sendingar, en ekkert hafi breyst. Gjaldið hækkaði raunar úr 570 krónum í 750 krónur með breytingum á reglugerð á síðasta ári.

Tryggvi Valdimarsson, upplýsingafulltrúi hjá Tollstjóranum í Reykjavík, segir að gjaldið sé aðeins innheimt af sendingum hraðflutningsfyrirtækja, aðrar reglur gildi um Íslandspóst. Hann segir að vissulega geti jafnaðargjaldið komið vel eða illa út, þeir sem flytji inn bók myndu venjulega greiða 14 prósenta virðisaukaskatt, eða tæpar 280 krónur af bók sem kostar um 2.000 krónur. Þeir sem hins vegar flytji inn bílavarahlut sem kosti undir 2.000 krónum komi betur út því gjöld á varahlutinn séu um 1.000 krónur. - bj



**HRAÐSENDING** Greiða þarf 750 króna jafnaðargjald fyrir bók, sem hefði átt að bera að hámarki 280 króna skatt.



**STJÓRNARHERMENN** Herteknar búðir tamílatígra og heilagur grafreitur í baksýn. NORDICPHOTOS/AFP

Uppreisnarmenn á Srí Lanka:

## Tígrarnir með pyntingaklefa

**SRÍ LANKA, AP** Pyntingaklefar hafa fundist í búðum tamílatígra á Srí Lanka sem talið er að hafi verið notaðir til að refsa liðhlaupum og uppljóstrurum, þar á meðal konum, að sögn varnarmálaráðuneytis landsins.

Klefarnir fundust í síðustu viku þegar stjórnarherinn náði stjórn á fjórum stöðvum og sjö búðum uppreisnarmanna. Í byrjun þessa árs hóf stjórnarher landsins herferð sem miðar að því að uppræta búðir tamílatígra í Ampara-héraði í austurhluta Srí Lanka.

Tamílatígrar hafa í tuttugu ár barist fyrir sjálfstæðu heimalandi fyrir hina 3,1 milljón tamíla sem býr á Srí Lanka. - sdg

Nautakjöt og nautgripakjöt:

## Verð til bænda hefur hækkað

**KJÖTVERÐ Verð til bænda fyrir nautgripakjöt hefur verið að mjakast hægt og rólega upp á við að sögn Baldurs Benjamínssonar, framkvæmdastjóra Landssambands kúabænda. Kjötið hefur hækkað úr 300 krónum á kílóið á helstu flokkum af ungnautakjöti þegar það var lægst upp í 440 krónur kílóið nú.**

**Breyting hefur orðið á verði á kýrkjöti. Verðið á því var komið niður í um hundrað krónur kílóið, „sem er ekki neitt, algjört smánarverð,“ segir Baldur, og upp í um 300 krónur á algengustu flokkum á kílóið. „Verðið fór niður úr öllu velsæmi þegar hvíta kjötið kom í mestu magni inn á markaðinn 2003 og verðið var pínt niður.“** - ghs

Fjögur vinnuslys í Reykjavík:

## Fékk sér reyk í bensínviðgerð

**LÖGREGLUMÁL** Fjögur vinnuslys voru tilkynnt lögreglu á mánudag. Tvítugur piltur varð undir hlera um borð í togara við Holtabakka. Skömmu síðar skarst karlmaður á höfði við vinnu sína á lyftara í Grafarvogi. Síðdegis brenndist síðan karlmaður á fertugsaldri þegar hann tók sér hlé frá því að gera við bensínleka í bifreið til að fá sér sígarettu. Þegar maðurinn hugðist slökkva í sígarettunni mynduðust bensíngufur sem orsökuðu sprengingu. Hann brenndist töluvert í andliti og á höndum. Að endingu slasaðist maður á sjötugsaldri á hendi þegar hann klemmdist við uppsetningu á kælitæki. - þsj

# BLÁA BOMBAN

NÝTT KORTA-TÍMABIL

# 20%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru. Reiknast af við kassann.

| Upprunalegt verð: | 50% afsláttur af allri útsöluvöru: | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | **396** kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | **796** kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | **1.196** kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | **1.996** kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | **2.796** kr. |

DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA/SIA.IS/DEB 35748 01/07

Milli tíu og tólf milljónir ólöglegra innflytjenda í Rússlandi:

# Hert lög um innflytjendur taka gildi

**MOSKVA, AP** Hert lög um innflytjendur hafa nú tekið gildi í Rússlandi en talið er að á milli tíu og tólf milljónir ólöglegra innflytjenda séu í landinu. Margir hafa lýst áhyggjum yfir að þetta geti leitt til alvarlegs skorts á láglaunastarfsfólki.

Nýju reglurnar gera borgurum fyrrum Sovétlýðvelda auðveldara að fá atvinnuleyfi í Rússlandi en hækka sektir á fyrirtæki sem hafa ólöglega innflytjendur í vinnu.

Um síðustu áramót tóku gildi ný lög um að innflytjendur megi aðeins vera fjórutíu prósent vinnuafls í smásöluiðnaði, að verslunum undanskildum, og 1. apríl á þetta hlutfall að vera komið niður í núll. Beinist þetta sérstaklega gegn mörkuðum þar sem margir ólöglegir innflytjendur starfa.

Árásum og hatursglæpum vegna kynþáttafordóma og útlendingahaturs fer fjölgandi í Rússlandi og viðhorf almennings í garð innflytjenda verður æ neikvæðara. Beinist þessi óbeit sérstaklega gegn fólki sem er dökkt á brún og brá og kemur frá fyrrum Sovétlýðveldum í Kákasus og Mið-Asíu, en þaðan kemur meginþorri láglaunastarfsfólks í Rússlandi.

Stefna stjórnvalda í innflytjendamálum hefur verið gagnrýnd og telja margir að hún kyndi enn frekar undir kynþáttafordómum og útlendingahatri, leiði til verðbólgu og flýti þeirri fólksfækkun sem sé að eiga sér stað í Rússlandi. Rússum fækkar um 700.000 árlega. **- sdg**



**MÓTMÆLI Í MOSKVU** Meðlimir ungliðahreyfingar hliðhollrar stjórnvöldum hrópuðu slagorð í mótmælum gegn ólöglegum innflytjendum frá fyrrum Sovétlýðveldum. NORDICPHOTOS/AFP



**FRÆGIR LEGGIR** Leikkonan launaháaReese Witherspoon mætti vel fótsnyrt á rauða dregilinn við 64. afhendingu Golden Globe-verðlaunanna á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP



**LÖGBROT** TV2 á að hafa lofað auglýsendum áhrifum á fréttaflutning.

Fréttastöðin TV2 í vanda:

## Auglýsendum heitið áhrifum?

**DANMÖRK** Forsvarsmenn nýju dönsku sjónvarpsstöðvarinnar TV2 eru í vanda staddir vegna gruns um að þeir hafi lofað auglýsendum að þeir gætu haft áhrif á fréttaflutning stöðvarinnar. Fyrir utan að loforðið stríði gegn dönskum lögum um sjónvarps- og útvarpsrekstur er talið að það dragi úr trausti áhorfenda á fréttastofu sjónvarpsstöðvarinnar. Eru ásakanirnar meðal annars byggðar á viðtali Extra-blaðsins við forstjóra Siemens Hvidevarer, sem sagðist geta arkað með fréttatilkynningar beint inn á fréttastofuna.

Forráðamenn TV2 segja málið hins vegar byggt á misskilningi. **- rve**

Nýtt snjóruðningstæki:

## Snjóplógur af öflugustu gerð

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar festi nýverið kaup á mjög öflugu snjóruðningstæki. Tækið, sem er af gerðinni OSHKOSH P-2526, er fyrsta tækið sem keypt er fyrir nýstofnaða flugvallaþjónustudeild flugvallarins, sem annast meðal annars snjóruðning og hálkuvarnir á flugvellinum. Tækið kostar tæplega 25 milljónir króna með aðflutningsgjöldum. Flugvallaþjónustudeildin starfrækir nú 35 sérhæfð tæki og er meðalaldur þeirra um 22 ár. Nánast öll tækin eru í eigu Bandaríkjaflota og leigð af honum. **- þsj**

# Útvarpsstjóri sagður vera á mála hjá menntamálaráðherra

**Stjórnarandstæðingar saka útvarpsstjóra um að draga taum ríkisstjórnarinnar í málefnum Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjóri hafnar því og segir það skyldu sína að tjá sig um hagsmuni Ríkisútvarpsins.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar gagnrýndu Pál Magnússon útvarpsstjóra á þingfundi í gær og sögðu hann á mála hjá ráðherra og ríkisstjórninni.

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, sagði ráðherra og útvarpsstjóra vera eitt þegar um áróður í málinu ræddi. „Þau hafa komið saman fram í fréttaþáttum Ríkisútvarpsins til að tala máli ríkisstjórnarinnar. Það er misnotkun og það er óeðlilegt.“

Tilefni umræðunnar var grein Páls í Morgunblaðinu á mánudag en í henni gagnrýndi hann forystugreinar Fréttablaðsins um málið og sagði rangt sem þar væri fullyrt að stefna ríkisstjórnarinnar ætti sér ekki formælendur. Páll sagði Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins styðja breytingar á rekstrarformi RÚV – þó ekki hefðu þau tekið afstöðu til þess hvaða form skyldi verða fyrir valinu. Þá sagði hann könnun Gallup sýna að um 60 prósent þjóðarinnar væru hlynnt breytingu RÚV í opinbert hlutafélag.

Ögmundur sagði þetta rangt hjá Páli, stéttarsamtök starfsmanna væru frumvarpinu algjörlega ósammála og vildu að því yrði vísað frá. Að auki sagði hann skoðanakönnun Gallup misvísandi.

Steingrímur J. Sigfússon VG sagði umhugsunarefni hvernig Páll beitti sér „grímulaust“ í málinu og kvað hann fara „hamförum í áróðri fyrir þessu umdeilda stjórnarfrumvarpi“.

Mörður Árnason Samfylkingunni sagði Pál koma fram sem flokksmaður í stjórnarflokkunum og upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. „Hann hefur greinilega fengið stöðu sína í þeim krafti og með því skilyrði að vera blaðafulltrúi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur þegar á hana hallar.“

Þorgerður Katrín sagði ekkert óeðlilegt við að útvarpsstjóri léti í ljós skoðanir sínar á frumvarpinu um Ríkisútvarpið. **bjorn@frettabladid.is**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Sakaði útvarpsstjóra á Alþingi í gær um að ganga erinda ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Páll Magnússon útvarpsstjóri:

## Ber skylda til að tjá mig



**PÁLL MAGNÚSSON**

Páll Magnússon vísar ásökunum Ögmundar á bug og kveðst þeirrar skoðunar að það sé nánast lífsspursmál fyrir Ríkisútvarpið að lagaramma þess verði breytt. „Ég væri að bregðast skyldum mínum ef ég myndi ekki tjá mig um hreina hagsmuni stofnunarinnar.“ Hann segir starfsmannasamtökin hafa sent þingmönnum bréf með óskum um að lögum um RÚV verði breytt og niðurstöður skoðanakönnunar Gallup tali einfaldlega fyrir sig sjálfar. Sömuleiðis hafnar hann þeirri skoðun þingmannsins að hann hafi misnotað Ríkisútvarpið. „Þetta er eins og hver önnur della. Við ráðherra komum fram í Kastljósi, að sjálfsögðu að frumkvæði Kastljóssfólks sjálfs, þegar frumvarpið var lagt fram haustið 2005. Þetta var helsta fréttamál þess dags og ekkert óeðlilegt að ráðherra og forstöðumaður viðkomandi stofnunar séu spurðir út í það.“

Ásökunum um að hann annist hagsmunagæslu fyrir ráðherra og ríkisstjórnina svarar Páll því til að hann annist ekki hagsmunagæslu fyrir aðra en RÚV. „Stuðningur minn helgast ekki af því hver lagði frumvarpið fram heldur af málinu sjálfu.“

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Tilboð dagsins

Ýsa með roði

890 kr./kg

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is

Átök milli tennisáhorfenda:
# Börðust með fánastöngum

**ÁSTRALÍA, AP** Slagsmál brutust út á tennismóti í Ástralíu á milli króatískra og serbneskra stuðningsmanna nýlega.

Stuðningsmennirnir voru í tveimur hópum og hrópuðu þeir vígorð og móðganir til andstæðinganna á meðan á leikum stóð. Sló síðan í brýnu með hópunum og tóku þeir að slást með spörkum og fánastöngum, sem notaðar voru sem barefli. Lögregla og öryggisverðir komu 150 manns út af svæðinu eftir átökin sem voru fordæmd víða.

Engin umtalsverð meiðsl urðu á fólki að sögn lögreglu og enginn var handtekinn. - sdg

Ríkið vill afnema útflutningsskyldu á lambakjöti í nýjum sauðfjársamningi:
# Ágætur gangur í viðræðum

**LANDBÚNAÐUR** Viðræður milli sauðfjárbænda og ríkisins um nýjan sauðfjársamning hafa nú staðið yfir í nokkurn tíma, en núgildandi samningur rennur út um næstu áramót. Lítið fréttist af gangi viðræðna, en heimildir tengdar samningamönnum herma að ríkið vilji ekki gera nýjan samning nema útflutningsskyldan verði felld niður.

Björn Elíson, framkvæmdastjóri Landssambands sauðfjárbænda, segir að ágætur gangur sé í viðræðunum, sem hófust síðasta sumar. Trúnaður ríki þó um það sem fram fari í viðræðunum. Aðspurður vildi hann ekki staðfesta að ríkið krefðist þess að útflutningsskyldan yrði afnumin, en heimildarmenn Fréttablaðsins hafa staðfest það.

Í útflutningsskyldu felst að bændur skuldbinda sig til að flytja ákveðið magn af lambakjöti úr landi á ári hverju. Um 700 tonn voru seld úr landi árið 2006. Björn segir bændur almennt ánægða með útflutningsskylduna, það magn sem hægt sé að selja hér á landi sé takmarkað.



**SAUÐFÉ Á BEIT** Á síðasta ári voru flutt úr landi um 700 tonn af lambakjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Björn segir að best væri að skrifa undir nýjan samning sem fyrst, og vonandi verði hægt að skrifa undir fyrir alþingiskosningar í vor til að nýir menn þurfi ekki að seta sig inn í málið verði breytingar á stjórnarsamstarfi. - bj

Ökukennarar brautskráðir:
# 22 útskrifuðust í desember

**ÚTSKRIFT Tuttugu og tveir nýir ökukennarar voru brautskráðir við hátíðlega athöfn frá Kennaraháskóla Íslands hinn 9. desember síðastliðinn. Flestir ökukennaranna eru búsettir á suðvesturhorninu, en nokkrir þeirra á Norðurlandi.**

**Símenntunarstofnun KHÍ hefur haft með höndum menntun ökukennara frá árinu 1993 og hafa nú alls útskrifast 124 ökukennarar frá skólanum. Námið telst nú 30 einingar á háskólastigi, sem samsvarar einu námsári, og krafist er stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar.** - sgj



**ÁGÚST EINARSSON** Tók við embætti rektors við Háskólann á Bifröst á mánudaginn.

Dr. Ágúst Einarsson:
# Tekinn við sem rektor á Bifröst

**MENNTAMÁL Dr. Ágúst Einarsson var settur í embætti rektors við Háskólann á Bifröst við hátíðlega athöfn í Hriflu, hátíðarsal skólans, á mánudaginn að viðstöddu margmenni úr háskólaþorpinu sem og nýskipaðri stjórn skólans.**

**Ágúst stundaði nám í rekstrarhagfræði við Háskólann í Hamborg og í Kiel í Þýskalandi og varði síðar doktorsritgerð sína við Háskólann í Hamborg árið 1978.**

**Ágúst hefur starfað sem prófessor við Háskóla Íslands frá árinu 1990. Hann hefur reynslu af stjórnun í atvinnulífinu sem og stjórnmálum og sat meðal annars á Alþingi Íslendinga á árunum 1978-79 og 1995-99.** - ifv

Breytingar hjá Samfylkingu:
# Oddný tekur sæti Stefáns

**BORGARMÁL** Oddný Sturludóttir Samfylkingunni hefur tekið sæti sem aðalmaður í borgarstjórn Reykjavíkur. Leysir hún Stefán Jón Hafstein af hólmi en hann er á leið til starfa í Namibíu.



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

Oddný tekur jafnframt sæti Stefáns Jóns í menntaráði og menningar- og ferðamálaráði og hverfur úr skipulagsráði og velferðarráði. Setjast Stefán Benediktsson og Stefán Jóhann Stefánsson í þau sæti.

Dagur B. Eggertsson tekur sæti Stefáns Jóns í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur en hverfur um leið úr stjórn Faxaflóahafnar. Sæti hans þar tekur Steinunn Valdís Óskarsdóttir. - bþs


Saab 93




Ertu ekki örugglega í þotuliðinu?

Framleiðendur hinna virtu Saab bifreiða eiga að baki áratugalanga sögu sem flugvélaframleiðendur. Saab 9-3 hefur fengið fjölda verðlauna fyrir frábæra aksturseiginleika og öryggi. Sannkölluð evrópsk gæði, skemmtileg hönnun, öflug vél og ríkulegur staðalbúnaður er það sem gerir Saab 9-3 að afburða bíl.

Nú bjóðum við þér eina af þotunum í Saab bílaflotanum, 9-3 Linear, á frábæru verði.

*Komdu og reynsluaktu, finndu muninn!*



2.790.000 kr.
Saab 9-3 Linear 1.8 i, beinskiptur

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960



**MÓÐURÁST** Nashyrningsmóðirin Temba knúsar dagsgamalt afkvæmi sitt í dýragarðinum í Erfurt í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Könnun ASÍ leiðir í ljós hækkun á raforkuverði til meðalheimilis í landinu:

# Norðurorka lækkar ein raforkuverðið

**RAFORKUVERÐ** Heildarraforkukostnaður meðalheimilis hefur hækkað um þrjú til fjögur prósent milli ára hjá flestum raforkufyrirtækjum en lækkað um fjögur prósent hjá viðskiptavinum Norðurorku. Kostnaður hjá viðskiptavinum Orkubús Vestfjarða og Orkuveitu Húsavíkur stendur í stað milli ára. Þetta kemur fram í úttekt sem Alþýðusambandið hefur látið gera og birt er á vef ASÍ.

Heildarkostnaður fyrir dreifingu, flutning og raforku til almennra heimilisnota hjá meðalheimili í þéttbýli, sem notar fjögur þúsund kílóvattstundir af rafmagni á ári, er hæstur hjá viðskiptavinum á svæði Orkuveitu Húsavíkur, eða rúmlega 42.000 krónur á ári. Viðskiptavinir Norðurorku greiða lægsta verðið, rúmlega 39.000 krónur. Munurinn er kr. 2.900 krónur á ári, eða 7,4 prósent.

Heildarkostnaður meðalheimilis í dreifbýli er umtalsvert hærri en í þéttbýlinu. Meðalheimilið í dreifbýli á svæði Orkubús Vestfjarða greiðir ríflega kr. 51.500 á ári fyrir raforku til almennra heimilisnota, en á dreifbýlissvæði Rarik er kostnaðurinn ríflega kr. 47.000 á ári.

Gert er ráð fyrir því að viðskiptavinir kaupi af fyrirtæki með einkaleyfi á viðkomandi landsvæði og eigi aðeins viðskipti við eitt raforkufyrirtæki. - ghs

**RAFORKUVERÐ 2006-2007**
**Heildarkostnaður við dreifingu, flutning og orkusölu - hlutfallsbreyting**

| | 2000 kWst/ári | 4000 kWst/ári | 6000 kWst/ári |
|---|---|---|---|
| OR | 2,6 | 3,1 | 3,4 |
| Norðurorka | -6.2 | -3,9 | -2,8 |
| Hitaveita Suðurnesja | 4,0 | 3,7 | 3,6 |
| Orkubú Vestfjarða þéttbýli | 0 | 0 | 0 |
| Orkubú Vestfjarða dreifbýli | 0 | 0 | 0 |
| Orkuveita Húsavíkur | 0 | 0 | 0 |
| Rarik þéttbýli | 3,4 | 3,0 | 2,9 |
| Rarik dreifbýli | 4,4 | 4,3 | 4,3 |
| Rafveita Reyðarfjarðar | 4,1 | 4,0 | 3,9 |

Heimild: www.asi.is

## EISTLAND

### Deila um minnismerki

Rússneski utanríkisráðherrann Sergei Lavrov gagnrýndi í gær harkalega áform stjórnvalda í Eistlandi um að fjarlægja minnismerki um sigur Rauða hersins í síðari heimsstyrjöld, sem reist var í Tallinn árið 1947. Það hefur lengi verið Eistum þyrnir í augum.

## STJÓRNMÁL

### Andvígir skólagjöldum

Ungliðahreyfing Samfylkingarinnar gagnrýnir ummæli Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns flokksins, um að til greina komi að taka upp skólagjöld við Háskóla Íslands.

Spænska dagblaðið El País um veikindi Fídels Castro Kúbuleiðtoga:

# Sagður vera við dauðans dyr

**KÚBA, AP** Fídel Castro Kúbuleiðtogi er við dauðans dyr eftir þrjár skurðaðgerðir og alvarlega iðrasýkingu. Þetta hafði fréttavefur spænska dagblaðsins El País í gær eftir ónafngreindum samstarfsmönnum spænsks skurðlæknis sem fór til Kúbu í desember til að hlynna að hinum áttræða Castro. Kúbverskur stjórnarerindreki sagði fréttina vera „helberan uppspuna“.

Hinir ónafngreindu heimildarmenn blaðsins starfa á Gregorio Maranon-sjúkrahúsinu í Madríd, þar sem skurðlæknirinn Jose Luis Garcia Sabrido er yfirlæknir. Sabrado sjálfur lét ritara sinn skila því til fjölmiðla að hann hygðist ekki tjá sig um málið opinberlega.

Í frétt El País segir að „alvarleg garnasýking, að minnsta kosti þrjár misheppnaðar skurðaðgerðir og margvíslegar hliðarverkanir hafi leitt kúbverska einræðisherrann, Fídel Castro, að dauðans dyrum.“ Þegar Sabrado hitti Castro í desember hafi hann haft stórt sár í meltingarveginum, sem um hálfur lítri af vökva lak út um á dag, sem olli „alvarlegum næringarefnamissi“. Því væri Castro gefin næring í æð.

Erindreki í kúbverska sendiráðinu í Madríd sagði fréttina vera upplogna. „Þetta er enn ein lygin og við ætlum ekki að ræða hana. Ef einhver þarf að tala um veikindi Castros eru það ráðamenn í Havana,“ sagði hann. „Þessi frétt er helber uppspuni.“



**CASTRO SJÚKUR** Ein fárra mynda sem birtar hafa verið af Kúbuleiðtoganum á sjúkrabeði, tekin í ágúst síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðamenn í Havana hafa gefið mjög lítið upp um mein Castros frá því hann lagðist inn á sjúkrahús í júlí og lét völdin tímabundið í hendur bróður síns, Raúls. - aa



Hið íslenska Finnair:

# Launaleynd hjá flugliðum

**FINNLAND** Finnair fær að halda launum flugliða frá Asíu leyndum. Það er ákvörðun finnsks dómstóls. Megn óánægja er hjá stéttarfélagi flugliðanna, SLSY, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet. FL Group er stærsti hluthafinn í Finnair á móti finnskra ríkinu.

Mauri Koskenniemi, formaður stéttarfélagsins SLSY, telur ákvörðun dómstólsins verða til þess að hvaða fyrirtæki sem er í Finnlandi geti ráðið starfsmenn frá Asíu og haldið kjörum þeirra leyndum. SLSY hefur lengi talið flugliðana á mun lægri launum en finnskir flugliðar og barist fyrir leiðréttingu. - ghs



**MÓTMÆLI PETA Í PARÍS** Dýraverndarsamtökin PETA efndu til mótmæla í París á sunnudag þar sem þau gagnrýndu tískufyrirtækið Burberry fyrir að nota loðfeldi af dýrum til fatagerðar. Fimm meðlimir samtakanna lágu eins og liðin lík í kistum á meðan félagar þeirra héldu uppi spjöldum með áletruninni „Burberry drepur dýr.“

Tölur Sameinuðu þjóðanna:

# 35.000 borgarar féllu í Írak 2006

**ÍRAK, AP Hátt í 35.000 borgarar féllu í Írak árið 2006 samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna sem Gianni Magazzeni, mannréttindafulltrúi SÞ í Írak, kynnti í gær. Er þetta næstum þrisvar sinnum hærra hlutfall en írösk stjórnvöld lýstu yfir nýlega. Tæplega 36.700 borgarar særðust á sama tímabili.**

**Þessar nýjustu tölur SÞ byggja á upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti Íraks, líkhúsum, sjúkrahúsum og öðrum stofnunum að sögn Magazzenis. Hann varaði við því að ofbeldi í Írak gæti aukist og að lokum farið úr böndunum ef betri árangur næðist ekki í að halda uppi lögum og reglu.** - sdg

Gjaldskrárhækkanir sveitarfélaganna hafa áhrif á verðbólgumælinguna:

# Minni áhrif en gert var ráð fyrir

**EFNAHAGSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, segir að verðbólgubreytingin komi á óvart, almennt hafi menn átt von á því að allt yrði með kyrrari kjörum hvað verðbólgu varðar í verðbólgumælingunni nú í janúar. Þó að fasteignaverð hafi lækkað hafi annað hækkað, til dæmis gjaldskrár sveitarfélaga.

Gylfi telur að hækkanir á matvöru hafi verið óþægilega miklar síðustu daga þó að þar hafi árviss tilboð í aðdraganda jóla haft áhrif. Ekki sé launung á því að fókusinn verði áfram á matarverði. „Það er dapurlegt að hækkanir á opinberri þjónustu ýti við verðbólgu við þær aðstæður í hagkerfinu að þörf er á aðhaldi. Það er mjög mikið áhyggjuefni og stendur upp úr,“ segir hann.



HALLDÓR HALLDÓRSSON

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir sveitarfélögin hafa neyðst til að hækka gjaldskrár sínar til að koma til móts við launahækkanir frá því í haust.

„Launaþátturinn er svo ríkjandi í rekstri sveitarfélaga að hann ræður miklu um tekjuþörfina. Taka þarf saman heildaráhrifin af gjaldskrárbreytingunum, ég held að þau séu minni en fólk gerir ráð fyrir,“ segir hann. „Þörf er á því að laga tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin urðu að gera breytingar á gjaldskrám til að reksturinn plumaði sig.“ - ghs

Framkvæmdasvið:

# Þorsteinn er tekinn við

**REYKJAVÍK** Þorsteinn Birgisson rekstrartæknifræðingur hefur tekið við nýju starfi á Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar sem tæknilegur rekstrarstjóri þjónustumiðstöðvar á Stórhöfða. Þetta kemur fram á vef Reykjavíkurborgar.

Í þjónustumiðstöð starfa um 35 manns í nokkrum deildum sem sinna umferðarmerkingum, umferðarljósum, snjóruðningi, hálkueyðingu og fleiri þáttum sem tilheyra verksviði skrifstofu gatna- og eignaumsýslu. - ghs





LEGACY SUBARU



„Ég er miklu öruggari þegar færðin er slæm, jafnvel þó ég sé bara að fara stuttar leiðir innanbæjar. Hálkan er bara svo svakalega lúmsk.“

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni, halda áfram að kaupa sér Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugari í öllum akstri. AWD sídrifið tryggir það að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjólanna. „Það breytir öllu að vera á bíl sem lætur vel að stjórn, ekki síst þegar maður er að skutlast með börnin þvers og kruss.“

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulegu aðstæður sem hér eru hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru. Spyrðu bara Subarueigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir:

**„Hey, þetta er Ísland!“**

Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsögðu fylgja frí vetrardekk með. Komdu og reynsluaktu Subaru í dag!

Sedan verð frá **2.490.000,-** Wagon verð frá **2.640.000,-** Cross Wagon verð frá **2.760.000,-**

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525-8000 | Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00. | | |
|---|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464-7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

„ORÐRÉTT“

### Grunnhyggni

**„Björn telur einnig að frásögn mín af Sovésku síldveiðiskipunum einkennist af grunnhyggni og ekki get ég látið hann eiga það inni hjá mér.“**

GUÐNI TH. JÓHANNESSON SAGNFRÆÐINGUR SVARAR SKRIFUM BJÖRNS BJARNASONAR UM BÓKINA ÓVINIR RÍKSINS.

Morgunblaðið, 15. janúar

### Gallaður samningur?

**„Þegar samningurinn er skoðaður kemur nefnilega í ljós, það sem gleymdist alveg að segja frá í fréttatilkynningu og umfjöllun fjölmiðla, að hann er undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis um fjárveitingar á ári hverju. Það er lóðið.“**

KRISTINN H. GUNNARSSON ER TORTRYGGINN Á LOFORÐ UM AUKNAR FJÁRVEITINGAR TIL HÁSKÓLA ÍSLANDS.

Blaðið, 15. janúar

nær og fjær

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN VILMUNDARDÓTTIR, RITSTJÓRI

## Nóg að gera í bókaútgáfunni



„Það er bara allt gott að frétta og brjálað að gera í bókaútgáfunni,“ segir Guðrún Vilmundardóttir, ritstjóri hjá bókaútgáfunni Bjarti, og bætir því við að þótt jólabókaflóðið taki sinn toll sé engin lognmolla hjá bókaforlögunum í janúar. „Við slöppum af milli jóla og nýárs en svo er það bara harkan sex og þessa dagana erum við að undirbúa stórsókn í útgáfumálum þessa árs. Kiljuútgáfan fyrir vorið er í vinnslu og að henni lokinni tekur skólabókaútgáfan við fyrir haustið og svo eru það nýju skáldsögurnar fyrir jólin. Þetta er eilíf hringrás og eitt tekur við af öðru. Þegar búið er að skrifa bækurnar og prenta þær þarf að dreifa þeim og selja svo okkar starfi er ekki lokið þótt bókin sé komin út.“

Guðrún segir að alltaf sé eitthvað nýtt og spennandi að gerast hjá Bjarti og nýjar bækur komi út allan ársins hring. „Í lok mánaðarins kemur til dæmis út alveg frábær bók í neonbókaklúbbnum okkar. Bókin heitir Frá Gósenlandinu og er skáldsaga eftir unga danska konu sem heitir Kirsten Hammann og er mjög vinsæl í Danmörku um þessar mundir. Hún er farin í prentun og ætti að koma glóðvolg til lesenda innan skamms,“ segir Guðrún, sem gefur sér auðvitað alltaf tíma til þess að setjast niður með góða bók. „Ég er svo heppin með það að hafa góðan aðgang að bókum í vinnunni og ég les mikið. Núna er ég með stóran bunka á náttborðinu og er að lesa bækur eftir Orhan Pamuk á ensku sem hafa ekki komið út hér á landi.“

## SJÓNARHÓLL
MEGRUN OG TÓNLISTARFRAMI



EINAR BÁRÐARSON
Umboðsmaður.

### Á meiri möguleika nú

„Það hefur ábyggilega mjög góð áhrif á allt of þunga menn að komast í form, ekki bara fyrir tónlistarferil þeirra heldur líka fyrir heilsu þeirra og vellíðan,“ segir umboðsmaðurinn Einar Bárðarson um árangur tónlistarmannsins Gísla Hvanndal, sem hefur misst 70 kíló á tíu mánuðum eftir að hann fór í magaminnkunaraðgerð. Gísli segir megrunina hafa átt hug sinn allan á síðasta ári og því hafi tónlistin þurft að sitja á hakanum. Hann vonast þó til þess að bæta úr því og eftir því sem Einar segir á hann meiri möguleika sem grannur tónlistarmaður en þéttholda.

„Er ekki batnandi mönnum best að lifa? Öllum er mikilvægt að huga að heilsunni og þetta er alveg magnaður árangur hjá stráknum. Ég óska honum hjartanlega til hamingju með þetta en nú verð ég að hlaupa á næsta fund hérna í London.“

# Reisir hof til heiðurs formæðrum og forfeðrum Íslendinga

**Allar þær byggingar sem forfeður Íslendinga reistu við landnám og á söguöld hafa hrunið til grunna. Leifar þeirra eru í landslaginu og í rituðu máli. Margir vilja meina að tenging fólks við hið liðna dvíni ár frá ári.**

Jón Ólafsson, kvæðamaður og kaffihúsaeigandi í Fljótshlíð, er einn af þeim mönnum sem telja að tenging við hið liðna verði sífellt minni. Til að bæta ástandið hefur hann byggt hof með gömlum byggingaraðferðum. Efnið sem hann notaði við gerð þess var timbrið úr Tumastaðaskógi og grjótið úr Fljótshlíðinni. Hofið sjálft segir hann til heiðurs formæðrum og forfeðrum Íslendinga.

„Þótt hofið sé byggt með þeim aðferðum sem ásatrúarmenn notuðu við húsagerð er það hugsað öllum, óháð því hvaða trúfélagi þeir tilheyra“ segir Jón og útskýrir að sjálfur hafi hann megnasta ímugust á mörgu af því sem trúmál geta komið til leiðar. Hann telur ásatrúarmenn hafa verið mun umburðarlyndari enda fékk fólk þar að velja sér þann guð sem því hugnaðist best og mátti jafnvel trúa á stokka og steina ef svo bar undir.



**UNNIÐ AÐ JARÐGÖNGUM** Jón segist hafa viljað hafa níu metra flóttagöng frá hofinu líkt og má finna í Skálholti. Við enda þeirra ætlar hann svo að hafa heita laug rétt eins og Snorri Sturluson hafði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURBJÖRN JÓNSSON

„Þessi bygging er til minningar um þá sem bjuggu í landinu á undan okkur. Þá sérstaklega formæður okkar sem oft hafa gleymst í meðförum sögunnar. Ég tel þær hinar sönnu gyðjur okkar Íslendinga. Án baráttu þeirra, sem alltof sjaldan er minnst, hefði landið ekki haldist í byggð,“ segir Jón, en þegar hefur hann minnst Hallgerðar langbrókar úr Brennu-Njálssögu með því að nefna kaffihúsið sem hann og eiginkona hans reka saman Kaffi Langbrók.

„Hallgerður var hetja, þótt margar karlrembur hafi í gegnum tíðina kosið að minnast hennar sem skúrks,“ segir hann á sannfærandi hátt.

Jón segist hafa kynnst byggingarlistinni af vinnu sinni á safninu á Skógum, tímann til byggingarinnar fann hann með því að hætta að horfa á sjónvarp á kvöldin. Hann hefur nú borið nokkur tonn af grjóti til hleðslu og segir að sjálfum þyki sér ótrúlegt að hann hafi ekki hafist handa fyrr en síðasta september. „Ég er ekki frá því að þeir sem áður byggðu þetta land hafi hjálpað mér því oft fundust mér steinarnir óeðlilega léttir,“ segir Jón og býður alla velkomna til að nota hofið, svo lengi sem þeir trúi á hið góða og vilji ná tengslum við fortíðina.

karen@frettabladid.is



**FYRIR ALLA** Á staðnum segir Jón að verði bæði skírnar- og blótskál auk þess sem verði boðið upp á guðaveigar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURBJÖRN JÓNSSON



**FORFEÐUR OG FORMÆÐUR VEITA HJÁLPARHÖND** Jón segir að oft hafi honum þótt steinarnir óvenju léttir og þakkar fyrri íbúum landsins það. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURBJÖRN JÓNSSON






Samningur um varðveislu kútters Sigurfara undirritaður:

# Vilja kútterinn aftur á flot

Á Akranesi hefur oft verið sönglað um kátu karlana á kútter Haraldi. Það skip er þó löngu ónýtt en bróðurskipið kútter Sigurfari stendur við Byggðasafnið á Akranesi og þykir bæjarbúum mikilvægt að varðveita það. Í gær var undirritaður samningur milli menntamálaráðuneytis, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar og Byggðasafnsins í Görðum á Akranesi um endurgerð og varðveislu skipsins. Það voru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akraness, Einar Örn Thorlacius, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, og Björn Elíson, formaður stjórnar byggðasafnsins, sem undirrituðu samninginn.

Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akraness, segir samninginn hljóða upp á 60 milljónir. Þó sé ljóst að mun meira fé þurfi til að gera kútterinn sjófæran á ný.

„Svona skip eru gerð til að vera á sjó. Þannig varðveitast þau mikið betur,“ segir Gunnar. Hann segir vonir standa til að koma upp veitingastað í skipinu og búa það nýtískubægindum en slíkt hefur verið gert við aldin skip í Færeyjum. „Þannig haldast gömul skip enn í notkun þótt tímarnir breytist,“ segir Gunnar um skipið sögufræga, sem smíðað var árið 1885 í skipasmíðastöð í bænum Burton-on-Stather á Englandi.

- kdk



**KÚTTER SIGURFARI** Þykir bera skútuöldinni fagurt vitni. MYND/JÓN ALLANSSON



Sjáðu verðið!
Tilboðin í Bónus!
Bónustilboð í 3. viku 2007
EKKERT BRUDL
Frábær plastbox Eitt verð!
Plastboxasett
259 KR.
Í örbylgjuna * Í frystinn
Í kælinn * Í uppþvottavélina
Beinhreinsaðir íslenskir laxabitar frá Norðanfiski
Frosnir íslenskir og beinhreinsaðir laxabitar
VARA RÍK AF OMEGA-3 FITUSÝRUM
Næringargildi í 100g: Orka 858kj./205 kcal.
Prótín 18,7g. Kolvetni 0 g. Fita 14,6g. Omega-3 2g.
norðanfiskur
Íslenskir laxabitar kílóverð nú:
799 KR.
Merkt verð 999KR.
20% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
Aðeins að hita!
2 örtrefjaklútar í pakka!
2 örtrefjaklútar
259 KR.
Örtrefjaklútar á borðtuskuverði!
Hamborgari
199 KR.
Góðu herðatrén í svörtu kössunum komin aftur!
10 herðatré
399 KR.
10 herðatré úr viði
...fyrir góðan dag!
Frosinn KS lambabógur
Frosinn KS lambabógur kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Fitulitlar, trefjaríkar, mjúkar og góðar
RÚGKÖKUR
Léttristaðar fyrir neyslu
Fínar í vinnuna og skólann
Polarbrauð rúgkökur
159 KR.
Polarbrauð rúgkökur eru upprunnar í Svíþjóð og hafa verið framleiddar þar í yfir 100 ár. Ljúffengar, hollar og afbragðsgóð næring.
KATTAMATUR: Lax og þorskur/ Kjúklingur og lamb/Silungur og rækjur/ Nautakjöt og kalkúnn
100g
100g aðeins:
39 KR.
Kattamatur
Stórt hundabein
259 KR.
Hundabein
2 hundabein
159 KR.
20 hundastangir
159 KR.
Frosin KS lambasvið
Frosin KS lambasvið kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399KR.
www.bonus.is
bonus.is

### Svona erum við

> Útgjöld ríkissjóðs vegna meðferðar og endurhæfingar áfengis- og fíkniefnasjúklinga á verðlagi ársins.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HVAÐ ER LÍKT MEÐ SKIPSSTRANDINU Í NOREGI OG VIÐ SANDGERÐI OG HVAÐ EKKI?

# *Norðmenn upplifðu martröðina*

Nágrannaþjóðirnar Íslendingar og Norðmenn hafa verið að kljást við svipaða hluti síðustu vikuna. Flutningaskip strandaði nefnilega við strönd Noregs í vondu veðri rétt fyrir síðustu helgi en svipað gerðist einmitt þegar skipið Wilson Muuga strandaði við Sandgerði um miðjan desember. Margt er líkt með skipsstrandinu í Noregi og á Íslandi en Norðmenn hafa verið miklu óheppnari en Íslendingar. Umhverfismartröðin sem Íslendingar óttuðust en sluppu við varð að veruleika í Noregi.

**Hvað er það helst sem er líkt?**
Flutningaskip án farms strandaði skammt undan suðurströndinni, í Noregi var það rétt sunnan Hörðalands, á Íslandi við Sandgerði. Skipið var í báðum tilvikum í kýpverskri eigu, nýbúið að losa sig við farminn og var á leiðinni til Múrmansk. Í norska dagblaðinu Verdens Gang kemur fram að of lítið vatn hafi verið í ballestinni og skipið hafi því flotið of hátt í sjónum með mikinn hliðarvind, skipstjóranum ekki tekist að halda skipinu á réttum kúrs, dregið hafi úr hraðanum og stormurinn hafi haft þau áhrif að skipið að lokum strandaði.



**Hvað gerðist?**
Skipið fór í sundur við stærsta olíutankinn og olían fór í sjóinn. Um 800 tonn af olíu voru um borð, mestmegnis afar þung olía sem brotnar seint og illa niður í náttúrunni. Mikið af olíunni fór í sjóinn og þótt náttúruöflin hafi brotið niður mikið af olíunni með sambærilegum hætti og gerðist við Sandgerði þá hefur samt mikið af olíu borist í land og haft slæm áhrif á viðkvæmt dýralíf á svæðinu. Um borð í Wilson Muuga voru aðeins um 150 tonn og þá fyrst og fremst svartolía. Þó Wilson Muuga hafi strandað við náttúruperlu eins og í Noregi þá tókst samt að forða stórkostlegu umhverfisslysi þar sem olíunni var dælt í land. Í Noregi er hins vegar ekki útséð um það hver umhverfisleg áhrif slyssins verða.

## SPURT & SVARAÐ

TVÖFÖLDUN HVALFJARÐARGANGA

### *Ljúka undirbúningi 2008*

Spölur ehf. sem rekur Hvalfjarðargöngin og Vegagerðin undirrituðu nýlega samkomulag sem er fyrsta formlega skrefið í tvöföldun þjóðvegarins um Kjalarnes og byggingu nýrra ganga undir Hvalfjörð. Gísli Gíslason er stjórnarformaður Spalar.



**GÍSLI GÍSLASON**
Hafnarstjóri

**Í hverju felst þetta samkomulag?**
Vegagerðin og Spölur eru búin að tryggja fjármagn í undirbúning tvöföldunar þjóðvegarins um Kjalarnes og Hvalfjarðarganga.

**Af hverju þykir sú tvöföldun nauðsynleg?**
Vegna verulegrar aukningar á umferð um Kjalarnes og Hvalfjarðargöng frá þeim tíma sem að göngin opnuðu, þá er þetta lykilaðgerð til þess að tryggja öryggi vegfarenda til framtíðar og greiða fyrir aukinni umferð milli Vesturlands og höfuðborgarinnar.

**Hvenær vonist þið til þess að þessum undirbúningi geti verið lokið?**
Mín von er að undirbúningi geti verið lokið árið 2008. Draumurinn er svo sá að framkvæmdir gætu hafist í beinu framhaldi af því.




# Álitaefni enn fyrir hendi

**Samskipti menntamála- og fjármálaráðuneytis á síðasta ári við Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, um málefni Ríkisútvarpsins fóru fram með níu bréfum. Rætt var öðru fremur um ríkisstyrkjareglur, lagatæknileg atriði og álitaefni sem ESA hefur enn ekki gefið endanlegt álit sitt á.**



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Neitaði því harðlega að hafa leynt gögnum fyrir Alþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Amund Utne, yfirmaður samkeppnissviðs ESA, gerir það að umtalsefni í bréfi til íslenskra yfirvalda 30. janúar í fyrra hvaða ríkisstyrkjareglna og samkeppnislaga taka beri tillit þegar hlutafélagavæðing RÚV gengur í gegn.

Í bréfum í apríl, júní og nóvember í fyrra er áfram fjallað um lagatæknileg álitaefni sem ESA bendir á að geti komið upp verði hlutafélagavæðing RÚV að veruleika.

Öðru fremur má segja að álitaefnin, sem fjallað er um í bréfaskriftum ESA og menntamála- og fjármálaráðuneytis, tengist tveimur grundvallarspurningum. 1. Stangast einhverjar greinar laga um RÚV ohf. á við alþjóðlegar reglur ESA? 2. Er hugsanlegt að frumvarp um hlutafélagavæðingu RÚV feli í sér samkeppnislega mismunun og brjóti þannig í bága við samkeppnislög?

**Þátttaka á markaði kjarni deilu**
Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar sem þegar hefur afgreitt frumvarp um RÚV ohf. út úr nefndinni, greindi frá því í Fréttablaðinu föstudaginn 12. janúar að hann teldi efnisatriði ESA-gagnanna ekki bæta neinu við þá miklu umræðu sem málefni tengd hlutafélagavæðingu RÚV hefðu þegar fengið. Þessu hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar mótmælt en forseti Alþingis, Sólveig Pétursdóttir, féllst ekki á kröfu þingflokksformanna stjórnarandstöðuflokkanna um að gefa fulltrúum í menntamálanefnd rúm til þess að rannsaka gögnin og meta efnisatriði þeirra.



**RÚV** Allt bendir til þess að frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins verði samþykkt á næstunni. Samkvæmt efnisatriðum frumvarpsins tekur það gildi 1. apríl á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu telur Samkeppniseftirlitið frumvarpið um RÚV ohf. fela í sér samkeppnislega mismunum. Byggist sú niðurstaða öðru fremur á því að RÚV verður heimilt að starfa á markaði fyrir auglýsingar og kostun, á sama tíma og það hefur tekjur af skattfé. Sú breyting hefur verið gerð á frumvarpinu, frá fyrri stigum, að samanlagðar tekjur RÚV ohf. af kostun geta ekki verið hærri en sem nemur hlutfalli tekna af kostun í samanlögðum tekjum RÚV af auglýsingum og kostun á síðasta ári.

Því hefur síðan verið mótmælt að samkeppnislög geti náð til málefna RÚV þar sem almenn lög, eins og um RÚV ohf., standi framar samkeppnislögum. Á þeim forsendum telja þeir sem mæla fyrir frumvarpinu tómt mál að tala um að frumvarpið stangist á við samkeppnislög.

Þessu eru ekki allir sammála. Grundvallarröksemdin að baki þeirra skoðun að samkeppnislög geti ekki talist léttvægari en almenn lög felst öðru fremur í því að samkeppnislög ná til, eðli þeirra samkvæmt, allra þeirra sem starfa á markaði. Þess vegna geti almenn lög ekki veitt skjól gagnvart lagalegu umhverfi markaðarins sem verður, öðru fremur, að ná til alla þátttakenda á markaði. Kjarninn í þessari skoðun er því sá, að almenn lög eru ekki til þess fallin að veita skjól fyrir samkeppnislögum sé þátttaka félags ótvíræð á frjálsum markaði þar sem samkeppnislög eru einu leikreglurnar sem hægt er að styðjast við.

**Úrskurðarnefndin með mál til umfjöllunar**
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mótmælti því harðlega að gögnum um samskipti ESA við íslensk stjórnvöld hefði verið leynt þegar málið var rætt á Alþingi á þriðjudag. „Þetta er fyrirsláttur til að reyna að tefja málið og ég spyr hvort þetta sé lýðræðislegt,“ sagði Þorgerður Katrín er hún svaraði ásökunum stjórnarandstæðinga um að hún hefði leynt gögnum fyrir Alþingi.

Fréttablaðið óskaði eftir öllum gögnum um samskipti ESA við íslensk stjórnvöld 12. desember í fyrra. Fallist var á að afhenda hluta gagnanna, það er sömu gögn og höfðu verið til umfjöllunar í menntamálanefnd. Sú niðurstaða, að veita blaðinu aðeins aðgang að hluta gagnanna, hefur verið kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Gögnin hafa þó borist blaðinu þar sem þau hafa verið gerð opinber eftir að fulltrúar í menntamálanefnd fóru fram á að fá gögnin sem Fréttablaðinu hafði verið neitað um. Úrskurðarnefndin á þó enn eftir að skera úr um það hvort réttlætanlegt hafi verið að neita blaðinu um gögnin sem nú hafa verið gerð opinber.

Hvort greinar laga um RÚV ohf. fela í sér brot á alþjóðlegum reglum ESA, eða brot á samkeppnislögum, er enn deiluefni þótt lögfræðingar menntamála- og fjármálaráðuneytisins hafi gefið grænt ljós á frumvarpið eins og það er nú.

Þótt líklegt sé að frumvarpið um RÚV ohf. verði að lögum sem taka gildi 1. apríl á þessu ári er líklegt að lögin verði ekki til þess að fallin að kæfa niður álitaefnin sem ESA á enn eftir að skila lokasvari sínu um en frumvarpið hefur þegar verið samþykkt út úr nefnd.



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is



SÉR-TILBOÐ!

# STURTU HORN




## STURTUHORN

### STÆRÐIR OG VERÐ

| HURÐ | | HLIÐ | |
|---|---|---|---|
| 100 cm | 57.900 | 80 cm | 32.900 |
| 110 cm | 59.900 | 90 cm | 36.900 |
| 120 cm | 61.900 | | |










STURTUHORN VM-111
Heil opnun
Hurð+hlið: 80x80 og 90x90
Botn+vatnslás fylgja
verð: frá 39.900 stgr.

STURTUHORN A-926
Heil framopnun
Stærð: 80x80
Botn+vatnslás fylgja
verð: frá 39.900 stgr.

STURTUHORN W-708
Horn opnun
Stærð: 120x80 rúnað
Botn+vatnslás fylgja
verð: frá 57.900 stgr.

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kúvending flokks og útvarpsstjóra:

## Samviska til sölu

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Samviska gamals vinnufélaga okkar hér hjá 365 var til umræðu á Alþingi í gær þegar menntamálaráðherra varði undirmann sinn, Pál Magnússon útvarpsstjóra, með þeim orðum að hann gæti ekki starfað öðruvísi en eftir samvisku sinni.

Ástæða málsvarnar menntamálaráðherra var grein sem Páll skrifaði í Morgunblaðið á mánudag þar sem hann sakaði okkur sem störfum á Fréttablaðinu um hagsmunagæslu fyrir eigendur blaðsins vegna gagnrýnna skrifa í leiðurum þess um fyrirhugaðar breytingar á rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Þetta er athyglisverður málflutningur hjá Páli svo ekki sé meira sagt.

Meginþema gagnrýni sem komið hefur fram í skrifum leiðarahöfunda Fréttablaðsins er að frumvarp menntamálaráðherra reisir nánast engar skorður við samkeppni RÚV við einkafyrirtæki á auglýsingamarkaði. Af þessu skapast tvennt. Í fyrsta lagi nýtur RÚV óeðlilegs fjárhagslegs forskots á keppinauta sína þar sem tekjugrunnur stofnunarinnar er settur saman af skylduáskrift auk auglýsingatekna. Í öðru lagi með því að berjast um hylli áhorfenda á svipuðum forsendum og auglýsingastöðvar verður Ríkissjónvarpið óhjákvæmilega keimlíkt þeim í efnistökum og áherslum. Fyrir vikið minnkar fjölbreytni á markaðinum.

Þessi mál voru einmitt Páli hugleikin þegar hann var ráðinn sem útvarpsstjóri RÚV fyrir um átján mánuðum. Í viðtali á þeim tímamótum lýsti Páll því yfir að hann teldi RÚV „vera betur sett og betur til þess fallið að uppfylla þær skyldur sem því er ætlað að sinna ef það þyrfti ekki að keppa um þessar auglýsingatekjur á markaði heldur væri fjármagnað alfarið með öðrum hætti eins og raunin er með BBC,“ eins og hann orðaði það í viðtali við Morgunblaðið. Og þegar hann var spurður hvort honum fyndist þá eðlilegt að taka RÚV af auglýsingamarkaði stóð ekki á svörum: „Að því gefnu að því yrðu tryggðar þær tekjur sem töpuðust með öðrum hætti, já, þá væri það betra fyrir stofnunina sjálfa og hún væri betur í stakk búin til að uppfylla skyldur sínar ef hún væri ekki á auglýsingamarkaði.“

Þessi málflutningur Páls rímaði prýðilega við skýrslu starfshóps sem hann sat í 1996 um endurskoðun á útvarpslögum, og vildi RÚV af auglýsingamarkaði.

Starfshópinn skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, sem lýsti sig sáttan við skýrsluna en setti þó þann fyrirvara við brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði að sú ákvörðun yrði „ekki tekin án tillits til stöðunnar á einkamarkaðnum,“ eins og hann komst að orði í ræðu á fundi sjálfstæðismanna í maí 1996. Var Björn þar að vísa til þess að á þeim tíma var starfrækt eitt einkafyrirtæki í sjónvarpsrekstri og samkeppnin því engin eftir RÚV nyti ekki við.

Enginn vafi lék þó á í hvaða átt hugur ráðherrans stefndi eins og kemur skýrt fram í sömu ræðu: „Séu menn sammála um að ríkið eigi að reka hljóð- og sjónvarp, þarf að fá fjármagn til þess og gera það á þann veg, að ekki sé gengið á rétt þeirra, sem keppa við ríkið.“ Ástæða er til að rifja upp þessi orð því þau lýsa vel sjónarmiðum sem voru ríkjandi innan Sjálfstæðisflokksins á þessum tíma. Af hverju flokkurinn hefur snúið svo rækilega við blaðinu er erfitt að skilja. Kannski fyrrverandi menntamálaráðherra geti útskýrt það?

Minni vafi leikur hins vegar á sinnaskiptum Páls Magnússonar sem nú styður með oddi og egg að RÚV haldi sínum hlut á auglýsingamarkaði. Samviska hans sýnist sveiflast eftir því hverjir borga honum laun hverju sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Snillingur

Össur Skarphéðinsson lauk lofsorði á andlegt atgervi Sigurðar Kára Kristjánssonar í umræðum um Ríkisútvarpið í þinginu á mánudag. Meðferð skjala frá Eftirlitsstofnun EFTA voru til umræðu en stjórnarandstæðingar sögðust hafa fengið alltof skamman tíma til að lesa þau að einhverju gagni. Orðrétt sagði Össur „Ég dreg ekki í efa að formaður menntamálanefndar er mikill snillingur og meiri en flestir sem í þessum sölum sitja og ég er viss um að þekking hans á enskri tungu er viðamikil. Ég hef svolitla þekkingu á henni líka þó að hún slagi náttúrlega ekki upp í kunnáttu hæstvirts þingmanns. Það tók mig alla helgina að komast í gegnum þá torskildu texta sem var að finna í bréfinu, sem er eins og að bryðja gamla efnafræðitexta, en mér tókst það þó.“



### Rugl

Sigurður sagðist ekki ætla að gera ágreining við Össur um hvort hann væri snillingur. Hann gaf Björgvin G. Sigurðssyni hins vegar ekki háa einkunn en Björgvin hafði áður sagt skjölin frá Eftirlitsstofnuninni vera grundvallargögn. „Ja, heyr á endemi, þetta er algjört rugl. Ég fullyrði að þetta er algjört rugl,“ sagði Sigurður Kári.



### Leyniþjónustan

Kristján L. Möller tók þátt í umræðunum og varpaði fram nýrri sýn á málið. Velti hann fyrir sér hvort leyniþjónusta Sjálfstæðisflokksins hefði búið svo um hnúta að gögnin frá Eftirlitsstofnuninni kæmu ekki fyrir sjónir þingmanna. Gerði hann einnig að umtalsefni hvort Sigurður Kári væri orðinn stjórnarmaður í leyniþjónustunni. Skemmst er frá því að segja að Kristján fékk ekki svör við þeim vangaveltum.

bjorn@frettabladid.is



# Háskólinn og jafnrétti



**ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR**

**Í DAG** | Jafnréttismál

Á síðastliðnu hálfu ári hefur kærunefnd jafnréttismála tvívegis úrskurðað að Háskóli Íslands hafi brotið jafnréttislög við ráðningar með því að taka karlmann fram yfir jafnhæfa eða hæfari konu. Í bæði skiptin véfengdi Háskólinn niðurstöðuna. Það er ekki nýtt að úrskurðir nefndarinnar séu gagnrýndir. Skemmst er að minnast orða Björns Bjarnasonar um kærunefndina sem „barn síns tíma“ þegar honum þótti nefndin skerða svigrúm sitt sem veitingarvaldshafa um of. Nú hafa menn auðvitað fullan rétt á að véfengja úrskurði nefndarinnar. Það gera líka fjölmargar konur sem leitað hafa réttar síns en tapað.

Athyglisvert er að skoða hvernig mál hafa þróast síðan kærunefndin tók til starfa árið 1991. Á árunum 1991–2001 bárust nefndinni 103 erindi og taldi hún um brot að ræða í 55% tilvika. Vildís K. Guðmundsson skrifaði skelegga grein í Morgunblaðið árið 1997 og hafði áhyggjur af því hve fá mál væru talin brot því slíkar niðurstöður hamli því að kærendur leiti réttar síns fyrir dómstólum. Hún velti fyrir sér hvort nefndin stuðlaði að jafnrétti eða hvort hún væri orðin varðhundur kerfisins. Hin síðari ár virðist úrskurðum um brot fara enn fækkandi. Árið 2006 var fjallað um 16 mál. Í aðeins þremur þeirra (1/5), var talið um brot að ræða. Og enn er spurt. Er kærunefndin of varfærin eða er hún hreinlega að verða óþörf? Hið lága hlutfall brota gæti gefið til kynna að harla lítið misrétti viðgangist á íslenskum vinnumarkaði.

Í ljósi tölulegra gagna um stöðu kynja á vinnumarkaði, m.a. óbreyttan launamun kynja sl. 12 ár (Capacent 2006), er afar ólíklegt að misrétti hafi því sem næst verið útrýmt. Þá er ekki úr vegi að huga að þeim aðstöðumun sem málsaðilar búa við. Kærandinn er nánast einn og óstuddur gagnvart kerfinu. Aðildarfyrirtæki Samtaka atvinnulífsins fá hins vegar aðstoð frá lögfræðingum SA til að verjast í jafnréttismálum, eins og segir í Ársskýrslu SA 2005-2006, þar sem tíundaður er sigur fyrirtækis í launakæru. Kærunefndin taldi að fyrirtækinu hafi verið heimilt að umbuna karlmanni launalega vegna sérþekkingar á banönum sem hann hafði fram yfir kæranda en starfsskyldur hans voru „yfirumsjón með þroskun banana á lager“.

Alltof lítið er talað um reynslu þeirra sem ganga í gegnum það erfiða ferli að kæra. Ein þeirra sem sagt hefur frá reynslu sinni er Jenný Sigfúsdóttir sem var orðin mjög fullorðin þegar hún kærði (Vera 6/1995). Jenný lýsti sársaukanum og niðurlægingunni sem fylgir því að vera sniðgengin fyrir einhvern sem hún var sannfærð um að væri minna hæfur en hún sjálf. Hún lýsti kynjuðu orðfæri og stílbrögðum sem notuð voru til að gera lítið úr hennar störfum og upphefja hinn aðilann. Hún var gjaldkeri en hann var titlaður deildarstjóri, hún „vélritaði ráðningarsamninga“ en hann „annaðist ráðningar“. Kannski þekkja einhverjar konur sig í þessum lýsingum.

Ýmsar skýringar geta verið á því að svo fá mál eru talin brot árið 2006 í samanburði við fyrri ár. Margir telja að kærunefndin hafi orðið varfærnari eftir að Hæstiréttur snéri við úrskurði hennar í máli Leikfélags Akureyrar. Í öðru lagi starfar nefndin ekki í tómarúmi heldur tekur mið af tíðarandanum hverju sinni. Stjórnun og starfshættir fyrirtækja taka breytingum og opinberi geirinn líkir nú orðið eftir einkageiranum.

Í úrskurðum sínum vísar kærunefnd ítrekað til þess að þess að „játa verði atvinnurekanda nokkurt svigrúm við mat á vægi menntunar og starfsreynslu umsækjenda“. Þetta var t.d. rökstuðningurinn í máli konu með doktorspróf sem talin var minna hæf í lektorsstarf við Háskólann á Akureyri en karl með masterspróf og lengri starfsreynslu. Af þessum ástæðum vekja þau fáu mál sem talin eru brot enn meiri athygli en ella, því eitthvað þarf jú greinilega til. Og ekki sést í þessu ljósi valda viðbrögð HÍ undrun. Björn Bjarnason átaldi kærunefndina fyrir að véfengja dómgreind sína og rökstuðningur HÍ er á svipuðum slóðum: kærunefndin skilur bara ekki reglurnar okkar. Ef málstaður skólans er eins augljós og réttmætur og hann vill vera láta, ætti honum þá ekki að vera í lófa lagið að sýna fram á það? Vera má að Háskólinn ynni þessi mál fyrir dómstólum á lagatæknilegum forsendum ef á það reyndi. Eftir stendur að efnislega hefur honum hvorki tekist að sannfæra kærunefndina né almenning um lögmæti máls síns og trúverðugleiki hans í jafnréttismálum hefur beðið hnekki.

Eftir fjögur ár verður Háskólinn 100 ára. Hann var stofnaður „kvennaárið mikla“ 1911 og áttu konur þar drjúgan þátt, Þorbjörg Sveinsdóttir, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og fleiri. Eitt af markmiðum þeirra var einmitt að gefa konum færi á að nota hæfileika sína og krafta með hlutdeild í vísindunum.

Hvað skyldi þessum konum hafa þótt um jafnréttisumræðuna í HÍ síðastliðið hálft ár?

# Þjóðarútvarpi fórnað fyrir markaðshyggju

**UMRÆÐAN**

Ríkisútvarpið



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**

Nú er verið að keyra frumvarpið um Ríkisútvarpið af miklu offorsi í gegnum þingið. Menntamálaráðherra má ekki við því að hopa með frumvarpið eina ferðina enn, þó svo það hafi versnað við hverja yfirferð. Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins hafa margbent á, að frumvarp um hlutafélagavæðingu RÚV sé samið til þess eins að auðvelda sölu þess síðar meir. Ríkisstjórnarflokkarnir gera allt til að auðvelda söluna en þykjast þó ekki ætla að selja! Bellibrögðum er beitt af hálfu stjórnvalda sem héldu mikilvægum gögnum leyndum fyrir Alþingi; skjölum sem varða stöðu RÚV á samkeppnismarkaði og gagnvart eftirlitsstofnun EFTA verði það hlutafélagavætt.

Ég hef haldið því fram að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur muni tapa fylgi í komandi kosningum vegna afstöðu sinnar til Ríkisútvarpsins. Sérstaklega finn ég að eldra fólk er afar ósátt við aðförina að Ríkisútvarpinu. Framsóknarmenn þóttust lengi vel ætla að verja Ríkisútvarpið gegn einkavæðingaráformum, en hafa alveg svikið það – og ég leyfi mér að fullyrða að fjöldi framsóknarmanna er mjög ósáttur við það. Hinir ósáttu hafa líklega þegar yfirgefið flokkinn, miðað við fylgistölur.

Ein meginskylda Ríkisútvarpsins, lögum samkvæmt, er að það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Það má eflaust deila um það hvort Ríkisútvarpinu tekst ávallt að rækja þessa skyldu. Hins vegar er óumdeilanlegt að fjölmiðlar í einkaeigu hafa engar slíkar skyldur. Þeir ákveða sjálfir hverjir fá að tjá sig og geta birt efni að eigin geðþótta. Markmið einkareksturs er aðeins eitt: Að skila eigendum fjárhagslegum hagnaði.

Við þurfum þjóðarútvarp í eigu almennings sem er laust við þá fjötra sem fylgja því að vera rekið með arðsemiskröfuna eina að leiðarljósi. .

Hollvinasamtökin munu fylgjast náið með því hvaða alþingismenn greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt og hverjir verða á móti. Ný ríkisstjórn mun svo á vordögum fella ólögin úr gildi.

*Höfundur er formaður Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins.*



**SKÁLDIÐ SAGÐI SATT**
Það kvað vera fallegt í Kína,
þar keisarans hallir skína,
kvað Tómas Guðmundsson.
FERÐIR 6



**ÞAR SEM VÉLAR OG MENN VINNA SAMAN**
Mikið hefur verið lagt í endurbætur á Mini-verksmiðjunum.
BÍLAR 5



## ALLT HITT

**[ NÁM BÍLAR FERÐIR ]**

**Listaháskóli** Íslands er með röð opinna fyrirlestra. Bæði erlendir og íslenskir gestafyrirlesarar fjalla um efni tengt listum, hönnun og menningu sem er opið fyrir almenning. www.lhi.is

**Bílgreinasambandið** heldur úti reiknivél þar sem hægt er að reikna út hve mikið má fá fyrir gamla bílinn. Viðmiðunarverð reiknast út frá forsendum þess umboðs sem flytur inn viðkomandi tegund bifreiðar,aldri bifreiðar, akstri og afskriftum. www.bgs.is

**Stuðmenn** og Sálin hans jóns míns verða með tónleika í Kaupmannahöfn síðasta vetrardag 18.apríl. www.kaupmannahofn.dk stendur fyrir tónleikunum í samstarfi við Icelandair sem er söluaðili á Íslandi. Nánari upplýsingar ar www.islendingaslodir.dk eða hjá Icelandair www.icelandair.is



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 17. janúar, 17. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.50 | 13.38 | 16.26 |
| Akureyri | 10.55 | 13.22 | 15.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Guðmundur vinnur hjá Ríkissjónvarpinu þegar hann er ekki í skólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt ferlið tekið fyrir

***Guðmundur Atli Pétursson er í sjónvarps- og kvikmyndanámi í Danmörku auk þess sem hann vinnur hjá íslenska ríkissjónvarpinu.***

Mediaskolerne heitir skólinn sem Guðmundur Atli Pétursson stundar nám við í Danmörku. Sjónvarps- og kvikmyndanámið sem hann leggur stund á tekur þrjú og hálft ár í allt. „Til þess að komast inn í námið þarf maður að vera með lærlingsstöðu hjá einhverjum viðurkenndum miðli. Það er reyndar hægt að fá að taka eina önn án þess, til að prófa, en til að geta byrjað í sjálfu náminu þarf maður að fá nemapláss. Ég er búinn með fjórar annir af fimm og er að fara aftur út núna í febrúar til þess að gera lokaverkefni, fara í próf og klára.“

Guðmundur er sjálfur skráður sem lærlingur hjá íslenska ríkissjónvarpinu. „Lærlingsstaðan er í raun og veru bara á pappírunum því ég var búinn að vera í fullu starfi hjá Sjónvarpinu í tvö ár áður en ég fór í skólann og fékk raunverulega bara námsleyfi,“ segir hann.

Námið er ekki á háskólastigi en nemendurnir útskrifast með sveinspróf. „Það er litið svolítið á þetta nám sem tækninám en það er samt miklu fjölbreyttara en það. Við lærum allt mögulegt, viðtalstækni, fréttamennsku og dagskrárgerð og oft sitjum við og greinum kvikmyndir og lærum drama og leikstjórn og svoleiðis líka. Það sem mér finnst kosturinn við þennan skóla er að hann er ekki of sérhæfður og við tökum kúrsa í öllum grunnþáttunum. Maður getur því komið út úr þessu námi sem annað hvort leikstjóri eða dagskrárgerðarmaður sem hefur þokkalegan skilning á öllu ferlinu og mér finnst það persónulega mjög mikilvægt.“

Guðmundur segist hafa hvatt marga sem hann þekkir til þess að skoða þennan möguleika á námi. „Skólinn er borgaður af danska ríkinu svo það eru engin skólagjöld. Svo framarlega sem maður býr á Norðurlöndunum og fær samning einhvers staðar sem nemi er þetta raunverulega frítt nám og ég slapp til dæmis við að taka námslán. Svo er þetta bara góður skóli og mjög virtur í sjónvarpsbransanum í Danmörku.“

*emilia@frettabladid.is*

## Námskeið í gjafaumbúðum

ENDURMENNTUNARSTOFNUN BÝÐUR NÚ GJAFABRÉF TIL SÖLU.



Hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er boðið upp á margs konar námskeið í öllu milli himins og jarðar. Þar af eru mörg á sviði menningar og sjálfsræktar, en slík námskeið gætu reynst skemmtileg gjöf handa fólki sem á „allt“. Endurmenntunarstofnun mælir sérstaklega með því að gefin séu námskeið þar sem farið er í saumana á Laxdælu, almennri listasögu, sögu biskupsstólanna í íslensku samfélagi og því hvernig eigi að skrifa góða grein. Einnig er boðið upp á gjafabréf að tiltekinni fjárhæð, en þá getur sá eða sú sem þiggur gjöfina fundið sér námskeið að eigin vali. Nánari upplýsingar er að fá á skrifstofu Endurmenntunar í síma 525-4444

30%







Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur



30% afsláttur af rúmum
**rafstillanleg og hefðbundin.**
Nýtt kortatímabil

**Útsala**
**20-50% afsláttur**

rúmco
Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-16

**Bílar** eru á kafi í snjó og til að gera morguninn einfaldari borgar sig að vera með lítinn kúst, hanska og góða sköfu í bílnum. Margir bregða líka á það ráð að setja bílinn í gang korteri fyrr, eða bara taka strætó.




SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

NÝTT Á GRAS.IS
ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!
GRAS
NÚ FÆRÐU GRAS.IS FRÉTTIR Í SÍMANN!
Vodafone live!

vísir
www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




Munurinn á því að nota strætó og taka leigubíl annan hvern dag annars vegar, og reka bíl hins vegar, hleypur á hundruðum þúsunda, almenningssamgöngum í vil. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Hversu dýr er bíllinn?

***Út frá fjárhagslegu sjónarmiði er mun ódýrara að treysta á almenningssamgöngur en eiga og reka bíl. Munurinn getur hlaupið á hundruðum þúsunda.***

Bílar eru ekki ódýr tæki, hvorki að kaupa né reka. Á vef FÍB eru útreikningar yfir hvað kostar að reka bíla, þriggja til fimm ára, á verðbilinu 1,4 milljónir til 2,6 milljónir. Útreikningarnir byggjast á kostnaði vegna notkunar, trygginga, skatta og skoðana, bílastæða og þrifa, og verðrýrnunar. Eðlilega er um mat að ræða á upphæðum og er sá fyrirvari settur að bíleigendur geti verið heppnir með bíla sína eða óheppnir (hvað varðar bilanir, verðsveiflur og annað slíkt).

Á síðasta ári kostaði um 655.000 að reka fimm ára gamlan bíl, að verðmæti 1,4 milljónir króna, sem ekinn var 15.000 kílómetra á árinu. Þetta er ódýrasti kosturinn sem boðið er upp á í útreikningum FÍB. Sambærilegur þriggja ára bíll sem ekinn er 30.000 kílómetra á árinu kostar um 895.000 krónur í rekstri. Til samanburðar kostar rekstur þriggja ára bíls, að verðmæti 2,6 milljónir króna, sem ekinn er 30.000 kílómetra á árinu tæpar 1,3 milljónir.



Bensínkostnaður bíls sem eyðir 8 l/100 km og er ekinn 15.000 km á ári er um 140.000 kr. á ári.

Ef farið er með almenningssamgöngum er kostnaðurinn öllu minni. Sé gert ráð fyrir kaupum á rauðu korti (þriggja mánaða korti í Strætó bs), tuttugu leigubílaferðum á mánuði og fjórum helgum þar sem bílaleigubíll er leigður er kostnaðurinn 434.000 krónur.

Munurinn á ódýrasta kostinum á vef FÍB og almenningssamgöngum er því um 300.000 krónur. Munurinn á almenningssamgöngum og 2,6 milljóna króna bíl er um 900.000 krónur. Þetta er gríðarlegur munur enda margt hægt að gera við 900.000 krónur.

Fjárhagslega er ljóst að það margborgar sig að kjósa almenningssamgöngur fram yfir einkabílinn. Það er þó kostur sem ekki hentar öllum vegna atvinnu, búsetu eða lífsstíls. Einkabíll veitir ákveðið frelsi og fyrir suma eru þeir áhugamál og ástríða sem ómögulegt er að losna við hafi hún náð fótfestu. *tryggvi@frettabladid.is*

| | |
|---|---|
| **Almenningssamgöngur** Rauða kortið í ár: | 46.000 kr . |
| **Leigubíll** 20 sinnum í mánuði: | 288.000 kr. |
| **Bílaleigubíll** fjórar helgar: | 100.000 kr. |
| **Heildarkostnaður** | 434.000 kr. |
| **Rekstrarkostnaður 1,4 milljóna króna bíls, árgerð 2001** | |
| Ekinn 15.000 km á árinu | |
| Eyðsla: 8 l/100 km | |
| Kostnaður vegna notkunar: | 255.520 kr. |
| Tryggingar, skattar og skoðun: | 130.400 kr. |
| Bílastæði og þrif: | 23.000 kr. |
| Verðrýrnun: | 179.200 kr. |
| Fjármagnskostnaður: | 66.640 kr. |
| **Heildarkostnaður** | 654.760 kr. |



Eins ótrúlega og það hljómar er Tesla Roadster rafmagnsbíll.

# Rafdrifinn sportbíll

***Einn af hápunktum ársins 2006 var án efa frumsýning Tesla Roadster.***

Tesla Roadster er hreinræktaður sportbíll. Hann kemst upp í hundrað kílómetra hraða á um fjórum sekúndum, hámarkshraðinn er 210 kílómetrar á klukkustund, og hann er hlaðinn hátæknibúnaði.

Vélin í honum er hins vegar nær hljóðlaus af þeirri einföldu ástæðu að hún er knúin af rafmagni. Tesla Roadster er rafmagnsbíll sem kemst um 400 km á einni hleðslu og það án þess að líta út eins og sápukúla á hjólum.

Roadsterinn endurnýjaði áhuga bílaheimsins á rafmagnsbílum og sýndi að þeir eru ekki dautt hugtak sem tilheyrir fortíðinni, heldur raunhæfur möguleiki í framtíðinni. Bíllinn kostar um 7 milljónir og er til í afar takmörkuðu upplagi. Hver er hins vegar ekki til í að borga 7 milljónir til að geta keyrt um með hreina samvisku?

*- tg*

## Sjöfaldur sigurvegari

BMW 7 HLÝTUR GULLVERÐLAUN.



BMW 7 náði nýlega flestum stigum í TQI gæðakönnun sem gerð var af Strategic Vision.

Sjö línan frá bifreiðaframleiðandanum BMW fékk nýverið hæstu einkunn í TQI gæðakönnun sem var gerð af bandaríska markaðsrannsóknarfyrirtækinu Strategic Vision.

BMW 7 hlaut flest stig, alls 928, í könnuninni og tryggði bifreiðaframleiðandanum þar með efsta sætið í sjöunda skiptið á síðastliðnum átta árum.

Þess skal getið að sjö línan fékk harða samkeppni frá ekki ómerkari bifreiðaframleiðendum en Mercedes-Benz CLS-Class, Jagúar XJ og Lexus LS 430.

Ekki má gleyma að BMW fyrirtækið atti sjö línunni jafnframt gegn annarri línu úr eigin röðum, línu fimm sem varð að lúta í lægra haldi.

Frá þessu er greint á heimasíðu B&L, www.bl.is. *- rve*



Gestur bílasýningarinnar fylgist spenntur með mynd- og hljóðkerfinu í Suzuki Wagon R. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýjasta tæknin í Tókýó

***Nýjustu tólin og tækin fyrir bíla voru til sýnis á stórri bílasýningu í Japan nýlega.***

Tokyo Auto Salon bílasýningin fór fram um síðustu helgi. Meðfram hefðbundinni sýningu á nýjum bílum frá framleiðendum, hugmyndabílum og öllu því sem viðkemur venjulegri bílasýningu var mikil áhersla lögð á að sýna það nýjasta sem gert hefur verið í tæknimálum í bílaheiminum. Mikið var um frumlega sérhannaða bíla með fullt af nýuppfundnum aukahlutum sem annað hvort er ætlaðir að auka afkastagetu þeirra eða framkalla nýstárlegt útlit. Til að mynda var ekki óalgeng sjón að sjá bíla með fullt af tölvuskjám.



Mikill mannfjöldi kom til að fylgjast með sérhönnuðum bílum á Tokyo Auto Salon.



Hisanao Sato, starfsmaður bílapartafyrirtækis, slakar á fyrir framan 50 tommu sjónvarpsskjá í Hondu Step Wagon.



Erfitt er að segja til um hvort þessir herramenn eru áhugasamari um fyrirsætuna eða þríhjólið Skywave 650 Trike.



George Ogura, forstjóri fyrirtækis sem framleiðir hljóðkerfi í bíla, situr í bíl sem hefur á að skipa hljóðkerfi sem fyrirtæki hans framleiddi.



Mugen-hugmyndabíllinn.



ekill ehf

Ökunám í fjarnámi !!!!

Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.

Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is

Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið. Fleiri námskeið eru væntanleg á næstu mánuðum Ö2 námskeið / Aukin ökuréttindi / Fyrir lesblinda ofl.

Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is **ekill@ekill.is**

VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL VARAHLUTAVERSLUN
Kistufell@centrum.is
Tangarhöfða 13 Sími 577 1313



Spyrnur og stýrishlutir í flestar gerðir bíla
www.kistufell.com




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Fíton/SÍA



Kappaksturinn var gríðarlega vinsæll á sínum tíma, bæði á meðal mótorhjólamanna og íbúa svæða sem keyrt var um.

# Keppt á klassískan hátt

***Motogiro d'Italia er elsti mótorhjólakappakstur á Ítalíu. Þar keppa hjól á öllum aldri en mesta athygli vekur flokkur hjóla eldri en 50 ára.***

Í Motogiro d'Italia mótorhjólakappakstrinum er keppt í þremur flokkum. Fyrst ber að nefna flokk hjóla með allt að 175 cc vél sem framleidd er fyrir 1957. Þessi flokkur er tileinkaður hjólum sem kepptu í upprunalega kappakstrinum sem fram fór á árunum 1914 til 1957. Einnig er keppt í flokki hjóla með 350 cc eða stærri vél sem framleidd er milli 1958 og 1978, og í opnum flokki þar sem hægt er að skrá hvernig hjól sem er til keppni.

Að sigra í keppninni er algjört aukaatriði fyrir flesta og ber skipulagningin og val akstursleiðar keim af því. Keppt er á Sikiley og eru leiðir valdar þannig að þær henti gömlum hjólum og sýni ökumönnum það besta sem Sikiley hefur upp á að bjóða. Keyrt er í fimm daga, 20. maí til 24. maí, og er reynt að láta upphaf og endamark vera í sömu borg. Á öllum leiðum eru fyrirfram ákveðnir hvíldarpunktar þar sem mótorhjólamenn á staðnum taka á móti keppendum.



Leiðir kappakstursins um vegi Sikileyjar eru valdar með tilliti til aldurs hjóla og að þær séu mikið fyrir augað.

Kappaksturinn byrjar og endar í Sciaccia, bæ sem þekktur hefur verið frá tímum Rómverja fyrir milt loftslag og lækningamátt heitra uppspretta á svæðinu. Af öðrum áhugaverðum stöðum sem keyrt er um má nefna fjallshlíðar Etnu, eins þekktasta eldfjalls heims.

Frá því Motogiro d'Italia kappaksturinn var endurreistur árið 2001 með stuðningi Ducati hefur áhugi mótorhjólamanna á keppninni stöðugt aukist. Fjöldi þátttakenda hefur þrefaldast og koma margir langt að til að taka þátt. Meðal gesta í ár verða kappakstursmennirnir Maoggi og Venturi, en báðir unnu þeir Motogiro d'Italia á sjötta áratug síðustu aldar.

Nánari upplýsingar um kappaksturinn og hvernig hægt er að skrá sig er að finna á www.motogiroditalia.com.

## R1e verðlaunaður

SUBARU Á RÉTTRI LEIÐ MEÐ RAFMAGNSBÍLA SÍNA

Japönsk yfirvöld hafa verðlaunað Subaru fyrir þróun á umhverfisvænum rafmagnsbíl. Það sem helst þykir merkilegt við bílinn er að hægt er að hlaða hann á fimmtán mínútum, ólíkt þeim átta tímum sem algengt er að það taki að hlaða sambærilega bíla.
Þar að auki á rafhlaða R1e að endast í allt að tíu ár, sem er töluverð endurbót frá fyrri tilraunum. *- tg*

Það tekur einungis 15 mínútur að hlaða Subaru R1e.





Fornbílar njóta einnig vinsælda á Íslandi og eru gjarnan sýndir við sérstök tækifæri.

# Fornbílaóðir Danir

***Fornbílaæði gengur yfir Danmörku.***

Fornbílar og mótorhjól hafa aldrei verið vinsælli í Danmörku en einmitt nú. Samkvæmt könnun Samtaka fornbílaklúbba í Danmörku, Motorhistorisk Samråd, er talið að Danir hafi á undanförnum fjórum árum varið hátt í milljarð danskra króna í kaup slíkra ökutækja og hálfum milljarði í að gera þau upp.

Með hliðsjón af framansögðu má segja að viðskipti með fornbíla hafi aukist til muna í Danmörku á aðeins örskömmum tíma. Ástæðan sem nefnd er til sögunnar, er helst sú að efnahagur landsmanna hafi vænkast. Í framhaldi af því hafi sprenging orðið á innflutningi gamalla bíla. Sem dæmi um það hafa verið skráðir jafn margir Lotus bílar í Danmörku síðustu tvö ár eins og undanfarin fimmtán ár.

Mikill áhugi hefur verið fyrir fornbílum og fornum mótorhjólum í Danmörku um langt skeið en til marks um það er starfræktur fjöldinn allur af klúbbum fyrir áhugamenn um slík ökutæki. Frá því er skemmst að segja að meðlimum þessara klúbba fjölgaði hratt í kjölfarið á þessari auknu verslun með fornbíla.

Frá þessu er greint á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda, www.fib.is. *- rve*

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar







Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Þurfa formúluáhugamenn að fjölga vökunóttum í kjölfar aukins áhuga Asíubúa?

# Delí næst á dagskrá F1

***Ekkert lát er á sókn Formúlu 1 í Asíu. Nú vilja Indverjar vera með.***

Formúla 1 er stöðugt að verða vinsælli í Asíu. Svar stjórnenda Formúlunnar við áhuganum er að fjölga keppnum í álfunni. Keyrt verður í Suður-Kóreu árið 2010, sögusagnir eru uppi þess efnis að yfirvöld í Singapúr séu hársbreidd frá því að fá keppni til sín, og nýjasta viðbótin er Nýja-Delí á Indlandi.

Lengi hefur staðið til að keppa á Indlandi en illa hefur gengið að sameinast um staðsetningu. Þau vandræði virðast vera að baki og geta samningaviðræður því farið á næsta stig.

Gangi allt þetta eftir verða keppnir í Asíu orðnar átta, í nýju löndunum þremur auk Tyrklands, Barein, Malasíu, Japan og Kína þar sem þegar er keppt. F1 keppnir í Asíu verða þá orðnir jafnmargir og í Evrópu, það er að segja mistakist Portúgölum að fá kappakstur til Portimao í suðurhluta landsins eins og þeir reyna nú. *- tg*

# Vélar og menn vinna saman

***Mikið hefur verið lagt í endurbætur á Mini-verksmiðjunum. Nú er framleiðslan komin upp í 240.000 bíla á ári.***

Mini-bíllinn er framleiddur á þremur stöðum í Bretlandi: Hams Hall, Oxford og Swindon. Verksmiðjurnar þrjár, sem kallaðar eru Mini-framleiðsluþríhyrningurinn, eru í eigu BMW og þótti mörgum Bretum súrt í broti þegar Mini-merkið var selt úr landi árið 2000. Ekki skánaði það þegar í ljós kom að kaupandinn var þýskur.

Hver Mini-bíll inniheldur hluta frá öllum verksmiðjunum. Í Plant Hall er vélin framleidd, í Swindon skrokkur og skel bílanna og öllu er svo skellt saman í Oxford. Sæti, mælaborð og slíkt er svo framleitt af smærri undirverktökum sem flestir eru í kringum Oxford.

Verksmiðjurnar þrjár hafa gengið í gegnum mikla endurnýjun á síðustu árum. Kostnaðurinn við þessar breytingar var 2,6 milljarðar sem komu beint úr kassa BMW. Árangurinn er aukin framleiðslugeta og skilvirkni sem á að skila sér í aukinni samkeppnishæfni. Enn fremur segja talsmenn BMW að fyrirkomulagið tryggi að hægt sé að verða við óskum markaðarins á mun sveigjanlegri hátt og hægt að breyta stórum pöntunum með einungis sjö daga fyrirvara.

Um 6.800 manns vinna í Mini-verksmiðjunum og er framleiðslugetan 240.000 bílar á ári. Þetta þýðir að hver starfsmaður smíðar 35 bíla á ári og að á hverjum degi rúlla 658 nýir Mini-bílar af færibandinu fullkláraðir og tilbúnir á götuna.

*tryggvi@frettabladid.is*



BMW hefur lagt mikla fjármuni í að nútímavæða verksmiðjur Mini í Bretlandi eftir að fyrirtækið keypti merkið.



Þrátt fyrir að mikið af framleiðsluferli bíla sé í höndum véla er mannshöndin aldrei langt undan.



Þessi risastóri ofn tryggir að lakkið sé eins og það á að vera.



Starfsmaður í verksmiðjunni í Oxford leggur lokahönd á þennan Mini áður en hann fer úr húsi.



Það er langur vegur frá færibandi Henry Ford til vélarma nútímans.




GULL BYLGJAN 909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN

Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

**Páskafríið kostar sitt ef vel á að vera** Til að komast í reglulega gott páskafrí er ekki seinna vænna að byrja að spara. Opna sérstakan ferðareikning í bankanum og skera niður óþarfann og njóta síðan vel í skíðabrekku eða á strönd.





Forboðna borgin er í raun keisarahöllin sem samsett er úr smáhöllum og hliðum. Nafnið hlaut hún af því að venjulegum dauðlegum mönnum var meinaður aðgangur að byggingunum. Þar bjó keisarinn í Kína ásamt keisaraynjunni, þrjú þúsund hjákonum og fimm þúsund geldingum. En Gunnar sá ekkert af því fólki.



Hof sólguðsins er meðal merkra bygginga í Peking og skiptist reyndar í nokkrar byggingar. Þessi turn er ein þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Grafhýsi Maós er á Torgi hins himneska friðar. Mikill mannfjöldi heimsækir grafhýsið dag hvern og betra er að hafa vænan skammt af þolinmæði með í för því biðröðin er löng.



Keisarahöllin er girt tíu metra háum vegg með varðturnum í hverju horni. Á árunum 1406 til 1420 voru tvö hundruð þúsund menn, þar af hundrað þúsund listamenn, önnum kafnir við að flytja að byggingarefnið og reisa höllina.

# SKÁLDIÐ SAGÐI SATT

***Það kvað vera fallegt í Kína, þar keisarans hallir skína, kvað Tómas Guðmundsson. Ljósmyndarinn góðkunni Gunnar V. Andrésson var á ferð í Kína og sannfærðist um að skáldið hefði haft rétt fyrir sér. Hér gefur hann okkur hinum hlutdeild í ýmsu sem hann sá.***



Kínamúrinn er alls um 7.300 kílómetrar að lengd og talinn eitt mesta mannvirki heims. Hann er gerður úr grjóti, tré, múrsteinum og mold. Ytri og innri veggir eru úr steini og á milli þeirra er göngustígur.



Um 24 þúsund varðturnar eru í Kínamúrnum og víða bil á milli. Hér má sjá veggskreytingar á múrnum.



Sumarhúsin eru byggð á grunni frá síðustu aldamótum og bjóða upp á öll nútíma þægindi.

# Gamall draumur varð að veruleika í Bæheimi

***Þegar hjónin Jórunn Friðjónsdóttir og Thor Thors heimsóttu dóttur sína sem var við leiklistarnám í Tékklandi féllu þau gjörsamlega fyrir landi og þjóð. Nú, fimm árum síðar, hafa þau opnað fallega sumarbústaði stutt frá Prag og geta ekki beðið eftir að bjóða Íslendingum upp á tékkneskar útivistarperlur, menningu og golf.***



Jórunn og eiginmaðurinn Thor hlakka til að bjóða Íslendinga velkomna í friðsæla skóga Bæheims í Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Á ferð okkar um Tékkland rákumst við á húsarústir frá aldamótunum 1900 í bænum Cejkovice í Bæheimi og ákváðum að láta gamlan draum rætast. Við rifum gömlu húsin og byggðum ný en héldum grunninum,“ segir Jórunn Friðjónsdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum Thor Thors rekur Czech Lodging, fjögurra stjörnu gistibústaði með ráðstefnu- og veisluaðstöðu fimmtíu kílómetra frá Prag í Tékklandi.

„Þetta eru fjögur níutíu fermetra heilsárshús fullbúin húsgögnum og arni, ásamt húsi í Hans og Grétu stíl,“ segir Jórunn brosandi og bætir við: „Bústaðirnir henta jafnt fjölskyldum og vinahópum ásamt fyrirtækjum og ráðstefnuhaldi.“

Tékkar eru mikið útivistarfólk og að sögn Jórunnar hentar svæðið vel til hjólreiða, gönguferða, kajakróðurs og golfiðkunar enda er eitt besta golfsvæði landsins aðeins í tuttugu mínútna fjarlægð.

Tékkneski aðallinn hefur lengi verið búsettur í Bæheimi og einn sögufrægasti kastali Tékklands, Cesky Sternberk, frá 14. öld er þar. Steinsnar frá bústöðunum er síðan að finna eina stærstu verslunarmiðstöð Mið-Evrópu fyrir þá sem vilja nýta fríið og komast í verslunarferð.

Dóttir Jórunnar og Thors, Stefanía Thors leikkona, er mikið í Tékklandi þar sem hún aðstoðar foreldra sína við framkvæmdirnar en Jórunn segir að tékkneskan sé ekki lengur hindrun. „Við getum alveg bjargað okkur í kaupfélaginu hérna og skiljum nánast allt núorðið,“ segir Jórunn. Bústaðirnir eru leigðir viku í senn á sumrin frá 1. júní og fram í september, en skemur utan háannatíma. Vikan kostar frá 430 evrum eða um fjörutíu þúsund krónur fyrir hvern bústað. Heimsferðir hefja beint flug til Prag hinn 9. apríl næstkomandi, en Jórunn bendir einnig á að lágfargjaldaflugfélög fljúgi frá Kaupmannahöfn og London allan ársins hring. Frekari upplýsingar eru á www.czechlodging.com.



Það er ævintýri líkast að ganga um í nágrenni bústaðanna.

## Ferðamálastofa býður umhverfisstyrk

FERÐAMÁLASTOFA ÚTHLUTAR 45 MILLJÓNUM KRÓNA Í UMHVERFISSTYRKI Í ÁR. AUGLÝST HEFUR VERIÐ EFTIR UMSÓKNUM SEM EIGA AÐ STUÐLA AÐ ÚRBÓTUM Í UMHVERFISMÁLUM FYRIR ÁRIÐ 2007, AÐ ÞVÍ ER KEMUR FRAM Á VEF FERÐAMÁLASTOFU.



Markmið íslenskra stjórnvalda er að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu á Íslandi og bjóða þau því styrk til náttúruverndar innan ferðaþjónustu. MYND/ÞORVALDUR Ö. KRISTMUNDSSON

Umhverfisstyrkur Ferðamálastofu er liður í stefnu íslenskra stjórnvalda um sjálfbæra ferðaþjónustu. Aðaláherslan er á fyrirbyggjandi aðgerðir í umhverfisvernd og markvissa uppbyggingu íslenskrar náttúru.

Umsóknir berist á rafrænu umsóknareyðubaði eða skriflega á eyðublöðum sem fást á skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri. Allar nánari upplýsingar er að fá á vef Ferðamálastofu. www.ferdamalastofa.is *- rh*

**Lærið ítölsku á Ítalíu – Málaskóli og Ítalíuferð 30.06.-14.07.**

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar býður nú einstakt tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að læra ítölsku og kynnast Ítalíu og ítalskri menningu betur. Ferð sem sameinar tungumálanámskeið og frí í bland við skemmtilegar og fróðlegar skoðunarferðir á áhugaverðum stöðum á Ítalíu með fólki sem hefur sameiginlegan áhuga á ítalskri tungu og menningu.
Ferðin er farin í samstarfi við Jóhönnu Guðrúnu Gunnarsdóttur ítölskukennara, sem jafnframt verður fararstjóri.
**Ferðin hentar bæði byrjendum og þeim sem eru lengra komnir.**
Tungumálanámskeiðið fer fram í tungumálaskólanum Scuola d'Italiano a Roma sem rekin er af Roberto Tartaglioni. Roberto er unnendum ítalskrar tungu vel kunnur þar sem hann hefur haldið hér hraðnámskeið í ítölsku, í samvinnu við Háskóla Íslands sl.15 ár.
Allir nemendur taka stöðupróf á fyrsta kennsludegi.

Flogið er til um Milano til Rómar þann 30.06. og fyrstu vikuna er búið á vel staðsettu hóteli í Róm og kennslustundir sóttar alla daga auk þess sem farið verður í stuttar skoðunarferðir.
Seinni vikuna verður farið í ferð um Ítalíu, dvalið í Flórens og við Gardavatnið og komið m.a. við í Verona og Feneyjum.

**Verð á mann: 187.700,-**
Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting í tveggjamanna herbergi, morgunverður, skólagjöld, kennslugögn, allur akstur, skoðunarferðir og íslenzk fararstjórn.

Leitið nánari upplýsinga.

FERÐASKRIFSTOFA
GUÐMUNDAR JÓNASSONAR EHF.
Borgartúni 34, sími 511 1515
netfang: outgoing@gjtravel.is
heimasíða: www.gjtravel.is

**Nýr flugvöllur í Orlando**




**Bókaðu bílaleigubílinn strax á avis.is**
Avis býður farþega velkomna í þjónustu okkar á nýjum áfangastað Icelandair í Sanford, Orlando Flórída.

**Flórída - verð frá 247 USD á viku**
m.v. flokk A. Innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, tryggingar, flugvallargjald, 1 tankur af bensíni, 1 aukabílstjóri og skattar.

AVIS
We try harder.

Knarrarvogi 2 / Sími 591 4000 / avis.is
Við leggjum okkur fram.

**Háskólarnir** eru komnir af stað eftir jólafrí og tilvalið að kanna námskeið í námstækni og tímastjórnun sem eru í boði. Námsráðgjafar gefa upplýsingar um námskeið og nýjar aðferðir.



**Handverksnámskeið**

Upplýsingar og skráning
mánudaga til föstudaga frá kl 12-16
í síma 551-7800/895-0780

**Heimilisiðnaðarskólinn**
Laufásvegi 2, 101 Reykjavík
s. 551-7800 / 895-0780
fax. 551-5532
hfi@heimilisidnadur.is
www.heimilisidnadur.is

# Veturinn hefur frá mörgu að segja

***Vetrarvefur námsgagnastofnunar er nýr vefur með fróðleik fyrir miðstig og yngsta stig grunnskólanna um snjó og vetrarárstíðina.***

„Snjórinn hefur verið óvenjumikill í ár og þess vegna gaman að geta boðið upp á vefinn einmitt núna,“ segir Jón Guðmundsson sem hefur yfirumsjón með vef Námsgagnastofnunar Í dagsins önn, þar sem vetrarvefinn er að finna.

Vefurinn tekur fyrir þætti sem snúa að snjónum. Hvernig hann verður til, árstíðaskipti í heiminum og íslensk orð yfir snjó og veðrið. „Ég fékk sérfræðiaðstoð meðal annars frá Veðurstofu Íslands, enda veðurfræðin flókin og mikilvægt að gera hana aðgengilega fyrir börnin. Þeim er kennt að mæla hita og aðeins að lesa í veðurspá til að vekja áhuga þeirra á íslenska vetrarveðrinu,“ segir Jón sem jafnframt segir vefinn hafa fengið mjög góð viðbrögð.

Á vetrarvefnum eru orð sem notuð eru yfir snjó útskýrð. En þrátt fyrir að hafa fengið merkingu orðanna frá íslensku orðabókinni fékk hann mikil og skemmtileg viðbrögð. „Almenningur hefur miklar skoðanir á orðum um snjó. Hvernig þau eru notuð og hvað þau þýða. Sem dæmi má nefna orðið drífa sem þýðir snjókoma samkvæmt íslensku orðabókinni en er í hugum margra snjókoma við mismunandi aðstæður. Þetta fer líka eftir landshlutum og það er virkilega gaman að fólk skuli taka við sér,“ segir Jón.



Jón Guðmundsson leitast við að fræða börn á vefnum Í dagsins önn um málefni líðandi stundar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vefurinn Í dagsins önn leitast við að taka fyrir efni líðandi stundar fyrir börn og kennara og má nefna upplýsingar fyrir börn um kosningar með vorinu, vef um Darwin ásamt kortavef þar sem þróun landakorta af Íslandi verður kynnt í máli og myndum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Námsgagnastofnunar. Á forsíðunni er smellt á Í dagsins önn og þar undir er meðal annars að finna Vetrarvefinn. www.nams.is

*- rh*

**Ert allt til reiðu fyrir nýtt ár?**

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!”
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**

“Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf.”
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**

“Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi.”
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**6 VIKNA HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ HEFST 13. FEBRÚAR (20-22)**
**SUÐURNES - 3 VIKNA HRAÐNÁMSKEIÐ HEFST 3. FEBRÚAR**
**SKRÁNING Á HRAÐLESTRARNÁMSKEIÐ ER HAFIN**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

## Alþjóðadagur í Háskóla Íslands

Í DAG MILLI KLUKKAN 15 OG 17.30 VERÐUR ALÞJÓÐADAGUR HÁSKÓLA ÍSLANDS HALDINN Í STOFU 101 Í ODDA.

Á Alþjóðadeginum verða erlendir samstarfsskólar Háskólans kynntir, en þá er átt við skóla þar sem stúdentar geta tekið hluta af námi sínu sem skiptinemar. Einnig munu fyrrverandi skiptistúdentar segja frá reynslu sinni erlendis og sömuleiðis munu erlendir nemar við Háskólann segja frá sínum heimaskóla og veru sinni hér á landi.

**Dagskrá:**

1. Áslaug Jónsdóttir – Stúdentaskipti vestanhafs: Kanada, Bandaríkin, S-Ameríka.
2. Guðrún Svava Guðmundsdóttir – Norðurlönd, Evrópa: Nordplus og Erasmus.
3. Jóhanna Þ. Ásgrímsdóttir – ISEP iðnaðarverkfræðinemi í University of Tennessee í Knoxville.
4. Bogi Ragnarsson – nemi í félagsfræði við University of Guelph, Ontario í Kanada.
5. Herdís Jónsdóttir – Erasmus nemi í þýsku í Tübingen í Þýskalandi.
6. Alex McKay frá Dalhousie í Kanada – nemi í jarðfræði við HÍ.
7. Nemi frá Finnlandi.
8. Jónas Ketilsson – var Nordplus nemi í vélaverkfræði í NTNU í Trondheim í Noregi.



Í dag fer fram kynning á erlendum samstarfsskólum Háskóla Íslands. Kynningin verður í Odda milli klukkan 15 og 17.30.

**allt matur**
**Alla föstudaga**

**Ertu í útrás?**
**Ertu á leið til útlanda?**
Ítalska • spænska • enska • þýska • franska
Icelandic for foreigners - Free of charge!
Kennsla hefst í febrúar. Skráning er hafin á www.lingva.is og í síma 561 0315.

MÁLASKÓLINN LINGVA
Faxafeni 10 • 108 Reykjavík • s. 561 0315 • lingva@lingva.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 17. janúar 2007 – 3. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



EPSON
Prentvörur...
...færðu hjá
100 ára
Hans Petersen
1907–2007



Gnúpur fjárfestingarfélag
Vöxturinn liggur í fjármálageiranum 10

Jafnrétti kynjanna
Í rétta átt á hraða snigilsins 12-13

Heimskringlan
Allt að opnast í Búlgaríu 22








## Háir vextir geta leitt til flótta

Gangi Seðlabankinn of langt í stýrivaxtaaðhaldi gæti það leitt til flótta úr krónunni. Þetta sagði Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, á morgunverðarfundi um efnahagshorfurnar í gær.



ÁSGEIR JÓNSSON

Ásgeir segir raunvaxtaaðhald rétt vera að byrja að bíta og benda á að verðbólga sé að ganga niður. „En það þýðir hækkandi raunvexti,“ segir hann og kveður við því að búast að raunvextir fari í tíu prósent á fyrsta og öðrum fjórðungi þessa árs.

„Það er náttúrlega ljóst að Seðlabankinn notar krónuna til að halda hagkerfinu niðri og fyrir það blæða bæði fyrirtækin og heimilin í landinu því þau þurfa jú að borga hærri vexti. Hins vegar held ég reyndar að nokkur takmörk séu fyrir því hvað Seðlabankinn geti þrýst á hagkerfið með þessu eina stýritæki. Ef gengið er of langt gætum við séð flótta úr krónunni.“ - óká

## Ósýnileg auðlind

Á sama tíma og íslensk fyrirtæki keppast um að kaupa fyrirtæki í öðrum löndum fjölgar ört þeim útlendingum sem kjósa sér að búa á Íslandi. Samspil þessara tveggja hliða á alþjóðavæðingunni er þó með minnsta móti.

Á næstu mánuðum mun Markaðurinn fá innflytjendur til liðs við sig, einn í hverju blaði. Leitast verður eftir að þeir gefi lesendum Markaðarins innsýn í aðstæður í heimalandi þeirra, hvaða tækifæri leynist þar, hvað beri að varast og þar fram eftir götunum, allt eftir reynsluheimi og áhugasviði hvers þeirra. Með því verður um leið athygli vakin á mannauðinum sem leynist að baki þeim fjölda fólks af erlendum uppruna sem búsettur er hér á landi. - hhs

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Engar evrur** | Útilokað er að íslensku viðskiptabankarnir færi uppgjör sitt og eigið fé í evrur á árinu. Samkvæmt lögum hefði umsókn um slíkt þurft að liggja fyrir 1. nóvember á síðasta ári.

**Greiðslur hækka** | Stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna stefnir á að hækka lífeyrisréttindi sjóðsfélaga sjóðsins um sjö prósent, sem nemur 11,8 milljörðum króna.



**Breyttur hópur** | Bræðurnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir hafa selt hlut sinn í Hanza-hópnum ehf., sem hefur verið áberandi á fasteignamarkaðnum að undanförnu, til Merlu ehf. sem er í eigu Róberts Melax.

**Fær einkunn** | Orkuveita Reykjavíkur hefur fengið lánshæfiseinkunnina Aa2 frá matsfyrirtækinu Moody´s. Einkunnin er sú þriðja besta sem íslenskt fyrirtæki fær, á eftir Landsvirkjun og Íbúðalánasjóði.

**Met slegið** | Rabobank í Hollandi hefur gefið út jöklabréf fyrir fjörutíu milljarða íslenskra króna til eins árs. Útgáfan er sú langstærsta til þessa en útgáfur hafa gjarnan verið í kringum þrjá milljarða.

**Óvænt hækkun** | Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,26 prósent á milli desember og janúar. Þetta jafngildir því að verðbólgan hafi lækkað úr sjö prósentum í 6,9 prósent síðastliðna 12 mánuði.

**Nærri fullkomnun** | Í nýrri greiningu fjárfestingarbankans Merrill Lynch á Actavis segir að félagið komist nærri því að vera hið fullkomna fyrirtæki. Bankinn metur gengi félagsins á 67 krónur á hlut.

# Kaupþing áhugavert fyrir erlendan banka

### Fox-Pitt Kelton sér það fyrir sér að Kaupþing sjálft verði yfirtekið af erlendum banka. Hluturinn í Kaupþingi gæti þá farið á allt að 50 prósenta yfirverði.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Í nýrri greiningu Fox-Pitt Kelton á Kaupþingi er vikið að því að Kaupþing verði æ ákjósanlegri yfirtökukostur fyrir stærri fjármálafyrirtæki, meðal annars sökum aukins hagnaðar sem verði til erlendis. „Með því að taka yfir Kaupþing trúum við því að yfirtökubankinn myndi ná eftirsóknarverðri stöðu á Norðurlöndum og í Bretlandi.“ Þrátt fyrir að dregið hafi úr hagnaði og tekjum Kaupþings á Íslandi telja sérfræðingar Fox-Pitt Kelton að íslenska starfsemin fæli ekki hugsanlega kaupendur frá. Stórir bankar gætu líka séð samlegðaráhrif í lægri fjármögnunarkostnaði.

Fox-Pitt Kelton telur þó líklegra að Kaupþing sjálft ráðist í fleiri yfirtökur og horfi einkum til þess að bæta í safnið heildsölubanka, með hátt hlutfall innlána, eða bankarekstur sem hefur litla og meðalstóra kúnna í viðskiptum en takmarkað vöruframboð. „Þýskaland, Benelux og Eystrasaltslöndin hafa verið nefnd til sögunnar sem hugsanleg markaðssvæði í framtíðinni. Við teljum hins vegar að fyrirtækið muni einbeita sér að eflingu á þeim mörkuðum sem það er þegar fyrir,“ segja skýrsluhöfundar.

Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans sjá einnig fyrir sér að spennandi ár sé í vændum hjá Kaupþingi. Bankinn safnaði yfir 55 milljörðum króna í hlutafjárútboði til erlendra fjárfesta í haust í þeim tilgangi að ráðast í frekari ytri vöxt.

Fyrir skemmstu yfirtók Danske Bank bankahluta finnsku Sampo-samstæðunnar á álitlegu yfirverði. Danske Bank greiddi um 3,5-falt bókfært eigið fé Sampo-bank. Markaðsvirði Kaupþings er 1.050 milljarðar króna miðað við 3,5-falt eigið fé, sem er ekki undir 300 milljörðum króna. Þetta samsvarar genginu 1.418 krónum á hlut, en 1.215 krónum miðað við þrefalt eigið fé. Fox-Pitt Kelton verðleggur Kaupþingshlutinn á 968-970 krónur en gengið stóð í 910 krónum í Kauphöllinni í gær.

Í viðtali við Markaðinn í dag spáir Þórður Már Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gnúps fjárfestingafélags, að miklar fréttir berist af fjármála- og fjárfestingarfélögum á þessu ári. Hann telur hugsanlegt að í náinni framtíð verði innlend fjármálastofnun sameinuð eða yfirtekin af erlendum samkeppnisaðila og erlendir fjárfestar verði meira áberandi í bönkunum. „Það er nauðsynlegt að ráðandi hluthafar fjármálafyrirtækja finni leiðir til þess að auka breidd í hluthafahópi með því að laða til sín erlenda fjárfesta en nýlegt útboð Kaupþings til erlendra fagfjárfesta er gott dæmi um þetta.“

Sjá bls. 10

# Ráð gert fyrir meiri hagvexti

### Landsbanki, Kaupþing og fjármálaráðuneyti hafa endurskoðað spár sínar.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði heldur meiri en áður var gert ráð fyrir á þessu ári í nýjum endurskoðuðum hagspám bæði Kaupþings og fjármálaráðuneytisins. Spár komu frá báðum í gærmorgun, en eru þær þó ekki alveg samhljóma.

Í spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir því að hagvöxtur á þessu ári verði 2,2 prósent, í stað eins prósents í síðustu spá. Heldur meiri sveifla er hins vegar í spá Kaupþings, sem gerir ráð fyrir 3,4 prósenta hagvexti í stað 0,2 prósenta áður.

Munurinn á spánum endurspeglast að stórum hluta í forsendunum sem að baki þeim liggja en Kaupþing reiknar með áhrifum af stækkun álversins í Straumsvík og metur þau á um eitt prósent. Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar þá stefnu að taka ekki með í reikninginn framkvæmdir fyrr en búið er að fastsetja þær, en nokkur óvissa er enn um stækkunina.

Almenn er ráð fyrir því gert að á árinu takist að ná verðbólgu niður í markmið Seðlabanka Íslands, en að á næsta ári taki svo verðbólga að aukast á ný. Landsbankinn, sem birti fyrir helgi álit sitt á þróun verðbólgu, gengisvísitölu og stýrivaxta, gerir þannig ráð fyrir að Seðlabankinn hefji ekki lækkunarferli stýrivaxta fyrr en í júlí, en hafði áður gert ráð fyrir að lækkun hæfist í mars. Bankinn telur þó ekki líkur á að stýrivextir verði hækkaðir frekar á árinu, „enda eru horfur á að áfram dragi úr verðbólgu jafnvel þó að horft sé framhjá áhrifum lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum“. Landsbankinn telur hins vegar líka að verðbólga muni hækka á ný árið 2008. Sjá síður 2 og 4 / - óká


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 5,7%*

USD 5,3%*

EUR 3,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. desember 2006 - 3. janúar 2007.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| 365 | -6% | -3% |
| Actavis | 3% | 8% |
| Alfesca | 1% | -1% |
| Atlantic Petroleum | 1% | -1% |
| Atorka Group | -1% | 3% |
| Bakkavör | -1% | 0% |
| FL Group | 3% | 11% |
| Glitnir | 2% | 6% |
| Hf. Eimskipafélagið | 2% | 2% |
| Kaupþing | 0% | 8% |
| Landsbankinn | 0% | 9% |
| Marel | -2% | -1% |
| Mosaic Fashions | 1% | -1% |
| Straumur | 1% | 4% |
| Össur | 0% | 0% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Kynjahlutfall óbreytt þrátt fyrir framkvæmdir

Í fyrra var 844 einstaklingum af erlendum uppruna veitt íslenskt ríkisfang. Það eru 118 fleiri en árið áður, eða rúmlega sextán prósentum fleiri, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.

Greiningardeild Kaupþings vekur á því athygli að mikil breyting hafi orðið á milli áratuga, en á síðasta áratug 20. aldar hafi fjöldi þeirra sem veitt hefur verið íslenskt ríkisfang að jafnaði aukist um níu prósent á milli ára. Sprenging hafi hins vegar orðið frá aldamótum. Þannig hafi árin 2003 og 2004 árleg fjölgun ríkisfangsveitinga verið í kringum tuttugu prósent að meðaltali.



**VERKAMENN Á KÁRAHNJÚKUM** Stóriðja og efnahagsuppgangur hafa knúið á um innflutning erlends verkafólks síðustu ár. Konur eru eftir sem áður í meirihluta þeirra sem hér fá ríkisfang. MARKAÐURINN/VILHELM

„Konur hafa allt frá 1992 verið fjölmennari en karlar í hópi ríkisfangsþega og sem dæmi má nefna að árið 2001 voru þær tvöfalt fleiri," segir í greiningunni og bent á að að jafnaði hafi þær þó verið um og yfir þriðjungi fleiri. „Og virðist það hlutfall nokkuð stöðugt þrátt fyrir mikla fjölgun verkamanna í byggingariðnaði sem flestir eru karlar." Þar með er dregin sú ályktun að vinnuaflsþörfin hafi verið mikil í umönnunar- og þjónustustörfum hér á landi. „En þeirri þörf hefur verið mætt að einhverju leyti með vinnuafli erlendra kvenna." - óká

# Latcharter semur við Israir

Latcharter, lettneskt leiguflugfélag í eigu Loftleiða-Icelandic, dótturfélags Icelandair Group, hefur gert samning við ísraelska flugfélagið Israir um leigu á tveimur Airbus A320-farþegaflugvélum til þriggja ára. Jafnframt hefur Loftleiðir-Icelandic framlengt leigu á Boeing 767-300ER-breiðþotu til sama félags til loka þessa árs. Verðmæti samninganna nemur jafnvirði rúmra 3,5 milljarða króna. Loftleiðir eignuðust Latcharter á miðju síðasta ári. Félagið hafði þá tvær Airbus-vélar í rekstri, en flotinn tvöfaldast frá og með þessum samningi. - jab

# Novator græðir í Grikklandi

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hagnaðist um 2,5 milljarða króna við sölu á 19 prósenta hlut í gríska fjarskiptafélaginu Forthnet. Ætla má að hluturinn hafi hækkað um 50-60 prósent á rúmum tveimur árum.

Félag Björgólfs fékk 90 milljónir evra fyrir hlutinn, eða um 6,4 milljarða króna, en heldur eftir sem áður utan um tæplega fimmtungshlut.

Auk Novators seldu tveir af stærstu eigendum Forthnet, Cycladic Catalyst Master Fund og Foundation for Research and Technology, samtals tvö prósent. Seljendur ákváðu að auka það magn sem í boði var vegna mikils áhuga fjárfesta. - eþa



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Selur helming af heildarhlut Novators í Forthnet.

# Óbreytt króna næsta hálfa árið

Hætta er á veikingu krónunnar þegar horft er fram yfir næsta hálfa árið, að sögn Steingríms Arnars Finnssonar, sérfræðings greiningardeildar Kaupþings. Til lengri tíma litið segir hann að krónan muni leita í átt að jafnvægisgildi sínu, 125 til 135 stigum. Ef horft er til skemmri tíma, þriggja til sex mánaða, er gert ráð fyrir að krónan haldi sig á svipuðu bili og verið hefur.

Steingrímur kynnti spá greiningardeildarinnar um gengi krónunnar á morgunverðarfundi bankans í gær. Hann kvaðst þó tæpast öfundsverður af hlutverki sínu, enda ríkti alltaf mikil óvissa um gjaldeyrisspádóma. Hann benti á að hér hefðu átt sér stað vatnaskil á gjaldeyrismarkaði og innreið erlendra fjárfesta gerði að verkum að sjaldan eða aldrei hefðu fleiri verið að nota krónuna. „Að sama skapi hafa gengissveiflur aukist töluvert mikið," bætir hann við.

Töluvert fleiri þættir eru enda farnir að hafa áhrif á gengið að sögn Steingríms. Þar vísar hann meðal annars til erlendra greininga og frétta af efnahagsmálum og þá hreyfist krónan orðið í takt við aðrar hávaxtamyntir og geti því orðið fyrir áhrifum. „Þannig getur söluþrýstingur í Brasilíu smitast hingað," segir hann og bætir við að eins séu í dæminu óræðari áhrif. - óká



**Á FUNDI KAUPÞINGS** Steingrímur Arnar Finnsson, sérfræðingur greiningardeildar Kaupþings, fjallar um horfur í gengi krónunnar. MARKAÐURINN/GVA

# Hagvöxtur verður meiri en ráðgert var

## Nýjar tölur um peningaflæði inn og út úr hagkerfinu benda til þess að hagvöxtur verði meiri en áður hafði verið spáð. Vaxandi ójafnvægi er sagt hafa einkennt nýliðið ár.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Hagvöxtur verður 2,2 prósent í ár, en ekki eitt prósent, samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem kynnt var í gær. Þá er í spánni gert ráð fyrir að hagvöxtur á nýliðnu ári verði heldur minni en áður var gert ráð fyrir, 2,5 prósent í stað fjögurra. Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu ráðuneytisins, kynnti nýja spá en í henni hefur verið tekið tillit til framvindu efnahagsmála frá því síðasta spá var gefin út í október og til breyttra forsenda.

Þjóðhagsreikningar Hagstofunnar fyrir þrjá fyrstu fjórðunga síðasta árs eru sagðir veita mikilvægar vísbendingar um framvinduna, en í spánni er efnahagsþróunin á nýliðnu ári sögð hafa einkennst öðru fremur af vaxandi ójafnvægi sem birtist í vaxandi viðskiptahalla við útlönd, aukinni verðbólgu á miðju ári og sveiflum í gengi krónunnar. Þorsteinn segir breytingar að stórum hluta til komnar vegna nýrra hagtalna um jöfnuð þáttatekna. „Þær hafa að gera með flæði peninga inn og út úr hagkerfinu og ekki auðvelt að spá fyrir um slíkar stærðir," segir hann.

Á þessu ári er gert ráð fyrir miklum samdrætti í fjárfestingu við lok núverandi stóriðjuframkvæmda og nokkrum samdrætti einkaneyslu vegna veikingar á gengi krónunnar og auknu aðhaldi í efnahagsstjórn. Vegna áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum er spáð 3,1% hagvexti árið 2008.

Greiningardeild Kaupþings birti í gær hagvaxtarspá þar sem gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði rúmu prósenti meiri en í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Munur liggur í að ráðuneytið tekur ekki með í reikninginn áhrif af mögulegri stækkun álversins í Straumsvík, líkt og bankinn, enda enn óvíst að af henni verði. „Við höfum það sem vinnureglu að taka þessa hluti ekki inn fyrr en




**ÞORSTEINN ÞORGEIRSSON** Í kynningu Þorsteins, sem er skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, á endurskoðaðri þjóðhagsspá í gær kom fram að gert væri ráð fyrir að viðskiptahalli við útlönd næmi á árinu 14,5 prósentum af landsframleiðslu, sem er heldur meira en fyrri spá gerði ráð fyrir. MARKAÐURINN/GVA

þeir hafa verið ákveðnir," segir Þorsteinn og kveður stóriðju því einn af óvissuþáttunum í spánni. Sömuleiðis segir hann óvissu um þróun mála á fjármálamarkaði þar sem landið sé orðið næmara fyrir breytingum, auk þess sem óvissa sé um gengi krónunnar bæði tengt útgáfu erlendra skuldabréfa í krónum, svokallaðra jöklabréfa, á fyrri hluta árs og innlausnar jöklabréfa á seinni hluta ársins. Í spánni segir að búist sé við meiri viðskiptahalla en áður hafi verið gert ráð fyrir og það þrýsti á gengi krónunnar. Á þessu ári er því gert ráð fyrir að gengisvísitalan verði að meðaltali 129 stig í stað 126 og 130 stiga á næsta ári.

Þorsteinn segir ráð fyrir því gert að hagkerfið sé að komast í meira jafnvægi og að verðbólga verði komin á markmið Seðlabankans á síðari hluta ársins, en verði um 2,3 prósent á næsta ári.

LÍTUR VEL ÚT
Santa Fe
BÍLL ÁRSINS 2007
Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga
Hyundai kynnir nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið.
**Verð frá kr. 3.740.000**
Hlaðinn staðalbúnaði
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.
Með bílinn handa þér
HYUNDAI hefur gæðin
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

120 1886 2006

# Frábær ávöxtun ársins 2006

**Ert þú örugglega að fá bestu ávöxtunina?**

Við bjóðum þér öfluga þjónustu og faglega ráðgjöf. Hafðu samband í síma 410 4000 eða kynntu þér ávöxtunarleiðir okkar nánar á landsbanki.is.

## Ávöxtun sjóða

| Peningamarkaðssjóðir | |
|---|---|
| Peningabréf++ | 12,5% |

| Íslensk skuldabréf – skammtíma | |
|---|---|
| Reiðubréf+ | 8,9% |
| Markaðsbréf 1+ | 8,5% |
| Fyrirtækjabréf++ | 5,8% |

| Íslensk skuldabréf – meðallöng | |
|---|---|
| Markaðsbréf 2+ | 11,3% |
| Sparibréf+ | 8,0% |

| Íslensk skuldabréf – löng | |
|---|---|
| Markaðsbréf 4+ | 9,2% |
| Markaðsbréf 3+ | 7,7% |
| Skuldabréfasjóður+ | 7,0% |

| Blandaðir sjóðir | |
|---|---|
| Safnbréf innlend/erlend++ | 16,8% |
| Safnbréf hlutabréf/skuldabréf++ | 9,9% |

| Íslensk hlutabréf | |
|---|---|
| Úrvalsbréf++ | 18,7% |
| Vísitölubréf+ | 16,8% |

| Alþjóðleg hlutabréf – global | |
|---|---|
| Landsbanki Global Equity Fund+ | 33,3% |
| Landsbanki Global Opportunity Fund++ | 32,3% |

| Alþjóðleg skuldabréf | |
|---|---|
| Landsbanki Diversified Yield Fund**++ | 14,8% |

| Alþjóðlegir peningamarkaðssjóðir | |
|---|---|
| Peningabréf USD*++ | 5,6% |
| Peningabréf GBP*++ | 5,5% |
| Peningabréf EUR*++ | 3,5% |

## Ávöxtun lífeyrissparnaðar

| Ávöxtunarleiðir | |
|---|---|
| Líf 1 – Íslenski lífeyrissjóðurinn**** | 20,3% |
| Líf 2 – Íslenski lífeyrissjóðurinn**** | 19,2% |
| Líf 3 – Íslenski lífeyrissjóðurinn**** | 14,3% |
| Líf 4 – Lífeyrisbók, verðtryggð | 11,8% |
| Líf 4 – Lífeyrisbók, óverðtryggð | 11,3% |
| Samtryggingardeild**** | 18,9% |
| Fjárvörslureikningur**** | 33,3% |

## Ávöxtun sparireikninga

| Nafnávöxtun óverðtryggðra sparireikninga | |
|---|---|
| Kjörbók 2. þrep | 9,2% |
| Vaxtareikningur 1. þrep | 10,1% |
| Vaxtareikningur 2. þrep | 10,6% |
| Vaxtareikningur 3. þrep | 11,1% |
| Vaxtareikningur 4. þrep*** | 12,9% |
| Vaxtareikn. Varðan 60 1. þrep | 11,1% |
| Vaxtareikn. Varðan 60 2. þrep*** | 12,9% |

| Nafnávöxtun verðtryggðra sparireikninga | |
|---|---|
| Landsbók 36 mánaða binding | 10,8% |
| Landsbók 60 mánaða binding | 11,1% |
| Orlofsreikningar | 11,7% |
| Grunnur | 11,2% |
| Framtíðargrunnur | 11,8% |

| | |
|---|---|
| Þar af breyting vísitölu neysluverðs 2006 | 7,0% |

## Ávöxtun gjaldeyrisreikninga

| Nafnávöxtun gjaldeyrisreikninga***** | |
|---|---|
| GBP | 34,6% |
| EUR | 28,8% |
| USD | 18,1% |
| CHF | 23% |
| JPY | 12,5% |

Landsbankinn

* Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 28. mars 2006.

** Ávöxtun á ársgrundvelli frá stofnun sjóðsins 25. október 2006.

*** Frá stofnun 11. júlí 2006.

**** Óendurskoðaðar tölur.

***** Bundnir í 6 mánuði.

+ Verðbréfasjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

++ Fjárfestingasjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

**HUGTAK VIKUNNAR**

**VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA** er viðurkennd mælieining um efnahag ríkja en hún tekur til verðmætis allra vara og þjónustu sem þjóðin framleiðir. Svo er til hrein þjóðarframleiðsla, en þá er búið að reikna afskriftir inn í dæmið og draga frá.

Svipað hugtak er verg landsframleiðsla, sem nær yfir verðmæti allra vara og allrar þjónustu sem framleidd er í landinu á einu almanaksári. Vergar þjóðartekjur eru svo allar tekjur þjóðarinnar á tímabilinu.

Vergur er gamalt íslenskt orð sem áður þýddi óhreinn eða mengaður. Núna er orðið notað sem þýðing á dönskuslettunni „brúttó“ eða enska orðinu „gross“.

# Eigið fé banka á leið úr krónunni

Greiningardeild Landsbankans býst við því að ört vaxandi gjaldeyrisforði bankanna bendi til þess að einn eða fleiri íhugi að færa eigið fé yfir í erlenda mynt.

Á morgunverðarfundi Landsbankans nýverið benti Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Landsbankanum, á að krónan væri flokkuð sem hávaxta- og áhættumynt í stað þess að vera í hópi mynta lítilla og opinna hátekjulanda þar sem hún ætti að vera.

„Gagnvart fyrirtækjunum, og bönkunum sérstaklega, snýst vandamálið fyrst og fremst um það að komast upp í úrvalsdeild í gjaldeyrismálum. Þangað héldum við að við værum að stefna fyrir nokkrum árum þegar við tókum upp núverandi fyrirkomulag í gengismálum.“ Að mati Björns Rúnars hafa bankarnir ekki tíma til þess að bíða eftir því að krónan komist upp í efstu deild. Það gæti gerst með ábyrgri hagsstjórn en óvíst er um þann tíma sem það ferli getur tekið.

Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir að vaxtalækkunarferli Seðlabanks hefjist síðar en hún reiknaði með. Bankinn spáir því að Seðlabankinn haldi stýrivöxtum óbreyttum í 14,25 prósentum á næstu tveimur vaxtaákvörðunardögum en lækki þá um 0,25 prósentur í júlí. Eftir það lækki vextir hratt og verði komnir niður í ellefu prósent um áramót.

Þá spáir Landsbankinn að verðbólga verði lág, um 1,8 prósent, á árinu. Verðbólga lækkar hratt á næstu mánuðum þegar áhrif af lækkun virðisaukaskatts af matvælum koma til kastanna.

Krónan mun sveiflast töluvert við núverandi gengisvísitölu, í 126 stigum, sem jafnframt er núverandi jafnvægisgildi krónunnar að mati Landsbankans. Þegar líða tekur á árið reiknar bankinn með styrkingu krónunnar í átt að vísitölugildinu 120 um áramótin. **- eþa**

# Laxaverð kjurrt

Verð á laxi breyttist ekkert á erlendum mörkuðum í síðustu viku, að því er norska hagstofan greindi frá í gærmorgun.

Greiningardeild Glitnis bendir á að kílóverðið hafi lækkað hratt, eða um 34 prósent frá júlí og fram á haust, en sveiflast til um þrjár norskar krónur upp frá því og farið frá 26 norskum krónum á kíló eða 287 íslenskum krónum upp í 29 norskar krónur eða allt upp í 320 krónur. Ástæðurnar má finna að nokkru leyti í því að meðalverð á kíló stóð í hámarki í júní eða í um 43,1 norskri krónu á kíló en það jafngildir tæpum 476 krónum á kíló. **- jab**

# Með 440 milljarða getu til fjárfestinga

## Þrettán félög líkleg til nýrrar útrásar árið 2007.

Greiningardeild Landsbankans áætlar að fjárfestingargeta fjármálafyrirtækja og fjárfestingarfélaga nemi samanlagt um 440 milljörðum króna um þessar mundir. Þetta samsvarar 46 prósentum af landsframleiðslunni. Fjárfestingarfélögin Exista, FL Group og Atorka Group geta ráðist í ný verkefni fyrir um 240 milljarða króna, þar af hefur FL Group burði til þess að leggjast í 150 milljarða króna verkefni. Allt eru þetta félög með um 50 prósenta eiginfjárhlutfall.

Greiningardeildin áætlar að eigið fé bankanna, sem hægt væri að nota til útrásar án þess að það kæmi niður á innri vexti þeirra, sé á bilinu 20-80 milljarðar króna. Það gefur þeim með gírun samtals tvö hundruð milljarða í fjárfestingagetu.

Landsbankinn reiknar með að bankarnir vilji yfirtaka innlánsstofnanir eða fjármálafyrirtæki sem eru með „sjálfstæða“ fjármögnun. Í þessu sambandi sótti Kaupþing nýtt hlutafé fyrir um 55 milljarða í október síðastliðnum.

Þá býst Landsbankinn við áframhaldandi útrás Kauphallarfélaga í kjölfar mikils ytri vaxtar á síðustu árum með yfirtökum og sameiningum. Að mati bankans eru þrettán af nítján félögum mjög líklegt til erlendra fyrirtækjakaupa á þessu ári, einkum í Evrópu og Asíu. „Mörg íslensku félögin eru orðin áberandi á sínum markaði og eiga því erfiðara en áður með að finna góð kauptækifæri,“ segja sérfræðingar bankans. Því er líklegt að erlend fyrirtækjakaup færi hluthöfunum ekki jafn mikinn ávinning og oft áður. **- eþa**

# Kortavelta eykst

Kreditkortavelta í desember í fyrra nam 21,1 milljarði króna en það er 24 prósenta meiri velta en frá sama mánuði ári fyrr og jafngildir sextán prósenta raunaukningu, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands. Erlend greiðslukortanotkun jókst mun meira, sé tekið tillit til veikingar krónunnar á milli ára.

Greiningardeild Glitnis segir í Morgunkorni sínu í gær að þessar tölur bendi til að litlu hafi verið til sparað um síðustu jól. Reyndar er bent á að neysla landans yfir jólahátíðina liggi ekki ljós fyrir fyrr en janúarreikningurinn skilar sér í hús.

Erlend greiðslukortavelta jókst hins vegar meira eða um 29,4 prósent samanborið við 23 prósenta aukna veltu innanlands.

Greiningardeild Glitnis bendir á að gengi krónunnar hafi veikst um rúm tíu prósent á milli ára og því sé erlend greiðslukortanotkun enn meiri á föstu gengi, eða rúmlega 44 prósent. Veikingin nægði þrátt fyrir það ekki til að slá á erlenda neyslu landans. Engu að síður megi búast við að eitthvað dragi úr vexti kreditkortaveltu erlendis á þessu ári **- jab**

# Almenningur kyndir undir með neyslugleði

## Í nýrri hagspá greiningardeildar Kaupþings er spáð 3,4 prósenta hagvexti á þessu ári. Í haust var spáð 0,2 prósentum. Lengra er í lendingu eftir þenslutímabil en áður var talið.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Í stað 0,2 prósenta hagvaxtar á þessu ári spáir greiningardeild Kaupþings því nú að hann verði 3,4 prósent. Hætta er sögð á að efnahagslífið nái ekki að lenda eftir háflug síðustu missera og þensla og verðbólguþrýstingur verði viðvarandi.

Í greiningu sem bankinn kynnti í gær á morgunverðarfundi segir að horfurnar geti ekki talist góðar fréttir fyrir heimili landsins, sem muni horfa á eftir stórum hluta kaupmáttaraukningar sinnar í verðbætur og vaxtagjöld. „Ennfremur veikir þetta samkeppnisstöðu atvinnulífs hérlendis sem þarf að bera hækkun fjármagns- og launakostnaðar en sú staða getur leitt til töluverðra ruðningsáhrifa í hagkerfinu. Það gæti síðan í versta falli leitt til þess að aðlögunin verði fyrr eða síðar knúin í gegn utanfrá þegar erlenda fjármögnun brestur fyrir áframhaldandi viðskiptahalla við útlönd,“ segir í greiningunni og áréttað að þar með séu komnar forsendur fyrir annarri atburðarás í líkingu við þá sem átti sér stað með gengisfalli krónunnar síðasta vor.

Breytingin frá fyrri spám er töluverð og sögð ráðast að mestu af þremur ástæðum. „Í fyrsta lagi virðast landsmenn hafa endurheimt bjartsýni sína og neyslugleði sem þeir virtust hafa tapað í vor við gengisfall og neikvæða umræðu. Þetta sést af því að væntingavísitalan náði sögulegu hámarki í desember og jólavertíðin hjá kaupmönnum virðist hafa gengið einstaklega vel.“ Í öðru lagi segir bankinn nú ljóst að ríkisútgjöld hækki og skattar lækki meira en gert var ráð fyrir í október. Þar skipti mestu að lækkun tekju- og virðisaukaskatta muni hvetja einkaneyslu áfram á árinu. „Í þriðja lagi gerir Greiningardeild núna ráð fyrir því að nýr áfangi í stóriðjuframkvæmdum hefjist í Hafnarfirði með stækkun á álveri Alcans. Sá áfangi telur líklega eitthvað um 130 milljarða sem falla að vísu til á nokkrum árum.“ Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, sagði þegar hann kynnti skýrsluna að hvern þessara þátta mætti meta sem eitt prósent í auknum hagvexti. „Við gerum enn ráð fyrir að einkaneysla dragist saman, en mun minna en áður var gert ráð fyrir.“



**Á FUNDI UM EFNAHAGSHORFUR AÐ VETRI** Yfir 200 manns mættu á morgunverðarfund greiningardeildar Kaupþings um efnahagshorfurnar, krónuna og erlent vinnuafl í gær. MARKAÐURINN/GVA

Ásgeir segir ljóst að blikur séu á lofti hvað varði verðbólguna. Kaupmáttaraukningu í byrjun árs, sem meta megi á um fimm prósent, segir hann enda þrýsta á aukna verðbólgu. Hann segir matarskattslækkunina 1 mars líklega til að fela en ekki stöðva verðbólgu. Þannig telur greiningardeildin að verðbólga verði í kringum markmið Seðlabankans um mitt þetta ár en fari svo á kreik á ný undir lok árs 2007. Greiningardeildin segir að krónan verði veik fyrir en hviki þó tæpast langt frá raungildi sínu í kringum 130 stig.

Nokkrir óvissuþættir eru hins vegar sagðir í spánni, svo sem spenna á á vinnumarkaði, óvissa um hvort lækkun matarskattsins skili sér beint inn í verðlag og um gengi krónunnar, en ójafnvægið í hagkerfinu gæti leitt til snarprar dýfu á spátímabilinu sem myndi skila sér í verðbólguskoti líkt og í byrjun síðasta árs.




# Lada
## eða Hummer?

*„Lýsing hefur alla tíð haft fulla trú á okkar hugmyndum og viðskipti okkar hafa einkennst af trausti. Við erum mjög ánægð með okkar ráðgjafa en Lýsingu helst vel á starfsfólki og þannig skapast stöðugleiki í samskiptum. Það er svo gott að vita að hverju maður gengur.“*

**Garðar K. Vilhjálmsson framkvæmdastjóri, Bílaleigan Geysir**





Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

# Forstjóraskipti hjá BP

Browne lávarður, forstjóri breska olíufélagsins BP, ætlar að láta af störfum í lok júlí á þessu ári. Ákvörðunin kemur nokkuð á óvart enda var gert ráð fyrir að Browne myndi ekki láta af störfum fyrr en undir lok næsta árs.



**BROWNE LÁVARÐUR** Forstjóri BP ætlar að láta af störfum í sumar. MARKAÐURINN/AFP

Browne kom til starfa hjá BP árið 1966 og hefur síðastliðin tólf ár vermt forstjórastól fyrirtækisins. Síðastliðin tvö ár hafa verið fyrirtækinu erfið en sprenging varð í olíuhreinsunarstöð fyrirtækisins í Houston í Texas í mars fyrir tveimur árum, með þeim afleiðingum að fimmtán létust og 180 slösuðust auk þess sem tæring reyndist í leiðslum fyrirtækisins í Prudhoe-flóa í Alaska. Neyddist BP til að draga úr olíuframleiðslu sinni í Alaska um helming vegna þessa. Browne hefur engu að síður verið lýst sem einum besta kaupsýslumanni sinnar kynslóðar enda hefur markaðsvirði BP fimmfaldast undir hans stjórn. - jab

# Airbus tapar sneið af flugmarkaðnum

Flugfélög keyptu færri flugvélar hjá evrópska flugvélaframleiðandanum Airbus í fyrra en árið á undan. Upplýsingar um heildarmagn keyptra véla hjá fyrirtækinu verða ekki birtar fyrr en í dag en breska blaðið Financial Times segist hafa heimildir fyrir því að Airbus hafi selt 800 flugvélar af öllum gerðum á síðasta ári samanborið við 1.055 flugvélar árið 2005.



**MÓDEL AF AIRBUS-VÉLUM** Færri pöntuðu farþegaþotur frá Airbus í fyrra en árið á undan, sem þýðir að Boeing hefur náð toppsætinu sem umsvifamesti flugvélaframleiðandi í heimi. MARKAÐURINN/AFP

Það er engu logið um að síðasta ár var einkum erfitt fyrir Airbus, sem berst við að setja á markað A380 risaþotuna, stærstu farþegaflugvél í heimi. Gengi hlutabréfa í EADS, móðurfélagi Airbus, féll nokkrum sinnum á árinu eftir að greint var frá því í tvígang að tafir yrðu á afhendingu vélanna, sem nú þegar er tveimur árum á eftir áætlun.

Afleiðingarnar eru helstar þær að heldur hefur saxast á markaðshlutdeild Airbus á flugvélamarkaðnum. Árið 2005 hafði fyrirtækið um 52 prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu. Séu upplýsingar Financial Times réttar missir Airbus allt upp undir níu prósentustiga sneið af markaðskökunni til annarra flugvélaframleiðenda, þar á meðal Boeing, sem tekið hefur framúr fyrirtækinu sem umsvifamesti flugvélaframleiðandi í heimi. - jab

# Fjórðungur seldur í kauphöll Indlands

Kauphöllin í New York í Bandaríkjunum (NYSE) hefur ásamt þremur öðrum fjárfestahópum keypt tuttugu prósenta hlut í kauphöll Indlands. Kaupverðið nemur 115 milljónum Bandaríkjadala, eða rúmum 8,3 milljörðum íslenskra króna, sem greiddar eru í reiðufé. Hlutur hvers í indversku kauphöllinni nemur fimm prósentum en lög á Indlandi banna erlendum fjárfestum að eiga meira í þarlendum fjármálastofnunum.



**MIÐLARAR Í KAUPHÖLL INDLANDS** Fjórir erlendir fjárfestahópar hafa keypt 20 prósenta hlut í indversku kauphöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fréttaveita Reuters hefur eftir indverskum fjölmiðlum að þetta séu ekki einu kaupin á Indlandi því NYSE og bandaríski hlutabréfamarkaðurinn Nasdaq eru sagðir hafa hug á að ná í hluti í kauphöllinni í Bombay.

Kauphöllin þar í borg er ein sú elsta í Asíu og er uppi orðrómur um að rétt rúmur fjórðungur bréfa hennar verði skráður í nokkrum kauphöllum, þar á meðal í kauphöllinni í Sjanghæ og Lundúnum.

Rai Narain, forstjóri indversku kauphallarinnar, segir kaupin vera í samræmi við samruna kauphalla víða um heim auk þess sem þau komi indverskum félögum vel sem hafi leitað út fyrir landsteina með starfsemi sína.

Búist er við að kaupunum ljúki á fyrri hluta þessa árs, eftir að fjármálayfirvöld á Indlandi hafa gefið samþykki sitt fyrir þeim. - jab

# Kína veltir Japan úr sessi

Kína hefur haft sætaskipti við Japan sem næststærsti markaður heims fyrir sölu á nýjum bílum. Bandaríkin tróna líkt og fyrri ár í toppsætinu en ef fram heldur sem horfir taka Kínverjar toppsætið yfir á innan við tíu árum.



**ROLLS Í KÍNA** Mikill hagvöxtur í Kína síðastliðin ár hefur valdið því að æ fleiri Kínverjar taka ökupróf. Margir festa kaup á eðalvögnum á borð við Rolls-Royce. MARKAÐURINN/AFP

Breska ríkisútvarpið hefur eftir upplýsingum frá samtökum bílaframleiðenda í Kína að 5,18 milljónir fólksbíla hafi selst í Kína á síðasta ári, sem jafngildir þrjátíu prósenta aukningu á milli ára.

Hagvöxtur í Kína hefur verið mjög mikill og hefur hann skilað sér í því að mun fleiri taka bílpróf og kaupa sér bíla nú en áður. Kínverjar kaupa heldur ekki hvaða bíl sem er því lúxuskerrur á borð við Rolls-Royce hafa rokið út en sala á eðalvögnunum jókst um heil sextíu prósent í Kína á síðasta ári. - jab

# Óvænt stýrivaxtahækkun í Bretlandi

## Stýrivaxtahækkun í Bretlandi kom greinendum á óvart. Fleiri seðlabankar gætu fylgt fordæminu.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Englandsbanki kom á óvart í síðustu viku með 25 punkta stýrivaxtahækkun. Stýrivextir í Bretlandi standa nú í 5,25 prósentum og hafa ekki verið hærri síðan í ágúst árið 2001.

Greinendur töldu flestir líkur á óbreyttum vöxtum þrátt fyrir að oftsinnis hafi verið þrýst á stýrivaxtahækkun á síðasta ári og bjuggust ekki við hækkun fyrr en í besta falli í febrúar.

Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað í ágúst á síðasta ári að halda stýrivöxtum óbreyttum eftir samfellt hækkanaferli í tvö ár á meðan evrópski seðlabankinn ákvað að halda vöxtunum óbreyttum að sinni. Bandarískir og evrópskir fjölmiðlar segja stýrivaxtahækkun Englandsbanka geta leitt til þess að bankastjórnir beggja banka fylgi fordæminu og hækki vexti sína á næstu mánuðum.



**BANKASTJÓRINN OG RÁÐHERRANN** Englandsbanki kom á óvart í síðustu viku þegar hann hækkaði stýrivexti. Líklegt þykir að fleiri seðlabankar fylgi fordæminu. MARKAÐURINN/AFP

Ekki liggur fyrir hvort einhugur hafi verið innan peningamálanefndar Englandsbanka um stýrivaxtahækkunina. Óeining var innan nefndarinnar á síðasta ári þrátt fyrir hækkanir í tvígang. Tveir af níu nefndarmönnum kröfðust hækkunar en fengu ósk sína ekki uppfyllta.

Í rökstuðningi peningamálanefndar bankans fyrir hækkuninni nú kemur meðal annars fram að hækkunin hafi verið nauðsynleg í ljósi þess að verðbólga sé að fara í 2,7 prósent, sem er mesta verðbólga sem mælst hefur í landinu síðastliðin tíu ár.

En það er ekki einasta að vaxtahækkunin komi greinendum á óvart því fram til þessa hefur verið venja að bankinn ákveði stýrivaxtastig í kjölfar birtingar verðbólgutalna. Sú hefð var rofin í liðinni viku þar eð tölurnar hafa enn ekki verið birtar heldur byggt á bráðabirgðatölum Englandsbanka. Verðbólgan er hins vegar í samræmi við spár greinenda sem telja líkur á að verðbólga geti farið í allt að þrjú prósent á þessu ári, sem aftur þýði að minnsta kosti eina vaxtahækkun upp á fjórðung úr prósenti til viðbótar. Gangi spár þeirra eftir munu stýrivextir í Bretlandi standa í 5,5 prósentum við lok þessa árs.





Láttu Jón sjá um málið

Hjá Jónum Transport bjóðum við upp á alhliða þjónustu varðandi inn- og útflutning. Við komum sendingunum örugglega frá upphafsstað til endastöðvar, í sjó- eða flugfrakt, ásamt tilheyrandi pappírssvinnu. Þú bara hringir og Jón sér um málið.

Jónar Transport

NÁMSKEIÐIÐ

# STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnenda- og leiðtogaþjálfun sem tæplega þrjúhundruð stjórnendur hafa sótt á síðastliðnum sjö árum. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

**Námið skiptist í eftirfarandi hluta**

- Stjórnandinn og stjórnunarhæfileikar, stjórnendamat og sjálfsskoðun.
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
- Streitu- , álags- og tímastjórnun.
- Framkoma, tjáning og ræðumennska.
- Kúnstin að taka ákvörðun.
- Árangursríkt samstarf (hópstarf).
- Mannauðsstjórnun – að stjórna fólki.
- Skapandi hugsun.
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun.
- Stjórnun í alþjóðaumhverfi.
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

**Áherslur í þjálfun hjá CAPACENT**

- Þjálfunin sé hagnýt og taki mið af þeim aðstæðum sem þátttakendur þekkja.
- Þátttakendur fái þjálfun í þeim þáttum sem verið er að kenna.
- Efnistök séu í tengslum við íslenskan raunveruleika.

Námið hefst í Reykjavík 15. febrúar í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.

**Lengd:** 92 klst.
**Verð:** 300.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

**Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:**

- Yfirgripsmikil þekking, þjálfun og skilningur á stjórnun og hlutverki stjórnenda.
- Aukin hæfni þátttakenda við stjórnun fólks.
- Aukið öryggi þátttakenda um eigin stjórnunaraðferðir og framkomu.
- Aukinn skilningur þátttakenda á eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á fólk.
- Tengslanet við aðra stjórnendur.



capacent

# Nintendo sigurvegari

Margir velta því fyrir sér hvernig Sony muni reiða af í baráttu leikjatölvuframleiðendanna þriggja á árinu. Flestir eru þó sammála um að Sony hafi lotið í lægra haldi fyrir Nintendo, sem sló óvænt í gegn með nýrri leikjatölvu undir lok síðasta árs.

Nýjasta leikjatölva Sony, PlayStation 3, kom á markað í Japan í nóvember á síðasta ári, rúmum hálfum mánuði áður en Wii-tölvan frá Nintendo leit dagsins ljós. Sala Sony í Japan er hins vegar talsvert undir væntingum. Fyrirtækið áætlaði að selja allt að einni milljón leikjatölva frá útgáfudegi, 11. nóvember, til ársloka. Reyndin er hins vegar sú að salan nemur tæplega 467.000 leikjatölvum.

Nintendo hefur á sama tíma farið langt fram úr Sony og selt um tvöfalt fleiri leikjatölvur frá byrjun desember, þegar leikjatölvan kom út í Japan, til loka síðasta árs.



**WII-LEIKJATÖLVAN** Nintendo seldi langtum fleiri leikjatölvur en keppinautarnir á síðasta ári.

Microsoft rekur svo lestina á leikjatölvumarkaðnum þrátt fyrir að hafa náð umtalsverðu forskoti með því að setja Xbox 360-leikjatölvuna á markað í desember í hitteðfyrra. Fyrirtækið hefur fram til þessa selt tæpar 300.000 leikjatölvur og ljóst að það hefur ekki náð að nýta sprettinn eins vel og vonir stóðu til. - jab

# Apple kært fyrir nafnastuld

Það horfir ekki vænlega fyrir fyrsta iPhone-síma bandaríska tölvurisans Apple, sem kynnti þessa nýju gerð farsíma á ráðstefnu sinni í San Francisco á þriðjudag fyrir rúmri viku. Bandaríska tölvufyrirtækið Cisco hefur kært Apple á þeim forsendum að fyrirtækið eigi nafnið og hafi stolið vörumerkinu.

Stjórn Cisco virðist full alvara með kærunni þótt Apple hafi vísaði kærunni á bug og sagt hana fáránlega, enda hafi nafnið iPhone lengi verið notað yfir netsíma. Stjórn Cisco bendir hins vegar á að það hafi átt réttinn að vörumerkinu iPhone lengi og hafi fyrirtækið átt í samningaviðræðum við Apple um notkun nafnsins síðastliðin fimm ár.

Vörumerkið komst í eigu Cisco árið 2000 þegar það keypti tæknifyrirtækið Infogear Technology. Það fyrirtæki hafði hins vegar tryggt sér vörumerkið fjórum árum fyrr, árið 1996. Stjórn Apple mun fyrst hafa komið að máli við stjórn Cisco um kaup á nafninu iPhone árið 2001.

Talsmenn vörumerkjaskráninga og einkaleyfisskrifstofa vestanhafs segja að málsvörn Apple muni að öllum líkindum byggjast á því að fyrirtækinu takist að sanna að þótt iPhone hafi verið þekkt lengi og skráð vörumerki sé Apple fyrst fyrirtækja til að nota nafnið á farsíma. - jab



**IPHONE-FARSÍMINN** Bandaríska tæknifyrirtækið Cisco hefur kært tölvurisann Apple fyrir ólögmæta notkun á vörumerkinu iPhone. Markaðurinn/AFP

# Segir Dell vísvitandi hafa selt gallaðar fartölvur

Maður nokkur í Ontario í Kanada hefur höfðað mál á hendur bandaríska tölvuframleiðandanum Dell. Maðurinn, sem á Inspiron-fartölvu, segir fyrirtækið hafa vísvitandi selt fartölvur sem áttu á hættu að ofhitna með þeim afleiðingum að móðurborð nokkurra fartölva af allt að fimm gerðum Inspiron-tölva skemmdust.

Í málshöfðuninni kemur fram að Dell hefði átt að vita af gallanum en leitt hann hjá sér. Gallinn kom upp í fartölvunum skömmu eftir að ársábyrgð þeirra rann út, að því er fram kemur í málshöfðuninni.

Dell innkallaði rúmlega fjórar milljónir rafhlaðna í fartölvum fyrirtækisins í fyrra vegna galla í þeim sem varð til þess að þær ofhitnuðu og gat orðið til þess að eldur kviknaði í tölvunum. Ekki er hins vegar talið að eldur hafi komið upp í fartölvum Dell vegna ofhitnunarinnar nú.



**STOFNANDI DELL** Maður í Kanada segir bandaríska tölvuframleiðandann Dell hafa vísvitandi selt gallaðar fartölvur. Markaðurinn/AP

Japanski framleiðandinn Sony framleiddi rafhlöðurnar sem fylgdu fjölda fartölva frá þekktum framleiðendum og varð fyrirtækið að innkalla um tíu milljónir rafhlaðna um allan heim vegna þessa. Fyrirtækið varð fyrir miklum skakkaföllum vegna þessa og varð að skera hagnaðartölur sínar niður um helming vegna innköllunarinnar. - jab



**TVÆR MYNDIR AF DANTE** Fornleifafræðingar hafa gert tölvugerða mynd af ítalska skáldinu Dante. Niðurstöðurnar benda til að nef hans hafi verið ólíkt því sem sést á málverkum af skáldinu. MARKAÐURINN/AFP

# *Var stórskáld Ítala með arnarnef?*

## Tölvugerðar myndir af Dante sýna að hann var ólíkur því sem málverk af honum gefa til kynna.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Fornleifafræðingar á vegum Bolognaháskóla á Ítalíu eru þess fullvissir um að þeim hafi tekist að draga upp raunsanna tölvugerða mynd af ítalska stórskáldinu Durante Degli Alighieri, sem þekktastur er í daglegu tali innan heimsbókmenntanna sem Dante. Fjöldi málverka er til af skáldinu. Kosturinn við tölvugerðu myndina er sá að hún sýnir mun fríðari mann en þá sem sést á málverkunum, að nefinu undanskildu.

Það er hins vegar fjarri að Dante hafi verið með fríðustu mönnum, eins og tölvugerða myndin sýnir, að sögn sérfræðinganna sem studdust við höfuðkúpu Dantes, sem mæld var hátt og lágt þegar gröf skáldsins var opnuð á þriðja áratug síðustu aldar. Reyndar vantaði kjálkann, en tölva var notuð til að reikna út stærð hans og lögun.

Við mótun andlitsfalls Dantes var stuðst við nýjustu tækni í réttarmeinafræðum. Farið var eftir fræðunum í flestu en hrukkur kringum augu og munn eru byggðar á líkum. Niðurstaðan er sú, að stórskáld Ítala hafi verið meðalmaður í útliti en með fremur einkennilega lagað nef.

Dante lést árið 1321, skömmu eftir að meistaraverk hans, Hinn guðdómlegi gleðileikur, kom út. Hvorki fleiri né færri en þrjátíu svokallaðar hel- eða dauðagrímur voru gerðar af andliti hans að honum gengnum. Á þeim er nef hans beint. Tölvugerða myndin af skáldinu sýnir hins vegar að nefið hefur verið bogið og kræklótt, líkt og það hafi einhvern tíma fengið slæmt högg, að því er prófessor Giorgio Gruppioni, einn þeirra sem stóðu að rannsókninni, sagði í samtali við breska ríkisútvarpið. Að hans sögn bendir flest til að málarar, sem máluðu myndir af skáldinu hafi gert það löngu eftir dauða hans og lagað nefið til eftir hentugleika. Þá eru nokkrar dauðagrímur enn til sem Gruppioni telur að hafi verið gerðar eftir hans dag en þær sýna sömuleiðis að nef hans hafi verið fremur beint, ólíkt því sem fornleifafræðingarnir telja í dag.



**UNNIÐ VIÐ UPPGRÖFT** Fornleifafræðingar frá Bandaríkjunum og Rússlandi hafa fundið um 45 þúsund ára gamlar mannvistarleifar í Rússlandi. MARKAÐURINN/AFP

# Fyrstu Rússarnir komnir í leitirnar?

Fornleifafræðingar frá Bandaríkjunum og Rússlandi hafa fundið elstu vísbendingar um veru manna í Evrópu í Rússlandi. Mannvistarleifarnar, sem eru frá steinöld og talið er að séu um 45 þúsund ára gamlar, fundust við bæinn Kostenki um fjögur hundruð kílómetrum suður af Moskvu. Undrun sætir hversu austarlega í álfunni mannvistarleifarnar fundust.

Á meðal þess sem fannst voru útskorin fílabein og gildrur, sem virðast hafa verið notaðar til að fanga lítil dýr á borð við héra og kanínur.

Fundurinn þykir sýna að fyrstu íbúar Evrópu hafi komið frá Afríku fyrir um 42 þúsund til 45 þúsund árum, sem er um fimm þúsund árum fyrr en fram til þessa hefur verið talið.

Ekki liggur fyrir um ástæðu þess að frummennirnir yfirgáfu Afríku og fóru til kaldari staðar þar sem loftið var þurrara en suðurfrá. Líkur virðast benda til að mennirnir sem fóru austur eftir hafi ekki verið af ætt Neanderdalsmanna, sem dreifðu úr sér í Evrópu um svipað leyti. Megi því gera ráð fyrir að Neanderdalsmenn hafi verið í minnihluta eða alls ekki þar sem nú er Rússland og því hafi þessi tiltekni hópur frummanna ákveðið að byggja sér dvalarstað þar þrátt fyrir að hafa ekki verið búnir til dvalar í köldu landi. - jab

# Við stöndum við gefin loforð



## Hvað getum við gert fyrir þig?

**Samanlagt búum við yfir áratugareynslu í þjónustu og sölu á skrifstofu- og tölvurekstrarvörum. Þú getur treyst því að við leysum öll mál fljótt og örugglega. Viðskiptavinir okkar vita að þjónustan okkar er framúrskarandi því við stöndum við gefin loforð.**

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

**Sími 515 5100 • Fax 515 5101 • Grænt númer 800 5150 • www.oddi.is • sala@oddi.is • Opið virka daga 8 - 17**

# Vöxtur Gnúps liggur í fjármálageiranum

**Þórður Már Jóhannesson** telur að fjármálageirinn sé að verða leiðandi atvinnugrein í landinu, þar sem saman spili þekking og fjármagn. Hann fer fyrir Gnúpi, sem er með tugmilljarða fjárfestingagetu og ætlar meðal annars að láta til sína taka í fjárfestingum í fjármálageiranum. Í samtali við *Eggert Þór Aðalsteinsson* segir hann sæg af tækifærum liggja þar ónýttan en huga verði líka að samkeppnisumhverfi fjármálafyrirtækja.

Gnúpur fjárfestingarfélag tók til starfa á haustdögum og opnaði skrifstofu í Kauphallarhúsinu við Laugaveg. Þórður Már Jóhannesson, fyrrverandi forstjóri Straums-Burðaráss, fer fyrir fjögurra manna starfsliði Gnúps en með honum starfa jafnframt tveir fyrrum lykilstarfsmenn Straums. Bakhjarlar Gnúps eru að hluta til sömu kjölfestuhluthafar og stóðu að Straumi fyrir samrunann við Burðarás, þeir Magnús Kristinsson og Kristinn Björnsson. Þórður Már á um sjö prósenta hlut í félaginu en þeir Kristinn og fjölskylda hans, og Magnús Kristinsson eiga Gnúp að jöfnu að öðru leyti en þeir lögðu inn í félagið eignarhluti sína í FL Group og Kaupþingi sem þeir fengu í skiptum fyrir Straumsbréf um mitt síðastliðið ár.



**ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRFESTINGARFÉLAGSINS GNÚPS** Stefna Gnúps er að taka þátt í þeim fjárfestingum sem eru arðbærastar hverju sinni. „Það er hins vegar ekkert launungarmál að við horfum á fjármálageirann sem lykilatvinnugrein. Þar verður vöxturinn og mestu tækifærin að mínu mati á næstu misserum og árum. Þá á ég bæði við hér heima og erlendis.“ MARKAÐURINN/ANTON BRINK

### FJÁRMÁLAGEIRINN LYKILGEIRI

Þórður Már segir að hugmyndin að stofnun Gnúps hafi byggst á því að nýta sérþekkingu og reynslu af fjármálamarkaði og þann fjárhagslega styrk sem var til staðar til frekari sóknar og landvinninga. Auk þess hafi verið horft til erlendra fyrirmynda við undirbúning að stofnun félagsins og áframhaldandi þróun þess. Félagið mun fjárfesta í skráðum og óskráðum fyrirtækjum bæði hér heima og erlendis. „Stefna okkar er að taka þátt í þeim fjárfestingum sem við teljum arðbærastar hverju sinni en við erum ekki að sérhæfa okkur í fjárfestingum í einni atvinnugrein umfram aðra. Það er hins vegar ekkert launungarmál að við horfum á fjármálageirann sem lykilatvinnugrein. Þar verður vöxturinn og mestu tækifærin að mínu mati á næstu misserum og árum. Þá á ég bæði við hér heima og erlendis.“

Hann segir að innan Gnúps séu til skoðunar fjölmörg fjárfestingartækifæri. „Ég er ekki kominn til þess að sitja auðum höndum við mótun þessa fyrirtækis en best er að láta verkin tala.“

Í stjórnartíð Þórðar Más margfaldaðist Straumur að stærð og hagnaðist verulega á kaupum og sölu hlutabréfa í mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins, svo sem Eimskipi, Flugleiðum, Olíufélaginu Esso og síðast en ekki síst í Íslandsbanka, nú Glitni.

### FLJÚGANDI START

Fjármálaumhverfið hefur breyst mjög frá aldarbyrjun. Gnúpur kemur inn í mun mótaðra umhverfi en þá var til staðar, auk þess sem fjárhagslegur styrkur þess er mikill. Á þessari stundu eru hvorki uppi áform um að breyta Gnúpi úr fjárfestingarfélagi í fjárfestingabanka né skrá félagið á markað. „Það eru bæði kostir og gallar fyrir Gnúp að vera óskráð félag. Þú færð aukið svigrúm til að sinna fjárfestingum og uppbyggingu félagsins. Þetta form hentar okkur vel eins og staðan er í dag, að vinna hlutina í fjarlægð frá skráðum markaði.“

Það er ekki ofsögum sagt að Gnúpur fari vel af stað en stærstu eignir félagsins hafa hækkað mikið í verði. Sú stærsta liggur í 17,2 prósenta eignarhlut í FL Group sem metinn er á 37-38 milljarða króna. Gnúpur fór inn í FL á genginu 23 krónur á hlut en það stendur nú í 28. Það sama hefur verið uppi á teningnum með hlutabréfin í Kaupþingi, sem hefur tekið stökk upp á við á liðnum vikum.

Þórður segir að forsvarsmenn Gnúps ætli ekki að gefa upp fjárhagslegan styrk félagsins og fjárfestingargetu. Það hefur þó verið áætlað að eigið fé slagi hátt í 35 milljarða króna, sem er svipuð stærð og eigið fé Straums fyrir samrunann við Burðarás í ágúst 2005. Ætla má að fjárfestingargeta félagsins sé þar af leiðandi á bilinu 70-100 milljarðar króna. Arðsemismarkmið liggja yfir þeim markmiðum sem bankarnir hafa sett sér um árlegan vöxt.

### FL ER KJARNAEIGN

Gnúpur lítur á sig sem áhrifafjárfesti í skilgreindum kjarnaverkefnum en eignarhluti félagsins í FL Group er dæmi um slíka fjárfestingu. Þar vill félagið hafa áhrif og koma að uppbyggingu FL, sem er að mati Þórðar Más gríðarlega spennandi fjárfesting og félag í mikilli sókn og uppbyggingu. Sú fjárfesting fellur vel að stefnu Gnúps, enda er FL áhrifamikill fjárfestir í fjármálafyrirtækjum og er til að mynda stærsti hluthafinn í Glitni. „Það má segja það sama um FL eins og sagt var um Straum að þar hefur verið unnið vel í uppbyggingu á efnahagsreikningi félagsins og teknar hafa verið út rekstrartengdar eignir. Efnahagur FL er því mjög góður og eiginfjárstaðan sterk. Staðan er orðin það sterk hjá félaginu að það getur ráðist í stærri verkefni en við höfum séð hér áður hjá sambærilegum fyrirtækjum,“ segir Þórður og bendir þar á nýlega fjárfestingu FL í AMR Corporation í Bandaríkjunum, sem er markaður sem Íslendingar hafa lítið kannað.

Þá er horft til fjárfestinga í skráðum og óskráðum fyrirtækjum erlendis. Þar beinast augu manna að fjármálageiranum og fasteignatengdum verkefnum. „Varðandi fjárfestingar okkar erlendis munum við fyrst um sinn leitast eftir því að vera meðfjárfestar í verkefnum erlendis og flest þau tækifæri sem við höfum til skoðunar þessa dagana liggja utan landsteinanna.“ Forsvarsmenn Gnúps sjá því ekki fyrir sér auknar skammtímafjárfestingar á innlendum markaði að svo stöddu. Hár fjármagnskostnaður hefur þar sitt að segja og því er áhugaverðara að fjárfesta erlendis við eðlilegt vaxtaumhverfi. Þórður Már telur það engum vafa undirorpið að haldist vextir þetta háir áfram muni það á endanum hafa áhrif á hlutabréfamarkaðinn. „Það er þó ótrúlegt að sjá hve lítil áhrif þetta háir stýrivextir hafa haft á hlutabréfamarkaðinn. Kannski segir það til um að markaðurinn hér eigi eftir að taka út frekari þroska og dýpt en einnig hvað sum skráð fyrirtæki eru með alþjóðlega starfsemi þannig að hækkun vaxta hér hefur lítil eða minni áhrif á þau.“

### UPPSTOKKUN FJÁRMÁLAKERFISINS

Þórður kemur aftur inn á fjármálageirann, sem hann segir að sé orðinn leiðandi atvinnugrein í landinu. „Þetta er þekkingariðnaður þar sem samspil þekkingar og fjármagns ræður ferðinni. Samspil þetta býr til og framkallar verðmæti. Við sjáum þess mörg dæmi hérlendis og má nefna fyrirtæki eins og Kaupþing, sem hefur verið mjög framsækið og kraftmikið og aukið verðmæti hluthafa og starfsmanna, sem síðan hefur skilað ríkulegum arði til samfélagsins.“

Enn eru óunnin mið að mati Þórðar, sem er þess fullviss að árið 2007 verði tíðindamikið á innlendum fjármálamarkaði. „Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að það séu enn tækifæri til hagræðingar og það muni eiga sér stað enn frekari uppstokkun í fjármálakerfinu á Íslandi. Við munum sjá sum fyrirtæki fara í kaup erlendis og einhver fyrirtæki renna saman, við munum klárlega sjá hagræðingu og samþjöppun í umhverfi sparisjóðanna og jafnvel sjá aukna þátttöku erlendra fjárfesta í innlendum fjármálafyrirtækjum. Hugsanlegt er að í nánni framtíð verði fjármálastofnun hérlendis sameinuð eða yfirtekin af erlendum samkeppnisaðila. Það er nauðsynlegt að ráðandi hluthafar fjármálafyrirtækja finni leiðir til þess að auka breidd í hluthafahópi með því að laða til sín erlenda fjárfesta en nýlegt útboð Kaupþings til erlendra fagfjárfesta er gott dæmi um þetta. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki og ráðandi hluthafar þeirra njóti sjánlegs trausts erlendra fjárfesta og að trúverðugleiki þeirra sé ótvíræður. Aukin þátttaka erlendra fjárfesta sem hluthafa í íslenskum fyrirtækjum mun auka trú á íslensku viðskipta- og athafnalífi og meðal annars geta aukið aðgengi að erlendu lánsfé.“

### STJÓRNMÁLAMENNIRNIR EIGA ORÐIÐ

Þórður leggur á það áherslu að umhverfi fjármálafyrirtækja þurfi að vera áhugavert og starfsskilyrði með þeim hætti að þau hafi áhuga að starfa hér á landi til frambúðar. Annars sé sú hætta fyrir hendi að þau skrái sig erlendis eða búi til erlend eignarhaldsfélög til þess að leita í hagstæðari skattaskjól, eins og þróunin er að verða með skráningu félaga í Hollandi. „Við ættum að skoða hvað ríkið er að fá í skatt af þessum fyrirtækjum, fyrir utan óbein áhrif, svo sem skattgreiðslur starfsfólks. Ríkið er margfalt búið að fá söluverð bankanna til baka í formi skattlagningar. Það gleymist oft í umræðunni.“

Stjórnvöld verða að huga að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og huga að því hvaða leiðir eru færir til að laða erlend fyrirtæki og fjárfesta til landsins, til dæmis fjármálafyrirtæki, í skjóli skatta eða ívilnana. „Þá verða menn augljóslega að huga að gjaldmiðlinum, sem verður einhver fjötur um fót.“

Þórði finnst að sú umræða sem hafi átt sér stað um evruna hafi verið í upphrópunarstíl og ekki einkennst af yfirvegun. „Umræða um upptöku evru verður að eiga sér fyrst stað á hinum pólitíska vettvangi. Síðan mun hún eiga sér stað á vettvangi viðskiptalífsins. Ég er ekki viss um að viðskiptalífið sé búið að hafna krónunni.“ Að mörgu þurfi að huga við breytingu á reikningsskilum. „Ætla menn að greiða laun og kostnað í evrum hérlendis?“ spyr Þórður og segir að þetta krefjist skýringa af fyrirtækjunum þegar þau séu að taka upp þessar breytingar.

**MARKAÐSVIRÐI STRAUMS Í ÁRSLOK UNDIR STJÓRN ÞÓRÐAR MÁS JÓHANNESSONAR**





ZEPTO the notebook company
ATH! – 48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN*
* Kreditkort óþörf. Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.
Gerðu verð- og gæðasamanburð áður en þú fjárfestir í fartölvu.
Öllum tölvunum fylgir ókeypis fartölvutaska.
ZEPTO 4015SE
Fjölhæf og þolgóð
15” XGA skjár
1,5 Ghz Intel Celeron 1MB örgjörvi
512 MB DDR2 vinnsluminni
80 GB harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort o.fl.
Allt að 5 klst. rafhlöðuending
LISTAVERÐ: KR. 99.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 2.886,- pr./mán. í 48 mánuði
ÓKEYPIS AUKAHLUTASETT:
· Þráðlaust optical mús
· 512 MB minnislykill
· Skype headset
ZEPTO 6015WD
Gæðagripur
15,4” WXGA+ 1280x800 skjár
1,8 Ghz Intel Core 2 Duo örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
Intel Centrino DUO tækni
80 GB 7200 rpm harður diskur
Innb. vefmyndavél, Bluetooth,
Innbyggt 54 mbps
þráðlaust netkort,
minniskortalesari,
Dual-Layer DVD
brennari o.m.fl.
LISTAVERÐ: KR. 149.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 4.330,- pr./mán. í 48 mánuði
PC WORLD GODT KØB
ZEPTO 6214W
Kraftmikil og nett
14,1” WXGA 1280 x 800 skjár
1,83 Ghz Intel Core Duo T2400 örgjörvi
1 GB DDR2 vinnsluminni
80 GB SATA Hitachi harður diskur
Innbyggt 54mbps þráðlaust netkort,
Bluetooth, minniskortalesari.
AUKAHLUTASETT FYLGIR FRÍTT*
LISTAVERÐ: KR. 159.900,-
MÁNAÐARGREIÐSLA: KR. 4.619,- pr./mán. í 48 mánuði
SAMSUNG
SKRIFSTOFUTÆKI
TÖLVUSKJÁIR · PRENTARAR · FJÖLNOTATÆKI
SAMSUNG
SyncMaster 970N
19” skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljósmagn 250cd/m2
Skerpa 1000:1
Svartími 6 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Hvítur háglans
VERÐ: 59.900,-
SAMSUNG
SyncMaster 940N
19” skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljósmagn 300 cd/m2
Skerpa 700:1
Svartími 8 ms
Litafjöldi 16.2 milljónir
Litur silfur
VERÐ: 33.900,-
LASER PRENTARAR Á VERÐI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ FYRR:
FJÖLNOTATÆKI
AÐEINS 24.900,-
SAMSUNG SCX-4200
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 18 bl./mín.
Upplausn: 600x600dpi
Skanni og ljósritun:
Upplausn: 600x2400dpi
(max. 4800x4800dpi)
Pappírsbakki inn: 250 blöð
Stuðningur: Windows, MacOS, Linux
Tenging: USB 2.0
LITA-LASER
AÐEINS 39.900,-
HEIMSINS MINNSTI OG LÉTTASTI LITA-LASER PRENTARI
Tilvalinn bæði á skrifstofuna og á heimilið!
SAMSUNG CLP-300N
Prentari: Litalaserprentari
Prenthraði: 16 bl./mín. í svarthvítu,
4 bl./mín. í lit
Upplausn: 2400x600dpi
Pappírsbakki inn: 150 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
Tenging: USB 2.0 og Ethernet 10/100 Base
Stærð B: 39 x D: 34 x H: 26 cm
TILBOÐSVERÐ 29.900,-
SAMSUNG ML-3051N
Prentari: Laserprentari, svart/hvítur
Prenthraði: 28 bl./mín.
Upplausn: 1200x1200dpi
Pappírsbakki inn: 250+50 blöð
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Hermun: PostScript3, PCL6, IBM ProPrinter, Epson
Tenging: USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100 Base TX
SKRIFSTOFUTÆKI sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri.
SHARP AM-400
• 12 eintök á mínútu
• Afrita- og frumritastærð stærst A4
• Minnkun & stækkun 25% - 400%
• Sjálfvirk lýsing afrita
• Sérstök ljósmyndastilling
• 250 blaða pappírsskúffa
• 600 x 600 dpi upplausn í
• prentun /ljósritun og skönnun
• Laserprentari
• Litaskanni
• Fax G3 super modem 33,6 Kbps
Kr. 49.900
SHARP AR-M160D
Prentari/litaskanni/ljósritunarvél
• 16 eintök á mínútu
• Ljósritar/prentar á stærst A3
• Minnkun–stækkun: 50–400%
• Sjálvirk lýsing afrita
• Sérstök ljósmyndastilling
• 100 blaða framhjámatari
• 250 blaða pappírsskúffa
• Innbyggður litaskanni 600x1200 punktar
• Ljósritar/prentar á 56-200gr pappír
*Frumritamatari á mynd ekki innifalinn í tilboðsverði
Kr. 124.900
SHARP
Þú gengur að gæðunum vísum!
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | www.ormsson.is

„Fyrsta skrefið er að vita hvað er verðmætt í því sem maður hefur fram að færa. Ef maður getur það ekki er ekki smuga að neinn annar geti það. Konur eru snillingar í þessu. Við höfum margt fram að færa en við bíðum eftir því að þessir tuttugu karlar í herberginu uppgötvi hvað við erum æðislegar.“



# Þokast í jafnréttisátt ... *á hrað*

Flestir virðast sammála um að bæta þurfi hlut kvenna í æðstu stjórnunarstöðum. *Hól*
leitaði svara við því hvers vegna þeim fjölgar, þrátt fyrir það, lítið sem ekkert á milli á

Umræðan um stöðu í nútímasamfélaginu sprettur af og til upp með látum. Flestir virðast þá gera sér grein fyrir því að það sé öllum Íslendingum jafnmikilvægt að virkja konur til áhrifa. Þær séu helmingur vinnuaflsins, upp til hópa vel menntaðar og hafi alla jafna aðra sýn á hlutina en karlmenn. Aukin þátttaka þeirra muni því leiða til meiri fjölbreytni og betri ákvarðanatöku innan stjórna fyrirtækja.

Þessi umræða spratt einmitt upp eftir námsstefnu Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á Hótel Nordica á dögunum. Stundum virðist hún þó hafa lítil áhrif, því hægt þykir miða í baráttunni.

Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja og þeirra sem gegna stjórnarformennsku hefur verið það sama frá árinu 1999, í kringum 22 prósent. Í haust birti Hagstofan jákvæðar tölur sem sýndu að hlutfall kvenna sem framkvæmdastjóra fyrirtækja hefði aukist úr 15,4 prósentum árið 1999 í 18,2 prósent árið 2005. Flestar eru þær í fyrirtækjum sem eru með innan við tíu starfsmenn og starfa við verslun og þjónustu. Hlutfall kvenna í stjórnum og framkvæmdastjórnum stærstu hundrað fyrirtækja landsins er enn lægra. Jafnréttiskennitalan, sem Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála birti í vor í fyrsta sinn, sýnir að konur eru 10,5 prósent æðstu stjórnenda, tólf prósent stjórnar-



## EINKABANKINN AUÐVELDAR LÍFIÐ

*María Dungal segir fólk geta nýtt einkabankann betur.* SJÁ BLS. 5



## SPARAÐ Á HVERJUM DEGI

*Einföld og góð sparnaðarráð* SJÁ BLS. 4

[ SÉRBLAÐ UM FJÁRMÁL – MIÐVIKUDAGUR 17. JANÚAR 2006 ]

# Fjármál heimilanna




# Er allt til reiðu fyrir nýtt ár?

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**

"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**"

Loksins sé ég fram á að getaklárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**

**6 vikna hraðlestrarnámskeið hefst 13. febrúar (20-22)**
**2 vikna námstækninámskeið hefst 20. janúar (10-13)**
Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin á www.h.is og í síma 586 9400



**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.




Glitnir býður nú upp á einfalda sparnaðarleið sem kallast eigðu afganginn.

# Eigðu afganginn

## Glitnir býður viðskiptavinum sínum nýja leið til að spara.

Sennilega hefur auglýsingaherferð Glitnis um aukin sparnað sennilega farið framhjá fáum. Eigðu afganginn er ný sparnaðarleið sem bankinn auglýsir og er ætlað að auðvelda fólki að spara. Hún virkar þannig að maður skráir sig í þjónustuna annaðhvort í netbankanum, á vefsíðunni, með símtali í þjónustuverið eða í næsta útibúi. Við skráningu velur maður um að láta hækka allar debetkortafærslur upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. og þann sparnaðarreikning sem á að leggja afganginn inn á. Reikningurinn sem lagt er inn á er því skilyrði háður að vera reikningur hjá Glitni, en þarf ekki að vera í eigu debetkortshafans. Þannig getur fólk stutt við bakið á góðgerðarsamtökum eða lagt afganginn inn á sparireikning barnanna. Við noktun á kortinu hækkar greiðslan sjálfkrafa upp í þá upphæð sem valin var við skráningu. „Viðbrögðin við þessu hafa verið svakalega góð," segir Finnur Bogi Hannesson hjá markaðsdeild Glitnis. „Við erum sífellt að finna leiðir til að auðvelda viðskiptavininum að leggja fyrir og líta á sparnað sem eðlileg útgjöld."



# Starfslok undirbúin

## Erlendis tíðkast það að fólk búi sig undir starfslokin snemma á ævinni og byrja að leggja fyrir. Sá hugsunarháttur er nýr af nálinni á Íslandi og eru bankarnir aðeins byrjaðir að taka við sér.

Svo virðist sem best sé að fólk hugi að starfslokum sem fyrst, til að starfslokasjóðurinn sé feitur og góður þegar að þeim kemur. Þeir sem eru í fastri vinnu taka kannski viðbótarlífeyrissparnað og/eða leggja fasta upphæð til hliðar mánaðarlega.

Þeir sem vinna sjálfstætt eða sem verktakar og eru kannski ekki með jafn reglulegar tekjur sinna þessu oft ekki sem skyldi. Líður þó að starfslokum hjá öllum og er þá mikilvægt að eiga einhverja peninga til að lifa á. Verktakar og aðrir þeir sem starfa sjálfstætt ættu þó að huga að því að spara með reglulegum sparnaði. Til dæmis er hægt að ákveða að tuttugu prósent af tekjunum sé lögð inn á sparnaðarreikning og sé það óháð hvenær tekjurnar berast. Best er að líta á sparnaðinn sem hluta af útgjöldum, sé það erfitt að koma því við að byrja að spara. Kaupþing er einn þeirra banka sem bjóða upp á ráðgjöf og þjónustu fyrir þá sem huga að starfslokum.

## Jafngreiðslulán

Þegar greitt er af svokölluðu jafngreiðsluláni greiðir lántakandi sömu upphæð til lánveitanda hverju sinni. Samsetning greiðslunnar á milli vaxta og afborgana breytist hins vegar. Í fyrstu vega vaxtagreiðslur þungt og afborganir lítið en smám saman, eftir því sem líður á lánstímann og höfuðstóll lánsins minnkar, dregur úr vægi vaxtagreiðslna en vægi afborgana vex.

Lán með jöfnum afborgunum er hins vegar þannig að greitt er mest í upphafi, þegar vaxtagreiðslur eru háar, en minnst undir lokin þegar höfuðstóllinn er orðinn lítill og vaxtagreiðslur lágar. Afborgunin er sú sama hverju sinni en vextirnir sem greiddir eru fara lækkandi.

*Heimild: Vísindavefurinn*

# Algengt að fólk gleymi láni

## Það verður stöðugt einfaldara að skila skattaskýrslu en fjármál fólks verða að sama skapi stöðugt flóknari.

Inn um lúguna streyma nú alls kyns uppgjör og yfirlit frá bönkum og vinnuveitendum. Það er erfitt að vita hvað skiptir máli og hverju má henda. Í augum Matthíasar Björnssonar, ráðgjafa hjá Debet, er málið hins vegar mjög einfalt. „Það er um að gera að halda öllu til haga og ekki henda neinu," segir Matthías. „Þetta er reyndar orðið mun betra núna, auðveldara að nálgast upplýsingar á rafrænu formi og mikið af þeim kemur sjálfkrafa inn í skattaskýrsluna."

Villur í framtölum vegna ónógra gagna og klaufaskaps eru ekki óalgengar og sérstaklega þegar kemur að lánum. „Lán koma sjálfkrafa inn séu þau frá Íbúðalánasjóði og Glitnir bauð upp á það sem valkost í fyrra. Ég veit ekki hvað bankarnir munu gera nú í ár en það er yfirleitt hægt að sjá slíka hluti í heimabankanum," segir Matthías. „Fólk gleymir oft að taka öll lán fram en það er mikilvægt að gera þeim góð skil bæði vegna þess að það er skylda og vegna þess að vaxtabætur kunna að skerðast gleymi fólk sér."



Algengustu villurnar sem fólk gerir í framtölum felast í lánum og bifreiðastyrkjum.



Matthías Björnsson vinnur hjá Debet.

Matthías segir að framtal skatta sé stöðugt að verða einfaldara mál en þá komi á móti að fólk sé stöðugt að gera flóknari hluti í fjármálum. „Lánin eru flóknari og fólk sýslar með hlutabréf og annað," segir Matthías. „Þar koma einnig inn í húsbyggingar og arfur og annað sem getur flækt framtalið."

Fyrir þá sem sjá fram á flókin framtöl mælir Matthías með aðstoð fagmanna, hvort sem það sé hjá Debet eða öðrum. „Við tökum þá við öllum skjölum sem viðskiptavinir hafa undir höndum og gerum framtalið í umboði þeirra," segir Matthías. „Ef einhver skjöl vantar reddum við þeim svo fólk þurfi ekki að hafa óþarfa áhyggjur og sé á síðustu stundu með skil." *- tg*

# Ungt fólk frætt um skattinn

## Á vefsíðunni rsk.is er svæði sem kallast skólavefurinn þar sem tekjuskattur, vaxtabætur og fleira er útskýrt á einfaldan máta.

Skattaumhverfið getur reynst flókið í augum ungs fólks og því hefur Ríkisskattstjóri brugðist við með því að setja upp sérstakan skólavef á vefsíðu embættisins rsk.is. Á skólavefnum er fróðleikur um skattamál ætlaður nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Þar er spurningum svarað eins og: Hvað eru skattar? Hvernig er staðgreiðsla reiknuð? Til hvers er skattkort? og hvernig telur maður fram á netinu? Skattaumhverfið vefst þó fyrir fleirum en ungu fólki og getur vefurinn því nýst öllum, enda eru þar útskýrðir hlutir eins og barnabætur og vaxtabætur. Útskýringar eru einfaldar og á síðunni er að finna reiknivél þar sem hægt er að reikna út hversu mikinn skatt þarf að greiða af tekjum og hversu mikið af laununum fer í viðbótarlífeyrissparnað og fleira.

Reiknivél sem reiknar skatt af tekjum er að finna á skólavef rsk.is




Skólavefur rsk.is er fyrst og fremst ætlaður ungu fólki á grunnskólaaldri.



Skattaumhverfið getur vafist fyrir ungu fólki.

# RÁÐNINGARÞJÓNUSTAN





Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum 11 ára grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda. Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendum stendur til boða að spara dýrmætan tíma, fyrirhöfn og fjármuni við að nýta sér ráðningar- og starfsmannaþjónustu fagfólks og geta með einu símtali sett af stað ferli sem við sjáum svo um að ljúka. Ráðningarþjónustan sér þannig um allt ráðningarferlið, frá upphafi til enda.

### Okkar þjónusta

- Aðstoð við gerð starfslýsinga
- Gagnagrunnsleit
- Birting auglýsinga á heimasíðu okkar
- Hönnun og gerð auglýsinga í dagblöð
- Svörun fyrirspurna frá umsækjendum
- Fagleg ráðgjöf og þátttaka í ráðningarviðtölum
- Stöðluð viðtöl hjá ráðgjafa
- Sérhæfð viðtalstækni; hegðunartengd viðtöl
- Öflun umsagna
- Persónu- og hæfnismat
- Persónuleikapróf
- Fundaraðstaða
- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga
- Túlkun og þýðingar fyrir ensku- og pólskumælandi umsækjendur
- Ráðningarferli lokað og umsækjendum svarað

### Ráðningar

- Ráðningar í allar stöður frá stjórnendum til almennra starfsmanna
- Ráðningar erlends starfsfólks
- Einstaklingsskönnun (e. headhunting)

### Okkar sérstaða

- Persónuleg og fagleg þjónusta
- Gagnkvæmur trúnaður
- Sterkur faglegur bakgrunnur ráðgjafa
- Tengsl við erlendar ráðningarstofur
- Öflugur gagnagrunnur
- Þekkt og fjölfarin heimasíða
- Samkeppnishæf verð
- Ábyrgð á ráðningum

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

# Skuldir heimilanna hafa tvöfaldast frá aldamótum

Stórfelldar breytingar á húsnæðislánamarkaði og endurfjármögnun heimilanna hefur gjörbreytt samsetningu skulda í lánakerfinu. Þannig hefur hlutur bankanna margfaldast á meðan hlutur tryggingafélaga dregst saman. Viðskipti með húsnæði hafa verið drifkrafturinn í breytingum og aukinni skuldsetningu, en síðustu mánuði hefur heldur hægst um á fasteignamarkaði og dregið úr verðhækkunum.

Frá aldamótum hafa skuldir heimilanna við lánakerfið nálægt því tvöfaldast. Samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands námu heildarskuldir íslenskra heimila tæpum 686 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi 2001, en á þriðja ársfjórðungi nýliðins árs var talan komin í tæpa 1.270 milljarða króna. Aukningin nemur 85 prósentum.

Með heildarskuldum heimilanna er átt við skuldir heimilanna við bankakerfið, ýmis lánafyrirtæki, lífeyrissjóði, tryggingafélög og við Lánasjóð íslenskra námsmanna. Töluverður munur er hins vegar á því hver breytingin er innan hvers flokks. Þannig hafa skuldir heimilanna við tryggingafélög dregist saman um 50 prósent á tímabilinu á meðan skuldirnar við bankakerfið hafa aukist um 278 prósent.

Aukin hlutdeild bankanna skýrist svo náttúrlega af miklum breytingum sem gerðar voru hér með einkavæðingu bankanna og breytinga á fyrirkomulagi húsnæðislána og þeirri endurfjármögnun og samkeppni sem þá fór í gang á íbúðalánamarkaði. Þar leggur líka vog sitt á lóðarskálina hækkun á verði fasteigna, sem jú gerir að verkum að fólk þarf að taka hærri lán.

Skuldir fólks við lífeyrissjóðina aukast líka, um 53 prósent, en vega ekki mjög þungt í heildarmyndinni, því skuldir við þá eru ekki nema um 8,5 prósent af heildarskuldunum. Þá aukast einnig skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna um 51 prósent frá þriðja ársfjórðungi 2001 til þriðja ársfjórðungs 2006.

Líklegt má þó vera að lokið sé að sinni mikilli endurfjármögnun heimilanna og vísbendingar eru um að tekið sé að um hægjast á fasteignamarkaði. Þannig höfðu sérfræðingar af því áhyggjur síðasta haust að markaðurinn væri að staðna vegna þess hve lítil viðskipti voru með fasteignir og jafnvel var farið að spá lækkun á húsnæðisverði á höfuðborgarsvæðinu. Markaðurinn tók hins vegar aðeins við sér aftur og hafa greiningardeildir nú uppfært spár sínar í þá átt að hægi á verðhækkunum fasteigna.



Þannig segir í nýlegri úttekt greiningardeildar Landsbanka Íslands að tólf mánaða hækkun húsnæðisverðs sé nú komin niður í 5 prósent. Í janúar í fyrra hafi árshækkunin hins vegar verið 31 prósent og vísað til mælinga Hagstofu Íslands á fasteignaverði. „Eftir langt tímabil hækkana á milli mánaða hefur húsnæðisverð lækkað í tvo mánuði í röð. Hratt hefur því dregið úr hækkun húsnæðisverðs, en mest fór árshækkunin í 33 prósent í september, október og nóvember 2005,“ segir greiningardeildin og bendir á að í janúar hafi árshækkunin verið minnst í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, eða 4 prósent, en mest utan höfuðborgarsvæðisins, eða 7 prósent. „Þróunin hefur því snúist við þar sem húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði meira en á landsbyggðinni á fyrri hluta ársins 2006.“



Óvíst er hvort jólaverslunin hefur orðið til þess að auka skuldir landsmanna, en víst er að einkaneysla á einhvern þátt í þeirri skuldaaukningu sem orðið hefur síðustu ár. Hagfellt gengi gerði enda að ódýrara var að kaupa bíla og margvísleg tæki frá útlöndum en verið hafði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




## Græddur er geymdur eyrir

Hér fara nokkur góð sparnaðarráð sem allir geta nýtt sér. Eins og að gera innkaupalista og kaupa rúmföt á útsölum.

Flestir upplifa blankheit um ævina og stundum veit fólk ekki hvernig það á að greiða fyrir hlutina. Besta leiðin til að koma í veg fyrir slíkt er að spara reglulega, ekki bara einu sinni í mánuði heldur á hverjum degi.

1. Forðastu skyndikaup með því að hugsa áður en þú kaupir. Oft er um helmingur innkaupa óþarfi.

2. Haltu bókhald yfir eyðslu þína, og þá sérðu í hvað peningarnir eru að fara.

3. Taktu nesti með í vinnuna í stað þess að fara út á veitingastaði í hádeginu. Ef þú ferð á veitingastað, leitaðu þá eftir stað með hádegistilboðum.

4. Ekki kaupa þér gos og sælgæti í sjálfsalanum í vinnunni, komdu heldur með nasl að heiman.

5. Gerðu innkaupalista áður en þú ferð út í búð, þá kemurðu í veg fyrir að kaupa eitthvað sem þú þarft ekki.

6. Hafðu augun opin fyrir tilboðum í verslunum og gerðu magninnkaup þegar eitthvað sem þú kaupir oft er á tilboði.

7. Kauptu í matinn í lággjaldaverslunum.

8. Drekktu vatn úr krananum í stað þess að kaupa þér sódavatn á flösku.

9. Ekki versla inn þegar þú ert þreytt(ur) eða með börnin með þér.

10. Kauptu rúmföt, eldhúsáhöld, húsgögn, handklæði o.fl. á útsölum.

12. Leggðu frá pening mánaðarlega í gjafasjóð sem nýtist vel þegar afmælisveislur, brúðkaup eða útskriftir koma upp.




NÝTT,
FERSKAST OG FLOTTAST
Ferskt
SALATBLANDA MEÐ
KJÚKLINGI
200g.
Loftskiptar umbúðir tryggja ferskleika
Gaffall fylgir
Umbúðir aðskilja hráefni
Sósa og brauðteningar fylgja
KOMIÐ Í VERSLANIR
HAGKAUP
BÓNUS
10-11 ...alltaf opið!
Ferskt

## Vaxtabætur

Þeir sem borga vaxtagjöld af lánum sem notuð eru til íbúðarkaupa eiga rétt á vaxtabótum. Vaxtabætur eru eins konar „neikvæður skattur“ eða ívilnun/lækkun sem þeir eiga rétt á sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Ekki þarf að sækja um vaxtabætur, heldur eru upplýsingar um það sem máli skiptir settar á framtalið og vaxtabætur reiknaðar samkvæmt því.

Fimm þættir sem stýra því hvort framteljandi fær vaxtabætur og þá hversu mikið. Þeir eru: Hversu miklar eru íbúðarskuldir hans, hvað greiddi hann mikið í vaxtagjöld, hverjar eru tekjurnar, hversu miklar eignir á hann og svo fjölskyldustaða. Auk þess þarf framteljandinn að búa í íbúðinni til að eiga rétt á vaxtabótum!

*heimild: www.rsk.is*



# Frá vöruskiptum til krítarkorta

## Viðskipti hafa ekki alltaf farið fram með peningum.

Peningar gegna mikilvægu hlutverki í nútímahagkerfum og varla hægt að ímynda sér tilveru án þeirra. Peningar hafa þó ekki alltaf verið til því fyrr á tímum tíðkuðust vöruskipti frekar þar sem skipt var á einni vöru fyrir aðra. Kannski er einnig hægt að segja að peningar séu að verða úreldir í dag enda er fólk í fæstum tilvikum með seðla eða mynt á sér heldur verslar með plastkortum.

Með bættri verktækni jókst verkaskipting sem kallar á viðskipti enda getur klæðskeri ekki lifað á fötunum sínum. Hann gæti vissulega skipt þeim út fyrir brauð og mjólk en vöruskiptum fylgir talsvert umstang. Með því að koma sér saman um ákveðna staðla var hægt að liðka fyrir viðskiptum. Á tíma voru til dæmis til ærgildi og alin vaðmáls þar sem kindur og vaðmál voru notuð sem mælieining á verðmæti.

Erlendis tóku menn eftir því að viðskipti með sumar vörur höfðu í för með sér minna umstang en viðskipti með aðrar vörur. Þannig er mun einfaldara að flytja, geyma og meta gull en til dæmis kvikfé. Því þróuðust viðskipti smám saman þannig að í stað einfaldra vöruskipta var tekið að selja vörur fyrir gull eða aðra góðmálma, svo sem silfur, kopar eða brons, sem síðan var hægt að nota aftur í viðskiptum.

Talið er að þekkst hafi að nota málma sem gjaldmiðil síðan a.m.k. árið 2000 fyrir Krist.

Enn eitt skref til framfara var tekið þegar yfirvöld tóku að gefa út mynt úr góðmálmi. Yfirvaldið ábyrgðist að í hverri mynt væri ákveðið magn af góðmálmum. Þá þurfti ekki lengur að vega málmstykki og meta hreinleika þeirra í hvert sinn sem þau skiptu um eigendur. Vitað er að slík myntslátta þekktist í Grikklandi snemma á sjöundu öld fyrir Krist og einstaka myntir eru jafnvel taldar enn eldri.

Notkun seðla breiddist fyrst út á 17. og 18. öld í Evrópu. Er oft miðað við það sem upphaf notkunar seðla þótt Kínverjar virðist hafa verið nokkrum öldum á undan Evrópumönnum að gera tilraunir með þá. Frakkar voru fyrstir Evrópubúa til að prenta seðla í stórum stíl, snemma á átjándu öld.

Skýringin á tilkomu seðla var að menn áttuðu sig á að óþarfi var að flytja góðmálmana fram og til baka við hver viðskipti, því fylgdi bæði umstang og hætta á þjófnaði (það vildi til dæmis kvarnast utan úr gullpeningunum í meðförunum). Næsta skref var því að aðilar sem áttu talsvert magn af góðmálmum, svo sem kaupmenn og gullsmiðir, létu ekki málmana sjálfa af hendi þegar þeir keyptu vörur. Í staðinn létu þeir seljandanum í té bréf upp á það að hann gæti hvenær sem er náð í svo og svo mikið af gulli eða silfri til sín. Handhafa bréfsins var svo í sjálfsvald sett hvort hann náði í málmana. Einnig gat handhafi bréfsins afhent það þriðja aðila sem greiðslu í stað gulls ef sá hafði trú á því að útgefandi bréfsins myndi standa við það sem í því stóð. Þetta fyrirkomulag gerði það kleift að stunda umfangsmikil viðskipti án þess að þurfa að standa í sífelldum flutningum á dýrmætum málmum. Útgáfa á bréfum sem þessum varð upphafið að skipulagðri útgáfu á peningaseðlum eins og þeim sem við þekkjum í dag. Jafnframt fór starfsemi sumra þessara kaupmanna og gullsmiða að líkjast æ meir starfsemi banka og lagði grunninn að nútíma bankakerfi.

*Heimild: www.visindavefur.hi.is*



Myntslátta þekktist í Grikklandi snemma á sjöundu öld fyrir Krist og einstaka myntir eru jafnvel taldar enn eldri.



María Dungal segir að fólk leiti frekar eftir faglegri ráðgjöf og þjónustu hjá útibúum, þar sem það geti orðið sinnt mörgu í einkabankanum.

# Einkabankinn auðveldar lífið

## María Dungal, starfsmaður Landsbankans, segir að fólk mætti kynna sér betur og nýta notkunarmöguleika einkabankans.

„Það er hægt að skipta Einkabankanotendum í þrjá hópa eftir því hversu virkir þeir eru,“ segir María Dungal, forstöðumaður þjónustudeildar Landsbankans. „Í fyrsta lagi er notendahópur sem er mjög duglegur við að nýta sér Einkabankann sem nánast sína einu samskiptaleið við bankann,“ bendir hún á. „Hann afgreiðir flest sín mál í gegnum Einkabankann og hefur aðeins samband við bankann þegar hann þarf á faglegri ráðgjöf að halda. Í öðru lagi er notendahópur sem nýtir Einkabankann á mun takmarkaðri hátt, notar hann ef til vill aðeins til að skoða stöðuna og millifæra.

Loks er þriðji notendahópurinn, sem hefur með aðgang að Einkabankanum en nýtir sér hann líltið sem ekkert, varla til að skoða stöðu eða millifæra.“

María segir að seinni tveir hóparnir séu nokkuð algeng sjón í útibúum bankans um mánaðamót en þeir gætu klárlega sparað sér sporin með því að nota Einkabankann mun betur en þeir gera í dag.

„Til að byrja með er gott að benda á að fólk getur stillt forsíðu Einkabankans að eigin þörfum,“ segir María. „Hægt er að setja ákveðna liði í flýtileiðir og þannig getur notandinn stytt sér leið að sínum algengustu aðgerðum. Þú getur einnig ákveðið hvaða reikninga þú vilt sýna á forsíðu, sem eru þá væntanlega þeir reikningar sem þú notar mest. Þetta má gera með því að fara í „stillingar“ og haka við viðkomandi liði.“

María hvetur fólk líka til að kynna sér betur liðinn „þekktir viðtakendur“, sem er að finna undir liðnum „millifæra“. „Hann kemur sér vel ef oft er verið að millifæra greiðslur inn á sama viðtakanda. Hægt er að vista allar upplýsingar um viðtakandann á lista og einfaldlega haka við hann næst þegar til stendur að greiða honum. Upplýsingar um viðkomandi fyllast þá sjálkrafa inn að upphæðinni undanskildri, sem kemur sér vel þegar oft er verið að leggja inn á sama aðilann, eins og á milli hjóna sem dæmi.”

Þá eru „rafræn skjöl“ vannýttur liður að sögn Maríu, en með því að smella á hann má skoða launaseðla, fasteignagjöld, reikningsyfirlit, reikninga frá Orkuveitunni, Símanum eða Visa og þar fram eftir götum. Með því að kalla viðkomandi reikning upp, birtist eftirmynd seðilsins á skjánum.

„Varðandi reikningsyfirlit yfir reikninga sem viðkomandi á í bankanum þá er hægt að afpanta sendingu þeirra undir liðnum „stillingar, með því að smella á „afpanta pappír“,“ heldur María áfram. „Kjörið fyrir þá sem vilja losna undan því að fá reikninga senda heim, auk þess sem þetta er umhverfisvænn möguleiki.“

Þá segir María að notendur heimabanka geti fengið sms-skeyti send í símann sinn við viss skilyrði. „Þeir geta fengið skeyti send þegar ráðstöfun er komin niður fyrir ákveðna upphæð, þegar inneða útborgun fer yfir ákveðna upphæð eða vilji þeir fá stöðuna senda reglulega á ákveðnum tíma. Notendur fylla bara sjálfir inn tímasetningar og fjárupphæðir.“

Í tengslum við síma má jafnframt geta þess að notendur geta sett inneign á fyrirframgreidd farsímakort með því að smella á „hlaða GSM“ undir „greiðslur“.

„Undir liðnum „yfirlit“ er síðan undirflokkurinn „ógreiddir reikningar“, sem sýnir allar kröfur, sem hafa verið stofnaðar á notandann,“ útskýrir María. „Oft gleymist að greiða einstaka greiðsluseðla svo sem áskriftir og þess háttar og þarna er því gott yfirlit yfir þá reikninga sem stofnaðir hafa verið á kennitölu viðkomandi.

Valkröfur – kröfur sem hann hefur ekki samþykkt sjálfur, svo sem happadrættismiðar sem sendir eru heim eru aðskildar frá kröfum sem viðkomandi hefur vitandi stofnað til. Þetta er þægileg leið til að tryggja að ekki gleymist að greiða ákveðinn reikning og þú getur að sjálfsögðu gengið frá greiðslunni á mjög einfaldan hátt í Einkabankanum.“

Einkabankinn nýtist ekki aðeins til þess að sjá um greiðslur á auðveldan hátt; fólk getur einnig fengið gott yfirlit yfir sín fjármál að sögn Maríu. Einkabankanotendur geta t.d með einföldum og skýrum hætti fengið uppfært yfirlit yfir verðbréfaeign sína og lífeyrissparnað hjá bankanum á hverjum tíma, sem og kaup og sölu verðbréfa og inngreidd iðgjöld vegna lífeyrissparnaðar. Í upphafi hvers árs er einnig birt sérstakt yfirlit vegna skattskila undir flipanum „yfirlit“ sem má prenta út með einföldum hætti og kemur sér vel fyrir skattframtalið.



Landsbankinn mun í samstarfi við aðra banka senda notendum einkabanka sérstakan auðkennislykil á næstunni, til að auka öryggi þeirra gagnvart tölvuþrjótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

María segir að notendur mættu ennfremur vera duglegri að skoða yfirlit yfir greiðsludreifingu, hafi þeir á annað borð kosið slíkan valmöguleika. „Þrátt fyrir að margir séu með greiðsludreifingu, mættu fleiri átta sig á því að þeir geta fengið heildstætt yfirlit yfir greiðslubyrði heimilisins í Einkabankanum með því að skoða greiðsluáætlun sína í Einkabankanum. Þar má skoða nákvæmlega hver útgjöld heimilisins eru, bæði á mánaðarlegum og ársgrundvelli,“ útskýrir hún. „Hvað verið er að greiða í tryggingar, lán og fleira í þeim dúr. Þá geta námsmenn sem eru með lán hjá LÍN, fengið aðgang að einkavefsvæði hjá lánastofnunni í gegnum Einkabankann.

Markmiðið með allri þróun á Einkabankanum er að búa til vöru sem getur auðveldað viðskiptavinum lífið og stytt boðleiðir milli þeirra og bankans. Allt er þetta gert til að spara mönnum sporin og auðvelda þeim lífið.“



ENGIR VEXTIR
TAKMARKAÐ MAGN
TREND INTERNET SECURITY 2007
• Örugg vírusvörn
• Öflug vírusleitarvél
• Betri vörn gegn spyware
• Stýring á heimaneti
• Stöðvar upplýsingaþjófnað
• Varnar þráðlausum innbrotum
• Leyfi fyrir 3 tölvur
2.990
TILBOÐ MEÐ NÝRRI TÖLVU
ACER 5610 FERÐATÖLVA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI
Intel Core Solo
Hraðvikur og öruggur Intel örgörvi með einstaka samhæfingu við forrit og leiki
CRYSTALBRITE
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag, Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða
128MB GMA950
Intel GMA950 er frábært skjákort með sérstakann stuðning við Vista Premium
VEFMYNDAVÉL
1.3MP innbyggð í skjá með 225° snúningsmöguleika og VOIP tækni fyrir mynd yfir net
MEIRI LÆKKUN
Já enn lækkum við verðið á fartölvum. Ath. takmarkað magn fyrstir koma fyrstir fá
NÝJASTA TÆKNIN
Frábær ferðavél með Intel Core örgjörva, risa harðdisk, DDR2 minni, vefmyndavél ofl. ofl.
• Intel Core Solo T1300 1.66GHz örgörvi
• 512MB DDR2 533HMz vinnsluminni
• 120GB ATA 5400RPM harðdiskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4” WXGA CrystalBrite 16ms skjár
• 128MB Intel GMA950 skjákort
• Windows XP MCE á íslensku eða ensku
• 54Mbps þráðlaust net og netkort
• 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
• 1.3MP vefmyndavél innbyggð í skjá
79.900
EVIO 7.990
Engir vextir í 10 mánuði
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
Birt með fyrirvara um breytingar og villur.
EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

# Myntlán



# Gæti **lán í erlendri mynt** verið lausnin?

**SPRON Myntlán** eru veitt til kaupa, framkvæmda eða endurfjármögnunar á íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði. Unnt er að taka fullt **SPRON Myntlán** eða blandað lán þar sem helmingur lánsins er myntlán og hinn helmingurinn í íslenskum krónum.

Upplýsingar í næsta útibúi **SPRON** í síma **550 1200**,
í þjónustuveri í síma **550 1400** eða á **spron.is**

spron



# ða snigilsins

## lmfríður Helga Sigurðardóttir
ára.

manna og fimm prósent stjórnarformanna.

Þá virðist launamunur kynjanna orðinn lögmál. Nýleg könnun Capacent sýndi að óútskýrður launamunur kynjanna, eftir að tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma, er nú 15,7 prósent. Munurinn var sextán prósent árið 1994. Íslenskar konur sem fæðast um miðbik þessa árþúsunds geta glaðst yfir því að með sama hraða myndi fullt launajafnrétti nást árið 2588.

> **Allur árangur í lífinu er afleiðing þriggja þátta. Í fyrsta lagi persónulegra eiginleika, í öðru lagi fólksins í kringum okkur og í þriðja lagi umhverfisins,** *sagði Svafa Grönfeldt, nýr rektor Háskólans í Reykjavík.*

### JAFNRÉTTISLÖGIN MARGBROTIN

Elín Blöndal, forstöðumaður rannsóknarsetursins, segir fáar vísbendingar um að miklar breytingar muni hafa orðið þegar jafnréttiskennitalan verður birt aftur næsta vor. „Engin stór stökk virðast hafa verið tekin á árinu, það yrðu í það minnsta mjög gleðileg og óvænt tíðindi,“ segir hún.

Öllum fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn ber, samkvæmt lögum, að hafa skriflega jafnréttisáætlun. Brot á þessum lögum getur varðað sektum en til þess hefur ekki komið hingað til. Það kom því Elínu á óvart við vinnslu jafnréttiskennitölunnar að rétt um fjórutíu af fyrirtækjunum hundrað höfðu slíka áætlun. „Það sem kom mér þó allra mest á óvart var að fæst þessara fyrirtækja virðast leggja upp úr ímynd varðandi jafnréttisstefnu.“ Hún segir að þrátt fyrir allt þokist málin nú í rétta átt, þótt það virðist stundum vera á hraða snigilsins. „Það þarf samstillt átak til þess að fyrirtæki fari fyrir alvöru að gera þetta málefni að sínu og það hætti að vera dægurmál. Sú mikla umræða sem er í þjóðfélaginu og verkefni á borð við jafnréttiskennitöluna ættu að stuðla að því.“

### AÐ MARKAÐSSETJA SJÁLFA SIG

Þeir sem veljast til forystu eiga það iðulega sameiginlegt að eiga ekki nema að einum þriðja hluta til sínum eigin eiginleikum að þakka velgengni sína. „Allur árangur í lífinu er afleiðing þriggja þátta. Í fyrsta lagi persónulegra eiginleika, í öðru lagi fólksins í kringum okkur og í þriðja lagi umhverfisins,“ sagði Svafa Grönfeldt, nýr rektor Háskólans í Reykjavík, þegar hún tók gesti námsstefnunnar á Nordica í stutta kennslustund í forystufræðum. Hún benti á að konur hefðu iðulega nóg af því fyrstnefnda en skorti hina þættina tvo. Karlar hefðu þá oftast alla þrjá.

Svafa vísaði í markaðsfræðina og hvatti konur til þess að íhuga vel hvaða vöru þær væru að bjóða – hvaða eiginleikum þær byggju yfir sem aðrir hefðu ekki. „Fyrsta skrefið er að vita hvað er verðmætt í því sem maður hefur fram að færa. Ef maður getur það ekki er ekki smuga að neinn annar geti það. Konur eru snillingar í þessu. Við höfum margt fram að færa en við bíðum eftir því að þessir tuttugu karlar í herberginu uppgötvi hvað við erum æðislegar.“

Þess gæti líka verið langt að bíða að karlar kveiki fyrir alvöru á þessari peru. Það er varla of hart að fullyrða að mörgum körlum finnst þetta málefni ekki jafnmikið þjóðþrifamál og konum. Mætingin á námsstefnuna sýndi það svart á hvítu en þangað mættu um 380 konur en einungis tuttugu karlar. Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík, var einn þeirra fjögurra karla sem tóku þátt í pallborðsumræðum á námsstefnunni. Hann segir að hópurinn sem vilji breyta ástandinu fari ört stækkandi, þótt vissulega séu enn margir sem telji einfaldlega að störf af þessu tagi henti karlmönnum betur. Þá segir hann málið tengjast kunningsskap og uppeldi, menn treysti oft öðrum mönnum sem þeir þekki vel fyrir ábyrgðinni frekar en konum.

Þorkell telur að karlar þurfi að taka á sig meiri ábyrgð inni á heimilum og skapa svigrúm fyrir konur að takast á hendur vinnu sem sé meira krefjandi utan hefðbundins vinnutíma. Þá þurfi þeir markvisst að leita út fyrir sitt hefðbundna tengslanet og leggja meiri áherslu á það að finna hæfar konur til að koma í stjórnir fyrirtækja.

### KYNJAKVÓTINN VÆRI ÞRAUTALENDING

Um áramótin tóku gildi lög í Noregi sem fela það í sér að fjórutíu prósent stjórnarmanna skráðra fyrirtækja skuli vera konur. Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, segir að þar í landi séu þegar vísbendingar um að aðgerðirnar séu farnar að skila sér hjá einkafyrirtækjum og það hafi þær þegar að öllu leyti gert hjá hinu opinbera.

Hér á landi hefur það verið í umræðunni að taka upp kvóta af þessu tagi. Öll þau átta, karlar sem konur, sem sátu fyrir svörum í pallborði á ráðstefnunni á Nordica voru sammála um að kynjakvóti væri ekki fýsilegur kostur. Leita þyrfti allra mögulegra leiða áður en sú leið yrði farin. Tvennt hefur öðru fremur verið nefnt kvótanum í óhag. Annars vegar að hætta sé á að farið verði í kringum reglurnar og stjórnarsætin verði áhrifalaus. Hins vegar að konur eigi ekki að hafa áhuga á að taka sæti í stjórn fyrir það eitt að vera konur. Þátttakandi á ráðstefnunni, sem ávarpaði þá er sátu í pallborði, uppskar mikið lófaklapp fyrir þessi orð: „Hér hefur komið fram að konur vilji ekki láta velja sig „bara“ af því þær eru konur. Ég hef hins vegar tekið eftir því að karlar hika oft ekki við að láta velja sig „bara“ af því þeir eru karlar, jafnvel þótt þeir hafi minni menntun og minni reynslu en konur sem koma til greina.“

## Sammála um að kynjakvóti væri neyðarúrræði

Á fjölsóttri námsstefnu Samtaka atvinnulífsins, Félags kvenna í atvinnurekstri og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins í síðustu viku spunnust kröftugar umræður um konur sem stjórnendur og í stjórnarsetu. Annars vegar tók þátt í pallborðsumræðum hópur kvenna og hins vegar hópur karla. Í kvennahópnum voru þær Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands, Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lauga Spa, Hrönn Greipsdóttir, hótelstjóri Radisson SAS Hótel Sögu, og Steinunn Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Glitnis í London. Í umræðum um val í stjórnir tóku þátt Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, Jafet S. Ólafsson, stjórnarmaður VBS fjárfestingarbanka, og Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs HR. Hér á eftir eru dæmi um skoðanir sem komu fram í pallborði. Það skal þó tekið fram að ekki var í öllum tilfellum samstaða meðal þátttakenda.

**KONUR Í PALLBORÐI SÖGÐU MEÐAL ANNARS:**

- Karlar fæðast með sjálfstraust en konur virðast þurfa að byggja það upp alla ævi.
- Konur eru gagnrýnni á sjálfa sig en karlar.
- Konur skortir fyrirmyndir og því virðast þær oft ekki sjá sig í forystustörfum.
- Kannanir sýna að konur hafa lægri launavæntingar en karlar.
- Konur í stjórnunarstöðum ganga í jakkafötum af því þau eru klassísk og klæðileg.
- Konur þurfa að virkja og efla tengslanet sitt.
- Konur eru oft ragari en karlar við að fara út fyrir sitt „öryggissvæði“.
- Ábyrgð vegna fjölskyldu þarf að dreifast jafnt á foreldra.
- Kynjakvóti væri ekki góð leið til að ná fram jafnrétti.
- Með aukinni fjölbreytni myndast sköpunarkraftur og fleiri lausnir verða til.

**KARLAR Í PALLBORÐI SÖGÐU MEÐAL ANNARS:**

- Konur í stjórnum eru nákvæmari og óhræddari við að tjá sig á stjórnarfundum.
- Það er erfitt að fá konur í stjórnunarstöður, þeim þykir óþægilegt að taka ábyrgð.
- Konur sjá hlutina í öðru ljósi en karlar.
- Karlarnir vilja kýla á hlutina en konur vilja fara dýpra í málin.
- Karlar stýra fjármagninu og þar af leiðandi sitja þeir í stjórnum fyrirtækja.
- Karlmenn treysta oft karlmönnum betur en konum og reiða sig á tengslanetið.
- Konur hafa getuna en stundum ekki þor til að berjast fyrir sæti í stjórn.
- Konur þurfa að vera ákveðnari við að koma sér á framfæri.
- Kynjakvóti væri neyðarúrræði sem þó á ekki að útiloka.

### HLUTFALL KYNJA HJÁ 100 STÆRSTU FYRIRTÆKJUM LANDSINS

*Heimild: Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála*



# MARKAÐURINN

**Sögurnar... tölurnar... fólkið...**

Markaðurinn mun framvegis koma út á bleikum pappír.

# *Skýrari sérstaða innan fjölskyldunnar*

Árið 1883 var tekin ákvörðun um það hjá útgáfustjórn Financial Times, sem þá var fimm ára gamalt blað, að prenta blaðið á laxa-bleikan pappír. Þessi ráðstöfun reyndist gifturík fyrir blaðið. Markmiðið með þessari ákvörðun var að skapa sér sérstöðu gagnvart keppinautunum. Það tókst og skapaði blaðinu leiðandi stöðu sem fjármálablað í Bretlandi. Önnur blöð sem sérhæft hafa sig í umfjöllun um efnahagsmál, viðskipti og atvinnulíf hafa fylgt hefð Financial Times og eru flest prentuð á bleikan pappír. Financial Times hélt upp á hundrað ára afmæli fyrsta bleika blaðsins með því að koma út á hvítum pappír 4. janúar 1993.

Markaðurinn er nú tæplega tveggja ára gamall. Þegar blaðið var í mótun fyrir tveimur árum var vilji til þess að fara þá leið að prenta blaðið á slíkan pappír. Þá voru tæknilegar hindranir í því. Slíkar hindranir eiga ekki að stöðva góðar hugmyndir og því var haldið af stað á hvítum pappír.

Rétt eins og fyrir hundrað árum er markmiðið að skera sig úr. Ekki frá öðrum blöðum, heldur að Markaðurinn verði sýnilegri sem fylgirit Fréttablaðsins og skerpi á sérstöðu sinni innan þeirrar fjölskyldu. Við sem vinnum á blaðinu erum spennt fyrir þessari breytingu og teljum hana skapa okkur möguleika til frekari sóknar. Við vonum einnig að lesendur okkar kunni að meta breytinguna.

**Rétt eins og fyrir hundrað árum er markmiðið að skera sig úr. Ekki frá öðrum blöðum, heldur að Markaðurinn verði sýnilegri sem fylgirit Fréttablaðsins og skerpi á sérstöðu sinni innan þeirrar fjölskyldu. Við sem vinnum á blaðinu erum spennt fyrir þessari breytingu og teljum hana skapa okkur möguleika til frekari sóknar. Við vonum einnig að lesendur okkar kunni að meta breytinguna.**

Markaðurinn hefur fengið góðar viðtökur allt frá fyrsta degi. Tímamót eins og þessi breyting gefa tilefni og tækifæri til að þakka þeim fjölmörgu sem hafa lagt okkur lið og gaukað að okkur hrósi og hlýlegum orðum. Við höfum einnig þegið með þökkum uppbyggilega gagnrýni og ábendingar um það sem betur má fara. Markaðurinn er fjölmiðill og hlýtur sem slíkur að vera í sífelldri mótun. Tilurð blaðsins markast af því að efnahagsmál, atvinnulíf og viðskipti eru vaxandi þáttur í samfélaginu. Þann þátt mannlífsins þarf að endurspegla eins og aðra iðju í samfélaginu.

Þetta höfum við leitast við að gera undanfarin ár með þær dyggðir í farteskinu sem prýða mega góða blaðamennsku. Fram undan eru spennandi tímar í samfélaginu. Við blasir að núverandi hagsveifla er komin yfir tindinn og fram undan eru tímar í efnahagslífinu sem enginn veit fyllilega hvað bera í skauti sér. Viðskiptalífið er á fullri ferð og vænta má talsverðra tíðinda á árinu.

Við höfum alltaf haft það að leiðarljósi við vinnslu blaðsins að margir þættir mannlífins hafi hagræna hlið. Við viljum fylgjast með og leitast við að upplýsa lesendur okkar um hvaðeina sem snýr að þessum þáttum mannlífsins.

Fjölmiðlaheimur er síbreytilegur og ekki á vísan að róa. Alltaf er þó hægt að gæla við þá hugmynd að eitt tölublað Markaðarins verði hvítt þegar haldið verði upp á daginn eftir hundrað ár.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

CAPACENT KYNNIR

HAGNÝTA ÞJÁLFUN OG NÁMSKEIÐ

Capacent Ráðgjöf býður uppá fjölbreytt námskeið fyrir fyrirtæki ásamt lengra námi og tímasettum námskeiðum fyrir stjórnendur, sérfræðinga, sölumenn og starfsfólk fyrirtækja og stofnana.

Meðal námskeiðsflokka má nefna:

- Liðsheildarnámskeið
- Persónuleg færni
- Stjórnendaþjálfun
- Viðskipta- og sölustjórnun

**Nánari upplýsingar**
Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir í síma 540 1000,
namskeid@capacent.is og á www.capacent.is/namskeid

capacent
RÁÐGJÖF

www.capacent.is

# Öllum er frjálst að nota evru

Að undanförnu hefur umræða um kosti og galla þess að taka upp evru aukist til muna. Óánægja með núverandi gengisfyrirkomulag virðist fara hratt vaxandi, bæði á meðal almennings og á meðal forystumanna atvinnulífsins. Stórar sveiflur í gengi krónunnar og hátt vaxtastig eru þau atriði sem hallmælendur núverandi fyrirkomulags eru helst óánægðir með.

Eitt sjónarmið sem lítið hefur verið áberandi í þessari umræðu er það að á Íslandi búum við í frjálsu landi og öllum er því frjálst að nota evrur eins og þeim sýnist. Almenningur og fyrirtæki á Íslandi geta því í raun meira eða minna sagt skilið við krónuna hvenær sem þeim sýnist. Frumkvæði stjórnvalda í þessum efnum er alls ekki jafn nauðsynlegt og margir virðast halda.

Auðvitað er það svo að ákveðið hagræði hlýst af því að stærstur hluti viðskipta sem á sér stað á Íslandi er í sama gjaldmiðli. En vandinn við það að nota fleiri en einn gjaldmiðil er samt mun minni en flesta grunar.

Tökum dæmi. Segjum að verslun eins og ELKO eða Hagkaup tæki allt í einu upp á því að verðleggja vörur sínar í evrum í stað þess að verðleggja þær í krónum. Flestir landsmenn hafa reynslu af því að nota íslensku kreditkortin sín til þess að kaupa vörur erlendis sem verðlagðar eru í öðrum gjaldmiðlum. Slíkt er á engan hátt flóknara en að kaupa vörur á Íslandi sem verðlagðar eru í krónum. Enn fremur er í fjölda verslana á Íslandi (t.d. í Leifsstöð) hægt að greiða fyrir vörur með fleiri en einum gjaldmiðli (en maður fær alltaf til baka í krónum). Verslanir sem verðlegðu í evrum gætu tekið upp svipað fyrirkomulag (en gefið til baka í evrum) fyrir þá viðskiptavini sem vilja greiða með reiðufé. Óhagræðið af þessu fyrirkomulagi væri óverulegt nema hvað viðskiptavinir verslananna þyrftu að venjast því að hugsa um vöruverð í evrum.

Segjum að þessar sömu verslanir tækju einnig upp á því að greiða starfsfólki sínu laun í evrum. Starfsfólkið gæti hæglega opnað evrureikning í bankanum sínum og látið leggja launin sín inn á hann. Það gæti síðan fært fé á milli evrureiknings síns og krónureiknings síns eins og það vildi.

ORÐ Í BELG



**Jón Steinsson**
Doktorsnemi í hagfræði við Harvard-háskóla

Þær verslanir sem ef til vill gætu séð sér mestan hag í því að verðleggja vörur sínar í evrum eru verslanir sem selja dýrar innfluttar vörur, svo sem bíla og heimilistæki. Verðlagning í evrum myndi minnka gengisáhættu slíkra aðila og viðskiptavinir sem keyptu vörur á raðgreiðslum myndu þar að auki fá mun lægri vexti.

Það sem stendur ef til vill helst í vegi fyrir því að þessi þróun eigi sér stað er það að framkvæmd greiðslna í evrum í gegnum íslenska bankakerfið er dýrari en framkvæmd greiðslna í krónum. Þetta er vegna þess að íslensku bankarnir hafa komið sér upp mjög hagkvæmu greiðslukerfi í krónum sem rekið er af Reiknistofu bankanna en þeir hafa ekki komið sér upp sams konar kerfi í öðrum gjaldmiðlum. Bankarnir hafa einnig greiðan aðgang að stórgreiðslukerfi í krónum sem rekið er af Seðlabanka Íslands. En þeir hafa í dag ekki jafn greiðan aðgang að stórgreiðslukerfi í evrum.

Einni helstu hindruninni, sem stendur í vegi fyrir því að íslenskur almenningur og íslensk fyrirtæki geti einfaldlega skipt krónunni út í eins miklum eða litlum mæli og þeim sýnist, mætti ryðja úr vegi með því að íslensku bankarnir kæmu sér upp hagkvæmum greiðslukerfum í evrum og tækju að bjóða viðskiptavinum sínum upp á alla þjónustu jafnt í evrum og krónum. Bankarnir hafa sumir hverjir að undanförnu verið ákafir talsmenn þess að taka upp evru. Með því að koma sér upp hagkvæmum greiðslukerfum í evru gætu þeir í raun tekið þessi mál í sínar eigin hendur í meiri mæli en þeir virðast telja að þeir geti.

Í lögum um Seðlabanka Íslands er reyndar ákvæði þess efnis að íslenska krónan sé lögeyrir á Íslandi. Hvað felst í þessu er ekki fullkomlega ljóst. Ef þetta þýðir einungis að allir séu skyldugir til þess að taka við krónum sem greiðslu í viðskiptum á Íslandi er þetta fremur meinlaust ákvæði. En ef það þýðir að fólki sé bannað að verðleggja vörur, greiða laun og gefa út verðbréf í öðrum einingum en krónum er vitaskuld um mjög bagalegt ákvæði að ræða. Hugtakið lögeyrir virðist raunar vera nokkuð úrelt hugtak. Það væru mistök af stjórnvöldum að halda til streitu víðtæku banni á notkun annarra gjaldmiðla en íslensku krónunnar ef almenningur og fyrirtæki á Íslandi sýndu öðrum gjaldmiðlum verulegan áhuga.

Einnig eru ákvæði um verðmerkingar í lögum. Þar er kveðið á um að fyrirtæki sem selji vörur skuli merkja þær með verði sem sé áberandi og auðvelt fyrir neytandann að sjá. Neytendastofu er jafnframt heimilt að gefa fyrirtækjum fyrirmæli um að „gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði“. Óljóst er hvort í þessu felst að vörur skuli verðlagðar í íslenskum krónum.

Eins og fyrr segir hafa margir haldið því fram að undanförnu að íslensku krónunni fylgi verulegt óhagræði. Ef þetta óhagræði er nægilega mikið ættum við að sjá Íslendinga í auknum mæli hætta að nota krónuna og taka að notast við aðra gjaldmiðla, svo sem evru. Hagræðið af notkun evru eykst vitaskuld eftir því sem fleiri aðilar á Íslandi taka að nota hana. Það er því erfitt fyrir einn aðila að taka af skarið og skipta yfir í evru. Stórir aðilar í íslensku viðskiptalífi, svo sem bankarnir, geta hins vegar haft veruleg áhrif og frumkvæði stjórnvalda er ekki nauðsynlegt. Aukin notkun evru myndi hins vegar kalla á viðbrögð frá stjórnvöldum. Æskileg viðbrögð myndu felast í því að haga peningamálastefnunni þannig að sveiflur í gengi krónunnar gagnvart evru minnkuðu.

**Bankarnir hafa sumir hverjir að undanförnu verið ákafir talsmenn þess að taka upp evru. Með því að koma sér upp hagkvæmum greiðslukerfum í evru gætu þeir í raun tekið þessi mál í sínar eigin hendur í meiri mæli en þeir virðast telja að þeir geti.**

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Olíuverð og útflytjendur*

Economist | Breska vikuritið Economist gerir snarpar verðlækkanir á hráolíuverði á árinu að umtalsefni í vikunni. Verðlækkanirnar hafa komið stjórnvöldum margra landa illa, ekki síst Mexíkó, en þriðjungur af innflutningstekjum landsins kemur frá sölu á svartagullinu. Getur svo farið að stjórnvöld þar verði að endurskoða fjárhagsáætlun sína fyrir árið vegna verðlækkananna, að sögn tímaritsins. Agustín Carstens, fjármálaráðherra Mexíkó, vísar þessu hins vegar á bug því fjárhagsáætlun ríkisins eigi inni fyrir enn frekari verðlækkunum. Í fjárhagsætluninni er gert ráð fyrir að verð á hráolíu geti farið niður í allt að 42,80 Bandaríkjadali á tunnu á árinu en það er umtalsvert fall úr því sögulega hámarki sem verðið fór í um mitt síðasta sumar. Tímaritið áréttar engu að síður að í endurskoðaðri áætlun þurfi stjórnvöld að gera ráð fyrir enn frekari lækkunum; allt að einum dal minna á tunnu.

### *Besta fyrirtækið*

Fortune | Besta fyrirtækið til að vinna hjá á þessu ári er bandaríski netleitarrisinn Google í Sílikondal, að mati bandaríska fjármálatímaritsins Fortune. Fortune segir fyrirtækinu berast 1.300 umsóknir frá fólki víða um heim á degi hverjum. Og skyldi engan undra því um sælureit og sannkallaða paradís er að ræða, ef marka má umfjöllun tímaritsins. Starfsmenn hjá Google fá allar máltíðir fríar í öllum ellefu mötuneytum fyrirtækisins. Í höfuðstöðvum Google er jafnframt sundlaug og gufubað auk þess sem læknisþjónusta skrifast á reikning fyrirtækisins. Þá þarf starfsfólk í fullu starfi ekki að nýta nema 80 prósent af vinnutíma sínum í verkefni tengd Google en afganginn í eigin gæluverkefni. Af öðrum fyrirmyndarfyrirtækjum vestanhafs var líftæknifyrirtækið Genentech í öðru sæti en matvælafyrirtæki í næstu þremur sætum. Þar af er Whole Food Markets, sem m.a. selur íslenskar landbúnaðarafurðir, í fimmta sæti.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

STARFSMANNAMÁL

# Innihald atvinnuauglýsinga

Áður en stöður eru auglýstar er ráðlegt að skoða nánar hver þörfin er á nýjum starfsmanni. Ráðlegt er að greina starfið og skoða hvort möguleiki sé að skipta starfinu niður á aðra starfsmenn eða hvort hægt sé að fá starfsmenn í hlutastarf til að sinna starfinu. Greining tryggir að ráðning nýs starfsmanns sé vel ígrunduð og byggð á sannri þörf fyrir starfsmann.

Vinsælt er að nota dagblaðsauglýsingar þegar leita á að starfsmönnum, en einnig hafa auglýsingar verið birtar í kvikmyndahúsum, fagtímaritum, á heimasíðum fyrirtækja og í útvarpi, allt eftir markhópum sem verið er að höfða til.

Auglýsingar ættu að innihalda þætti sem hvetja viðeigandi umsækjendur til að sækja um. Þær ættu einnig að bægja frá þeim umsækjendum sem ekki hafa rétta hæfni í starfið með því að tilgreina réttar hæfnis- og námskröfur.

Í íslenskum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir í 13. grein: „Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.“ Einnig segir í 24. grein um auglýsingar: „Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er í skyn að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.“

Starfsauglýsingar ættu að innihalda jákvæða en nákvæma lýsingu á starfinu. Nauðsynlegt er að tilgreina hvernig manneskju er verið að leita eftir, s.s. með því að tilgreina hæfniskröfur og námskröfur. Titill starfsins þarf að vera lýsandi og í stað þess að auglýsa eftir „sérfræðingi á málstöð“ þegar leitað er að aðila sem er hæfur í þýsku er hægt að auglýsa eftir „sérfræðingi í þýsku“. Þannig skapast meiri möguleikar á að fá réttu umsækjendurna. Auglýsingin ætti einnig að innihalda stutta málsgrein um fyrirtækið sem lýsir því, gildum þess og stefnu og tilgreina þarf aðila sem hægt er að hafa samband við varðandi starfið. Þá ætti heimilisfang fyrirtækis, netfang, fax og símanúmer að fylgja með í auglýsingu.

Mikilvægt er að hafa í huga að ráðningarferli er dýrt ferli og þess vegna þarf að fulltryggja að upplýsingar í auglýsingum séu nákvæmar. Þannig skapast meiri möguleikar á að fá réttu umsækjendurna.

**Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun.**



SPÁKAUPMAÐURINN

# Krónan er steri

Ég er hinn kátasti þessa dagana enda gengur mér að venju allt í hag. Hlutabréfin hafa hækkað vel frá áramótum og löngu búið að þéna til baka það sem fór í flugeldana.

Flugeldasýning hagkerfisins heldur áfram. Bæði er ríkið slappt í hagstjórn og þá ekki síður sveitarfélögin, en þar er mallað á yfirdrættinum endalaust. Svo munu rísa álver úti um allar koppagrundir og sjá til þess að þenslan verði alveg botnlaus. Maður verður í vaxtaveislu hjá Seðlabankanum alveg til 2011 ef að líkum lætur. Þá verð ég reyndar orðinn svo ríkur að það verður alveg hætt að skipta máli hvar ég fjárfesti. Lágir vextir af dreifðu eignasafni munu sjá mér fyrir lífeyri sem dugar fyrir nauðþurftum míns hófstillta lífsstíls. Sá hófstillti lífsstíll er reyndar þannig að ég lifi betra lífi en Loðvík 14. á sínum tíma, reyndar með færri þjóna. Þjónustan er hins vegar úti um allt og ég þarf ekki að hafa sömu áhyggjur af starfsmannahaldi og kallinn. Það veit líka enginn hver ég er svo það dregur úr líkum á að maður verði afhausaður.

Eina áhyggjuefnið núna er hvernig krónan á eftir að haga sér. Eins og róni kemur óorði á vín, þá kemur krónan óorði á markaðinn hér heima. Krónan var algjör bjargvættur í þenslunni núna. Það að hafa haft krónu undanfarin ár er eins og að vera á sterum. Maður blæs út og verður vöðvastæltur ef maður æfir. Þannig hefur efnahagslífið verið. Sterk króna hefur verið nýtt til erlendra fjárfestinga og ódýrt erlent lánsfé stutt við útrásina. Sterar eru ekki án aukaverkana. Fyrst verður maður rámur, geðstirður með sístöðu sem er reyndar ekki alslæmt. Síðan taka við alvarlegri aukaverkanir. Maður verður ljótur og bólugrafinn og eistun rýrna. Þá tekur pattstaða við a sístöðunni.

Það er ekki gott ástand og langt því frá eftirsóknarvert. Galdurinn er að hætta leik þá hæst hann stendur og þá nýtur maður ávaxtanna af vextinum og sleppur við verstu aukaverkanirnar. Menn þurfa því að fara að hugsa út fyrir það tímabil þegar stærstu stóriðjufjárfestingarnar eru að baki. Skynsamlegast er náttúrlega að borða hollt fæði, reyna hæfilega á sig og vera í toppformi á öllum sviðum. Maður verður ekki eins hrikalegt vöðvabúnt fyrir vikið, en miklu þægilegri í umgengni og líður svo miklu betur og endist miklu betur. Það er nefnilega betra að vera heilbrigður en stór.

**Spákaupmaðurinn á horninu**





Alcatel·Lucent

SÍMKERFI SEM STÆKKAR MEÐ ÞÉR



- Kerfi sem stækkar með fyrirtækinu
- Mikil sparnaður í langlínusímtölum
- Starfsmenn innan fyrirtækis hringja frítt sín á milli óháð staðsetningu
- Tölvusími (softphone)
- Kynningarsvörun
- Talhólfsskilaboð send í tölvupósthólf
- Samþætting við MS Outlook
- Meira frelsi með þráðlausum höfuðtólum

*Þú færð Alcatel - Lucent OmniPCX Office IP símkerfi með 7 símtækjum og tölvusímum á aðeins 199.000 kr.*

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS

AURASÁLIN

# Eini góði bankinn

**Senn líður að jólum**. Eftir nokkrar vikur koma þeir allir saman til byggða gróðasveinarnir úr bönkunum. Það eru Vaxtapínir, Þjónustugjaldasníkir, Víxlakrókur, Yfirdráttargaur og Láglaunaskefill. Þeir koma allir glaðhlakkalegir til byggða sama daginn og tilkynna þjóðinni að þeir séu jafnvel ennþá feitari og ríkari í ár en þeir voru í fyrra.

**Og eins og venjulega** munu þeir halda því blákalt fram að eina ástæðan fyrir góðærinu í fjármálafjallinu sé að Útrásargrýlan hafi verið svo afkastamikil. Ekki hafi þeir stolið auði sínum af sauðsvörtum íslenskum almúganum – nei, ó, nei – langt í frá. Í raun sjá gróðasveinarnir slíkar aumur á þjóð sinni að hér reka þeir alla sína starfsemi á núlli og fórna því ómældum gróða í þau góðverk.

**Já – nú líður að ársuppgjörum** banka og fjármálafyrirtækja.

*Bráðum koma bankajólin.*
*Bónusabörnin hlakka til*
*Allir fá þá eitthvað fallegt.*
*Í það minnsta milljarð til.*

*Hvað það verður vita allir.*
*Enginn vandi um að spá.*
*Það er jú víst að allir græða*
*ótrúlega mikið þá.*

**En ekki mun Aurasálin** fagna þessum jólum nema með því að líma út í glugga yfirdráttarnóturnar, víxlana og sannanir um vaxtaberandi skuldir í íslenskum krónum sem gera þessum ósvífnu bönkum og Hannesum Smárasonum kleift að vaða yfir okkur verðmætaskapandi lista- og handverksmenn þessarar þjóðar með vaxtaokri sínu og þjónustugjöldum.

**Það er hins vegar huggun** harmi gegn að hér á landi sé enn starfandi einn heiðarlegur banki sem ekki okrar á almenningi í landinu en berst fyrir lítilmagnann gegn auðvaldinu. Þetta er Seðlabankinn sem aðeins rukkar 14,5 prósenta vexti á meðan íslensku bankarnir eru að taka 21 prósent. Aurasálin hefur þegar óskað eftir að færa viðskipti sín yfir í Seðlabankann.

**Raunar er það svo** að samkvæmt skilningi Aurasálarinnar hefur Seðlabankinn heimildir í lögum til þess að taka yfir stjórn viðskiptabankanna ef þeir valda ekki hlutverki sínu. Þarf frekari sannanna við en ofsagróða síðustu ára á baki íslenskrar alþýðu? Er ekki nóg komið? Er vilji þjóðarinnar ekki skýr?

**Davíð og Seðlabankinn** verða að taka málin í sínar hendur. Seðlabankavæðum bankana. Höldum landinu hreinu frá útlenskum þenslugjaldmiðlum. Seðlabankinn er síðasti varnarmúr íslenskrar menningar. Upp með fánann og fallbyssurnar í Seðlabankanum!

MARKAÐURINN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Fóru úr bauju í kafbát

**Hafmynd leggur áherslu á þrjá sérmarkaði fyrir Gavia-kafbátinn; hafnaeftirlit og sprengjuleit, sjómælingar í tengslum við neðansjávarframkvæmdir og svo umhverfisrannsóknir. *Óli Kristján Ármannsson* ræddi við Torfa Þórhallsson, framkvæmdastjóra Hafmyndar, um sögu fyrirtækisins og framtíð. Hann segir fyrirtækið njóta nokkurs forskots í samkeppni og því sé bjart fram undan á ört vaxandi mörkuðum.**

Fyrirtækið Hafmynd hf. var stofnað árið 1999 í þeim tilgangi að þróa öfluga lausn til að safna upplýsingum á hafsbotni fyrir margvíslegar rannsóknir, landmælingar, eftirlit með leiðslum og annað slíkt. Á síðari árum hefur Gavia-kafbáturinn vakið vaxandi athygli vegna notkunarmöguleika sem tengjast öryggi ríkja, sprengjuleit og eftirliti neðansjávar, meðal annars í höfnum og á siglingaleiðum.

Í byrjun þessa árs var enda lokið við og tilkynnt um sölu á tveimur kafbátum til vinveittra þjóða fyrir tæpar hundrað milljónir króna. Annan bátinn keypti ástralski flotinn. Hinn segir Hafmynd að hafi keypt sjóher Evrópuríkis. Fyrirtækið gerir sér vonir um að selja nokkra kafbáta á þessu ári. Áður hafa Bandaríkjafloti, Háskóli Bresku Kólumbíu og Rannsóknarráð Kanada fest kaup á Gavia kafbátum.

Nýlega fékk fyrirtækið líka alþjóðleg verðlaun fyrir byltingarkennda lausn í öryggismálum ríkja, svokölluð *Disruptive Solution in Homeland Security Award* á 2006 Excellence in Aerospace & Defense Awards. Þar var Hafmynd í flokki með mörgum af stærstu fyrirtækjum heims á sviði hátækni- og hergagnaiðnaðar. Verðlaunin veitti Frost & Sullivan, eitt virtasta rannsóknarfyrirtæki heims.

**Hafmynd**

**Eigendur:** Össur Kristinsson, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, starfsmenn Hafmyndar og aðrir fjárfestar.
**Fjöldi starfsmanna:** 13 (og 2 verktakar)
**Starfsemi:** Fyrirtækið var stofnað til að þróa öfluga lausn til að safna upplýsingum á hafsbotni.
**Staðsetning:** Fiskislóð 71, 101 Reykjavík.
**Stofnár:** 1999

### BYRJAÐ MEÐ HAFRÓ OG HÍ

Torfi Þórhallsson, framkvæmdastjóri Hafmyndar, segir sögu fyrirtækisins hins vegar teygja sig aðeins aftur fyrir stofnunardagsetninguna og rekur hana til ársins 1996. „Verkefnið spinnst út úr öðru fyrirtæki að nafni Hugrún, en það framleiddi orkugrönn mælitæki og seldi út um allan heim. Þetta verkefni byrjar sem sjálfvirk bauja þar sem hugsunin var að koma þessu mælitæki lengra á haf út og átti meðal annars að sitja fyrir fiskigöngum. En þótt þetta hafi byrjað sem bauja endaði það sem kafbátur,“ segir hann. Fyrsta frumgerð bátsins var svo tilbúin árið 1997 og var í prófunum árið 1998.


**GAVIA Í NOTKUN** Frá prófunum á Gavia-kafbátnum við strendur Ítalíu síðla árs 2005. Forsvarsmenn Hafmyndar segja bátinn meðal annars hafa nýst við val á lagnastæðum fyrir leiðslur neðansjávar. Þeir segja ekki útséð með á hvaða sviði notkun bátsins verði mest þegar fram í sækir. MYND/HAFMYND

„Fyrirtækið var svo stofnað árið 1999 og Rannís styrkti það, en á sínum tíma var þetta unnið í samvinnu við Hafrannsóknastofnun og Háskóla Íslands,“ bætir Torfi við og leggur áherslu á að þótt ræturnar liggi í rannsóknum hafi frá upphafi verið stefnt að því að búa til fyrirtæki sem starfaði í samkeppnisumhverfi með afurð sem yrði framleidd og seld.

Hernaðarnot Gavia-kafbátsins voru þannig ekki inni í myndinni til að byrja með, en áhugi á þeirri virkni vaknaði þegar tekið var að kynna bátinn erlendis árið 2002. „Þá, í kjölfar ellefta september, er strax mikill áhugi tengdur þessu hafnaeftirliti og sprengjuleit. Við fáum svo samning við bandaríska flotann árið 2004 og afhendum bát ári síðar.“

Torfi segir Hafmynd leggja áherslu á þrjá sérmarkaði; hafnaeftirlit og sprengjuleit, sjómælingar í tengslum við neðansjávarframkvæmdir og svo umhverfisrannsóknir, en undir þær flokkast hafrannsóknir í víðustum skilningi. Torfi hlær við þegar því er haldið fram að ekki þurfi að horfa lengi á þessi svið til að sjá hvar hagnaðarvonin sé mest. „Ég skal ekki segja. Allir þessir markaðir eru vaxandi, en eftirlitsmarkaðurinn er að því leyti öðruvísi að söluferlið í honum er tiltölulega langt. Við er að eiga ríkisbatterí þar sem svona kaup þurfa að fara í gegnum fjárlög og langt útboðsferli. Þess vegna er kostur að hafa hina markaðina líka.“ Hafmynd gekk í gegnum töluvert tímabil án þess að selja bát áður en sölurnar gengu í gegn núna um áramótin. Torfi segir að menn hafi samt ekkert verið farnir að örvænta. „Sölur af þessu tagi hafa mjög langan aðdraganda þannig að við vissum í nokkurn tíma að þeirra væri von. Síðan erum við með aðrar sölur á mismunandi stigum. En gríðarlegt úthald þarf náttúrlega í svona verkefni.“

### Í SJÓNUM ER EKKI GPS

Einhverjum kann að þykja sérstakt að íslenskt sjávarrannsóknafyrirtæki sé komið með starfsemi á sviði hergagna,


**TORFI ÞÓRHALLSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI HAFMYNDAR MEÐ GAVIA-KAFBÁTINN** Árið 1966 sungu Bítlarnir um gula kafbátinn sem allt snerist um og gerðu lagið svo vinsælt að tveimur árum síðar var gerð kvikmynd upp úr laginu. Í gylltum kafbáti Hafmyndar rúmast hins vegar ekki margir, enda er hann nettur með afbrigðum, þótt vissulega gegni hann mikilvægu hlutverki. MARKAÐURINN/GVA

enda löngum nokkuð úr því gert að landið væri herlaust og þar fram eftir götunum. „En það sýnir kannski að ekki skiptir öllu máli hvaðan tæknin kemur,“ segir Torfi og kveður í raun hafa komið á óvart að aðkoman að þeim markaði skuli ekki hafa verið erfiðari. Hann segir fyrirtækinu hafa gengið vel að fóta sig í því umhverfi.

„Helst er að reyni á tímalengd og þolinmæði. Svo geta samningar líka verið heldur umfangsmeiri en á hinum sviðunum.“ Hann segir hins vegar erfitt að spá fyrir um á hvaða sviði umfangið verði mest hjá Hafmynd þegar fram líða stundir. „Í raun er ekki augljóst að það verði á einu þessara sviða. Sjómælingar í tengslum við neðansjávarframkvæmdir eru til dæmis mjög stórt svið,“ segir hann og bendir á að neðansjávar sé GPS ekki fyrir hendi og því ekki hægt að beita sömu tækni við mælingar og á landi. Hann segir hins vegar að enn hafi ekki verið leitað til Hafmyndar vegna lagningar nýs Farice-sæstrengs sem nú er í burðarliðnum. „En við höfum komið að verkefnum með Orkuveitu Reykjavíkur við val á lagnastæðum fyrir útrásir. Þá höfum við unnið verkefni fyrir BP-olíufélagið í Kaspíahafi í tengslum við lögn á olíuleiðslu og einnig mælingar á innsiglingu hafnar þar sem skip hafði ítrekað tekið niðri.“

Torfi segir Hafmynd njóta sérstöðu í því að vera eina evrópska fyrirtækið með kafbáta af þessari stærð. „Að auki erum við með eina smáa kafbátinn sem getur sinnt sjómælingaverkefnum og höfum þar sérstöðu umfram alla aðra keppinauta.“ Keppinautana segir Torfi hins vegar ekki vera marga. „Framleiðendur smárra kafbáta sem hægt er að flytja auðveldlega með sér hvert á land sem er eru kannski fjórir og bara einn sem veitir verulega samkeppni. En hana er líka hollt að hafa. Það þýðir líka að ekki þarf að vinna alla vinnuna við að vinna þessari tækni braut.“ Aðspurður um hvað taki nú við hjá Hafmynd segir Torfi ljóst að þessir hlutir taki tíma. „En markaðurinn er augljóslega vaxandi og því ekki annað hægt að segja en að bjart sé framundan. Tímasetningin er góð og þar nýtur Hafmynd forskots að hafa byrjað svona snemma.“

**Hafmynd gekk í gegnum töluvert tímabil án þess að selja bát áður en sölurnar gengu í gegn núna um áramótin. ... „Sölur af þessu tagi hafa mjög langan aðdraganda þannig að við vissum í nokkurn tíma að þeirra væri von. Síðan erum við með aðrar sölur á mismunandi stigum. En gríðarlegt úthald þarf náttúrlega í svona verkefni.“**

# Framúrskarandi!

Himinn og haf / SÍA




## Langhæsta ávöxtunin

Eins og sjá má af meðfylgjandi nótum var ávöxtun SPRON Verðbréfa einu orði sagt FRAMÚRSKARANDI miðað við sambærilega sjóði á markaði eða **15,2%.***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON,** en markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst til 31. desember 2006 uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

# Kvika kynnt í Listasafninu



**STÓLL** Verk sem Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hannaði er á meðal muna sem sýndir verða á hönnunarsýningunni Kviku.

Listasafn Reykjavíkur og Straumur–Burðarás fjárfestingarbanki boðuðu til blaðamannafundar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi á föstudag í síðustu viku í tilefni af undirskrift samnings sem Listasafnið og Straumur-Burðarás hafa efnt til vegna hönnunarsýningarinnar Kviku, yfirgripsmikillar sýningar á íslenskri samtímahönnun, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á Listahátíð í Reykjavík 19. maí næstkomandi.

Hönnunarsýningin Kvika mun vera ein viðamesta sýning sem sett hefur verið upp á íslenskri samtímahönnun en svið hennar spannar ótal víddir hönnunar, svo sem húsgögn, fatnað, ljós, skartgripi, byggingarlist, vefnað, tækninýjungar og matargerð. Sýningunni verður fylgt úr hlaði með vandaðri bók um íslenska samtímahönnun svo eitthvað sé nefnt.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra, Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafnsins, Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðarinnar í Reykjavík, og Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka, héldu erindi á fundinum af þessu tilefni auk þess sem Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður, sem meðal annars vann til Sjónlistaverðlaunanna í flokki hönnunar í fyrra, er jafnframt sýningarstjóri Kviku. - jab



**PEYSUR** Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir hannaði peysurnar, sem sýndar verða á hönnunarsýningu á Kjarvalsstöðum á Listahátíð í maí.

SÖGUHORNIÐ

# Fyrsta sápuóperan fer í loftið



**TVEIR LEIKARAR ÚR LEIÐARLJÓSI** Sápuóperan Leiðarljós, sem sýnd hefur verið hjá Ríkissjónvarpinu, er skráð í heimsmetabók Guinness sem sú sápuópera sem sýnd hefur verið hvað lengst í sjónvarpi. Í dag eru 58 ár síðan fyrsta sápuóperan var sýnd í sjónvarpi. Markaðurinn/CBS

Á þessum degi árið 1949 var sápuóperan The Goldbergs send út á bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS í fyrsta sinn. Þáttaröðin fjallaði um líf gyðingafjölskyldu í New York í Bandaríkjunum og var sú fyrsta sinnar tegundar sem sýnd var í sjónvarpi.

Það er hins vegar fjarri að sápuóperan hafi verið ný af nálinni því útsendingar á henni hófust á bandarísku útvarpsstöðinni NBC árið 1929 undir heitinu The Rise of the Goldbergs. Um var að ræða fimmtán mínútna langa leikþætti sem útvarpað var á hverjum degi næstu þrjú árin eða fram til ársins 1931 þegar stjórnendur tóku sér fimm ára hlé. Rykið var svo dustað af daglegu amstri Goldberg-fjölskyldunnar árið 1936 á nýrri útvarpsstöð CBS. Heiti sápuóperunnar var jafnframt stytt í The Goldbergs.

Sápuópera þessi var söguleg fyrir mun fleiri sakir en að vera fyrsta sápuóperan sem sýnd var í sjónvarpi. Höfundur hennar, leikkonan Gertrude Berg, sem fædd var í borginni og lék jafnframt aðalhlutverkið allt frá fyrstu dögum, var fyrsta konan til að skrifa leikþætti sem þessa. Hún byggði sápuóperuna að hluta á eigin lífi og tengdu margir af þeim sökum örlög fjölskyldunnar við höfundinn. Þættirnir snertu streng í hjörtum margra útvarpshlustenda og síðar sjónvarpsáhorfenda enda því margir af þeim fjórum milljónum Bandaríkjamanna sem fylgdust með þáttunum á hverjum degi fundu tenginguna við raunir fjölskyldunnar og hið daglega amstur, ekki síst þeir sem voru af gyðingaættum og stóðu oftar en ekki frammi fyrir svipuðum þröskuldum í lífsbaráttunni og persónur þáttanna. Þá jókst tengingin ekki síður eftir að fjölskyldan fluttist búferlum frá stórborginni til Connecticut í Bandaríkjunum líkt og margir gyðingar vestra, sem komið höfðu undir sig fótunum á lífsleiðinni.

Aðdáendabréfum rigndi inn til stjórnenda og leikenda þáttaraðarinnar, ekki síst þegar Berg þurfti að taka sér hlé frá leik í þáttunum vegna veikinda.

Gertrude, sem skrifaði alla þættina sjálf – rúma fimm þúsund talsins – átti stærstan þátt í því að Goldberg-fjölskyldan komst á sjónvarpsskjáinn hjá CBS árið 1949. Þar voru þættirnir sýndir við góðan orðstír og hlaut Gertrude Berg Emmy-verðlaunin fyrir leik sinn í þáttunum.

Tveimur árum síðar steyttu þeir hins vegar á steini þegar aðalkarlleikarinn, Philip Loeb, sem lék höfuð fjölskyldunnar á móti Gertrude, var sakaður um andbandarísk viðhorf og tengsl við kommúnista. Berg neitaði að segja Loeb upp störfum líkt og oft gerðist í Bandaríkjunum og ákvað CBS því að taka þættina af dagskrá.

Bandaríska sjónvarpsstöðin tók Goldberg-fjölskylduna upp á sína arma tæpu hálfu ári síðar og sýndi þættina milli áranna 1952 og 1953. Þeir breyttust nokkuð í kjölfarið og runnu á enda á lítilli sjónvarpsstöð í talsvert breyttri mynd. Sýningum var endanlega hætt árið 1955. Sama ár féll Philip Loeb, sem leikið hafði heimilisföðurinn í áraraðir, fyrir eigin hendi eftir þunglyndi.

Gertrude Berg, sem hlaut fjölmörg verðlaun fyrir verk sín, lést sjálf á sjúkrahúsi í heimaborg sinni New York árið 1966, 67 ára að aldri.





WWW.HYUNDAI.IS

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

Með bílinn handa þér




UMHVERFISVÆN SÍMASKRÁ 2007

## Auglýsingum í Símaskrána 2007 þarf að skila fyrir 31. janúar

Móttöku auglýsinga og skráninga í **Símaskrána 2007** fer senn að ljúka.

Auglýsing í Símaskránni er með þeim áhrifameiri sem völ er á því hún er einn **mest notaði miðill** landsins þegar leitað er að **upplýsingum um fyrirtæki**. Þegar fólk tekur upp Símaskrána hefur það þegar tekið ákvörðun og á aðeins eftir að finna númer og hafa samband. Samkvæmt mælingum Capacent Gallup nota 86 þúsund Íslendingar Símaskrána vikulega eða oftar.

Ef þú þarft að breyta auglýsingu hafðu þá samband við ráðgjafa okkar í síma **522 3200** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@ja.is**.

já
– er svarið



**HILMAR VEIGAR PÉTURSSON** Hagkerfið í fjölþátttökuleiknum EVE-Online líkist á margan hátt raunverulegu hagkerfi. Framkvæmdastjóri CCP segir verðbólgu hins vegar alvarlega í leik sem þessum þar sem hún geti klippt þrjá mánuði af æviskeiði notenda. MARKAÐURINN/GVA

# „Mig hefur langað til að spila þetta í bíói“

**Framkvæmdastjóri CCP spilaði í fyrsta sinn myndskot úr fjölþátttökuleiknum EVE-Online á bíótjaldi í síðustu viku. Verðbólga í hagkerfi tölvuleiksins er hættulegt fyrirbæri, að hans sögn. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* hitti Hilmar Veigar Pétursson í Háskólabíói á dögunum.**

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP, lét langþráðan draum rætast þegar hann sýndi myndskot úr fjölþátttökuleiknum EVE-Online á bíótjaldi í einum af hliðarsölum Háskólabíós á opnum fyrirlestri um fyrirtækið á vegum Viðskipta- og hagfræðiskorar Háskóla Íslands í síðustu viku. Hilmar ræddi um forsögu CCP allt frá því að hugmyndin kom upp á yfirborðið undir lok síðustu aldar, framgang og uppgang þess og öll þau aukaverkefni sem starfsmenn CCP þurftu að taka sér á hendur til að láta enda ná saman. Hilmar segir að ef ekkert annað upplýsingatæknifyrirtæki líti dagsins ljós á næstu árum hér á landi muni CCP standa fyrir helmingi af öllum tekjum Íslands í útflutningi í upplýsingatækni árið 2011.

Hilmar tæpti á sögu CCP þegar sú hugmynd kom upp að búa til tölvuleik í þrívídd sem mörg þúsund manns gætu spilað í rauntíma og keypt í áskrift á netinu. CCP var svo stofnað í kringum leikinn um mitt ár 1997. Á meðan unnið var að hugmyndinni unnu starfsmenn fyrirtækisins að ýmsum verkefnum, þróuðu meðal annars útlit Latabæjar og bjuggu til borðspilið Hættuspil, svo eitthvað sé nefnt, til að tryggja fjárhagslegar stoðir CCP. „Það hljómar kannski furðulega að gera fjölskylduborðspil þegar maður ætlar að gera tölvuleik. Þeir sem hafa spilað Hættuspilið og EVE-Online átta sig kannski á því að það er ákveðinn sameiginlegur þráður í gegnum báðar þessar vörur,“ benti Hilmar á og bætti við að leikirnir gengju báðir út á að fólk spilaði hvert við annað fremur en tölvuna sjálfa líkt og í einmenningsleikjum.

## TÖLVUFYRIRTÆKI MEÐ TÓMA VASA

Velheppnað útboð viku eftir að netbólan sprakk vestanhafs árið 2000 gerði CCP kleift að gera helminginn af EVE-Online en leit að frekara fjármagni til að tryggja rekstur til þriggja ára var erfiðari. Fyrirtækinu tókst engu að síður að safna fjármagni til tveggja og hálfs árs. Enn harðnaði í ári eftir því sem á leið og undir lok árs 2002 voru peningarnir á þrotum. „Við áttum enga peninga og rákum fyrirtækið án þess að greiða laun í þrjá mánuði. Það voru 30 manns í vinnu hjá okkur þá sem eyddu tímanum fyrir hádegi í að redda sínum eigin fjármálum en tímanum eftir hádegi til að búa til tölvuleikinn,“ sagði Hilmar.

Sama ár landaði CCP útgáfusamningi við bandaríska útgáfufyrirtækið Simon & Schuster. Það gerði CCP kleift að ljúka leiknum, sem leit dagsins ljós í maí 2003, að vísu hálfkláraður, að sögn Hilmars. Bandaríska fyrirtækið ákvað síðan öllum að óvörum að hætta útgáfu tölvuleikja og varð CCP að gera hvað það gat til að ná útgáfusamningnum til sín á ný. Hilmar benti á að það hefði verið strembið, ekki síst vegna þess að Simon & Schuster væri rekið af strangtrúuðum gyðingum sem væru þekktir fyrir að hafa náð góðum samningum í fjögur þúsund ár og væru ekki vanir því að tapa í viðskiptum. CCP tókst áætlunarverk sitt og fór inn í árið 2004 með alla virðiskeðjuna fyrir tölvuleikinn á eigin hendi.

## CCP ÞREFALDAST Á RÚMU ÁRI

Samfara þessu hóf CCP að bjóða netverjum leikinn í beinni sölu á netinu en það merkir að viðskiptavinurinn sinnir öllum viðskiptum sínum varðandi EVE-Online á vefsíðu leiksins. „Síðan við byrjuðum á þessu hefur leikurinn um það bil tvöfaldast á hverju ári fram til dagsins í dag,“ benti Hilmar á og bar vöxtinn saman við útflutning á hugbúnaði og tölvuþjónustu frá Íslandi á stöplariti sem Seðlabanki Íslands hafði tekið saman fram til ársins 2005. Að ósk Hilmars var CCP skilið frá öðrum fyrirtækjum og gat hann með því móti framreiknað hlut CCP samanborið við önnur upplýsingafyrirtæki allt fram til 2011.

Hluti upplýsinganna var skáldaður, að sögn Hilmars, miðað við áætlaðan vöxt í greininni en aðrir byggðust á framtíðarvexti CCP. Hlutur CCP í útflutningi á íslenskum hugbúnaði nam miðað við þetta 16 prósentum fyrir tveimur árum en 28 prósentum miðað við við vöxt í tekjum CCP og vöxt greinarinnar almennt í fyrra. „Ef einhver fer ekki að standa sig í upplýsingatækni og álbræðslu verður tölvuleikurinn EVE-Online helmingurinn af öllum útflutningi í upplýsingatækni árið 2011,“ sagði Hilmar og benti á að flestir þættir CCP hefðu tvö- til þrefaldast á síðastliðnum fjórtán mánuðum. Sama máli gegndi um starfsmannafjöldann, sem hefði þrefaldast, en um 700 manns vinna fyrir CCP um allan heim. „Þetta er í raun gjörbreytt fyrirtæki,“ sagði Hilmar.

Hilmar tíundaði að fjöldi erlendra starfsmanna fyrirtækisins hefði flutt hingað til lands sérstaklega til að vinna við leikinn. Um sprenglært starfsfólk væri að ræða enda krefðist leikurinn mikillar sérþekkingar, ekki síst á sviði stærðfræði, eðlisfræði og tölvunarfræði, sem skiljanlega væri stór þáttur í leiknum.

## VERÐBÓLGA Í TÖLVULEIK ER HÆTTULEG

Hagfræði er einn af veigamestu þáttunum í EVE-Online og sagði Hilmar að hagkerfi leiksins væri sem líkast því sem gerðist í raunveruleikanum. CCP heldur utan um hagkerfi leiksins og þjónar eins konar hlutverki Seðlabanka, sem dælir fjármagni inn í hann þegar við á. „Við sturtum peningum inn í hagkerfið, eiginlega tilviljanakennt, og reynum svo einhvern veginn að ná þeim inn aftur með því að selja fólki eitthvað, innheimta skatta, gjöld og fleira,“ segir hann og bætti við að stjórnendurnir frystu eignir þeirra sem gerðust brotlegir við reglur samfélagsins.

Stjórnendur CCP vilja ekki sjá verðbólgu í leiknum, að sögn Hilmars, sem sendi sneið til raunheimsins í máli sínu. „Verðbólga í leik sem þessum er mjög alvarlegt mál. Ef þú byrjar leikinn og getur strax keypt stærsta geimskipið af því það eru svo miklir peningar í umferð er búið að klippa þrjá mánuði af æviskeiði notanda,“ sagði Hilmar en innbyggt ferli er í leiknum sem fylgir þróun spilarans í netsamfélaginu. „Ef of miklir peningar eru í umferð kaupir fólk sér einbýlishús á hundrað prósent láni. Eðlilegasta ferlið væri að byrja fyrst í blokk, fara síðan í raðhús, parhús og að lokum í einbýlishús,“ sagði Hilmar og benti á nauðsyn þess að varna því að spilarar í EVE-Online yrðu eins og Íslendingar, sem yrðu ölvaðir af öllum peningunum sem fengjust allt í einu ókeypis í samfélaginu.

**„Við sturtum peningum inn í hagkerfið, eiginlega tilviljanakennt, og reynum svo einhvern veginn að ná þeim inn aftur með því að selja fólki eitthvað, innheimta skatta, gjöld og fleira.“**



# Glitnir styrkti fjögur verkefni

Menningarsjóður Glitnis styrkti í síðustu viku fjögur málefni um samtals 52 milljónir króna. Styrkhafar eru verkefnið „Líf og starf fatlaðra barna á Íslandi“, Unifem á Íslandi, Spes-barnaþorp og nýr Afrekskvennasjóður Glitnis og Íþróttasambands Íslands. Sjóðurinn, sem fagnar 19 ára afmæli í ár, hefur veitt samtals 450 milljónum krónum í styrki frá upphafi.

Stærsta styrknum, 20 milljónum króna, verður varið til að setja á laggirnar Afrekskvennasjóð Glitnis og ÍSÍ en tilgangur hans er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum. Úthlutað verður úr sjóðnum tvisvar á ári, 2 milljónum í hvort sinn.

Næsthæsta styrkinn hlaut SPES, hugsjónafélag sem byggir og rekur þorp fyrir foreldralaus og yfirgefin börn í Tógó.

Þá var 10 milljónum króna varið til verkefnisins „Líf og starf fatlaðra barna á Íslandi“ sem Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir í samstarfi við ljósmyndarann Mary Ellen Mark og kvikmyndagerðarmanninn Martin Bell auk þess sem 10 milljónir runnu til Unifem, þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Um leið gerðist Glitnir bakhjarl Unifem hér á landi. Tilgangurinn er að leggja Unifem lið í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum um allan heim, að því er segir í tilkynningu frá bankanum. - jab



**FRÁ STYRKVEITINGUNNI** Vala Flosadóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir taka við styrk Glitnis fyrir hönd Afrekskvennasjóðsins. MARKAÐURINN/ANTON

# Hagur Arla batnar í Mið-Austurlöndum

Forsvarsmenn dansk-sænska mjólkurvöruframleiðandans Arla Foods segjast vongóðir um að hagur fyrirtækisins batni í Mið-Austurlöndum á þessu ári. Fyrirtækið lenti í miklum vandræðum vegna birtingar danska dagblaðsins Jótlandspóstsins á skopteikningum af Múhameð spámanni haustið 2005 og neyddist til að grípa til ýmissa ráðstafana þegar viðskiptavinir fyrirtækisins í arabaríkjunum hunsuðu vörur þess, auk þess sem margar verslanir í löndunum neituðu að selja vörur frá Arla.

Væntingar standa til að tekjur fyrirtækisins nemi 13,8 milljörðum danskra króna, eða 174 milljörðum króna, á yfirstandandi rekstrarári.

Fyrirtækið ætlaði að hækka greiðslur sínar til mjólkurframleiðenda í Danmörku og Svíþjóð um 6 danska aura á árinu en hefur hins vegar ákveðið að halda því óbreyttu á milli ára í 2,22 dönskum krónum fyrir lítrann, eða 28 íslenskum krónum. Að sögn Jørn Wendel Andersen, fjármálastjóra Arla, er rekstrarvandi fyrirtækisins í Mið-Austurlöndum helsta ástæða þess að gjaldið hefur ekki verið hækkað. Hann er engu að síður bjartsýnn á árið og býst við minna tapi en í fyrra. - jab



**NEW HORIZON SKOTIÐ Á LOFT** Könnunarfarið sem á að kanna reikistjörnuna sem eitt sinn hét Plútó kemur að Júpíter undir lok næsta mánaðar. Markaðurinn/AFP

# New Horizon nálgast Júpíter

Könnunarfarið New Horizon, sem skotið var á loft fyrir ári, nálgast nú óðfluga plánetuna Júpíter og undirbýr að nýta sér aðdráttarafl plánetunnar til að stytta sér leið til 134340, sem allt fram til september á síðasta ári kallaðist reikistjarnan Plútó.

Búist er við að könnunarfarið komist nógu nálægt Júpíter undir lok næsta mánaðar til að geta nýtt sér kraftinn frá gashnettinum geysistóra og stytt leiðina til ystu marka sólkerfisins um heil þrjú ár. Það er hins vegar fjarri að New Horizon komi á allra næstu dögum til stjörnunnar sem fram á haustdaga hét Plútó því ef allt gengur að óskum ættu ferðalok að nást um mitt ár 2015.

Ferðin hefur fram til þessa gengið fádæma vel enda hafa engin mælitæki geimfarsins bilað enn sem komið er, samkvæmt upplýsingum frá geimvísindastofnun Bandaríkjanna, NASA. - jab

# Þoku létt af verðinu

Prentsmiðjan Oddi hefur gefið út verðskrá með upplýsingum um meira en eitt þúsund prentverkefni, allt frá nafnspjöldum upp í 400 blaðsíðna bækur. Þar er að finna lýsingu og verð á flestum þeim prentverkefnum sem fyrirtæki og stofnanir þurfa á að halda. Einnig verð fyrir bókaútgefendur á kiljum eða harðspjaldabókum í mismunandi upplagi og blaðsíðufjölda.

Jón Jósafat Björnsson, framkvæmdastjóri Odda, segir að með þessu sé verðið að létta þokunni af verðlagningu á prentverki hér á landi. „Prentkaupendur hafa hingað til þurft að leita upplýsinga eða tilboða hjá prentsmiðjum fyrir nánast hvert einasta prentverkefni,“ er haft eftir honum í fréttatilkynningu frá prentsmiðjunni.

Oddi áætlar að þrjátíu til fimmtíu þúsund manns komi með einum eða öðrum hætti að ákvörðunum um prentvinnslu hér á landi á hverju ári. - hhs


VIÐSKIPTAÞING 2007

ÍSLAND, BEST Í HEIMI?

ALÞJÓÐLEGT ORÐSPOR OG ÍMYND

Á NORDICA HÓTELI MIÐVIKUDAGINN 7. FEBRÚAR 2007 KL. 13:30 - 16:30

| | |
|---|---|
| 13:00 | SKRÁNING |
| 13:30 | RÆÐA FORMANNS VÍ<br>ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA |
| 13:50 | COMPETITIVE IDENTITY OF ICELAND<br>SIMON ANHOLT, SÉRFRÆÐINGUR Í ÍMYNDARMÁLUM ÞJÓÐA |
| 14:50 | KAFFIHLÉ |
| 15:20 | AFHENDING NÁMSSTYRKJA VÍ<br>ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA |
| 15:30 | RÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA<br>GEIR H. HAARDE |
| 15:50 | VIÐBRÖGÐ VIÐSKIPTALÍFSINS<br>UMRÆÐUR UNDIR STJÓRN EVU MARÍU JÓNSDÓTTUR |
| 16:20 | HVERNIG VERÐUR ÍSLAND BEST Í HEIMI?<br>HALLA TÓMASDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI VÍ |
| 16:30 | MÓTTAKA Í BOÐI VIÐSKIPTARÁÐS |



ERLENDUR HJALTASON
FORSTJÓRI EXISTA



SIMON ANHOLT
SÉRFRÆÐINGUR Í ÍMYNDARMÁLUM



ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR
MENNTAMÁLA-RÁÐHERRA



GEIR H. HAARDE
FORSÆTIS-RÁÐHERRA



HALLA TÓMASDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS



JÓN KARL ÓLAFSSON
FORSTJÓRI ICELANDAIR GROUP
FUNDARSTJÓRI



EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR
DAGSKRÁR-GERÐARMAÐUR
UMRÆÐUSTJÓRN

SKRÁNING Á VIÐSKIPTAÞING FER FRAM Á WWW.VI.IS EÐA Í SÍMA 510 7100

VIÐBRÖGÐ VIÐSKIPTALÍFSINS:



LÝÐUR GUÐMUNDSSON
STJÓRNARFORMAÐUR EXISTA OG BAKKAVÖR GROUP



SVAFA GRÖNFELDT
REKTOR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON
FORSTJÓRI BAUGUR GROUP



RÓBERT WESSMAN
FORSTJÓRI ACTAVIS

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

# Ósýnilega auðlindin

Á vinsælum bar í miðborg Reykjavíkur situr hópur uppábúinna og glaðbeittra manna sem öðru hvoru lyfta glösum og skála fyrir sigrum dagsins. Þeir hafa ástæðu til þess að fagna því blekið er rétt að þorna á samningi með undirskriftum þeirra allra um kaup á mikilli verksmiðju í Evrópu. Mönnunum er mikið niðri fyrir og þeir láta sig dreyma um frekari landvinninga. „Hvar eigum við að fjárfesta næst?“ segir einn þeirra. „Kannski í Rússlandi?“ leggur annar til, nokkuð niðri fyrir. „Jááá, hvernig væri það?“ segir sá þriðji. „Spurningin er bara hvar við eigum að finna einhvern sem talar rússnesku?“ Á næsta borði situr maður sem kemst ekki hjá því að heyra það sem mönnunum fór á milli. Hann veltir því fyrir sér hvort hann ætti að benda þeim á það að hér á landi búa meira en tvö hundruð manns frá Rússlandi, sem margir hverjir tala bæði reiprennandi rússnesku og íslensku.

**MÁLIÐ ER** *Heimskringlan*

**ÓVENJULEG SAMSETNING**

Þessi sanna saga er ef til vill lýsandi fyrir íslenskan raunveruleika. Á sama tíma og íslensk fyrirtæki keppast um að kaupa fyrirtæki í útlöndum eykst hröðum skrefum fjöldi útlendinga sem kjósa sér að búa á Íslandi. Hlutfall fólks af erlendu bergi brotnu var um aldamótin rétt um þrjú prósent. Í lok árs 2006 var það hlutfall orðið sex prósent. 18.411 manns eiga því rætur sínar að rekja til 125 landa víðs vegar um heim. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu á báða bóga er lítið um að íslensk fyrirtæki leiti til nýju Íslendinganna um hjálp á þeirra heimamörkuðum.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, segir að margt sé ólíkt með innflytjendum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar. Samsetning innflytjendanna, ástæður að baki búferlaflutningunum þeirra og atvinnuþátttaka fylgi allt öðru mynstri hér en þar. „Sum lönd í Evrópu telja þá einungis til innflytjenda sem koma utan Evrópu. Sjötíu og fimm prósent innflytjenda á Íslandi eru evrópsk og myndu því víða ekki vera flokkuð sem slík. Í öðrum löndum er það gjarnan vandamál hve atvinnuleysi innflytjenda er hátt en hér er það í algjöru lágmarki. Þar að auki er hlutfall flóttamanna af mannfjölda 0,1 prósent hér, miðað við um fimm prósent á Norðurlöndunum. Fólk flyst því ekki hingað af neyð heldur fyrst og fremst til að vinna,“ segir hann.

Innflytjendur hér á landi eru oft á tíðum vel menntaðir en eiga það ósjaldan sameiginlegt að vinna störf þar sem sú menntun nýtist ekki. Sögurnar af kvensjúkdómalækninum sem eldar ofan í íslensk leikskólabörn, lögfræðingnum sem vinnur sem húsvörður og fyrrum blaðafulltrúa filippeyska forsetaembættisins sem skúrar á Landspítalanum eru allar dagsannar.

**VANNÝTT ÞEKKING Á ÍSLANDI**

Íslendingar eru þekktir fyrir að ganga mjög hreint til verks á erlendum mörkuðum, með sín eigin gildi og viðmið að leiðarljósi. Jafnan gera þeir ráð fyrir að þeir sem eigi við þá viðskipti aðlagist þeirra aðferðum. Þetta hefur stundum verið talið til þeirra þátta sem stutt hafi við íslensku útrásina. Ýmsir finna þeim þetta þó til foráttu. Stjórnendur íslenskra fyrirtækja leita ýmissa leiða til að undirbúa innrás sína á erlenda markaði og eyða oft háum fjárhæðum í ráðgjöf. Það myndi örugglega ekki saka fyrir þá að kynna sér betur siði og venjur þeirra þjóða sem átt er í viðskiptum við. Þar gæti hinn stóri hópur nýrra Íslendinga hjálpað. Þekkingargrunnur þjóðarinnar hefur aukist með tilkomu þeirra og sjálfsagt að nýta hann.

Stundum koma íslensk fyrirtæki auga á kostinn sem fylgir því að leita til útlendinga sem búsettir eru hér á landi. Saga Tönju Tzonevu hjá lyfjafyrirtækinu Actavis er dæmi um það. Hún var fengin til liðs við félagið til að sjá um samskipti við heimaland sitt, Búlgaríu, á þeim tíma sem félagið var að auka umsvif sín verulega þar í landi. Tanja er fyrst þeirra sem Markaðurinn fær að forvitnast um í nýjum dálki undir nafninu „Heimskringlan“ á næstu misserum. Í hverju tölublaði verður útlendingur búsettur á Íslandi fenginn til að segja frá sinni sýn á viðskiptatækifæri milli Íslands og hans heimalands, aðstæðunum þar, hvað ber að varast og þar fram eftir götunum, allt eftir því hvað hver og einn þeirra hefur fram að færa. Það verður vonandi til þess að varpa ljósi á leynd tækifæri er finnast víða um heim. Þá ekki síður til að vekja athygli á þeim mikla mannauði sem leynist í þeim fjölda fólks af erlendum uppruna sem búsettur er hér á landi.






HEIMSKRINGLAN

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



**TANJA TZONEVA** Tanja hefur búið á Íslandi í tólf ár og starfar hjá Actavis. Hún segir mörg tækifæri felast í viðskiptum milli Íslands og Búlgaríu. MARKAÐURINN/GVA

# Allt að opnast og nútímavæðast

Gríðarlegar breytingar hafa orðið í Búlgaríu frá falli kommúnismans í Austur-Evrópu við lok níunda áratugar síðustu aldar og fram til dagsins í dag. Um síðustu áramót varð landið formlega hluti af Evrópusambandinu og má því gera ráð fyrir að breytingar verði áfram hluti af daglegu lífi þeirra sjö og hálfrar milljónar manna sem landið byggja.

„Það er allt að opnast í Búlgaríu og nóg af tækifærum þar á mörgum sviðum,“ segir Tanja Tzoneva, sem kom hingað fyrst til að læra íslensku og hefur nú verið búsett hér í tólf ár. Hún nefnir sem dæmi að ferðamannaiðnaðurinn bjóði mikla möguleika, ekki síst vegna legu landsins við Svartahafið. „Þarna er heitt á sumrin og kalt á veturna og bæði hægt að fara á skíði og á ströndina. Það eru ekki mörg lönd í Evrópu sem hafa upp á það sama að bjóða.“

**TÆKIFÆRI FYRIR SÉRÍSLENSKAR VÖRUR**

Tanja er frá lítilli borg, á búlgarskan mælikvarða, sem heitir Kazanlak. Þar eru meðal annars ræktaðar rósir og úr þeim framleitt það sem Tanja segir vera „bestu rósaolíu í heimi“. Hún hefur þó ekki tekið upp á því sjálf að flytja olíuna til Íslands og segist bíða spennt eftir því að einhver geri það. Tanja telur að ýmsar íslenskar vörur gætu átt vel upp á pallborðið hjá búlgörskum neytendum. „Séríslenskar vörur sem fást hvergi annars staðar gætu vel gengið í Búlgaríu, eins og vörur sem eru unnar úr íslenskri náttúrunni. Ég held líka að íslenskir hönnuðir gætu markaðssett sig í stærri borgunum. Stéttaskipting hefur aukist í landinu og bilið á milli ríkra og fátækra aukist. Nú er til ríkt fólk í Búlgaríu sem vill kaupa eitthvað öðruvísi, eitthvað sem enginn annar á.“

Fremur lítið er um bein vöruskipti milli Íslands og Búlgaríu. Fyrstu ellefu mánuði ársins 2006 voru vörur fluttar þangað fyrir 154,3 milljónir króna og inn fyrir 133,6 milljónir samkvæmt tölum af vef Hagstofunnar. Hins vegar hefur nokkuð verið um fjárfestingar þar og fer þá mest fyrir fyrrnefndum Björgólfi Thor Björgólfssyni og félögum tengdum honum. Hann er einn umsvifamesti erlendi fjárfestirinn þar í landi og var í lok árs 2005 útnefndur fjárfestir ársins af búlgarska ríkisútvarpinu. Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs, á um 75 prósent í búlgarska símanum BTC og 34 prósenta hlut í búlgarska bankanum EIBank. Þá á og rekur Actavis, sem Björgólfur á 35 prósenta hlut í og gegnir stjórnarformennsku fyrir, fjórar verksmiðjur í landinu.

**BÚLGARÍA**

*Mannfjöldi:* 7,7 milljónir
*Hagvöxtur:* 5,5 prósent
*Verðbólga:* 5 prósent
*Atvinnuleysi:* 13,7 prósent
*Gjaldmiðill:* Leva (1 leva = 47 krónur)
*Heimild:* Heimasíða Alþjóðabankans. Tölur miðast við árið 2005.

**VANN SIG UPP ÚR HÁLOFTUNUM**

Tanja er mikil málamanneskja og talar búlgörsku, rússnesku, þýsku, ensku og sænsku, að ógleymdri íslensku sem hún fer betur með en margir barnfæddir Íslendingar. Það er því ekki að undra að fyrsta starfið sem hún fékk hér á landi, og draumastarfið á þeim tíma, var sem flugfreyja hjá Icelandair. Hún var í háloftunum í fimm ár, þangað til henni bauðst starf hjá lyfjafyrirtækinu Actavis. Þetta var um það leyti er félagið var að kaupa búlgörsku lyfjaverksmiðjuna Balkanpharma og var Tönju falið að sjá um ýmis samskipti við heimaland sitt. Á þessum tólf árum hefur hún jafnframt náð sér í BA-próf í íslensku og MA-próf í uppeldis- og menntunarfræðum auk þess sem hún er löggiltur skjalaþýðandi úr íslensku yfir í búlgörsku.

**FRÓÐLEIKSMOLAR**

*Í Búlgaríu …*

*… eru samskipti formleg og til siðs að nota formleg ávörp á borð við „herra“ og „frú“ samkvæmt því.*

*… er til siðs að gefa konum blóm við ýmis tækifæri. Aldrei skyldi þó fjöldi blóma í vendi vera slétt tala, það á einungis við í jarðarförum.*

*… kinkar fólk kolli til merkis um neitun en hristir höfuðið til samsinnis, öfugt við siði á Íslandi.*

**SAMBÖND OG ÞEKKING MIKILVÆG FJÁRFESTUM**

Gríðarlegar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið í Búlgaríu frá því að Tanja flutti til Íslands, sem fyrr segir. „Um það leyti er ég kom hingað var Búlgaría að ganga í gegnum efnahagslega kreppu. Þá ríkti mikil óvissa og enginn vissi hvað tæki við eftir kommúnismann. Nú er allt að færast til betri vegar og nútímavæðast. Búlgaría er loksins komin í Evrópusambandið og fólk er því bjartsýnna og líður almennt betur en þegar ég fór þaðan.“

Eitt af skilyrðunum sem Búlgaría þurfti að uppfylla til þess að fá inngöngu í Evrópusambandið var að útrýma spillingu í landinu. Tanja telur að vel hafi tekist til með það verkefni en þó skipti miklu máli að vanda valið við að finna viðskiptaaðila. „Það skiptir máli að velja gaumgæfilega það fólk sem á að vinna með og finna einhvern sem er hægt að treysta. Svo er líka mjög mikilvægt að hafa góða innlenda innsýn og vaða ekki bara inn á markaðinn, einn og óstuddur.“

# Sparaðu á bestu vöxtunum!



**Netbankinn er með bestu vextina í dag.***

**Markaðsreikningur, allt að 14,05% vextir**

*Skv. vaxtatöflum banka og sparisjóða á vöxtum á óbundnum innlánsreikningum þann 11.01.2007

## Netbankinn mælir með því að einstaklingar fjárfesti í sparnaði

Einstaklingar geta valið góðar sparnaðarleiðir hjá Netbankanum í samræmi við sín markmið. Hvort sem verið er að safna í ferðasjóð eða styrkja fjárhagslega afkomu á eftirlaunaárunum – þá skiptir mestu að spara þar sem vextirnir eru bestir.

- Sæktu um á nb.is
- Hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800

**www.nb.is**

Netbankinn
*– með betri vexti*

Himinn og haf / SÍA - 9070034

MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

**40** milljarða krónubréf sem Rabobank gaf út í vikunni og það stærsta frá upphafi slíkra útgáfa.

**6,9%** verðbólga síðastliðna tólf mánuði.

**67** krónur á hlut sem fjárfestingarbankinn Merrill Lynch metur Actavis á.



## Færeyingar fylgjast með

Íslendingar hyggjast nú athuga hvort landið geti tekið upp evru sem gjaldmiðil án þess að ganga í Evrópubandalagið, sagði í frétt færeyska útvarpsins í byrjun vikunnar. Þar var vitnað til orða Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra um að hún vildi í fullri alvöru láta skoða möguleikann á upptöku evrunnar án Evrópusambandsaðildar. „Þetta hefur hún nefnt áður, en ekki með jafnafgerandi hætti og nú. Valgerður Sverrisdóttir telur að erfitt muni verða að halda sjálfstæðum gjaldmiðli í litlu landi með lítið hagkerfi á opna evrópska markaðnum,“ segir Útvarp Føroya og greinir frá því að á Íslandi setji æ fleiri spurningamerki við það hvort hér náist stöðugleiki í efnahagsmálum með krónunni og miklum hagsveiflum.

## Bitlausir vextir

Á morgunverðarfundi Landsbankans í vikunni um horfur á hlutabréfamarkaði greindi Edda Rós Karlsdóttir frá því að eftir að Seðlabankinn hóf að hækka stýrivexti fyrir nærri þremur árum hefði Úrvalsvísitalan hækkað um 150 prósent. Í framtíðinni endar þessi goðsagnakennda saga eflaust í bandarískum kennslubókum um sérkennilegar íslenskar undantekningar á viðteknum hagfræðikenningum. Nú þegar við búum við yfir fjórtán prósenta stýrivexti og hátt raunvaxtastig út árið spá greiningardeildir bankanna talsverðri hækkun á hlutabréfaverði á árinu, allt að 25 prósenta hækkun.

## Kaup, Land og Glit

Þær fregnir berast nú utan úr heimi að bankarisinn Citigroup hyggi á nýtt nafn. Vatnið verður vitanlega ekki sótt yfir lækinn og nýja nafnið mun verða Citi sem er einföld stytting á núverandi nafni. Íslenskir bankar og fyrirtæki hafa skipt um nöfn og stundum ráða tískustraumar nafngiftum. Group-viðskeytið varð afar vinsælt svo lá við plágu á tímabili. Nú kann tími styttinganna að renna upp og hver veit nema íslensku bankarnir muni heita Glit, Land og Kaup áður en yfir lýkur.






# bílaland B&L

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar


Ford Focus. Nýskr. 11/2004, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 15.000. Verð 1.820.000 Tilboð 1.490.000.


Land Rover Range Rover. Nýskr. 01/2000, 4600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 93.000. Verð 2.390.000, tilboð 1.970.000.


Renault Megane II. Nýskr. 06/2005, 1600cc, 4 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 57.926. Verð 1.720.000, tilboð 1.370.000.


Renault Megane II. Nýskr. 01/2005, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 35.000. Verð 1.590.000, tilboð 1.390.000.


Suzuki Jimny JLX. Nýskr. 06/2002, 1300cc, 3 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 98.000. Verð 790.000, tilboð 560.000.


Toyota RAV4. Nýskr. 06/2003, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 87.000. Verð 1.880.000, tilboð 1.530.000.

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-


Ford Galaxie. Nýskr. 12/2004, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 30.000. Verð 2.290.000.


Hyundai Trajet. Nýskr. 10/2003, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 51.000. Verð 1.690.000.


Renault Laguna II. Nýskr. 01/2006, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 7.000. Verð 2.790.000.


Renault Laguna II. Nýskr. 09/2003, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 46.000. Verð 1.980.000.


Renault Scenic II. Nýskr. 07/2005, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 17.000. Verð 2.520.000.


Toyota Avensis. Nýskr. 03/2004, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 230.000. Verð 1.690.000.

## Atvinnubílar


Renault Kangoo. Nýskr. 12/2004, 1900cc, 6 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 115.000. Verð 1.650.000.


Renault Kangoo. Nýskr. 12/2002, 1400cc, 5 dyra, beinskiptur, hvítur, ekinn 50.000. Verð 930.000.


Renault At Master. Nýskr. 07/2004, 0cc, 5 dyra, 5 gíra, gulur, ekinn 104.000. Verð 1.790.000.


Renault At Master. Nýskr. 06/2003, 0cc, 6 dyra, 5 gíra, blár, ekinn 116.000. Verð 1.590.000.


Renault At Master. Nýskr. 02/2006, 2500cc, 6 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 25.000. Verð 3.200.000.


Toyota Hiace. Nýskr. 06/2005, 2700cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 18.000. Verð 2.380.000.

## Verð frá 500.000 til 1.500.000.-


Hyndai Starex. Nýskr. 09/1999, 2500cc, 4 dyra, 5 gíra, grár / gulur, ekinn 178.000. Verð 1.080.000.


ISUZU TROOPER Nýskr: 08/1998, 3000cc 5 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 143.000 þ. Verð: 980.000


Land Rover Freelanfder nýskr. 11/2001, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, svartur, ekinn 70.000 þ. Verð 1.410 þús.


Nissan Terrano II nýskr. 04/1998, 2700cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn, ekinn 171 þ. Verð 790.000.


Nissan Terrano II 5-SE nýskr. 09/1997, 2700cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkgrænn, ekinn 247.000 þ. Verð 990.000.


Renault Scenic nýskr. 04/2002, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 100 þ. Verð 1.180 þús.

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Margir möguleikar á fjármögnun, t.d. allt að 100% lán í 84 mánuði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074

Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 20 ára.
Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.

**Morgunþrif / Ræsting**
Viljum bæta við okkur góðum starfsmanni í morgunræstingu. Leitum að vönu, áreiðanelgu og stundvísu fólki. Vinnutími 08-12 & 08-14, unnið 5 daga aðra vikuna og 2 daga hina.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlukrain.is

**Þjónustustarf/vaktavinna.**
Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www.kringlukrain.is

**Matreiðslumaður/vaktavinna.**
Viljum bæta við okkur matreiðslumanni sem getur hafið starf sem fyrst. Leitum að vönum og góðum manni, þarf að kunna á tölvu og geta unnið með word og exel og hafa góð meðmæli.
Upplýsingar á staðnum eða í s. 863 8900 & www.kringlukrain.is

**Hjálp mamma.**
Kanntu að elda? Við erum 10 svangir starfsmenn og erum orðnir leiðir á sjoppu- og ruslfæði og langar í hollan „mömmumat" í hádeginu. Ertu til í að koma og hugsa um okkur? Starfskröfur: kunna að elda fjölbreyttan og góðan mat, hreinlæti, hagsýni í innkaupum, jákvæðni, stundvísi, reglusemi. Ef þig langar í þess háttar hlutastarf, hafðu þá endilega samband við okkur og komdu í viðtal.
Kvarnir ehf. sími 564 6070, dora@kvarnir.is

**Kvarnir**
Óskum eftir starfsmanni í fjölbreytt starf, m.a á vörubíl með krana og til að sinna ýmsum tilfallandi verkum í útkeyrslu og lagerstörfum. Kröfur Meirapróf og stjórn á vörubílakrana, stundvísi, reglusemi, jákvæðni og auðvitað góður ökumannsferill. Lyftarapróf er kostur, en þó ekki skilyrði.
Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 564 6070 eða ingo@kvarnir.is

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna aukinna umsvifa. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

**Helgarvinna**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7.30 - 16.30 laugardag og sunnudag.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.

**Rafvirkjar óskast.**
Rafvirkjar óskast í vinnu sem fyrst.
Uppl. í síma 896 4901

**Serrano Hringbraut - Afgreiðsla**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á nýjan Serrano stað við Hringbraut. Um er að ræða fullt starf. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 170.000 kr. Einnig er hægt að sækja um hlutastörf í kvöld- og helgarvinnu á sama stað.
Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - Nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896-9577.

**Starfsfólk óskast!**
Kornið Hjallarbrekku 2. 200 Kópavogi óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í bakaríinu. Vinnutími frá 07.00 - 13.00. Hentar mjög vel eldra fólki. - Borgartúni vantar helgarstarfsfólk.
Nánari uppl. í s. 864 1585. Dagbjartur.

**Tapas barinn**
Tapas barinn óskar eftir hressu og duglegu starfsfólki í sal.
Uppl. á www.tapas.is og í síma 551 2344.

**Verksmiðjustarf**
Óskum eftir að ráða fólk til hefðbundinna verksmiðjustarfa í verksmiðju okkar. Góð vinnuaðastaða og góður vinnutími (8-16). Við erum framsækið fyrirtæki í örum vexti með fjölbreytta starfssemi og getum boðið möguleika á fratíðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir vinsamlegast sendið upplýsingar á hauk.har@mac.com eða hringið s. 824 2450 milli kl. 14-16 í dag og miðvikudag.

**Subway opnar nýjan stað!**
Vantar fólk í kvöld og helgarvinnu á nýjan stað við umferðarmiðstöðina. Vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Umsóknir á öllum Subway stöðunum og á netinu subway.is.
Nánari upplýsingar í síma 530 7000.

**Steinsteypusögun og kjarnaborun**
Duglegur starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Fjölbreytt starf. Góð laun í boði fyrir réttan mann.
Upplýsingar í s. 893 3236

**Lagnavinna**
Óska eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann við hitaveitulagnir o.fl.
Uppl. í s. 892 1919.

Óskum eftir vönum barþjónum, (keyrslu), þjónum í sal og glasatínum. Einnig vantar vana dyraverði. Einungis reglusamt og snyrtilegt fólk kemur til greina, eldri en 18 ára. Umsóknir sendist á rex@rex.is. með öllum helstu upplýsingum.

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Heildsala leitar að starfsmenni í fullt starf til að sjá um lagerhald á smávöru, merkja vöru og útkeyrslu til viðskiptamanna. Viðkomandi þarf að hafa góðar mætingar vera reyklaus og hafa góða framkomu. Þeir sem hafa áhuga sendið inn umsókn merkta „Heildsala 28"

**Vantar þig vinnu?**
Erum að leita að stundvísum og duglegum mönnum í þakpappalagnir. Heiðarleiki skilyrði. Endilega hringdu og fáðu upplýsingar, s. 892 5453, Karl.

Laust starf á rannsóknarstofu Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Um er að ræða 50% starf, eftir hádegi. Einhver tölvuþekking æskileg. Nánari upplýsingar gefur Hafsteinn Már í síma 569-2200 eða 569-2310.

Starfsmaður óskast í barnafataverslun á höfuðborgarsv. alla virka daga frá kl.14:00 til 18:30 og einn laugard. í mánuði. Nánari uppl.veitir Elva í sima 690-0077.

Óskum eftir vönum manni á vörubíl með krana til starfa strax hjá Hlaðbæ Colas. Nánari upplýsingar í síma 565 2030.

## Atvinna óskast

24 ára kk., vantar kvöld eða næturvinnu. Er margt til lista lagt, og hvað eina kemur til greina. S. 868 4155.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu er rekstur á hverfisbar í fullum rekstri. Hentar vel fyrir einstaklinga sem vilja vinna sjálfstætt. ATH ýmis skipti t.d bílum. Uppl i s 846 1065

## TILKYNNINGAR

**Aðalfundur Vélbátafélagsins Kvikunar**

**Fundarefni**
1. Skýrsla stjórnar lesin.
2. Kostning stjórnar.
3. Tillaga um ný félagsgjöld.
4. Önnur mál rædd.

Fundurinn verður haldin laugadaginn 27.jan kl.14:00
Fundurinn verður haldin að Bakkabraut 9.
Mætið vel og stundvíslega
Kaffi og kleinur.

Stjórnin

allt hús
Alla mánudaga

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**ÞJÓNUSTULIÐI - RÆSTING**

**í Menntaskólanum í Kópavogi**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

## FASTEIGNIR

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**VERSLUNARHÚSNÆÐI VIÐ SMIÐJUVEG MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.**

Frum



Um er að ræða 400 fm gólfflöt ásamt óskráðu ca 130 fm millilofti. Góð lofthæð er í húsinu. Gluggafrontur er á 3 vegu, með góðu útsýni til Esju. 1 innkeyrsluhurð. Bílastæði við hús.

**Nánari upplýsingar veita Svenni 866-0160 og Helgi Jón 893-2233.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

## LEIGUÍBÚÐARFÉLÖG / FJÁRFESTAR



## TIL SÖLU ÁTTA EINBÝLISHÚS Á HELLU

Höfum fengið til sölumeðferðar 8 steinsteypt einbýlishús með bílskúrum á Hellu sem byggð voru á árunum 2002-2004. Húsin seljast í einu lagi til leiguíbúðafélaga en það eru félög sem hafa leyfi frá Félagsmálaráðuneytinu til rekstur leiguíbúða.

Eignirnar eru eftirtaldar: Sigalda 1, Sigalda 2, Sigalda 3, Sigalda 4, Sigalda 5, Sigalda 6, Hraunalda 2 og Brúnalda 7.

Tvær stærðir eru af húsunum:
- Sigalda 1-6 og Hraunalda 2 eru 157,5 m² að stærð og samanstanda þau af forstofu, eldhúsi og stofu sem er eitt rými, þremur svefnherbergjum, baðherbergi, þvottahúsi og geymslu.
-Brúnalda 7 er 178,5 m² að stærð og samanstendur af forstofu, eldhúsi og stofu sem er eitt rými, fjórum svefnherbergjum, baðherbergi, þvottahúsi og geymslu.

Ýmsum frágangi er ólokið, bæði utanhúss sem innan, og verða eignirnar seldar í því ástandi sem þær eru. Eignirnar hafa verið í útleigu og miðast afhendingartími þeirra við 1. febrúar 2007.

**Nánari upplýsingar má fá á skrifstofu Lögmanna Suðurlandi**

LÖGMENN SUÐURLANDI

Fasteignasala Lögmanna Suðurlandi
Austurvegi 3 - 800 Selfossi - sími 480 2900 - www.log.is

Löggiltir fasteignasalar: Ólafur Björnsson hrl.
Sigurður Sigurjónsson hrl. og Christiane L. Bahner hdl.

# 530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41





**Helgi Már Karlsson**
helgimar@draumahus.is
sölumaður/ljósmyndari



**Hlín Hlöðversdóttir**
hlin@draumahus.is
ritari



**Margrét B. Eiríksdóttir**
greta@draumahus.is
ritari



**Óli Antonsson**
olia@draumahus.is
sölumaður

Við erum einnig á Buisiness City Guide í samvinnu við TIMES ONLINE í London

## Draumaeignir

### Svölutjörn - 260 Rbæ



**29.900.000 Laus eign. Makaskipti möguleg.**
151,7 fm 5 herbergja einbýlishús með 26 fm innbyggðum bílskúr, á góðum stað í Innri Njarðvík. Pantaðu skoðun.
**Þórarinn s. 530 1811**

## Draumaeignir

### Hrísholt - 210 Gbæ



**59.500.000**
Fallegt einbýlishús á glæsilegum útsýnisstað í Garðabæ. Alls 280,4 fm 4 rúmgóð herbergi og 2 stofur. 2 baðherbergi. Skjólgóð verönd með heitum potti. Suður og vestur svalir með glæsilegu útsýni.
**Sigurður s. 530 1809**

## Draumaeignir

### Skeiðarvogur - 104 Rvk



**36.900.000**
Gott endaraðhús á 3 hæðum með aukaíbúð í kjallara sem stendur undir verulegri greiðslubyrði. Laust fljótlega.
**Óli í s. 530 1812**

## Laus strax

### Austurberg - 111 Rvk



**17.500.000**
Endaíbúð 3JA herb.91 fm með sérinngangi á 1 hæð og laus við kaupsamning. Stutt í alla þjónustu. **Óli s. 530 1812**

### Flúðasel - 109 Rvk



**36.400.000**
Mjög gott 142,7 fm, 5 herbergja raðhús á 2. hæðum,32 fm bílastæði í bílageymslu fylgir
**Stefanía s. 530 1805**

## Laus strax

### Urðarholt - 270 Mos



**27.500.000**
157 fm verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem er í dag 2 nær jafnstórar ósamþykktar íbúðir. Íbúðirnar eru 3ja herb. **Sigurður s. 530 1809**

**Alltaf föst lág söluþóknun**

## Suðurnes

### Kothúsavegur - 250 Gar



**14.000.000**
4 herbergja 125,1 fm einbýli á 2 hæðum og kjallari í Garði.
**Stefanía s. 530 1805**

### Norðurgarður - 230 Rbæ



**23.900.000**
127,6 fm 5 herbergja endaraðhús þar af 18 fm innbyggður bílskúr á góðum stað í Reykjanesbæ. Pantaðu skoðun,
**Þórarinn s. 530 1811**

# EKKI BORGA...

## ...meira en þú þarft þegar þú selur fasteign

### Draumahús

| | |
|---|---|
| Söluverð á eign<br>3ja - 5 herbergja * | 0 - 100.000.000 |
| Söluþóknun óháð verði eignar | 249.900 |
| Ýmis söluþóknunargjöld | 0 |
| (t.d. skoðunargjald, umsýslukostnaður ofl.) | |
| **Fast verð án vsk** | 249.900 |
| Vsk (24,5%) | 61.226 |
| Samtals | 311.126 |

*Kynntu þér lægra verð fyrir minni eignir

**Verð miðast við einkasölu**

### Aðrar fasteignasölur, raundæmi:

| | | | | Reiknaðu dæmið sjálf(ur) |
|---|---|---|---|---|
| Söluverð á eign | 15.000.000 | 22.000.000 | 30.000.000 | |
| Söluþóknun (Kynntu þér mismunandi prósentur) | 2,3% 345.000 | 1,95% 429.000 | 1,5% 450.000 | % |
| Ýmis söluþóknunargjöld | 10.000 | 25.000 | 30.000 | |
| (Kr. 0 til 50.000,- mismunandi eftir fasteignasölum) | | | | |
| Samtals án vsk | 355.000 | 454.000 | 480.000 | |
| Vsk (24,5%) | 86.975 | 111.230 | 117.600 | |
| Samtals | 441.975 | 565.230 | 597.600 | |
| **ÞÚ SPARAR:** | 130.849 | 254.104 | 286.474 | |



Jarpur og Rauður líta til beggja átta með Móskarðshnjúka í baksýn. Hestamenn eru margir hverjir farnir að taka hross sín á hús. Sumir eru þó rólegri í tíðinni og leyfa hestunum að njóta útiverunnar nokkrar vikur til viðbótar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Íris Ólöf Sigurjónsdóttir vinnur þrjá daga vikunnar í Minjasafninu á Dalvík og hina tvo við eigin hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA TRYGGVADÓTTIR

# HVUNNDAGUR

## *Allt of seint að sofa*

**„Mínir hvunndagar eru margbreytilegir bæði eftir árstíðum og vikudögum," segir Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafnsins Hvols á Dalvík, sem býr að Laugasteini í Svarfaðardal. „Þrjá daga vikunnar er ég á safninu frá átta til fjögur og sinni þar margs konar vinnu við uppbyggingu, stefnumótun og undirbúningi sýninga. Núna er ég til dæmis að vinna að því að koma upp snertiskjám. Hina virku dagana tvo er ég að sinna eigin framleiðslu því ég er textilhönnuður og reyni að hafa reglulegan vinnutíma þar líka þó að vinnustofan sé heima."**

**Íris Ólöf kveðst eiga nokkuð stóra fjölskyldu. Yngsta barnið sé í grunnskólanum á Dalvík en önnur komin í framhaldsskóla eða til útlanda. Svo er hún með dálítið af húsdýrum í kringum sig í sveitinni sem hún og eiginmaðurinn, Hjörleifur Hjartarson, skipta með sér umhirðu á. Þegar forvitnast er um fótaferð og fæðuinntöku segist hún vakna upp úr klukkan sjö og fá sér múslí áður en hún heldur til vinnu. „Klukkan hálf tíu hef ég fyrir sið að drekka svart te með mjólk og einhverntíma dagsins finnst mér nauðsynlegt að fá mér bolla af góðu kaffi," upplýsir hún og heldur áfram. „Ég borða með manninum mínum í hádeginu þá daga sem ég er á safninu, á vinnustað annars hvors okkar eða á kaffihúsi og svo eldum við kvöldmat heima." Tómstundir Írisar Ólafar fara dálítið eftir árstíðum að hennar sögn. Á sumrin fara flestar frístundir í garðinn en vetrarkvöldin eru meira nýtt í menningarstarfsemi. „Ég æfi með Samkór Dalvíkur og svo tökum við Hjörleifur oft lagið saman enda höfum við verið með söng í Minjasafnskirkjunni," segir hún glaðlega. Síðustu spurningunni kýs hún svo að svara af ónákvæmni. „Hvenær að sofa? Yfirleitt allt of seint!"**



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.885 **+1,02%** **Fjöldi viðskipta:** 683 **Velta:** 13.668 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | +3,47% | **Mosaic** | -1,97% |
| **Actavis** | +2,17% | **Flaga** | -1,96% |
| **FL Group** | +2,13% | **Marel** | -1,32% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,67 +0,43% ... Actavis 70,50 +2,17% ... Alfesca 4,95 +1,00% ... Atlantic Petroleum 545,00 -0,55% ... Atorka 6,92 -0,29% ... Bakkavör 63,50 +1,60% ... Eimskipafélagið 33,10 -0,60% ... FL Group 28,80 +2,13% ... Glitnir 25,00 +0,81% ... Kaupþing 909,00 +0,55% ... Landsbankinn 29,80 +3,47% ... Marel 75,00 -1,32% ... Mosaic Fashions 14,90 -1,97% ... Straumur-Burðarás 18,20 +0,55% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Erlent vinnuafl hefur góð áhrif

Innflutningur vinnuafls í uppsveiflunni sem verið hefur í efnahagslífinu hefur haldið aftur af þenslu og verðbólgu með töluverðum ábata fyrir íslenskan almenning. Í nýrri úttekt greiningardeildar Kaupþings kemur fram að útlendingar hafi mannað störf sem landsmenn hafi ekki getað eða viljað sinna.

„Í maí á þessu ári opnaðist íslenskur vinnumarkaður fyrir nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins og segja má að í kjölfarið hafi orðið algjör sprenging í innflæði til landsins og í kjölfarið mikið rætt um áhrif þess á íslenskt samfélag,“ segir Þóra Helgadóttir, sérfræðingur greiningardeildarinnar sem vann rannsókn á málinu. Hún segir niðurstöðuna þá að fólk sem hingað komi frá útlöndum til



**ÞÓRA HELGADÓTTIR** Reynsla annarra þjóða af flæði vinnuafls frá Austur-Evrópu virðist mjög jákvæð, að sögn Þóru Helgadóttur, sérfræðings greiningardeildar Kaupþings.

að vinna leggi meira til samfélagsins en það kosti. Þannig yngi erlent vinnuafl í raun upp þjóðina enda sé þar á ferðinni fólk á vinnufærum aldri og rannsóknir sýni að atvinnuleysi sé hverfandi í hópnum, eða 0,5 prósent. Þóra segir því ljóst að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því að erlent vinnuafl sé íþyngjandi fyrir þjóðina.

Annað áhyggjuefni sem orð hefur verið það að er að aðkoma útlendinga dragi úr atvinnutækifærum þeirra sem fyrir eru. Þóra segir hins vegar reynsluna annars staðar frá vera þá að aðkoma útlendinga skapi störf og auki tækifæri í landinu. „Reynsla Breta og Íra sýnir að innflæði vinnuafls frá nýjum aðildarríkjum ESB hefur ekki haft neikvæð áhrif á þarlenda vinnumarkaði,“ segir Þóra og kveður greiningardeild Kaupþings spá því að reynsla okkar verði svipuð og Breta og Íra, enda vinnumarkaðurinn hér þekktur fyrir sveigjanleika. **- óká**

# Fjörutíu stig-um frá metinu

Úrvalsvísitalan Kauphallarinnar endaði í 6.885 stigum í gær, sem er næsthæsta gildi hennar frá upphafi.

Metið 6.925 stig, sem var sett um miðjan febrúar í fyrra, gæti því fallið í dag miðað við þær hækkanir sem orðið hafa á hlutabréfum frá áramótum. Frá ársbyrjun hefur Úrvalsvísitalan hækkað um 7,4 prósent.

Actavis, FL Group og Landsbankinn hafa hækkað mest af stóru félögunum það sem af er ári en Exista, Glitnir og Kaupþing fylgja þeim fast á hæla.

Í vikunni hafa hlutabréf í Actavis hækkað um 5,2 prósent í mikilli veltu eftir að Landsbankinn mælti sérstaklega með félaginu. **- epa**



**VÖRUR FRÁ LAURU ASHLEY** Talsverð söluaukning varð hjá smávöruverslun-inni Lauru Ashley í fyrra.

# Gott ár hjá Lauru Ashley

Breska fata- og húsbúnaðarkeðjan Laura Ashley greindi frá því í gær að afkoma fyrirtækisins hefði batnað mikið á milli ára. Þetta er talsvert betri afkoma en mörg fyrirtæki í Bretlandi hafa greint frá í upphafi árs.

Sala jókst um 8,7 prósent í öllum vöruflokkum hjá Lauru Ashley um allan heim. Þar af jókst sala í Bretlandi um 12,5 prósent í Bretlandi í fyrra. Það er nokkru minna en á fyrstu níu mánuðum ársins en þá nam aukningin 13,1 prósenti.

Endanlegar afkomutölur liggja ekki fyrir en gert er ráð fyrir að hagnaður verslunarinnar hafi aukist um tíu prósent í fyrra miðað við árið á undan. Gengi hlutabréfa í samstæðu Lauru Ashley, sem sjálf lést árið 1985, hækkaði um tíu prósent í kauphöll Lundúna í Bretlandi vegna fréttanna. **- jab**

# Hlutafjár-hækkun hjá IG

Samþykkt var á hluthafafundi Icelandic Group í gær að taka víkjandi lán fyrir allt að 5 milljarða króna með sérstökum skilyrðum sem meðal annars veita lánardrottni rétt til að breyta kröfu sinni á hendur félaginu í hlutafé.

Þá var jafnframt samþykkt að stjórn félagsins skyldi vera heimilt að hækka hlutafé í Icelandic Group um allt að 1,1 milljarð króna að nafnverði til að efna skuldbindingar sínar.

Hluthafar falla jafnframt frá forgangsrétti til áskriftar að þeim hlutum sem gefnir verða út en nýju hlutirnir veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunar, að því er segir í tilkynningu. **- jab**



# *Meint tilvist Guðs og vísindasagnfræði*

**UMRÆÐAN**
Trúmál


BIRGIR ÁSGEIRSSON

Í grein sem Steindór J. Erlingsson, vísindasagnfræðingur, skrifaði í Fréttablaðið 21. desember sl. vitnar hann í eina af predikunum undirritaðs, sem birtist á „tru.is“, sem ber titilinn „Um heimsendis óvissa tíma“. Hann telur hana m.a. koma í veg fyrir að nýstofnaður samstarfshópur, „Samráðsvettvangur trúfélaga“ fari vel af stað og vísar í stefnuskrá félagsins um umburðarlyndi og virðingu milli trúarhópa. Hvergi er komið nærri því að nefna þessi samtök í predikuninni og fullyrðing Steindórs er því algjörlega út í hött og eingöngu hans eigin túlkun. Hann tekur sem dæmi að í predikuninni sé því „haldið fram að þeir, sem hafna meintri tilvist guðs kristinna manna séu ‘hluttakendur heimskunnar’“. Þessi setning er frá Steindóri komin, og er ekki mín. Meint tilvist guðs er orðalag sem hvergi er að finna í minni predikun. „Meint tilvist“ er notað þegar eitthvað er vafasamt eða tortryggilegt. Hér er laumað inn orðalagi, sem er vægast sagt undarlegt og ekki hægt að sjá, að í orðum Steindórs sé mikið umburðarlyndi auðsýnt fyrir persónulegri afstöðu einstaklinga gagnvart guði, hvað þá samráðsvettvangi trúfélaga Mér fyndist það t.d. ekki mikið umburðarlyndi að tala um meinta tilvist vísindasagnfræðings. Tilvist guðs verður hvorki sönnuð eða afsönnuð með slíkum málflutningi. Tilvist guðs er hins vegar fullvissa, og það er í mínum huga afar hrokafull afstaða að gefa annað í skyn. En eigi menn erfitt með það, þá get ég sagt trúarleg fullvissa. Hún hefur verið við lýði svo lengi sem mannskepnan hefur verið til.

**Hluttakandi heimskunnar**

Tilvitnuð predikun er mjög persónuleg úttekt á því hvað gerist með manninum, þegar áföll og aðrir hörmulegir atburðir gerast í lífi einstaklingsins og er líkt við heimsendi í lífi viðkomandi. Sú manneskja, sem skellir í góm og lætur eins og ekkert slíkt komi sér við á enn bágar en hin, sem verður fyrir áföllum, en mætir örlögum sínum af þolgæði, trú og í von um að guð standi með henni og bæti um fyrir henni af miskunn sinni. Sá sem heldur því fram að hann sé sjálfur möndull heimsins, sem allt snúist um er komin í öng, að mínum skilningi, og með slíkri afstöðu verður hann ‘hluttakandi heimskunnar’. Það er niðurstaða, sem ég tel vera rétta, en hef ekki fundið upp, heldur er það niðurstaða margra kynslóða og sögð í einföldu máli a.m.k. á tveim stöðum í sálum Davíðs (Ds. 14:1 og 53:2) „Heimskinginn segir í hjarta sínu: Enginn guð er til!“ Þetta er fullyrðing, sem kallar hvern og einn til ábyrgðar á sjálfum sér, en gerir ekki kröfur um neitt annað.

*Tilvist guðs verður hvorki sönnuð eða afsönnuð með slíkum málflutningi. Tilvist guðs er hins vegar fullvissa, og það er í mínum huga afar hrokafull afstaða að gefa annað í skyn.*

**Guð er ekki einkaeign**

En Steindór slær líka á létta strengi, sem betur fer, og telur mig t.d. halda því fram að 5 milljarðar jarðarbúa séu heimskingjar, af því þeir séu ekki kristnir. Guð er ekki einkaeign kristinna manna og þeir eru tiltölulega fáir í heiminum, sem eiga sér ekki einhverja guðsmynd í sálu sinni, svo fullyrðing Steindórs er nokkuð fyndin, en fyrst og fremst röng. Spurning um heimsku snýr alltaf að manni sjálfum, þ.e.a.s. er mjög persónuleg spurning og ef maður finnur eitthvað svar við henni, þá er það einnig mjög persónulegt. Kristnir menn trúa hins vegar á guð fyrir nafn Jesú Krists, þ.e. allur skilningur þeirra á guði og túlkun á hugmyndinni um hann á sér fyrst og fremst stað í orðum Jesú Krists, ævi hans og sögu. Annað hafa þeir ekki til að standa á. Það bannar okkur alls ekki að tala saman, deila með okkur reynslu og skilningi, jafnvel trú. Mestu skiptir að lifa saman í bróðerni og það skulum við gera.

*Höfundur er prestur í Hallgrímskirkju.*

# Verndum bernskuna

**UMRÆÐAN**
Vinaleið


REYNIR HARÐARSON

Í grunnskólalögum er lagt bann við mismunun nemenda vegna trúarbragða. Þrátt fyrir það hafa skólayfirvöld í Garðabæ, Álftanesi og Mosfellsbæ veitt einu trúfélagi aðstöðu innan grunnskóla þar með svokallaðri Vinaleið.

*Börn eiga heimtingu á að skóli þeirra sé griðastaður fyrir áróðri, pólitískum, trúarlegum sem öðrum.*

Yfirlýst markmið og stefna trúfélagsins, Þjóðkirkjunnar, er trúboð, boðun. Fyrirmyndin til sjö ára í Mosfellsbæ er óneitanlega blygðunarlaust trúboð. Þó stendur í Aðalnámskrá að skólinn sé fræðslustofnun en ekki trúboðsstofnun.

Bein og óbein skilaboð Vinaleiðar eru skýr: Kristni er eðlileg, æskileg. Af því leiðir að trúleysi eða önnur trú hlýtur að vera óeðlileg, óæskileg. Í alþjóðalögum um borgaraleg réttindi er foreldrum og forráðamönnum barna tryggður réttur til að ala upp börn sín samkvæmt eigin skoðunum í trúmálum.

Börn eiga heimtingu á að skóli þeirra sé griðastaður fyrir áróðri, pólitískum, trúarlegum sem öðrum. Réttur þessi er tryggður í Barnasáttmálanum.

Stjórnarskráin á að tryggja trúfrelsi en frelsi manna er verulega skert ef eitt trúfélag nýtur þvílíkrar sérgæsku og forréttinda sem Þjóðkirkjan gerir.

Skólayfirvöld hafa í engu svarað ábendingum og kvörtunum, það sama má segja um menntamálaráðuneytið. Þjóðkirkjan kýs að beita blekkingum og fær tæpar fjögur þúsund milljónir á ári úr ríkissjóði. Einkafyrirtæki (Sund h/f) styrkir þar að auki Vinaleið.

Í ljósi alls þessa óska ég eftir lögmanni til að kanna grundvöll lögsóknar gegn stjórnendum Hofsstaðaskóla, skólayfirvöldum í Garðabæ, menntamálaráðherra, sem og „skólaprestinum“, Garðasókn, biskupi og Þjóðkirkjunni.

Vegna tregðu, einþykkju og blindu ofangreindra aðila má búast við að málið þurfi að sækja í héraði, Hæstarétti og allt til Evrópudómstólsins.

Vilji fleiri foreldrar eða borgarar taka slaginn til verndar óhörðnuðum barnssálum eru þeir velkomnir. Jafnframt væri vel þegið ef fjársterkur aðili vildi taka að sér að styrkja þessa baráttu fyrir sjálfsögðum og lögbundnum réttindum barna og forráðamanna þeirra.

*Höfundur er sálfræðingur.*

# Flutningur verkefna ríkisins

**UMRÆÐAN**
Flutningur ríkisstofnana


AÐALSTEINN ÞORSTEINSSON

Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, ritar grein í Fréttablaðið sunnudaginn 14. janúar síðastliðinn, og fjallar um flutning ríkisstofnana. Þar kemur fram að Landmælingar Íslands hafi verið fluttar upp á Akranes, Landbúnaðarstofnun á Selfoss og Íbúðalánasjóður og Byggðastofnun á Sauðárkrók, og síðan er leitast við að draga lærdóma af því hvernig til hefur tekist.

Það væri synd að segja að þessi greinarstúfur prófessorsins einkennist af fræðilegri nákvæmni og er fyrst og fremst samansafn af algerlega órökstuddum fullyrðingum. Ekki virðist hann hafa gert neina tilraun til að afla sér upplýsinga hjá þeim sem hann skrifar um. Niðurstaða greinarhöfundar er að starfsemi Landmælinga hafi gengið erfiðlega í fyrstu á Akranesi, þangað til Hvalfjarðargöngin komu. Þetta er einkennileg staðhæfing í ljósi þess að Landmælingar Íslands hófu starfsemi sína á Akranesi þann 1. janúar 1999, en þá höfðu Hvalfjarðargöngin þegar verið opin frá því í júlí 1998. Hjá Landbúnaðarstofnun á Selfossi kvað ganga bærilega, þó margir starfsmenn séu óhressir með að þurfa að keyra úr höfuðborginni. Flutningi Byggðastofnunar á Sauðárkrók er lýst sem fínni tilraun sem hafi því miður misheppnast. Helst virðist mega ráða af greininni að það sem valdi því sé að illa hafi gengið að finna störf fyrir maka starfsfólks, einkanlega á þróunarsviði stofnunarinnar. Þá kemur fram að flestar ríkisstofnanir þurfi á sérmenntuðu starfsfólki að halda, störfum fyrir maka starfsmanna, góðum samgöngum við höfuðborgina og góðri nettengingu, og telur prófessorinn flest af þessu vanta á Sauðárkrók. Þetta er algerlega óskiljanlegt. Raunar er óhætt að fullyrða að á Sauðárkróki vanti ekkert upp á neitt af því sem þarna er upp talið. Síðan klykkir hann út með því að flestir þeir starfsmenn sem hófu störf á Sauðárkróki eftir flutning stofnunarinnar séu fluttir, ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur! Við flutning Byggðastofnunar á Sauðárkrók voru starfsmenn um 25 talsins. Frá þeim tíma sem síðan er liðinn hefur eftir því sem ég best veit einn starfsmaður flutt til Akureyrar, og einn á höfuðborgarsvæðið. Þróunarsvið Byggðastofnunar var flutt á Sauðárkrók árið 1998, og stofnunin öll um mitt ár 2001. Starfsmannavelta hefur verið með minnsta móti. Störf hjá stofnuninni hafa verið afar eftirsótt, og síðast þegar auglýst var starf sérfræðings bárust stofnuninni rúmlega 60 umsóknir sem telja verður harla gott.

*Yfirveguð og vönduð umræða um flutning ríkisstofnana og/eða verkefna hins opinbera út á land er mikilvæg ef vel á til að takast.*

Annað í grein prófessorsins er svo eftir þessu. Nýsköpunarmiðstöð virðist hann vilja hafa á Akureyri, en lendir henni svo suður á Keflavíkurflugvelli í næstu setningu. Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni er eitt meginatriða nýsamþykktrar byggðaáætlunar. Flutningur ríkisstofnana, eða opinberra starfa, frá höfuðborgarsvæðinu á landsbyggðina er ekki íslensk uppfinning. Margar nágrannaþjóðir okkar hafa mjög skýra stefnu í þessum efnum og hafa sumar gengið mun lengra en ráðgert hefur verið hér á landi. Má til dæmis nefna Norðmenn og Íra í því sambandi. Varðandi þau dæmi sem tilgreind eru í greininni má fullyrða að vel hafi til tekist í öllum meginatriðum. Yfirveguð og vönduð umræða um flutning ríkisstofnana og/eða verkefna hins opinbera út á land er mikilvæg ef vel á til að takast. Með skrifum þeim sem hér hafa verið gerð að umtalsefni hefur greinarhöfundur dæmt sig úr leik í þeirri umræðu.

*Höfundur er forstjóri Byggðastofnunar.*


gítar
www.gitarskoli-olgauks.is
skóli ólafs gauks

Innritun í símum 588-3630 og 588-3730, eða í skólanum að Síðumúla 17, tölvupóstur: ol-gaukur@islandia.is Í boði er fjölbreytt nám með **vönduðu námsefni** fyrir alla aldursflokka, bæði byrjendur og þá sem kunna eitthvað fyrir sér. Nánari upplýsingar um skólann og námsleiðir er að fá á heimasíðunni: www.gitarskoli-olgauks.is eða í skólanum á innritunartíma, en innritað er alla virka daga kl. 14:00 til 17:00.

588-3630
588-3730

Hægt að fá leigða HEIMAGÍTARA kr. 3500 á önn

Heimasíða: www.gitarskoli-olgauks.is

MasterCard VISA

GAUKUR – GUTENBERG

INNRITUN DAGLEGA KL. 14-17


# *Stórsókn í öldrunarmálum*

**UMRÆÐAN**
Málefni aldraðra


SIGRÚN ÁSGEIRSDÓTTIR

Ég bíð eftir að sjá slíka yfirlýsingu hjá stjórnmálamönnum sem byrjaðir eru að auglýsa ágæti sitt fyrir næstu alþingiskosningar. Orð eru til alls fyrst er gamalt máltæki. Ég er samt hrifnari af máltækinu látið verkin tala. Nú vil ég að ráðamenn þjóðarinnar drífi sig í að opna eins og eitt hjúkrunarheimili fyrir aldraða, fyrir kosningar.

*Nú vil ég að ráðamenn þjóðarinnar drífi sig í að opna eins og eitt hjúkrunarheimili fyrir aldraða, fyrir kosningar.*

Faðir minn 91 árs liggur á spítala eftir að hann fékk fjórða heilablóðfallið fyrir 2 mánuðum, og er kominn í hjólastól, heyrir illa og er að missa sjónina. Hann getur ekki búið einn í íbúðinni sinni. Undanfarin 10 ár hefur hann gert vistunarmat, en svo fer heilsan. Hvað þá? Hjúkrunarheimili? Nei, það er margra mánaða bið eftir slíku. Það hlýtur að vera hægt að reikna út hvað þurfi hugsanlega mörg hjúkrunarrými miðað við aldur og fjölda. Ég skil ekki þessa frestunaráráttu eða framkvæmdastíflu þegar kemur að þessum málaflokki. Það er til nóg af peningum í landinu. Það þarf bara að forgangsraða rétt. Ég veit það fyrir víst að faðir minn er ekki sá eini sem bíður. Aðstandendur fara ekki varhluta af þessu ástandi. Örvænting þeirra og ótti um ósjálfbjarga foreldra sem búa einir eru farin að taka toll af þeirra eigin heilsu. Faðir minn upplifir sig sem niðursetning því það er verið að finna leið til að útskrifa hann af spítalanum.

Er ekki kominn tími til að við fjárfestum í fólki? Mér finnst það.

*Höfundur er leikskólakennari.*

# STÆRSTI BÓNUSPOTTUR FRÁ UPPHAFI

BÓNUS-VINNINGUR 29 MILLJÓNIR

130 milljónir 50+80

1. vinningur

## Eyddu þeim nú ekki í tóma vitleysu

**Potturinn** stefnir í 50 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 80 milljónir og **bónusvinningurinn í 29 milljónir sem er sá stærsti frá upphafi.**

Vertu með fyrir kl. 17, í dag

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

SIGURJÓN M. EGILSSON RITSTJÓRI ER 53 ÁRA Í DAG

*„Ég elda aldrei sama réttinn tvisvar þar sem það er ógjörlegt því ég styðst ekki við neitt annað en það skap sem ég er í hverju sinni. Þrátt fyrir þetta hef ég dafnað ágætlega.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JANÚAR 1893

## *Drottningunni af Hawaii steypt af stóli*

Á þessum degi árið 1893 steyptu bandarískir sykurræktendur, undir forystu Sanford Ballard Dole, Liliuokalani drottningu af Hawaii af stóli. Þeir stofnuðu eigin landsstjórn sem Dole veitti forsæti en valdaránið var með vitund bandarískra stjórnvalda.

Pólínesískir ferðalangar námu land á Hawaii á 8. öld en bandarískir verslunarmenn komu til eyjunnar á fyrri hluta 18. aldar. Sykurrækt hófst á Hawaii á fjórða áratug 19. aldar og gerði sig fljótt gildandi. Bandarískir trúboðar og sykurræktendur gjörbreyttu menningarlífi eyjunnar, stjórnskipun og hagkerfi og árið 1840 var stjórnarskrárbundnu einveldi komið á. Fjórum árum síðar fæddist Sanford B. Dole bandarískum hjónum á Hawaii.



Næstu áratugi gerði Hawaii ýmsa samninga við Bandaríkin og árið 1887 komu þau síðarnefndu upp herstöð við Pearl Harbour og sykurútflutningur til Bandaríkjanna margfaldaðist. Þegar Liliuokalani drottning komst til valda árið 1891 skipti hún um stjórnarskrá sem færði henni meiri völd og tveimur árum síðar gerðu Sanford B. Dole og félagar uppreisn. Hinn 1. febrúar var eyjan gerð að bandarísku yfirráðasvæði. Eftir að stríð braust út milli Spánar og Bandaríkjanna árið 1898 sannaði herstöðin við Pearl Harbour mikilvægi sitt og Bandaríkjamenn innlimuðu ríkið tveimur árum síðar. Árið 1959 rann Hawaii að fullu saman við Bandaríkin þegar það var gert að 50. ríkinu.

**MERKISATBURÐIR**

- **1850** Pereatið. Skólasveinar í Lærða skólanum gera hróp að Sveinbirni Egilssyni rektor.
- **1861** Maður að nafni Thomas Crapper fær einkaleyfi á vatnssalerninu.
- **1914** Eimskipafélag Íslands stofnað í Reykjavík.
- **1945** Rússar ná Varsjá úr höndum Þjóðverja.
- **1966** Bandarísk flugvél missir tvær vetnissprengjur yfir Spáni.
- **1975** Sjö manns farast í þyrluslysi á Kjalarnesi. Mannskæðasta þyrluslys hérlendis.
- **1991** Gos hefst í Heklu. Hið fjórða á öldinni.
- **1994** Jarðskjálfti veldur miklum skemmdum í Los Angeles. 60 manns týna lífinu.

GUÐMUNDUR INGI KRISTJÁNSSON: ALDARMINNING Í DAG

# Fræðari af lífshugsjón

Guðmundur Ingi Kristjánsson, bóndi og skáld að Kirkjubóli í Bjarnardal í Önundarfirði, andaðist á öldrunarheimilinu Sólborg á Flateyri 30. ágúst 2002. Það var við hæfi að hann fengi andlát sitt á Sólborg, ljóðabækur sínar kenndi hann margar við sólina og umhverfis hann var alla tíð birta. Þó að Flateyri væri ekki heimahagi hans nema hin síðustu ár var hann innan um fjöllin sín þar vestra: þar var hann fæddur og uppalinn og átti lengst af heima, kenndur við bæinn sinn, Kirkjuból í Bjarnardal. Þar fæddist hann 15. janúar 1907 og eru því hundrað ár liðin frá fæðingu hans. Guðmundur var um margt dæmigerður fyrir sína kynslóð. Foreldrar hans voru hjónin Kristján Guðjón Guðmundsson bóndi og Bessabe Halldórsdóttir húsfreyja sem bjuggu á Kirkjubóli. Hann tók við búinu 1944.

Guðmundur stundaði nám einn vetur í efri deildinni í héraðsskólanum á Laugum árið áður en kreppan skall á og sat í efri deild Samvinnuskólans veturinn 1931 til 1932. Þá var hann raunar búinn að helga sig því starfi sem varð með hléum lífsstarf hans: hann var kennari í Mosvallahreppi með hléum 1927 til 1974 og þar af skólastjóri heimavistarskólans í Holti 1955 til 1974. Hann var fræðari af lífshugsjón.

Landskunnur var hann fyrir kveðskap sinn: Eftir Guðmund Inga liggja m.a. ljóðabækurnar Sólstafir, Sólbráð, Sóldögg og Sólborgir, Austurfararvísur, og greinar og kvæði í blöðum og tímaritum. Á morgun verður samkoma í Bókasafni Kópavogs til að minnast skáldsins frá Kirkjubóli í Bjarnarfirði. Guðmundur Ingi er þekktastur fyrir ljóðabækur sínar en einnig lét hann oft í ljós skoðanir sínar í blaðagreinum. Dagskráin í Bókasafninu hefst kl. 17:15 og stendur í u.þ.b. klukkustund. Flutt verður erindi um skáldið, lesið úr verkum þess og leikin tónlist sem samin hefur verið við ljóð Guðmundar.

pbb@frettabladid.is



**GUÐMUNDUR INGI KRISTJÁNSSON 1907-2002** Bóndi, skáld, alþýðufræðari og félagsmálafrömuður.

AFMÆLI



**Rakel Olsen** stjórnarformaður er 65 ára.



**Davíð Oddsson** Seðlabankastjóri er 59 ára.

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Jónsdóttir**
Fjölnisvegi 7, Reykjavík,

sem andaðist á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum föstudaginn 12. janúar, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 19. janúar kl. 13.00.

**Jón Hrafnkelsson** — **Margrét Björnsdóttir**
**Ragnheiður Hrafnkelsdóttir** — **Ívar Valgarðsson**
**Sigríður Hrafnkelsdóttir** — **Lothar Pöpperl**
**Stefán Hrafnkelsson** — **Anna Ólafía Sigurðardóttir**
**Hannes Hrafnkelsson** — **Sigríður Ólína Haraldsdóttir**
**Guðrún Hrafnkelsdóttir** — **Bjarni Hermann Smárason**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ingólfs Jónssonar**
byggingameistara.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Kjarnalundar og lyfjadeildar FSA og Oddfellowstúkunnar Freyju. Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Eggertsdóttir**
**Gréta Berg Ingólfsdóttir** — **Pétur Jóhann Hjartarson**
**Eva Þórunn Ingólfsdóttir** — **Guðmundur Jóhannsson**
**Hrefna Laufey Ingólfsdóttir** — **Árni Sigurðsson**
**Eggert Þór Ingólfsson** — **Júlía Björk Kristjánsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---





**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


---



†

*Okkar ástkæri,*

**Þröstur Jónsson**
frá Ísafirði,

verður kvaddur í Grafarvogskirkju fimmtudaginn 18. janúar nk. kl. 13.00.

**Guðmundur Þór Þrastarson** — **Fía Þrastarson**
**Júlía Þrastarson**
**Ellert Olgeirsson**
**Sigríður Aðalsteinsdóttir**
**Friðrikka J. Jónsdóttir**
**Ásdís Hildur Jónsdóttir** — **Sæmundur Bj. Árelíusson**
**Níels Jónsson**
**Jón Ingigeir Jónsson** — **Anna Lísa Salómonsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvaldur Sveinn Guðjónsson**
netagerðarmeistari, Hríseyjargötu 17, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. janúar kl. 13.30. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Sel eða aðrar líknarstofnanir.

**Helga Margrét Sigurjónsdóttir**
**Sigríður Jóna Þorvaldsdóttir** — **Eyjólfur Einarsson**
**Sigurjón Rafn Þorvaldsson** — **Daníela Guðmundsdóttir**
**Ellen Margrét Þorvaldsdóttir** — **Ármann Þórir Björnsson**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Þórunnar Ágústsdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Hlíðar (Víðihlíð) á Akureyri. Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Eggertsdóttir**
**Guðrún Eggertsdóttir** — **Klemenz Gunnlaugsson**
**Dýrleif Eggertsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Ástkær bróðir okkar og frændi,*

**Kristján Kristjánsson (Danni)**

lést á elliheimilinu Grund 12. janúar. Útförin fer fram í Árbæjarkirkju föstudaginn 19. janúar kl. 11.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Kristján Helgason**

---



†

*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Anna Brynjólfsdóttir**
Víðilundi 6b, Akureyri,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri laugardaginn 13. janúar.

**Erla Halls** — **Guðjón Þór Helgason**
**Brynleifur Hallsson** — **Emma Magnúsdóttir**
**Theodór Hallsson** — **Halla Snorradóttir**
**og öll ömmubörnin stór og smá.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vilhjálmur Ólafsson**
bóndi frá Kollsá II,

lést á heimili sínu, Safamýri 44, mánudaginn 8. janúar sl. Kveðjuathöfn fer fram í Háteigskirkju fimmtudaginn 18. janúar klukkan 11.00. Jarðarförin fer fram í Prestbakkakirkju í Hrútafirði föstudaginn 19. janúar klukkan 14.00.

**Ólöf Björnsdóttir**
**Benedikt Sævar Vilhjálmsson** — **Guðrún Elísabet Bjarnadóttir**
**Jón Ólafur Vilhjálmsson** — **Ester Jónsdóttir**
**Atli Vilhjálmsson** — **Álfheiður Vilhjálmsdóttir**
**Birna Vilhjálmsdóttir**
**Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir** — **Sólon Lárus Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# OG NÚ ER FJÖR rýmum fyrir nýjum vörum

**Spring Air Never Turn**

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



**Sængurver**

15-30% afsláttur





**Hægindastólar**

25-30% afsláttur



**Gaflar og náttborð**

15-50% afsláttur

**Svefnsófar**

15-30% afsláttur



**Gravity Zero**

Stillanleg rúm á ótrúlegu tilboði





**Tempur Premium**

Örfá eintök af þessu frábæra stillanlega rúmi á kr. 360.000,-



**Crown heilsurúm**

160x200 með botni og löppum á aðeins kr. 84.900,-

# Lítið útlitsgölluð rúm

## á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn

Betra BAK

*Faxafeni 5*
*Reykjavík*
*Sími 588 8477*
*www.betrabak.is*

*Vörubær*
*Tryggvabraut 24*
*Akureyri*
*Sími 462 1410*

*Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16*




# STUÐ MILLI STRÍÐA Megrun með öfugum formerkjum

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ÞYNGIST EKKI.



Janúar er ekki skemmtilegur mánuður en samt hefði maður haldið að fólk gæti fundið sér eitthvað ögn uppbyggilegra að gera í myrkrinu, kuldanum og snjófjúkinu en góna endalaust á vömbina á sér. Hvert sem ég kem, hvar sem ég er, í blöðum og sjónvarpi er fólk endalaust að tala um átök og að koma sér í form. Mér finnst ég vera skelfilega útundan í þessari umræðu allri vegna þess að ég bætti ekki á mig milligrammi yfir hátíðarnar. Hef í raun verið fastur í 63 kílóunum eftir að ég hætti að drekka bjór fyrir þremur árum.

Það er ekki nóg með að mér finnist ég vera útundan vegna þess að ég get auðvitað ekki tekið þátt í umræðum og reynslusögum um átök, í það minnsta ekki átök við eigið spik, heldur upplifi ég mig lítinn og horaðan, beinlínis minnimáttar.

Í Fréttablaðinu í gær var talað við mann sem hefur misst alla mína líkamsþyngd og rúmlega það á 10 mánuðum. Heill ég! Fokinn eins og ekkert sé. Mér finnst ég því eðlilega hálf feigur þegar ég heyri fólk tala um megrun. Hefði ég farið í svona átak væri ég ekki lengur til.

Á meðan fjöldinn þráir það að léttast og komast í eitthvert órætt „form“ á ég þá ósk heitasta að þyngjast. Ég hef sett mér það takmark að bæta á mig 7 kílóum á árinu og rjúfa 70 kílóa múrinn með látum. Veit samt ekki hvernig ég fer að því þar sem ég hef gert nokkrar atrennur undanfarið. Ég ét hamborgara, pizzur, egg og beikon, pasta með rjómaostasósu og nautakjöt með bernaise eins og ég eigi lífið að leysa en allt kemur fyrir ekki. Ekki gramm.

Það blasir svo sem við að þessi langþráðu sjö kíló gætu leynst í fljótandi brauðinu, bjórnum, en ég leggst svo lágt að drekka þann fjanda aftur. Bjór er ekki bara bragðvondur heldur fádæma hallærislegur og leiðinlegur drykkur sem lúðar drekka. Að ætla að fita sig með bjórdrykkju er því álíka töff og að megra sig með því að drekka Herbalife. Nei takk. Þetta hlýtur að hafast með rjómasósum og snakki.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÞAÐ IÐAR ALLT AF LÍFI!
Coca-Cola
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
FRUMSÝND 19. JANÚAR
FYRSTA STÓRMYND ÁRSINS!
3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!
NIGHT AT THE MUSEUM
9 HVER VINNUR
SMS LEIKUR
NIGHT AT THE MUSEUM BÍÓMIÐI
SENDU SMS JA NMV Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**

Verkið er aðeins sýnt í viku. Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau. 27 jan kl. 20 / Fös. 2 feb kl. 20 / Lau. 3 feb kl. 20

AUSTURBÆR

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Landsvirkjun

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20
Lau 3/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.

Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 20
Sun 20/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20
Lau 19/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 14
Miðaverð 4.800

**MEIN KAMPF**
Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT
Fös 2/2 kl. 20
Sun 4/2 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Fim 18/1 kl. 20 UPPSELT
Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/1 kl. 20 UPPSELT
Lau 3/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**AMADEUS**
Lau 20/1 kl. 20
Síðasta sýning

**FOOTLOOSE**
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14
Sun 4/2 kl. 14
Sun 11/2 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI**
Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.

* Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Patrekur 1,5

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Lau. 20/1 **nokkur sæti laus**, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.
**Fáar sýningar eftir.**

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 27/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 28/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 4/2 **kl. 14:00**, sun. 11/2 **kl. 14:00**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
8. sýn. fim. 18/1 **örfá sæti laus**, fös. 19/1, fös. 26/1.
Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Í dag, mið. 17/1 **kl. 14:30 uppselt**, lau. 20/1 **örfá sæti laus**, mið. 24/1 **kl. 14:30 uppselt**, **lau 27/1, mið. 7/2 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00 forsala hafin**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumsýning fös. 19/1 **uppselt**, lau. 20/1 **örfá sæti laus**, fös. 26/1, lau. 27/1, **örfá sæti laus.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 20/1 kl. **11:00 örfá sæti laus**, kl. 12:15 **nokkur sæti laus** og kl. 14:00 **uppselt**, sun. 21/1 kl. **11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 27/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** uppselt og **kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl:14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl, 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.**

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - **Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**



**!**

**Kl. 13.00**

*Í Listasafninu á Akureyri standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum Jóns Óskars, sem kallast Les yeux de l'ombre jaune eða Augu Gula skuggans og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn Adam Bateman en sýning hans ber heitið Tyrfingar. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum.*

# menning

menning@frettabladid.is

# *Orð í útrýmingarhættu*

Í Þýskalandi er rithöfundur í óðaönn að safna saman fögrum „orðum í útrýmingarhættu“ og stefnir að því að velja hið fegursta í febrúar. Vefmiðillinn Deutsche Welle greinir frá því að Bodo Mrozek, 38 ára gamall hugsjónamaður frá Berlín, rembist nú líkt og Sísífos við að bjarga frá gleymsku þeim orðum sem ekki eru lengur móðins, líkt og aðrar lífverur geti orð verið í útrýmingarhættu. „Það er enginn að berjast fyrir þessum orðum og því tel ég mikilvægt að bregðast við þessari óvæntu hættu,“ segir Mrozek. Hann segir að þekktasta orðabók Þýskalands, Duden, láti hjá líða að halda sjaldgæfum orðum til haga, ólíkt ensku Oxford-orðabókinni sem geymi orð allt frá því á Elísabetartímanum.

Hugsjónamaðurinn leitar liðsinnis hjá almenningi og geta samlandar hans sent inn tillögur til 28. febrúar. Nú hafa 25.000 orð borist og Mrozek hefur þegar valið 800 orð á listann sinn.



**HVAÐ VERÐUR UM ORÐIN SEM FÓLK HÆTTIR AÐ NOTA?** Glóaldin eru kölluð appelsínur fyrir algjöran misskilning.



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Kveður í bili með tónleikum á Dómó.

GUÐMUNDUR FREYR VIGFÚSSON

# Sterkt svart kaffi

Það eru að byrja skólar í útlöndum og farfuglarnir sem hingað komu yfir hátíðar hraða sér burt. Ragnheiður Gröndal er að halda aftur til New York þar sem hennar bíða kennslustundir í söng og píanóleik. Svona rétt til að minna á sig heldur ungfrúin tónleika á hinum nýja stað Dómó – barnum undir veitingahúsinu – í kvöld.

Black Coffee kallar hún bandið sitt eða Svart kaffi. Hvort nafnið er í höfuðið á frægum söng eftir þá Sonny Burke og Paul Francis Webster frá 1948 sem Peggy gamla Lee kveinaði hér um árið og margar léku eftir henni skal ósagt látið, en gæti passað: það bendir allt til að þetta verði ekkert gutl og eftirkeimurinn rammur.

Með Ragnheiði í bandinu eru þeir Haukur bróðir hennar Gröndal á saxófón, Ásgeir Ásgeirsson á gítar, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Qvick á trommur. Efnisskráin samanstendur af djass- og blúslögum í útsetningum hljómsveitarinnar og hefjast tónleikarnir kl. 21:30.

Ragnheiður hefur stundað nám í vetur í New School á Manhattan og líkar vel. Hún ætlar að koma heim í vor, segist raunar bara vera að finna sig þarna úti. Það sé í raun ekkert sem liggi á. Jú hún á hljóðritanir frá því í fyrrasumar á djass og blús en veit ekki hvort þær komi út einhvern tíma. Þaðan er líka efnið sem hún verður að spila á Dómó í tveimur settum: djass og blús.

Ragnheiður hefur verið atkvæðamikil í íslensku tónlistarlífi og gefið út fjórar sólóplötur. Síðast Þjóðlög, sem hún vann í samstarfi við bróður sinn Hauk. Seldist hún í meira en 6.000 eintökum nú í lok árs og hlaut afbragðs gagnrýni og viðtökur. Og í kvöld verður hún á Dómó. - pbb



**LETURSTEINN Í GARÐINUM** Talið er að áletranir á leiðisteinum séu frá fyrstu öldum búsetu á Reykjanesi.

# Sögur úr Garðinum

Annað kvöld verður sagnakvöld í Garði. Leiðsögumennirnir Sigrún Franklín, Iða Brá Vilhjálmsdóttir og Hildur Harðardóttir bjóða upp á sögustund í Byggðasafninu á Garðskaga. Þær stöllur hafa í starfi sínu kynnt sér sögu þessa svæðis og vilja miðla hluta hennar áfram til íbúa og annarra gesta.

Sigrún sýnir myndir og segir frá merkum minjum, letursteinum sem sagnir eru um að hafi verið á leiðum fornmanna og séu allt frá fyrstu öldum búsetu á nesinu. Nokkrir þeirra hafa fundist í Garði í seinni tíð og eru á vettvangi, aðrir eru í geymslu á Þjóðminjasafni og nokkrir eru enn ófundnir.

Iða Brá segir frá skipsströndum sem orðið hafa í flösinni eins og hún er kölluð, skerjagarðinum sem umlykur strandlengjuna við Garð, en mörg skip hafa strandað þar og víða má sjá minjar af þeim.

Hildur segir sögur af sr. Sigurði B. Sívertsen sem var prestur á Útskálum í hálfa öld frá 1831–1887 og skrifaði Suðurnesjaannál sem er með merkustu heimildum af mönnum og málefnum fyrri tíðar og fleira sem nýtist nú sögusvöngum nútímamönnum.

Ekki er loku fyrir það skotið að tekið verði lag milli liða, heitt verður á könnunni og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir. - pbb

## NÝJAR BÆKUR



Út er komin Ölandssaga eftir Eirík Eiríksson Laxdal (1743-1816). Sagan er talin rituð á síðasta fjórðungi 18. aldar og hefur verið kunn af handriti Þorsteins Þorsteinssonar á Heiði sem er hið eina varðveitta, en fæstir hafa lesið hana og varla nokkur í heild fyrr en nú. Umsjónarmenn útgáfunnar eru Þorsteinn Antonsson rithöfundur og María Anna Þorsteinsdóttir mag. art., þeir hinir sömu og bjuggu Sögu Ólafs Þórhallasonar, álfasöguna miklu, eftir sama höfund. Ölandssaga er mikil að vöxtum og fylgir útgáfunni ítarlegur formáli Þorsteins Antonssonar. Sagan er eins og hin yngri og kunnari saga Eiríks af Ólafi Þórhallasyni mikill vefnaður úr kunnuglegum þjóðsögum og ævintýrum fyrri alda með tilvísun í Evrópusögu víkingatímans. Greinir heildarsagan frá átakamálum konungsætta þess tíma á annan veg og trölla og annarra forynja á hinn og varpa þau átök þá með skáldsögulegum frágangi ljósi á sálarlíf og annað mannlegt svipmót sögupersóna, ólíkt því sem gerðist um íslenskar sögur á tíma höfundar og þær eldri um langan aldur. Bókin er 530 síður í stóru broti og er gefin út af umsjónarmönnum. Hún mun fást í helstu bókabúðum í Reykjavík.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

14 15 16 **17** 18 19 20

**Miðvikudagur**

**SÝNINGAR**

- 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.
- 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur**, **Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningunni lýkur 21. janúar.
- 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Sýningin stendur til 4. febrúar.
- 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Á sýningunni eru 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.
- 13.00 Myndlistarmennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



# FYRSTA HJÁLP

- við kvefi!

## OTRIVIN NEFÚÐI

Fyrir börn og fullorðna.




## STREPSILS HÁLSTÖFLUR

4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust.




## VECTAVIR FRUNSUKREM

Verkar á öllum stigum frunsunnar.




## VOLTAREN DOLO

Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi.




Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðaslátttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**Voltaren Dolo**® (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**LEIKFRAMI NÆSTUR?** Giorgio Armani heldur að Beckham ætli að þreifa fyrir sér sem leikari í Hollywood.

## Á tjaldið?

Tískugúrúinn Giorgio Armani er ekki sammála þeim sem halda að flutningur Beckham-hjónanna til Los Angeles hafi haft eitthvað með framtíðaráform Victoriu að gera. Hann sagði á blaðamannafundi í gær að hann héldi frekar að David Beckham langaði til að reyna fyrir sér á hvíta tjaldinu. Beckham hefði útlitið með sér, og fótboltaferill hans væri farinn að styttast í annan endann. Auk þess á hann hauk í horni í Tom Cruise.

# Drottningin Helen Mirren

**Bretar voru sigursælir á bandarísku Golden Globe-hátíðinni sem var haldin í Hollywood í fyrrakvöld. Helen Mirren fékk tvenn verðlaun á meðan Babel og Dreamgirls voru valdar bestu myndirnar.**

Segja má að Helen Mirren hafi drottnað yfir öðrum leikurum á hátíðinni. Hún var valin besta leikkonan í stuttri sjónvarpsþáttaröð fyrir hlutverk sitt í Elizabeth I og sem besta leikkonan í dramamynd sem Elizabeth II í The Queen. Sú mynd fékk einnig verðlaun fyrir besta handritið.

Mirren sagði að Elísabet Englandsdrottning hefði árið 1952 gengið inn í hlutverk lífs síns, aðeins 25 ára. „Satt best að segja finnst mér þessi verðlaun tilheyra henni vegna þess að þið heilluðust af henni en ekki mér,“ sagði hún.

### Whitaker með verðlaun

Forest Whitaker var valinn besti leikarinn í dramamynd fyrir frammistöðu sína sem einræðisherrann Idi Amin í myndinni The Last King of Scotland. Whitaker er mörgum Íslendingum kunnur eftir að hafa farið með aðalhlutverkið í mynd Baltasars Kormáks, A Little Trip to Heaven.

### Borat bestur

Bretinn Sacha Baron Cohen fékk verðlaun sem besti gamanleikarinn í hlutverki sjónvarpsmannsins óborganlega Borat í samnefndri mynd. Sagði hann að hlutverkið hefði breytt lífi sínu. „Ég vil þakka öllum Bandaríkjamönnum sem hafa ekki ennþá lögsótt mig,“ sagði Cohen í léttum dúr þegar hann tók á móti verðlaununum.

### Fleiri Bretar áberandi

Landi Cohens, Hugh Laurie, var valinn besti dramaleikarinn fyrir frammistöðu sína í læknaþættinum House og Bretarnir Jeremy Irons og Bill Nighy hlutu einnig verðlaun. Irons hlaut verðlaun sem besti aukaleikari í þáttaröðinni Elizabeth I og Nighy sem besti leikarinn í sjónvarpsmyndinni Gideon´s Daughter. Nighy er eflaust mörgum kunnur úr myndinni Love Actually, auk þess sem hann lék í sjónvarpsmyndinni The Girl in The Café sem var tekin að hluta til upp hér á landi.

Emily Blunt, sem er einnig bresk, var valin besta aukaleikkonan fyrir frammistöðu sína í Gideon´s Daughter.

### Dreamgirls með þrennu

Kvikmyndin Dreamgirls var valin besta söngva- eða gamanmyndin og hreppti tvö önnur verðlaun, fyrir besta aukaleikarann, Eddie Murphy, og bestu leikkonu í aukahlutverki, Jennifer Hudson. Babel, sem var tilnefnd til sjö verðlauna, hlaut aðeins Golden Globe-verðlaun fyrir bestu dramamyndina.

### Eastwood og Scorsese unnu

Mynd Clint Eastwood, Letters From Iwo Jima, var valin besta myndin með erlendu tali og Martin Scorsese besti leikstjórinn fyrir glæpamyndina The Departed.

Ugly Betty hlaut verðlaun sem besti gamanþátturinn í sjónvarpi á meðan Grey´s Anatomy varð fyrir valinu sem besti dramaþátturinn. Þá fékk Warren Beatty, sem verður sjötugur á árinu, heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar.



**HELEN MIRREN** Mirren heldur á Golden Globe-verðlaununum tveimur sem hún fékk í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SÁTTIR LEIKSTJÓRAR** Martin Scorsese fékk verðlaun sem besti leikstjórinn. Vinur hans Steven Spielberg var greinilega ánægður fyrir hans hönd.



**GÓÐIR VINIR** Hugh Laurie, sem vann Golden Globe fyrir leik sinn í House, ásamt vini sínum, tískumógúlnum og tónlistarmanninum P Diddy.



**GULLFALLEG** Söngkonan Beyoncé var stórglæsileg að vanda í þessum gulllitaða kjól. Sveiflaði hún hárinu eins og sannri þokkagyðju sæmir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# *Stjörnurnar skinu skært*

**Stjörnurnar skinu skært á Golden Globe-verðlaunahátíðinni í Hollywood í fyrrakvöld. Voru þær mættar í sínu fínasta püssi og vitaskuld stillti her ljósmyndara sér upp til að festa herlegheitin á filmu.**



**SVÖL Í SVÖRTU** Leik- og söngkonan Jennifer Lopez var í síðum svörtum kjól sem klæddi hana einstaklega vel.



**BORAT GLAÐUR** Sacha Baron Cohen var að vonum hæstánægður með verðlaunin sín. Hér sést hann með unnustu sinni Isla Fisher.


ICELANDAIR OG WWW.KAUPMANNAHOFN.DK KYNNA:

STUÐMENN OG SÁLIN
Í KÖBEN 18. APRÍL 2007

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 35626 1/07



VERÐ FRÁ 59.700 KR.* Á MANN Í TVÍBÝLI

Hljómsveitirnar Sálin hans Jóns míns og Stuðmenn á sameiginlegum tónleikum í Cirkusbygningen. Hljómsveitirnar leika til skiptis undir borðhaldi og síðan fyrir dansleik. Þriggja rétta kvöldverður. Stanslaust, íslenskt fjör eins og það getur best orðið til kl. 2:00. Leynigestur úr heimi tónlistarinnar. Kynnir kvöldsins: Þorvaldur Flemming.

+ Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Safnaðu Vildarpunktum
VISA Punktarnir upp í MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS



# Diddú veit hvað hún syngur!

Diddú er einn af okkar bestu viðskiptavinum. Í áraraðir hefur hún valið heyrnartækin og þjónustuna sem við bjóðum og notið góðs af reynslu og þekkingu starfsfólks okkar. Eins og hún segir sjálf: „Ég gæti ekki sungið án þeirra“. Komdu með heyrnartækin þín og berðu þau saman við úrvalið hjá okkur. Verðið og gæðin eiga eftir að koma þér á óvart.

- Heyrnartæki
- Heyrnarmælingar
- Sala, ráðgjöf og viðgerðarþjónusta

HEYRNARSTÖÐIN
KRINGLUNNI

Læknastöðin 3. hæð • Tímapantanir virka daga frá 9-17 í síma 568 6811 • www.heyrnarstodin.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.55 |
| THE BLACK DAHLIA | kl. 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 3.40 og 8 B.I. 7 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| ERAGON | kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.50 B.I. 12 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.15 B.I. 14 ÁRA |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| BORAT | kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| APOCALYPTO | kl. 7 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| TENACIOUS D | kl. 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað








## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngdívan **Whitney Houston** hefur ýtt undir orðróm þess efnis að hún sé byrjuð með R&B-söngvaranum **Ray J.** Sáust þau nýverið snæða kvöldverð í Beverly Hills og fór vel á með þeim að sögn sjónarvotta. Ray J, sem er bróðir söngkonunnar Brandy, er átján árum yngri en Whitney. Söngkonan sótti um skilnað frá Bobby Brown í september í fyrra eftir fjórtán ára hjónaband. Er hún um þessar mundir að undirbúa sína fyrstu plötu í langan tíma eftir mögur ár á tónlistarsviðinu.






# Óvenjuleg sýning Gísla

**Fréttamaðurinn Gísli Einarsson fagnar fertugsafmæli sínu með því að setja upp óvenjulega sýningu í Landnámssetrinu í Borgarnesi.**



**SÝNING Í TILEFNI FERTUGSAFMÆLISINS** Gísli Einarsson fréttamaður setur upp sýninguna Mýramaðurinn í Landnámssetrinu í Borgarnesi í lok mánaðarins.

„Þetta er argasta bull með sögulegu ívafi," segir Gísli Einarsson um nýja sýningu sem hann er að setja upp í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Sýningin ber yfirskriftina Mýramaðurinn, eða Homo Palustre, og rekur Gísli þróunarsögu Mýramannsins allt frá steinöld að Mýraeldum, eins og hann orðar það sjálfur.

„Þetta er blanda af því að vera fyrirlestur og kvikmynd, eiginlega uppistand sem brotið er upp með vídeósketsum," segir Gísli, sem er ekki síður kunnur sem ræðumaður og veislustjóri en fréttamaður á RÚV. Alls hefur Gísli komið fram á um 200 árshátíðum og hefur lengi framleitt myndbönd og skemmtiefni því tengt. Hann segir að þessi hugmynd hafi verið að gerjast í hausnum á sér í um tvö ár.

„Þetta er eitt af því sem ég var búinn að ákveða að gera áður en ég yrði fertugur. Það næst reyndar ekki alveg því frumsýningin er daginn eftir afmælið. Ég dreg reyndar vini og vandamenn á sérstaka forsýningu á afmælisdaginn og ef þeir endast í tvo tíma er aldrei að vita nema þeir fái eitthvað gott að borða á eftir," segir Gísli.

Mýramaðurinn er að sögn Gísla afkomandi Skallagríms og Egils, sá þjóðflokkur sem byggir Mýrarnar - landsvæðið í kringum Borgarnes. Helsta einkenni hans, að sögn Gísla, er sérstakt göngulag og geðslag. Inn í fyrirlesturinn eru svo fléttaðar sögur, þekktar og óþekktar, sannar og lognar, af Mýrarmönnum.

Og Gísli fær góða aðstoð við uppsetningu sýningarinnar. „Kjartan Ragnarsson er listrænn stjórnandi og hefur verið mikill hvatamaður að því að koma þessu á koppinn. Svo er ég með fjölbreytt og gott leikaraúrval. Ilmur Kristjánsdóttir var til dæmis í gær hlaupandi um í sundbol í 10 stiga frosti fyrir mig," segir Gísli og hlær. Auk þess á Gísli von á að flestir formenn stjórnmálaflokkanna leggi sér lið við sýninguna. Frumsýning verksins verður föstudaginn 27. janúar í Landnámssetrinu í Borgarnesi en þar er jafnframt hægt að nálgast upplýsingar um miðapantanir.

**hdm@frettabladid.is**

# Blonde Redhead á Ísafirði

Bandaríska hljómsveitin Blonde Redhead mun spila á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem verður haldin á Ísafirði 7. apríl.

Sveitin mun einnig halda tónleika á Nasa í Reykjavík hinn 5. apríl. Þar munu einnig koma fram Kristin Hersh, forsprakki hljómsveitarinnar Throwing Muses, og Reykjavík!.

Blonde Redhead er skipuð tvíburabræðrunum Simone og Amedeo Pace og hinni japönsku Kazu Makino. Sveitin þykir, eins og



**BLONDE REDHEAD** Bandaríska hljómsveitin Blonde Redhead heldur tvenna tónleika hérlendis í apríl.

Íslendingar hafa fengið að upplifa, mögnuð á sviði. Ný plata, sem hefur hlotið nafnið 23, er væntanleg með henni og kemur hún út 23. apríl í Evrópu. Í framhaldi af útkomu plötunnar verður blásið til tónleikaferðar í Bandaríkjunum og Evrópu.

Kristin Hersh spilaði á Innipúkanum í fyrra með Throwing Muses og féll hún þá fyrir landi og þjóð. Óskaði hún eindregið eftir því að koma hingað aftur til að spila efni af sólóferli sínum.




**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 6 - 9 - 10:20 | B.i.12 | KÖLD SLÓÐ | kl. 5:50 - 8 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 | B.i. 7 | THE DEPARTED | kl. 10:30 | B.i. 16 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 - 8 | B.i. 16 | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 |
| THE PRESTIGE VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl.5:40 - 8 - 10:20 | | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | SKOLAÐ Í BURTU Ísl tal. | kl. 3:20 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 8:10 - 10:30 | Leyfð | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 5:50 - 8:10 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i.12 | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE PRESTIGE | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl. 8 | B.i. 12 |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 10:10 | B.i. 7 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HAPPY FEET | kl. 6 | Leyfð |
| THE PRESTIGE | kl 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl 8 - 10:20 | B.i. 16 |

www.SAMbio.is ☎ 575 8900 www.SAMbio.is

**Munið VISA tilboðið* á miðvikudögum í janúar**

Þeir sem greiða með VISA kreditkorti fá tvo miða á verði eins í SAMbíóin og Háskólabíó á miðvikudögum í janúar

Góða skemmtun

SAMBÍÓIN Háskólabíó VISA

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM, EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG EKKI Í VIP

Kynnið ykkur myndir sýningar tíma og fleira á SAMbio.is


# Unum niðurstöðunni

„Við unum þessari niðurstöðu mjög vel,“ segir Viðar Þorsteinsson, útgáfustjóri Nýhil, en Neytendastofa hefur úrskurðað að Edda útgáfa hafi gerst brotleg við lög um óréttmæta viðskiptahætti þegar hún auglýsti að ævisagan Ljósið í djúpinu væri mest selda ævisaga landsins. Nýhil taldi að þar hefði Edda útgáfa farið með rangt mál því Hannes - Nóttin er blá, mamma eftir Óttar Martin Norðfjörð væri mest seld í þeim flokki. Neytendastofa beinir því enn fremur til Eddu útgáfu að hún sýni meiri nákvæmni í auglýsingum sínum en Edda ákvað að svara hvorki bréfi né ítrekun frá Neytendastofa vegna málsins.

Viðar segir að vissulega megi líta á málið sem brandara en hann telur þó að bókaútgáfubransinn hafi tilhneigingu til að ofmeta metsölulista. „Þetta grín gerir hins vegar ekkert lítið úr sölulistum,“ segir Viðar, sem bendir jafnframt á að engin hafi tapað peningum vegna þessa og að allur ágóði af sölu bókar Óttars hafi runnið til Mæðrastyrksnefndar. „Auðvitað snýst þetta ekki um neitt annað en hégómann sem felst í því að vera númer eitt,“ segir Viðar. Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri Eddu, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum.


**SIGURÐUR SVAVARSSON** Vildi ekki tjá sig um málið.


**VIÐAR ÞORSTEINSSON** Segir grínið ekki varpa neinni rýrð á sölulista.

# Sigurmyndin ekki fölsuð

**Sigurmynd Þorsteins Ásgeirssonar í ljósmyndakeppni Stöðvar 2 er ekki fölsuð eins og þráfaldlega hefur verið haldið fram á netinu.**

„Ég get staðfest að myndin er ekki fölsuð,“ segir Ólafur Haraldsson myndvinnslumaður en eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir skömmu blossuðu upp miklar deilur meðal áhugaljósmyndara um hvort sigurmynd Þorsteins Ásgeirssonar af Jökulsárlóni væri fölsuð eða ekki. „Myndin hans Þorsteins er ekta.“

Ólafur vann myndina sjálfur og segist hafa fjarlægt græna liti úr vatninu sem hafi orðið til þess að skuggamyndirnar létu myndina líta út fyrir að hún væri tekin að degi til. Þessi litasamsetning sem og fjall í bakgrunni urðu til þess að tölvupóstur gekk manna á milli með þeim yfirlýsingum að myndin væri augljóslega fölsuð. „Það er af og frá að hún sé ókekta og svona óhróður skaðar orðspor mitt,“ segir Ólafur en hann stundar nám við hönnunarskóla í Kolding í Danmörku.


**ÓHRÓÐRI DREIFT** Ólafur Haraldsson vann myndina og segir það af og frá að hún geti verið fölsuð.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ólafur furðar sig á þeirri múgæsingu sem hafi átt sér stað á spjallvefnum ljosmyndakeppni.is en þaðan eru þessar ásakanir sprottnar. „Ég var sagður vera í felum vegna málsins og þaðan af verra,“ segir Ólafur og er feginn að málið sé til lykta leitt.

Sigurði Þ. Ragnarssyni, yfirmanni Veðurstofu Stöðvar 2, var létt þegar hann heyrði þessar fréttir enda bárust tíu þúsund ljósmyndir í keppnina. „Sérstaklega gagnvart Þorsteini sem hefur mátt sitja undir þessum ásökunum en hann stóð í þessu af mestu heilindum,“ segir Sigurður og lætur þess getið að Þorsteinn hafi sent inn fimmtán myndir sem hafi verið hver annarri fegurri. „Auðvitað var mér brugðið þegar ég heyrði af þessu,“ útskýrir Sigurður og viðurkennir að honum hafi ekki staðið á sama þegar þetta komst í umræðuna. „En nú þegar þetta er loksins komið á hreint er alveg ljóst að þessi keppni verður haldin aftur að ári.“

freyrgigja@frettabladid.is


**SÁTTUR DÓMARI** Sigurði var létt þegar ljóst varð að sigurmyndin í ljósmyndakeppni Stöðvar 2 var ekki fölsuð.

# Sameinaðar á ný

Jennifer Aniston mun fara með gestahlutverk í nýjum sjónvarpsþætti vinkonu sinnar Courteney Cox, Dirt. Þetta verður í fyrsta sinn sem þær leika saman síðan þær fóru á kostum í Friends.

Aniston mun leika ritstjórann ráðríka Tinu Harrod sem á í deilum við Lucy Spiller, sem Cox leikur. Cox, sem er einnig framleiðandi þáttarins, segist lengi hafa leitað að hlutverki fyrir Aniston. „Við vorum alltaf að tala um það, t.d. hvernig persónu hún myndi leika. Við spáðum í það hvort hún ætti að leika sjálfa sig eða hvort við ættum að semja eitthvað frábært fyrir hana,“ sagði Cox.

Þátturinn með Aniston verður sá síðasti í fyrstu þáttaröð Dirt. Verður hann sýndur í Bandaríkjunum í mars.

**JENNIFER ANISTON** Aniston mun leika á móti vinkonu sinni Courteney Cox í þættinum Dirt.



# Miðasala á föstudag

Miðasala á tónleika tenórsins Garðars Thórs Cortes í Barbican Centre í London hefst á föstudag. Þetta verða fyrstu einsöngstónleikar Garðars Thórs í Bretlandi og er þeirra beðið með mikilli eftirvæntingu.

Ný plata með Garðari er væntanleg í Bretlandi í næsta mánuði. Á henni verða lög af fyrstu plötu hans sem kom aðeins út hér á landi auk nýrra laga á borð við Hunting High and Low eftir norsku sveitina A-ha.

Miðasala á tónleikana hinn 2. mars fer m.a. fram á ticketmaster.co.uk og á gigsandtour.com.


**GARÐAR THÓR CORTES** Tenórinn ungi heldur sína fyrstu einsöngstónleika í Bretlandi hinn 2. mars.

## > GAIS hefur áhuga á Eyjólfi

Hörður Antonsson, formaður meistaraflokksráðs Fylkis, staðfesti við Fréttablaðið í gær að forráðamenn sænska úrvalsdeildarliðsins GAIS hefðu sett sig í samband við félagið vegna Eyjólfs Héðinssonar. Eyjólfur æfði með GAIS í síðustu viku og hreif forráðamenn liðsins. Hann er samningsbundinn Fylki næstu tvö árin en Hörður segir málið vera á byrjunarstigi.



spor

sport@frettabla

ÍVAR INGIMARSSON: SPILAÐI FYRIR STÓRLEIKARANN SYLVESTER STALLONE UM SÍÐUSTU HELGI

# *Spiluðum Rocky-lögin fyrir og eftir leik*

Áhorfendur og leikmenn Everton og Reading fengu óvænta heimsókn um liðna helgi er bandaríski stórleikarinn Sylvester Stallone var meðal áhorfenda. Fyrir leikinn gekk hann út á miðjan völlinn með Everton-trefil á lofti og fékk gríðarlega góðar viðtökur frá stuðningsmönnum liðsins.

Hann sagði að eftir þetta hefði hann gerst stuðningsmaður Everton enda fagnaði hann gífurlega jöfnunarmarki Andy Johnson seint í leiknum.

Ívar Ingimarsson er annar tveggja Íslendinga sem leika með Reading og spilaði hann allan leikinn. Hann segir að heimsókn Stallone hafi verið skemmtileg viðbót við leikinn. „Ég fékk þó ekki að hitta kallinn, því miður," sagði Ívar við Fréttablaðið.

„Þetta var ekkert smáræðismál og mikið umstang í kringum komu hans á völlinn. Við tókum þátt í þessu og spiluðum öll Rocky-lögin í búningsklefanum okkar bæði fyrir og eftir leik. Það var mikil stemmning hjá okkur."

Ívar játar því að hafa horft á bæði Rocky- og Rambómyndirnar í æsku og hrifist með eins og allir stráklingar. „Ég held að allir hafi einhverntímann hlaupið upp nokkrar tröppur og fagnað ógurlega. Það var líka gaman að því að markmannsþjálfarinn okkar er nokkuð líkur honum og fékk óspart að kenna á því í kjölfarið."




Stallone var staddur í Englandi til að kynna nýjustu Rocky-myndina, sem er sú sjötta í röðinni. Hún er væntanleg í íslensk kvikmyndahús í næsta mánuði.

„Ég er nú ekki búinn að sjá myndina enn en á eflaust eftir að skella mér á hana eftir þessa upplifun," sagði Ívar og hló.

Reading siglir annars lygnan sjó í ensku úrvalsdeildinni og er í níunda sæti með 31 stig eftir 23 umferðir.

„Það er vonandi að við höldum áfram á þessari braut," sagði Ívar. „Markmiðið var alltaf að ná fjörutíu stigum og ég efast ekki um að það sé stutt í að við náum því."

2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

2 DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI

# Ólafur leikur best á stóra sviðinu

**Ólafur Stefánsson skoraði „aðeins" þrjú mörk að meðaltali í fimm síðustu undirbúningsleikjum íslenska landsliðsins en síðustu árin hefur hann sparað sig í æfingaleikjunum en spilað frábærlega á stórmótunum.**

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson er fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta og algjör lykilmaður í sóknarleik íslenska liðsins. Hann er heimsklassa handboltamaður sem hefur margsannað sig meðal þeirra bestu, bæði með íslenska landsliðinu á stórmótum sem og með félagsliðum sínum Magdeburg og Ciudad Real.

Þeir sem hafa áhyggjur af fáum mörkum Ólafs í undanförum æfingaleikjum geta bara setið rólegir því ef það er einhver maður sem íslenska þjóðin getur treyst á að skili sínu á stóra sviðinu þá er það Ólafur Stefánsson.

Ólafur skaut aðeins 4 langskotum í uppsettum sóknum í leikjunum tveimur gegn Tékkum og stærsta skýringin er örugglega sú að hann er að hlífa öxlinni sem hefur verið að hrjá hann í vetur. Ólafur hvíldi lítið í leikjunum og þannig verður það örugglega einnig á HM í Þýskalandi þar sem brotthvarf Einars Hólmgeirssonar hefur vissulega rænt hægri vænginn breiddinni. Ólafur skoraði alls 4 mörk utan af velli í Tékkaleikjunum og þar af komu þrjú úr hraðaupphlaupum. Eina mark Ólafs í uppsettri sókn skoraði hann í fyrri hálfleik seinni leiksins þegar Íslendingar voru manni fleiri.

Besta dæmið um að Ólafur nái alltaf sínu besta fram á stórmótum er framganga hans í fyrra. Margir höfðu uppi efasemdir um Ólaf eftir að hann skorað aðeins eitt mark með langskoti í lokaundirbúningsleikjunum liðsins gegn Frökkum og það þótti ekki boða gott að besti maður landsliðsins hefði aðeins skorað 2,6 mörk að meðaltali í fimm æfingaleikjum liðsins.

Eftir fyrsta leikinn, 36-31 sigur á Serbum létti Ólafur áhyggjunum inn á vellinum. Hann átti stórleik skoraði 8 mörk úr 11 skotum þar af 4 þeirra með langskotum. Ólafur endaði mótið með því að skora 8,3 mörk að meðaltali, gefa 7,0 stoðsendingar í leik, nýta 61% skota sinna og tryggja sér sæti í úrvalsliði mótsins.



**1126 MÖRK FYRIR ÍSLAND** Ólafur Stefánsson hefur skorað 1126 mörk í 238 landsleikjum þar af 328 þeirra í 63 stórmótsleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kröfurnar og væntingarnar til Ólafs eru alltaf miklar og það er enginn að búast við að hann beri einn uppi sóknarleik íslenska liðsins. Fleiri leikmenn þurfa að taka meiri ábyrgð en íslenska liðið mun þó ekkert hætta að horfa til hæfileika Ólafs í að splundra vörnum mótherjanna með annað hvort hnitmiðuðum skotum eða mögnuðum sendingum. Eins og allir vita þá sést framlag Ólafs til liðsins ekki síst í öllum stoðsendingunum sem hann gefur. Ólafur gaf 17 stoðsendingar í leikjunum tveimur á móti Tékkum og sex sendingar hans til viðbótar sköpuðu vítaköst. Af þessum 23 lykilsendingum þá voru 14 þeirra inn á línu og þá sást nokkrum sinnum til Ólafs vera búinn að taka upp tívolí-sendingar Sigga Sveins sem er ekki að skemma fyrir flórunni á þeim bænum.

Ólafur sjálfur er maður pælinganna. Það gleyma fáir sjónvarpsviðtalinu við hann eftir leikinn á móti Serbíu á EM í fyrra. Ólafur sagðist þá hafa tekið þá ákvörðun að verða ungur aftur, dreymdi Boris um nóttina og klæddist Valstreyjunni undir landsliðsbúningnum. Íslenska þjóðin myndi vilja óska að Ólafur væri alltaf ungur og til staðar fyrir íslenska landsliðið. Við getum því fagnað því að hann sé enn í fullu fjöri og beðið spennt eftir því hvernig Ólafur Stefánsson umbreytist í besta handboltamann heims þegar að hann stígur á stóra sviðið í Þýskalandi um næstu helgi.



ÍÞRÓTTALJÓS
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
ooj@frettabladid.is

### ÓLAFUR FER FYRST Í GANG Á STÓRMÓTUNUM

| | |
|---|---|
| **2004:** | |
| Janúar: | 6,0 mörk í leik |
| EM í Slóveníu: | 6,7 mörk í leik |
| Breyting: | +0,7 |
| **2004** | |
| Júlí: | 6,3 mörk í leik |
| ÓL í Aþenu: | 7,2 mörk í leik |
| Breyting: | +0,9 |
| **2005** | |
| Janúar: | 3,0 mörk í leik |
| HM í Túnis: | 5,0 mörk í leik |
| Breyting: | +2,0 |
| **2006** | |
| Janúar: | 2,6 mörk í leik |
| EM í Sviss: | 8,3 mörk í leik |
| Breyting: | +5,7 |

### ÓLAFUR Í LOKALEIKJUNUM FYRIR EM Í FYRRA

| Samtals | Gegn Frökkum | EM |
|---|---|---|
| Leikir | 2 | 4 |
| Skot/mörk | 12/7 | 54/33 |
| Víti/mörk | 4/4 | 7/4 |
| Skotnýting | 58% | 61% |
| **Meðaltöl** | **Gegn Frökkum** | **EM** |
| Skot | 6,0 | 13,5 |
| Mörk | 3,5 | 8,3 |
| Stoðsendingar | 5,0 | 7,0 |
| Inn á línu | 2,0 | 2,5 |
| Send. gefa víti | 1,5 | 2,5 |
| Langskot | 3,0 | 9,0 |
| Langskotsmörk | 0,5 | 5,0 |



**STEFÁN GEIR ÞÓRISSON** Býður sig fram til setu í stjórn KSÍ. FRÉTT

Stefán Geir Þórisson:

## Styður Jafet og vill í stjórn KSÍ

**FÓTBOLTI** Stefán Geir Þórisson hæstaréttarlögmaður greindi Fréttablaðinu frá því í gær að hann myndi ekki bjóða sig fram til formanns KSÍ en hann býður sig engu að síður fram til setu í stjórn KSÍ.

Stefán Geir segir marga hafa skorað á sig að fara í formannsframboð hjá KSÍ en þar sem framboð Jafets S. Ólafssonar liggi fyrir hafi hann ákveðið að bjóða sig ekki fram. Stefán fagnar framboði Jafets og segir hann hafa þá mannkosti, reynslu og þekkingu sem þarf til að stýra KSÍ í áframhaldandi sókn íslenskrar knattspyrnu.

Stefán segir einnig á að ýmsir hafi bent á mikilvægi þess að með nýjum formanni komi jafnfram nýir menn í stjórnina og þess vegna bjóði hann sig fram til setu í stjórn KSÍ.

„Vonast ég til að reynsla mín og þekking nýtist í störfum mínum fyrir KSÍ: hvort heldur er af fjölbreyttum lögmannsstörfum hérlendis og erlendis eða af rekstri knattspyrnufélagsins Stoke City FC á Englandi um 6 ára skeið og Knattspyrnufélagsins Víkings um 10 ára skeið," segir í tilkynningu frá Stefáni Geir sem hefur ekki verið áberandi í íslensku knattspyrnulífi undanfarin ár þó svo hann hafi verið að vinna trúnaðarstörf fyrir Víking.

Tveir einstaklingar - Geir Þorsteinsson og Jafet S. Ólafsson - hafa boðið sig fram til formanns KSÍ og Viðar Halldórsson hefur sagst vera að íhuga framboð en hefur ekki tekið ákvörðun. Ársþing KSÍ fer fram 10. febrúar.

- hbg

Evrópukeppnin í körfubolta:

## Liðin úr riðli Njarðvíkur standa vel að vígi

**KÖRFUBOLTI** Átta liða úrslit Áskorendakeppni Evrópu klárast í vikunni en þar mætast liðin sem voru með Njarðvík og Keflavík í riðli fyrir áramót.

Liðin sem fóru upp úr riðli Njarðvíkur (CSK-VVS Samara og Cherkaski Mavpy) unnu liðin sem voru með Keflavík í riðli (BC Dnipro og Mlekarna Kunin). CSK-VVS Samara vann 20 stiga útisigur á Mlekarna Kunin (84-64) og Cherkaski Mavpy vann 2 stiga heimasigur á BC Dnipro (89-87). Það lið sem hefur betur samanlagt út úr tveimur leikjum kemst áfram í undanúrslit.

Njarðvík tapaði báðum heimaleikjum sínum gegn þessum liðum með aðeins tveimur stigum en Keflavík tapaði heimaleiknum gegn BC Dnipro með 1 stigi en steinlá með 29 stigum á heimavelli gegn Mlekarna Kunin. Liðin töpuðu síðan bæði stórt í öllum útileikjunum.

- óój



**ERFIÐUR RIÐILL** Njarðvíkingar voru í erfiðum riðli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SS-bikar kvenna í handbolta:

## Hefna bikarmeistarnir?

**HANDBOLTI** Stórleikur átta liða úrslita bikarkeppni kvenna í handbolta fer fram á Ásvöllum í kvöld þegar bikarmeistarar Hauka taka á móti Stjörnunni. Þetta verður annar leikur liðanna á fimm dögum en Stjarnan vann deildarleik liðanna í Ásgarði með sex marka mun á laugardaginn, 21-15.

Nú er að sjá hvort Haukastúlkurnar ná að hefna fyrir tapið en þrír lykilmenn liðsins, Ramune Pekarskyte, Hanna Guðrún Stefánsdóttir og Sandra Stojkovic, skoruðu aðeins 9 mörk úr 24 skotum í leiknum á laugardaginn en höfðu skorað saman 18,3 mörk að meðaltali í leik í vetur. Spurning hvort Haukastúlkur hafi fundið leiðina frá hjá hinn sterku 3:2:1 vörn Stjörnunnar.

- óój



**AÐEINS EITT MARK** Hanna Guðrún Stefánsdóttir skoraði aðeins eitt mark gegn Stjörnunni á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**NEI TAKK** Ashley Young vildi ekki fara til West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ashley Young hjá Watford:

## Vildi ekki fara til West Ham

**FÓTBOLTI** Ekki eru allir tilbúnir að ganga til liðs við Eggert Magnússon og félaga hjá West Ham.

Ashley Young, framherji enska liðsins Watford, neitaði að fara til West Ham eftir að Eggert Magnússon var búinn að ná samkomulagi við Watford um að kaupa þennan 21 árs strák fyrir 9,65 milljónir enskra punda eða 1,3 milljarða íslenskra króna. Watford hafnaði fyrst 7 milljóna punda tilboði en Eggert bauð þá hærra í strákinn.

Eftir að Young lokaði á Upton Park er talið líklegt að Aston Villa og Tottenham berjist um kappann, sem hefur skorað 4 mörk í 23 leikjum á tímabilinu.

- óój

Kvennalið Grindavíkur:

## Sú serbneska send aftur heim

**KÖRFUBOLTI Unndór Sigurðsson, þjálfari kvennaliðs Grindavíkur í Iceland Express-deildinni, hefur tekið þá ákvörðun ásamt stjórn körfuknattleiksdeildarinnar að láta nýjan serbneskan miðherja liðsins fara aftur til sín heima.**

**Grindavík fékk til sín um áramótin 190 sm stelpu, Tönju Goranovic, sem lék sinn fyrsta og eina leik í 96-50 sigri á Hamri. Goranovic var með 2 stig og 4 fráköst á 30 mínútum í þessum leik en samkvæmt yfirlýsingu á heimasíðu körfuknattleiksdeildar Grindavíkur kemur fram að Tanja hafi engan veginn staðið undir væntingum hjá stjórn og þjálfara Grindavíkur en þar sem félagaskiptafresturinn er runninn út getur Grindavík ekki fengið annað leikmann í staðinn.**

**Grindavík fær í kvöld Keflavík í heimsókn en Keflavíkurliðið er á mikilli siglingu og hefur unnið síðustu sjö leiki sína í deild og bikar.**

- óój

Chris Webber til Detroit:

## Ætlar sér að vinna titil

**KÖRFUBOLTI** Chris Webber mun spila með Detroit Pistons í NBA-deildinni í vetur. Nú er að sjá hvort hann geti hjálpað Pistons á svipaðan hátt og Rasheed Wallace gerði á meistaraárinu 2004. „Ég get ekki beðið eftir því að fara að spila með hæfileikaríkum leikmönnum og vinna að því að færa Detroit sinn fjórða meistaratitil,“ sagði Webber eftir að hann tilkynnti að hann myndi spila með Detroit. Webber er fæddur í Detroit og spilaði frábærlega með Michigan-háskólanum á sínum tíma. „Við teljum að Chris muni passa vel inn í okkar leik. Það eru allir mjög spenntir, leikmenn, þjálfarar sem og borgin öll,“ sagði Flip Saunders, þjálfari Detroit Pistons. Philadelphia 76ers keypti upp samning Webbers, sem hafði bara spilað 18 leiki í vetur og aðeins skorað í þeim 11 stig að meðaltali.

- óój

Maria Sharapova lenti í miklum vandræðum í fyrstu umferð opna ástralska:

# Sharapova vann í miklum hita

**TENNIS** Annar keppnisdagur opna ástralska meistaramótsins í tennis einkenndist af gífurlega miklum hita. Sumar er í Ástralíu og fór hitinn allt undir 40 gráður. Maria Sharapova frá Rússlandi lenti í miklum vandræðum með andstæðing sinn, Camille Pin frá Frakklandi, vegna hitans og magaverkja.

Sharapova vann fyrsta settið en Pin það næsta. Sú rússneska komst svo 5-0 yfir í lokasettinu en tapaði næstu fimm settum. Svo fór að Sharapova vann með mikilli þrautseigju, 9-7, eftir næstum þriggja klukkustunda langa viðureign.

Mótsreglur voru gagnrýndar harkalega í gær en þær kveða á um að ekki megi loka þaki á leikvanginum eftir að leikur er hafinn. Leikmenn þurftu því að spila í brennandi hita.

Þær Kim Clijsters og Martina Hingis áttu ekki í vandræðum með andstæðinga sína í gær.

Skotinn Andy Murray hreinlega valtaði yfir Spánverjann Alberto Martin sem vann aðeins eina lotu í settunum þremur. Þá vann Rafael Nadal Bandaríkjamanninn Robert Kendrick í hörkuviðureign og David Nalbandian frá Argentínu vann Janko Tipsarevic eftir að hafa lent tveimur settum undir.

Heimamaðurinn Lleyton Hewitt vann ævintýralegan sigur á Michael Russell frá Bandaríkjunum en hann lenti einnig tveimur settum undir.

- esá



**SHARAPOVA** Leið illa í hitanum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Mascherano til Liverpool:

## Þurfa að sækja um undanþágu

**FÓTBOLTI Liverpool hefur mikinn áhuga á að fá miðjumanninn Javier Mascherano á láni frá West Ham en til þess þarf liðið sérstaka undanþágu frá FIFA.**

**Mascherano má samkvæmt reglum ekki spila með öðru liði þar sem hann hefur spilað bæði með Corinthians og West Ham á þessu tímabili.**

**Mascherano hefur aðeins spilað í heilar 6 mínútur síðan West Ham tapaði fyrir Tottenham 22. október en hann kom á Upton Park 31. ágúst síðastliðinn. FIFA hefur tekið við beiðni Liverpool og er að skoða málið.**

- óój




Vinsælasta golfhótel Íslendinga á Englandi
aðeins 20 mínútur frá Heathrow

Bókanir í síma 534-5000 eða á info@gbferdir.is

WWW.ICELANDAIR.IS Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

## > ADAM SANDLER

Fæddur 9. september 1966 í Brooklyn í New York. Sautján ára byrjaði hann í uppistandi þegar hann gekk til liðs við Boston Comedy Club. Það kom strax í ljós að þarna væri grínisti frá náttúrunnar hendi. Dennis Miller kom honum í „Saturday Night Live" 1990 og sá þáttur reyndist honum stökkpallur í kvikmyndir. Hann hefur leikið í vinsælum myndum eins og Airheads, Happy Gilmore, Billy Madison og Big Daddy. Þá lék hann í myndinni 50 First Dates sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SKRIFAR UM ÞRJÁR „FULLKOMNAR" PERSÓNUR

# Gamlir vinir snúa aftur

Gömlu vinirnir Jack Bauer, Gale Grissom og læknirinn fúllyndi Gregory House eru allir að mæta aftur til leiks með sína sérstöku persónuleika í farteskinu og lyftist þá brúnin á mörgum í skammdeginu.

Þessar þrjár persónur hafa vitaskuld sína galla eins og aðrir, þrátt fyrir að sumar þeirra virki oft á mann sem fullkomnar manneskjur. Bauer fer þar fremstur í flokki. Nánast allar ákvarðanir sem hann tekur eru réttar og í raun er erfitt að koma auga á hvað hann getur ekki framkvæmt. Helst á hann í vandamálum á tilfinningasviðinu en ástæðan fyrir því er ekki meðfædd heldur þær raunir sem hann hefur þurft að ganga í gegnum undanfarin ár. Fjölskyldulífið hentar honum ekki, enda er fyrir löngu búið að reyna á það með hræðilegum afleiðingum.

Í CSI virðist Grissom vita allt og allar ákvarðanir sem hann tekur í starfinu eru hárréttar. Einkalíf hans er aftur á móti ekki það besta og virðist hann tilfinningalega heftur þegar kemur að nánum samskiptum við konur. House er í sjálfu sér nokkuð svipuð persóna. Hann getur greitt úr ótrúlegustu flækjum í vinnunni á meðan einkalífið er heldur aumt. Hann er fráskilinn lyfjafíkill sem á erfitt með að opna hjarta sitt fyrir öðrum. Kaldhæðnin er í fyrirrúmi og þannig tekst honum að einangra sjálfan sig frá „erfiðum" aðstæðum.

Gaman verður að sjá hvort eitthvað muni breytast hjá þessum gömlu vinum á næstunni. Rútínan er vissulega það sem heldur þessum þáttum gangandi en gaman væri að sjá þá takast á við fleiri mál þar sem skyggnst er dýpra í persónuna. Hvort hin harða skel þeirra eigi eitthvað eftir að bresta er aftur á móti allt annað mál.



**HOUSE** Læknirinn House getur leyst úr ótrúlegustu flækjum í vinnunni. Einkalífið er engu að síður í molum.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** School of Rock STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.40** Oprah STÖÐ 2



▶ **19.50** Newcastle - Birmingham SÝN



▶ **20.15** Bráðavaktin RÚV



▶ **21.00** Brat Camp SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Líló og Stitch** (39:39)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (18:42)
▶ **18.30 Herkúles**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bráðavaktin** (22:22) (ER XII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.00 Nægtaborð Nigellu** (5:13) (Nigella Feasts) Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram girnilegum krásum.
**21.35 Úlfaþytur í úthverfi** (8:8) (Suburban Shootout) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra með ótrúlegustu vopnum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Hljóð og tilfinning** (Touch the Sound) Þýsk/bresk heimildamynd eftir Thomas Riedelsheimer þar sem könnuð eru tengsl hljóðs, rytma, tíma og líkamans með því að fylgjast með slagverksleikaranum Evelyn Glennie sem er nær heyrnarlaus.
**00.25 Kastljós**
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 A View From the Top**
**08:00 The Perez Family**
**10:00 The School of Rock**
**12:00 50 First Dates**
**14:00 A View From the Top**
**16:00 The Perez Family (e)**
**18:00 The School of Rock**
**20:00 50 First Dates** Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore. 2004. Leyfð öllum aldurshópum.
**22:00 Buffalo Soldiers** (Spilling í hernum) 2001. Stranglega bönnuð börnum.
**00:00 Slackers** (Slugsarar)
**02:00 Dagon** Stranglega bönnuð b.
**04:00 Buffalo Soldiers**

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Oprah**
**10:20 Ísland í bítið (e)**
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Neighbours** (Nágrannar)
**13:05 Amazing Race** (13:14)
**13:50 Unga kóngafólkið** (Young, Sexy and ... Royal) M.a. er fjallað um afar dulið samband Friðriks Danaprins og brasilísku prinsessunnar Paolu.
**14:40 Derren Brown: The Heist**
**15:25 Osbournes 3** (8:10)
**15:50 Shoebox Zoo**
**16:13 Sabrina - Unglingsnornin**
**16:38 Cubix**
**17:03 Könnuðurinn Dóra**
**17:28 Bold and the Beautiful**
**17:53 Neighbours**
**18:18 Íþróttir og veður**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
▶ **19:40 Oprah**
**20:25 Extreme Makeover** (3:23)
**21:10 Nip/Tuck** (3:15) (Klippt og skorið) Sean og Julia leita sér að barnfóstru og Sean vill fá aðstoð frá Christian sem lýst hefur barnást sinni. En Christian er of upptekinn við að laga línurnar. Bönnuð börnum.
**21:55 Afterlife** (6:8) (Framhaldslíf) Önnur þáttaröðin af þessum dulmögnuðu bresku þáttum sem fjalla um Alison Mundy sem býr yfir magnaðri skyggnigáfu. Alison stendur á vendipunkti; hún verður að gera upp eigin fortíð og dauða móður sinnar. Bönnuð börnum.
**22:45 Strong Medicine** (19:22) (Samkvæmt læknisráði)
**23:30 Grey´s Anatomy** (8:22) (Læknalíf) Faðir George á við alvarlega hjartveiki að stríða og George fær Burke til að leysa aðgerðina af hendi. Burke á þó í erfiðleikum með pressuna sem aðgerðinni fylgir en Christina hefur fulla trú á að þau geti leyst.
**00:15 The Closer** (8:15) (Málalok)
**01:00 Crossing Jordan** (14:21)
**01:45 Viola bacia tutti** (Viola kyssir alla)
**03:15 Osbournes 3 (8:10)**
**05:15 Fréttir og Ísland í dag**
**06:25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18:00 Insider (e)**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:30 Seinfeld** (13:24)
**20:00 Entertainment Tonight**
**20:30 South Park**
**20:55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum FM 957** Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara í Borgarleikhúsinu 23.janúar.
**21:00 Brat Camp USA** Hvað gerir þú við ungling sem að blótar þér, brýtur lög og hlustar ekki á neitt sem þú segir? Þetta vandamál þurfa níu fjölskyldur að takast á við. Þessar fjölskyldur stóðu frammi fyrir erfiðri ákvörðun og ákváðu að lokum að senda börnin sín í Sage Walk skólann. Þar þurfa krakkarnir að vera í næstum tvo mánuði þar sem reynt verður að hemja reiði krakkanna og leysa vandamál þeirra.
**22:00 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson fylgist með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur.
**22:30 Pepper Dennis** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar. En því miður fyrir hana þá er búið að ráða í stöðuna.
▶ Það sem gerir málin enn verri fyrir Pepper er að sá sem fékk stöðuna, Charlie, er gæinn sem hún vaknaði við hliðina á einn morguninn. Þrátt fyrir sínar bestu tilraunir þá getur Pepper ekki líkað illa við Charlie enda finnst henni hann vera gáfaður, sætur og það sem meira er, á lausu.
**23:20 Insider**
**23:45 Ali G** Ali G og Borat eru nú þegar orðnir heimsfrægir og segir sagan að Bruno sé við það að slá í gegn líkt og vinir hans.
**00:10 The Loop** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann.
**00:40 Seinfeld** (13:24) (e)
**01:05 Entertainment Tonight (e)**
**01:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07:15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08:00 Rachael Ray (e)**
**08:55 Melrose Place (e)**
**16:05 Venni Páer (e)**
**16:35 Beverly Hills 90210**
**17:20 Rachael Ray**
**18:15 Melrose Place**
**19:00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19:30 The King of Queens (e)**
**20:00 Love, Inc.** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem gengur alla leið. Stúlkurnar í Love, Inc. hjálpa lánlausum gaurum, og jafnvel einstaka stúlkum, að fínpússa stefnumótatæknina fyrir stóru stundina. Þær eru á vaktinni langt fram eftir nóttu, hvort sem það er á næturklúbbi eða veitingastað, að reyna að hjálpa ástleitnum einstaklingum að heilla rétta aðilann upp úr skónum.
▶ **20:30 Out of Practice** Gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt. Ben Barnes er hjónabandsráðgjafi sem ekki er litið á sem „alvöru" lækni af hinum í fjölskyldunni.
**21:00 America's Next Top Model** Tyra Banks er mætt aftur og leitar að nýrri ofurfyrirsætu. Þetta er sjötta fyrirsætuleitin og þættirnir hafa alveg frá upphafi notið mikilla vinsælda hjá íslenskum áhorfendum.
**22:00 The Real Housewives of Orange County** Mögnuð raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
**23:00 Everybody Loves Raymond**
**23:30 Jay Leno**
**00:20 Close to Home (e)**
**01:10 Da Vinci's Inquest (e)**
**02:00 Beverly Hills 90210 (e)**
**02:45 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07:00 Að leikslokum**
**14:00 Ítalski boltinn (frá 14. jan)**
**16:00 Everton - Reading (frá 14. jan)**
**18:00 Bolton - Man. City (frá 13. jan)**
**20:00 Tottenham - Newcastle (frá 14. jan)**
**22:00 Blackburn - Arsenal (frá 13. jan)**
**00:00 Liðið mitt (e)**
**01:00 Að leikslokum (e)**
**02:00 Dagskrárlok**


MIÐASALA HEFST Í DAG!

Frumsýning – fimmtudaginn 25. janúar kl. 20.00 **UPPSELT**
2. sýning – laugardaginn 27. janúar kl. 20.00
3. sýning – föstudaginn 2. febrúar kl. 20.00
4. sýning – laugardaginn 3. febrúar kl. 20.00
5. sýning – föstudaginn 9. febrúar kl. 20.00
6. sýning – laugardaginn 10. febrúar kl. 20.00

**Miðasalan í Iðnó er opin 11.00 til 16:00 virka daga og tveim tímum fyrir sýningar. Miðasala er einnig á midi.is**

Thorsson productions kynnir:
**BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON**
Leikmynd: EGILL EÐVARÐSSON | Lýsing: ÁRNI BALDVINSSON
Tónlist: ÞÓRIR ÚLFARSSON | Höfundur: BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON
Leikstjóri: **SIGURÐUR SIGURJÓNSSON**

PIPAR • SÍA • 60645



BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í GLÆNÝRRI GAMANSÝNINGU

Pabbinn
Gamansamar hugleiðingar um föðurhlutverkið

Nánari upplýsingar á:
pabbinn.is
midi.is
IÐNÓ

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Extreme Makeover



Upprunalegu Extreme Makeover-þættirnir eru komnir aftur á Stöð 2 en þar eru það rækilegar lýtaaðgerðir sem eru í aðalhlutverki. Sitt sýnist hverjum um fegrunaraðgerðir en hvers vegna má fólk ekki breyta útliti sínu ef það óskar þess? Í þessari óvenjulegu þáttaröð er fylgst með fólki sem fær óskir sínar uppfylltar. Fjöldi karla og kvenna lítur daglega í spegil og er ekki sáttur við útlitið. Hér fá nokkrir útvaldir á silfurfati nýtt nef, höku, maga eða hvaðeina sem þeir þrá.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ AMERICA'S NEXT TOP MODEL Á SKJÁ EINUM KL. 21.00

Tyra Banks er mætt aftur og leitar að nýrri ofurfyrirsætu. Þetta er sjötta fyrirsætuleitin og þættirnir hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda hjá íslenskum áhorfendum. Að þessu sinni eru það þrettán vongóðar glæsidísir sem ganga eftir sýningarpallinum. Áhorfendur fá að sjálfsögðu að fylgjast með öllu sem gerist á bak við tjöldin og það er alltaf líf og fjör hjá stelpunum. Þær eru á aldrinum 18-26 ára og þeirra á meðal eru húsamálari, barnfóstra, lyfjafræðingur og þýðandi. Eins og áður er Tyra Banks formaður dómnefndarinnar en hennir til halds og trausts eru Twiggy, Nigel Barker og J. Alexander.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Pipar og salt
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssaga Slóð fiðrildanna (12:23)
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: Í Musterinu (1:12)
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18:10 FA Cup 2006** (Man. City - Sheffield Wed.) Enska bikarkeppnin.

**19:50 FA Cup 2006** (Newcastle - Birmingham) Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni í knattspyrnu.

**21:50 Ali's 65th** (Ali's 65th) Þriðji og síðasti þátturinn um Muhammad Ali í tilefni af því að í janúar eru liðin 65 ár frá fæðingu hans. Í þessum þætti verður varpað upp 65 atriðum úr lífi og starfi Alis; ljósmyndum, myndbrotum úr sjónvarpi og almennum staðreyndum um kappann 2007.

**22:40 Spænska bikarkeppnin** (Valencia - Getafe) Útsending frá leik Valencia og Getafe í spænsku bikarkeppninni,

**00:20 Spænsku mörkin**

**01:05 FA Cup 2006** (Newcastle - Birmingham) Enska bikarkeppnin.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** OS - det er bare OS **7.00** Gurli Gris **7.05** Er Alfons en tyv **7.15** Charlie & Lola **7.30** Genbrugsguld **8.00** Design for fremtiden **8.25** OBS **8.30** Ude i naturen **9.00** Himlen over Danmark **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Familiejagten **10.30** Ildsjæle **11.00** TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Grøn glæde **12.00** Hvad er det værd **12.25** Aftenshowet **12.50** Aftenshowet **13.20** Nyheder på tegnsprog **13.30** Uventet besøg **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Hannah Montana **16.00** Junior **16.30** Snip Snap Snude **16.50** Sallies historier **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Aftenshowet **18.30** De moderne familier **19.00** DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** En sag for Frost **22.40** Onsdags Lotto **22.45** Forbrydelsen **23.40** Boogie Update

## NRK 1

**11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** V-cup skiskyting: Stafett kvinner **13.00** Siste nytt **13.05** V-cup skiskyting: Stafett kvinner **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Barna på Luna **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Perspektiv: Vikingskip på siste reis? **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Tigeren Edelbert **17.10** H.C. Andersens eventyr: Flaskehalsen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Eva og Adam **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Jentene tar over **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket live: DumDum Boys fra Øyafestivalen **23.15** Den tredje vakten **23.55** Året på Argiano **5.25** Frokost-tv

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Falkenbergsrevyn Blåsningen **13.30** The Good Girl **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Omar ska gifta sig **17.00** Fifi och blomsterfröna **17.10** Alice från Kina **17.15** Dagens visa **17.20** Små spöken **17.30** Termosen **17.45** Klister **18.00** Den tatuerade mamman **18.30** Rapport **19.00** Naturnollorna **19.30** Falkenbergsrevyn Blåsningen **20.00** Birthday Girl **21.30** Klosterliv **22.25** Rapport **22.35** Kulturnyheterna **22.45** All of me - Lennart Johansson **23.45** Sändningar från SVT24


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090





VIÐURKENNT NÁM Í TÓNVINNSLU
LAGASMÍÐAR OG HLJÓÐUPPTAKA

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA



Tónvinnslunámið er aðalnámsbraut Tónvinnsluskólans. Skólinn fékk nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli, en **Pro Tools** er útbreiddasta upptökuforrit í heimi. Að námi loknu fá nemendur því Diploma, viðurkenndu af **Digidesign**, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Það veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á **Reason** tónlistarforritinu.
Vinnuaðstaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á www.tonvinnsluskoli.is.

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN
SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í **FOLDASKÓLA** OG **SNÆLANDSSKÓLA**

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

**HRÓSIÐ ...**



...fær fyrrum Idolstjarnan Gísli Hvanndal Jakobsson, sem hefur misst heil sjötíu kíló á síðastliðnum tíu mánuðum.

# Katrín Jakobsdóttir í Meistaranum

Logi Bergmann Eiðsson hefur nú svo gott sem gengið frá þeim 16 manna hópi sem mun taka þátt í spurningakeppninni Meistaranum – 2. þáttaröð á Stöð tvö. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun varaformaður Vinstri grænna, Katrín Jakobsdóttir, vera meðal þátttakenda. en hún hefur hingað til verið þekktari fyrir störf sín sem stigavörður í spurningakeppnum. Aðrir nafntogaðir keppendur eru blaðamaðurinn Svanborg Sigmarsdóttir og sjálfur Sigurður G. Tómasson útvarpsmaður. Sigurður hefur á sér orð fyrir að vera fjölfróður mjög, nánast alvís, og er spenna meðal Meistaramanna um hvernig hann muni spjara sig.



**SIGURÐUR G. TÓMASSON** Verður einnig með en hann þykir fjölfróður mjög og ríkir spenna um hvernig muni spjara sig.

Flestir þátttakenda koma að Meistaranum eftir sérstök próf sem haldin voru.

Einn þeirra sem þreyttu prófið aftur var Helgi Árnason skólastjóri, faðir Jónasar sem sigraði í Meistaranum á síðasta ári. Helgi tapaði í fyrra í fyrstu umferð fyrir manni sem sonur hans sigraði síðar í keppninni. Meðal annarra sem mæta og taka þátt öðru sinni eru Björn Guðbrandur Jónsson umhverfisverkfræðingur og Erlingur Sigurðsson.



**LÁRA OG ÓMAR** Feðginin Lára og Ómar Ragnarsson keppa saman í sérstökum góðgerðarþætti.

Fyrsti þáttur Meistarans fer í loftið 1. febrúar. Þáttaröðin hefst með tveimur þáttum, svokölluðum góðgerðarþáttum, þar sem þekktir einstaklingar koma fram og keppa tveir og tveir saman. Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að feðginin Lára og Ómar Ragnarsson muni skipa eitt liðið en ekki hefur verið gengið frá öðrum liðum. **- jbg**



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR** Varaformaður Vinstri grænna ætlar að spreyta sig í spurningakeppni Loga Bergmanns.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2** hróss **6** til dæmis **8** fúsk **9** segi upp **11** tveir eins **12** átölur **14** konungssonur **16** guð **17** málmur **18** maðk **20** óreiða **21** tala.

**LÓÐRÉTT 1** dreifa **3** klafi **4** nokkrir **5** gerast **7** höggdeyfir **10** hugfólginn **13** farfa **15** velta **16** skarð **19** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** lofs, **6** td, **8** kák, **9** rek, **11** ee, **12** ámæli, **14** prins, **16** ra, **17** tin, **18** orm, **20** rú, **21** fimm.

**LÓÐRÉTT: 1** strá, **3** ok, **4** fáeinir, **5** ske, **7** dempari, **10** kær, **13** lít, **15** snúa, **16** rof, **19** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. ESA er Eftirlitsstofnun EFTA.
2. Bakvísandi þykja talsvert öruggari.
3. Hundrað þúsund krónur.




Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



**STERKUR HÓPUR** Í gær fékk hópurinn, sem ætlar að leika bæði í kvikmynd og á sviði eitt og sama verkið, handrit til afhendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

BALTASAR KORMÁKUR: SAMEINAR LEIKHÚS OG BÍÓ

# Íslenskur Ívanoff á hvíta tjaldið og leiksvið í senn

„Nei, ég veit ekki til þess að svona hafi verið gert áður," segir Baltasar Kormákur leikstjóri.

Í gær kom saman leikhópur á vegum Baltasars sem ætlar sér að æfa leikritið Ívanoff eftir Anton Tjekov með það fyrir augum að setja á svið Þjóðleikhússins til sýninga á haustmánuðum. En jafnframt ætlar þessi sami hópur að leika í kvikmynd Baltasars sem byggir á þessu sama verki. Er þar um að ræða staðfærslu og nútímauppsetningu meðan sviðsuppfærslan verður hefðbundnari og staðsett á tímum Tjekovs. Stefnt er að því að sýna leikritið samhliða því sem kvikmyndin verður í sölum kvikmyndahúsa. Miðað er við að hvort verk um sig geti staðið algerlega sjálfstætt en samt kallast á með þessum hætti að fólk geti farið í bíó og í leikhús og borið saman. Þetta þýðir að kvikmyndin verður tekin upp í sumar og þá verði hafðar hraðar hendur við eftirvinnslu, hljóðsetningu og klippingu.

Kvikmyndin verður framleidd af Sögn, fyrirtæki Baltasars og Ingibjargar Pálmadóttur, í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Kostnaðaráætlun myndarinnar er 100 milljónir en Baltasar segir hana ekki mega vera of dýra. Við það að fjármögnun verði of þung missi hann ákveðið frelsi.

„En ég vona að þetta verði myndarlegasta kvikmynd. En hugmyndin mín, og hana hef ég haft lengi, er sú að nota sömu vinnuaðferðir og ég hef stuðst við í leikhúsi til að búa til betra bíó. Ég hef unnið mikið í þessum miðlum og draumur að geta látið þá renna saman með þessum hætti. Oft hafa kvikmyndir verið unnar upp úr vel heppnuðum leiksýningum. Og ég hef íhugað það en orðið fráhverfur því þegar búið er að afgreiða verk á svið. Þetta verður öðru vísi. Að vinna þetta í raun sem eitt konsept," segir Baltasar.

Óhætt er að segja leikhópinn einstaklega sterkan en hann skipa Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Ilmur Kristjánsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Þröstur Leó Gunnarsson, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egilsson, Margrét Vilhjálmsdóttir og Laufey Elíasdóttir. Lísa Kristjánsdóttir er aðstoðarleikstjóri, Grétar Reynisson annast leikmynd og Helga Stefánsdóttir er með búningana. Þá verður notast við nýja þýðingu eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur.

Að sögn Baltasars er um mannlega kómedíu að ræða en verkið fjallar um Ívanoff, sem Hilmir Snær mun leika, sem á við tilvistarkrísu á miðjum aldri að etja.

**jakob@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn **Sigvaldi Kaldalóns**, eða **Svali** á FM957, varð pabbi í þriðja sinn í gær. Svali og kona hans, **Jóhanna Katrín**, eignuðust lítinn dreng. Fyrir eiga þau strák og stelpu, tólf og átta ára. Það tók litla drenginn ekki nema tvo og hálfan tíma að koma í heiminn, en hann var rétt rúmar 17 merkur og 55 sentímetrar. „Langur og þykkur," eins og Svali orðaði það stoltur.



Veglegur galadansleikur **Bjarna Ármannssonar** og hans fólks í Glitni hefur vakið nokkra athygli eftir að skrifað var um hann í þessum dálki. Dansleikurinn bar yfirskriftina Stefnumót við stjörnurnar og var 600 manns boðið til hans. Kvenkyns gestir í veislunni fóru ekki tómhentir heim því allar dömurnar fengu glæsilegt armband frá Aurum að gjöf að verðmæti um fimm þúsund krónur. Í fyrra fengu dömurnar hálsfesti frá Aurum svo ljóst þykir að þarna hefur hefð verið komið á.



Í gær var greint frá því, hér á þessum stað, að eignin sem hýsir kaffihúsið Litla ljóta andarungann við Lækjargötu væri til sölu. Jafnframt kom fram að húsið væri í eigu hjónanna Kára Þórissonar og Guðrúnar Jóhannesdóttur sem meðal annars eru tengdaforeldrar **Egils Helgasonar** sjónvarpsmanns. Ekki er rétt að þau hjón eigi húsið nú, þau seldu eignina fyrir um ári og er nú **Ásgerður Guðrún Ásgeirsdóttir** skráð fyrir henni. Í klausunni var greint frá því að í fyrra hefði eignin verið til sölu á 200 millónir en nú er hún auglýst á um 250 milljónir og eru þær tölur hvergi á reiki.

**-hdm/jbg**

# Moggabloggarinn Steingrímur til Vísis

„Engin ákvörðun hefur verið tekin í þeim efnum," segir Steingrímur Sævarr Ólafsson -- eitthvert þekktasta nafnið í bloggheimum aðspurður hvort hann hyggist nú færa sig til á netinu.

„Ég er sáttur þar sem ég er núna. Moggabloggið er betra en það format sem er á Vísi. En ef menn halda rétt á spilum og breytingarnar á Vísi gera það að verkum að betra verður að blogga þar þá er heimilisfangið á Mbl ekki heilagt."

Þórir Guðmundsson, ritstjóri Vísis, setti sig í samband við Steingrím og réði hann sér til ráðgjafar. „Eins og menn hafa séð er verið að taka Vísi í gegn og heppnast vel. En betur sjá augu en auga. Þórir óskaði eftir því við mig að ég kæmi með mína sýn á vefmál yfir höfuð. Og er það ekki bundið við einn einstakan þátt Vísis heldur vefmál Vísis almennt. Hvernig gerum við góðan fréttavef betri?" segir Steingrímur og vísar til reynslu sinnar úr fréttamennsku, bæði af útvarpi, dagblöðum og sjónvarpi... og ekki síst reynslu af netskrifum. Steingrímur rak sjálfur um hríð eftirtektarverða síðu sem hét frettir.com en að undanförnu hefur hann skrifað á Moggabloggið þannig að eftir hefur verið tekið.



**STEINGRÍMUR SÆVARR ÓLAFSSON** Hefur farið fyrir hópi öflugra Moggabloggara en segir nú Mbl-heimilisfangið ekki heilagt.

Mbl.is hefur boðið netverjum upp á blogg-viðmót og hefur dágóður hópur manna nýtt sér það. Mbl.is hefur þá tengt fréttir sínar blogginu með góðum árangri. Vísismenn hljóta ekki síst að líta til þess með því að kaupa þjónustu Steingríms, sem hefur verið í fararbroddi Moggabloggara.

**- jbg**



FALLING IN BETWEEN
kynnir
Laugardalshöll 10.07.07
Miðasala hefst 19 janúar
kl. 10:00 á midi.is og í verslunum BT og Skífunnar
Miðaverð: Stúka kr.7400 · Stæði kr.5300 · Húsið opnar kl.19:00
ICELANDAIRHOTELS
THULE
midi.is
www.TOTO99.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lifið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
**GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR**

## *Skellóttur fílabeinsturn*

Það var „Hænuboð“ hjá Maju vinkonu, eða „hen party“ eins og hún kallar sjálf skemmtilegustu kvennaboð ársins. Hún sagði í símanum að hún væri flutt úr húsinu sínu í Laugarásnum í lúxusíbúð í Skuggahverfi 101. Það væri ekki úr vegi að við yrðum okkur úti um hjólahjálm sem ráðlegt væri að setja upp þegar við nálguðumst húsið.

**„ÞAÐ** er eitthvað vesen með flísarnar utaná blokkinni“ sagði Maja, „þær hrynja niður á götu í tíma og ótíma, svo allur er varinn góður. Auðvitað væru þetta vonbrigði, hún hefði haldið sig vera að flytja inn í flottustu íbúð á Reykjavíkursvæðinu, henni hafði verið sagt að uppbygging í Skuggahverfi 1, 2 og 3 væri „metnaðarfyllsta verkefni sem ráðist hefði verið í hér á landi um árabil“.

**SVONA** er allt á Íslandi í dag. „Stærstu framkvæmd Íslandssögunar“ er nú verið að brölta í við Kárahnjúka. Og nú heita þessir ljótu svörtu húsdrjólar sem er farið að raða upp við Skúlagötuna „Metnaðarfyllsta framkvæmd Íslandssögunnar“ og verktakar andstuttir af græðgi gefa fyrirheit um slíkan ófögnuð í framtíðinni, sem muni ná alveg upp á Skólavörðuholt.

**EN** hvað um það. „Hænuboðið“ hjá Mæju var frábært eins og öll hennar boð. Hún var orðin svo einmana þarna í svarta fílabeinsturninum (sem leit reyndar út í bili eins og skjöldótt kýr). En gestakomum til hennar hafði stórlega fækkað af öryggisástæðum.

**EN** allar slíkar hremmingar voru gleymdar þegar horft var út um stóru stofugluggana yfir á Esjuna. Hvílíkt útsýni! Það var eins og engin okkar hefði séð gömlu góðu Esjuna í öðrum eins ljóma. En auðvitað þurfti ein hænan að reka augun í að vatn lak niður á stílhreina gluggakistuna, smá hönnunargalli, enda höfðu framkvæmdamenn að húsbyggingunni rekið verktakana í Eykt snarlega þegar þeir sáu að Eyktarmenn voru að dútla með hveitilím við festingu flísa og sjálfsagt hefðu þeir notað tyggigúmmí í þéttingar á gluggalistum.

**Í** fjörugasta boði ársins reyndum við að taka ekki eftir því að gólfið var farið að síga ískyggilega og þegar einhver hafði orð á því, var henni sagt að líklega hefði hún verið búin að fá sér einum of mikið sérrí.


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

# AFL OG HAGKVÆMNI SAMEINAST

TÆKNIUNDRIÐ TDI® DÍSILVÉLIN EYÐIR AÐEINS 4,9 LÍTRUM




## **Skoda**Octavia

**Skoda** Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni getur farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia **TDI**® einnig fáanleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskaflar eða hátt eldsneytisverð þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia **TDI**®.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

LANGAR ÞIG Á HM Í HANDBOLTA?
Komdu þá og reynsluaktu Skoda og þú gætir unnið miða fyrir tvo á úrslitaleikinn á HM í handbolta í Þýskalandi 4. febrúar, flug með Icelandair og gistingu á glæsihóteli.

**HEKLA** er stuðningsaðili HSÍ
– ÁFRAM ÍSLAND!

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172 – 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is